



# HÉRAÐSSAMBANDIÐ SKARPHÉÐINN
# ÁRSSKÝRSLA 2011



# Stjórn HSK 2011



**Formaður:**
Guðríður Aadnegard
Formaður frá 2010. Var ritari frá 2001 - 2010. Sat í varastjórn frá 2000-2001.



**Gjaldkeri:**
Hansína Kristjánsdóttir
Gjaldkeri frá 2009.



**Ritari:**
Bergur Guðmundsson
Ritari frá 2010. Var meðstjórnandi frá 2007 - 2010. Sat í varastjórn frá 2004 - 2007.



**Varaformaður:**
Ragnar Sigurðsson
Varaformaður frá 2002. Sat í varastjórn frá 2001-2002.



**Meðstjórnandi:**
Fanney Ólafsdóttir
Meðstjórnandi frá 2010. Sat í varastjórn frá 2006 - 2010.



**Varamaður:**
Ásta Laufey Sigurðard.
Varamaður frá 2010.



**Varamaður:**
Lára Bergljót Jónsdóttir
Varamaður frá 2010.



**Varamaður:**
Anný Ingimarsdóttir
Varamaður frá 2011.



**Framkvæmdastjóri:**
Engilbert Olgeirsson
Framkvæmdastjóri frá 1991.

# Ársskýrsla 2011

**Umsjón með útgáfu:** Engilbert Olgeirsson. **Prófarkalestur:** Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Guðríður Aadnegard, Jóhannes Sigmundsson, Lára B. Jónsdóttir og Lísa Thomsen. **Myndir:** Engilbert Olgeirsson og forystufólk í félögum, nefndum og ráðum HSK. **Hönnun og umbrot:** Guðmundur Karl Sigurdórsson. **Prentun og fjölföldun:** Prentmet Suðurlandi. **Upplag:** 250 eintök. **Forsíðumyndir:** Frá Unglingalandsmótinu á Egilsstöðum 2011.



Jóhannes Sigmundsson heiðursformaður HSK mætti á stjórnarfund HSK sem haldinn var í Þorlákshöfn.

# Efnisyfirlit

**Skýrsla stjórnar:**
3. Ávarp formanns
5. Ársreikningur
7. Verkefnasjóðsreikningur
Framlög úr héraði
8. Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK
9. Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina
Jóhannes Sigmundsson kosinn heiðursformaður HSK
650 HSK síður hafa birst í Sunnlenska
www.hsk.is
10. Íþróttamaður HSK
12. Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi
13. Ársskýrsla HSK hefur komið út í 45 ár
Fréttir úr starfinu á Suðurland FM
Annað kynningarstarf

**Fundir og þing:**
13. 89. héraðsþing HSK
14. Stjórnarfundir HSK
15. Íþróttaþing ÍSÍ
Þing UMFÍ
Vorfundur UMFÍ
Formannafundur ÍSÍ
Upplýsingafundur ÍSÍ
16. Þing sérsambanda

**Samstarfsverkefni:**
16. Félagsmiðstöðin Sel
Leikjanámskeið HSK
HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK
17. Félagakerfið FELIX
Öflun fjár innan héraðs
Tekjur af Lottói aldrei meiri
18. Heildarstigatafla HSK
19. Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska
Fjölskyldan á fjallið
Grunnskólaganga UMFÍ
Frábær þáttaka í Hjólað í vinnuna
19. Körfuknattleiksfélag FSu fyrirmyndarfélag
20. Forvarnardagurinn
Verndum þau
Bara gras? - málþing

**Ýmsar upplýsingar:**
21. Lög HSK
22. Aðildarfélög og formenn félaga
23. Gull- og silfurmerki HSK
Skipting iðkenda eftir greinum
24. Stærð félaga og tekjur af lottói og getraunanúmer félaga
25. Íþróttaiðkendur félaga
26. Íþróttamaður HSK frá upphafi
27. Matmenn HSK
Sleifarhafar HSK
28. Fréttapunktar frá ÍSÍ
29. Fréttapunktar frá UMFÍ
32. Styrkir úr íþróttasjóði
Ferðasjóður íþróttafélaga
Skólafélag ÍKÍ hættir í HSK

**Skýrslur nefnda skipaðar af stjórn:**
33. Kjörnefnd HSK
Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK
Unglingalandsmótsnefnd HSK
35. Framkvæmdanefnd landsmóta á Selfossi
36. Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK
Nefnd sem endurskoðar reglugerð um héraðsmót

**Skýrslur nefnda og ráða:**
37. Almenningsíþróttanefnd
Badmintonnefnd
Blaknefnd
38. Borðtennisnefnd
39. Briddsnefnd
Fimleikanefnd
40. Frjálsíþróttaráð
44. Glímuráð
48. Golfnefnd
49. Handknattleiksnefnd
50. Hestaíþróttanefnd
Íþróttanefnd fatlaðra
Knattspyrnunefnd
51. Körfuknattleiksnefnd
52. Skáknefnd
Starfsíþróttanefnd
53. Sundnefnd
54. Sögu- og minjanefnd

**Skýrslur aðildarfélaga:**
54. Akstursíþróttafélag Hreppakappa
Golfklúbbur Ásatúns
55. Golfklúbburinn Dalbúi
Golfklúbburinn Flúðir
56. Golfklúbbur Hellu
57. Golfklúbbur Hveragerðis
58. Golfklúbbur Kiðjabergs
Golfklúbbur Selfoss
60. Golfklúbbur Tuddi
Golfklúbburinn Úthlíð
61. Golfklúbbur Þorlákshafnar
Hestamannafélagið Geysir
62. Hestamannafélagið Ljúfur
Hestamannafélagið Logi
63. Hestamannafélagið Sleipnir
Hestamannafélagið Smári
64. Íþróttafélagið Dímon
Íþróttafélagið Garpur
65. Íþróttafélagið Gnýr
Íþróttafélagið Hamar
66. Íþróttafélagið Suðri
67. Knattspyrnufélag Árborgar
68. Knattspyrnufélag Rangæinga
Knattspyrnufélagið Ægir
69. Körfuknattleiksfélag FSu
Skotíþróttafélag Suðurlands
70. Skotfélagið Skyttur
UBH
Umf. Baldur
Umf. Biskupstungna
71. Umf. Dagsbrún
Umf. Eyfellingur
72. Umf. Eyrarbakka
Umf. Framtíðin
Umf. Gnúpverja
73. Umf. Hekla
74. Umf. Hrunamanna
Umf. Hvöt
Umf. Ingólfur
75. Umf. Laugdæla
76. Umf. Samhygð
Umf. Selfoss
77. Umf. Skeiðamanna
78. Umf. Trausti
Umf. Vaka
Umf. Þór
79. Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu

## Skýrsla stjórnar:

# Ávarp formanns HSK

**Ágætu félagar**

Starfsemi HSK á sambandssvæðinu hefur verið lífleg á árinu bæði á félags- og íþróttalegum grunni. Íþróttafólk okkar hefur staðið í ströngu bæði hérlendis og erlendis og staðið sig með mikilli prýði. Árið var annasamt og mörgum verkefnum sinnt.

Sá ánægjulegi atburður átti sér stað á héraðsþinginu okkar á Hellu 2011 að Jóhannes Sigmundsson var kosinn heiðursformaður HSK. Þetta er aðeins í annað sinn sem slík kosning fer fram hjá HSK, en sá fyrsti til að hljóta nafnbótina, heiðursformaður HSK, var Sigurður Greipsson árið 1966. Jóhannes er vel af þessari kosningu kominn, sannur Skarphéðinsmaður og enn í fullu keppnisfjöri.

**Hvað er HSK**

Margir velta því fyrir sér fyrir hvað Héraðssambandið Skarphéðinn standi og á það jafnt við um fullorðna sem börn á sambandssvæðinu og ætla ég hér á eftir að fara yfir hlutverk og tilgang HSK.

HSK byggir starf sitt m.a. á að í eðli sínu er maðurinn félagsvera og leitar gjarnan eftir samskiptum við aðra. Íþróttahreyfingin gefur færi á félagslegum samskiptum þar sem börn þroskast m.a. vegna samskipta við jafningja sína og fullorðna í gegnum leik og starf.

Héraðssambandið Skarphéðinn er samband allra íþrótta-og ungmennafélaga í Árnes- og Rangárvallasýslum. Til að vinna að íþrótta- og félagsmálum eru starfandi innan sambandsins 25 stjórnir, nefndir og ráð.

Félögum hefur fjölgað jafnt og þétt og fjölbreytnin í starfseminni aukist. Innan vébanda HSK eru 58 aðildarfélög og stefnir í að þau verði 60 á þessu ári með tæplega sautján þúsund félagsmenn. Félögin öðlast keppnisrétt á landsvísu i gegnum Héraðssambandið.

Körfuknattleiksdeildir og félög fá aðild að Körfuknattleikssambandi Íslands, frjálsíþróttadeildir og félög fá aðild að Frjálsíþróttasambandi Íslands og sunddeildir og félög fá aðild að Sundsambandi Íslands. Ef félög eru ekki aðilar að HSK fá þau ekki aðild að ÍSÍ og UMFÍ, en í gegnum þau heildarsamtök fær HSK miklar tekjur bæði af lottói og getraunum sem HSK deilir síðan til aðildarfélaga sinna eftir ákveðnum reglum. Jafnframt öðlast aðildarfélögin þátttökurétt í verkefnum á vegum ÍSÍ og UMFÍ.

Í 100 ára sögu HSK hefur sambandið verið samstarfsvettvangur á íþrótta- og menningarsviðinu og ávallt skipað stóran sess í öllu félagslífi á Suðurlandi og komið fram undir einum og sama fána. Stjórn HSK hefur alla tíð lagt metnað sinn í að aðstoða félög, ráð og deildir sem eftir því hafa leitað og verið tenging aðildarfélaga sinna við landssamtökin. Það hefur verið gert með því m.a að bjóða fram einstaklinga í ýmsar stjórnir og ráð á vegum UMFÍ og ÍSÍ. Skarphéðinsmenn hafa mætt öflugir til leiks í nefndum og verið óhræddir við að tjá skoðanir sínar, koma fram með tillögur og fylgja þeim vel eftir. Þannig hefur verið tryggt að rödd Skarphéðinsmanna hefur heyrst ekki aðeins hér á sambandssvæðinu heldur og á landsvísu. Á okkur hefur verið hlustað og eftir okkur tekið. Skarphéðinsmenn hafa ávallt lagt metnað sinn í að vinna af heilindum héraðssambandi sínu til heilla.

Starfið hefur blómstrað í gegnum 100 ára sögu okkar m.a. vegna þess að góður samstarfsvilji hefur ávallt verið til staðar. Kyndilberar HSK í hafa á undanförnum árum og áratugum gengið á undan, sýnt gott fordæmi í samstarfi sem og í öllum sínum verkum og fengið þannig fjöldann til samstarfs og vilja til að vera með. Forystusveit HSK hefur nálgast verkefni sín með það að leiðarljósi að verið sé að veita samfélagsþjónustu.

Þrátt fyrir að stór áföll hafi dunið yfir íslenskt þjóðfélag á undangengnum árum hefur ungmenna- og íþróttahreyfingin staði styrkum fótum í því ölduróti sem um þjóðfélagið hefur leikið og það hefur Héraðssambandið Skarphéðinn einnig gert. Það er bjart fram undan hjá Skarphéðinsmönnum, félögum hefur fjölgað jafnt og þétt og eru iðkendur nú ríflega 11.500 og fjölbreytnin í starfseminni hefur aukist. Nýjar greinar bæst við og aukin þátttaka eldri félaga í starfseminni er jákvæð þróun. Jafn öflugt starf og raun ber vitni í rúma öld hefði aldrei gengið upp ef ekki hefði notið velvilja og fórnfýsi þeirra fjölmörgu sjálfboðaliða sem starfað hafa innan HSK og hafa gert sambandið að einni af mikilvægustu grunnstoðum samfélags okkar í áranna rás. Við getum velt þeirri spurningu fyrir okkur, hvernig umhorfs væri í heiminum ef sjálfboðaliða nyti ekki við.

Það er fjölmennur hópur jarðarbúa sem vinnur óeigingjarna sjálfboðavinnu og hefur það göfuga markmið að bæta heiminn. Þar sem árið 2011 var tileinkað sjálfboðaliðum langar mig að fjalla nokkuð um þann fjölmenna og merka hóp sem kemur að starfinu innan HSK.



Guðríður ávarpar héraðsþingið á Hellu.

**Sjálfboðaliðar**

Þegar ég kom til starfa á vegum HSK vakti athygli mína það mikla frumkvöðla og sjálfboðaliðastarf sem unnið hefur verið og er hjá sambandinu. Það er hinn sanni ungmennafélagsandi sem ræður ríkjum og hvetur fólk áfram til starfa. Sjálfboðaliðar eru hluti af þeim félagsauði sem nauðsynlegur er hverju samfélagi. Það eru mikil verðmæti falin í þeim tíma sem þeir leggja fram í störfum sínum. En þann tíma gleymist stundum að reikna með. Við gleymum í amstri dagsins að tíminn er öllum dýrmætur jafnt þeim sem gefa hann sem og þeim sem njóta.

Að stærstum hluta er íþróttahreyfingin byggð á fórnfýsi og framlagi sjálfboðaliðanna en þegar fjallað eru um starfsemi íþróttahreyfingarinnar, heyrist lítið um þeirra framlag. Ég hef séð tölur þar sem áætlað er að allt að 25-30 þúsund Íslendingar komi með einum eða öðrum hætti að störfum sjálfboðaliða í þágu íþróttahreyfingarinnar. Fróðlegt væri ef reiknað væri út í krónum og aurum vinnuframlag sjálfboðaliðanna. Ég get trúað að margir átti sig ekki á því, hversu miklum verðmætum þessi hópur skilar til þjóðarbúsins. Hér er ég ekki að tala um þau gríðarlegu verðmæti sem felast í menntun og viðhorfum sem verða til við það að vinna í sjálfboðavinnu.

Sjálfboðaliðar eiga sér fáa talsmenn en vinna engu að síður stórlega vanmetin verk í þágu samfélagsins. Sjálfboðaliðarnir eru jafn fjölbreyttir og einstaklingarnir sem skipa hóp þeirra. Meðlimirnir eru margir og koma úr fjölbreyttum starfs- og menntastéttum og úr öllum aldurshópum. Það fer ekki mikið fyrir þessum fjölmenna hópi, segja má að hann vinni eins og konan í ljóði Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, Konan sem kyndir ofninn minn, og er eitt af meistaraverkum Davíðs. Í ljóðinu birtist mannlýsing, sem vonandi gleymist aldrei og uppsker að lokum. Án þessa eiginleika værum við ekki vel sett í þessum heimi.

Það er nú svo, þrátt fyrir mikið og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða, þá nýtur starfið ekki alltaf viðeigandi virðingar. Þó eru sífellt fleiri að vakna til vitundar og átta sig á gildi þeirrar félagslegu reynslu sem fylgir því að starfa sem sjálfboðaliði. Störf þeirra er nauðsynlegur þáttur í íþrótta- og æskulýðsstarfi landsins í dag. Þau efla samstarf, umhyggju og kærleika og fela í sér margbreytta og lærdómsríka reynslu af félagsstörfum að ógleymdri ánægjunni að því að skapa verðmætt framlag til samfélagsins.

Glöggt má sjá af ársskýrslum aðildarfélaga HSK að störf sjálfboðaliðanna eru mikil og öflug og koma m.a. fram í fjölda stjórna, nefnda og ráða. Það að einstaklingar skuli leggja á sig í dag langar vinnutarnir í frítíma sínum og jafnvel taka sér frí frá störfum og nota tímann til þess að láta gott af sér leiða innan íþróttafélaganna, held ég að sé orðið fremur fátítt í okkar samfélagi. Þessir einstaklingar sýna og sanna að þeir eru tilbúnir að gefa af tíma sínum og leggja krafta sína í sjálfboðavinnu félagi sínu til heilla. Sjálfboðaliðar vinna frábæra vinnu án þess að taka sérstaka greiðslu fyrir og stuðla með vinnu sinni að betra samfélagi á degi hverjum og er það þakkarvert.

**Landsmót**

14. unglingalandsmót UMFÍ 2011 var haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Öflugur hópur tók þátt á vegum HSK og náði frábærum árangri og mörgum titlum, en 15 met voru sett á mótinu. HSK hópurinn, um 50 keppendur, gekk inn á völlinn við setningu mótsins í bolum sem kostaðar voru af Arion banka. Bolirnir eru merktir HSK og bankanum og á bakhliðinni stóð Selfoss 2012, sem vísar í næsta unglingalandsmót sem haldið verður á sambandssvæðinu. Hópurinn var til fyrirmyndar við setninguna og stóð sig með glæsibrag eins og þeirra er von og vísa undir styrkri stjórn unglingalandsmótsnefndar. Keppendur sópuðu að sér verðlaunum og var mikið um persónulegar bætingar auk þess sem eitt landsmótsmet féll. Keppnin gekk vel fyrir sig og voru þátttakendur á vegum HSK sambandinu til mikils sóma landsmótsdagana en auk keppni í ýmsum greinum var fjölbreytt dagskrá í boði fyrir gesti mótsins frá morgni til kvölds. Þrátt fyrir að þátttakendur á vegum HSK væru færri en í Borgarnesi 2010 féllu fleiri verðlaun þeim í skaut nú og kom glöggt í ljós á mótinu að HSK hefur á að skipa mjög öflugu liði í yngri flokkunum og þarf ekki að örvænta um framtíðina í frjálsum á Suðurlandi, ef fram heldur sem horfir. Líkt og í fyrra var sett upp samkomutjald, sem Umf. Laugdæla lánaði. Hér með er komið á framfæri þökkum til Laugdæla fyrir lánið.

Landsmót UMFÍ 50 + var haldið í fyrsta skipti sl. sumar og fór mótið fram á Hvammstanga. Keppendur á vegum HSK voru 4 og var keppnissveitin skipuð einvalaliði. Á mótið mættu fjórir valinkunnir Skarphéðinsmenn: Árni Einarsson, Jóhannes Sigmundsson, Jón M. og Markús Ívarssynir. Allir höfðu þeir gaman af og skemmtu sér vel í góðri samveru á Hvammstanga þótt napur væru norðanvindurinn.

Ungmennafélagsandinn hélt hita á mönnum og voru þeir félagar sammála um að þetta vildu þeir endurtaka við fyrsta tækifæri og það tækifæri gefst í sumar á landsmóti 50 + sem haldið verður í Mosfellsbæ 8. - 10. júní 2012. Vil ég hér með nota tækifærið og hvetja Skarphéðinsmenn til þess að feta í fótspor hinna fjögra fræknu, sem gerðu garðinn frægan á Hvammstanga og mæta á mótið í Mosfellsbæ.

Skarphéðinsmenn standa frammi fyrir risavöxnum verkefnum þar sem við höldum 15. unglingalandsmót UMFÍ um verslunarhelgina nú í ár og 4. - 7. júlí 2013 er komið að 27. landsmót UMFÍ, en bæði mótin verða haldin á Selfossi.

Þetta er í fyrsta skipti sem unglingalandsmót er haldið á Selfossi en HSK sá einnig um framkvæmd mótsins í Þorlákshöfn árið 2008. Unglingalandsmót eru vímuefnalaus íþrótta- og fjölskylduhátíð fyrir börn og unglinga 11 – 18 ára. Undirbúningur mótsins er hafinn fyrir nokkru síðan og kominn vel á veg. Búið er að ráða sérgreinastjóra í allar greinar sem keppt verður í. Öll íþróttaaðstaða á Selfossi er til fyrirmyndar og það er ljóst að sú aðstaða sem keppendum verður boðið uppá er ein sú allra besta sem hefur verið á unglingalandsmótunum. Tjaldsvæðið er í göngufæri við aðalkeppnissvæðið og þar eru framkvæmdir hafnar til þess að vel fari um gesti okkar sem þar koma til að dvelja. Í janúar sl. boðaði framkvæmdanefnd unglingalandsmóts 2012 nokkur ungmenni af sambandssvæðinu til fundar við Ómar Braga Stefánsson framkvæmdastjóra mótsins og fulltrúa landsmótsnefndarinnar. Tilgangur fundarins var að fá fram hjá ungmennunum ábendingar um ýmis framkvæmdaatriði mótsins. Fundurinn þótti takast vel og var framkvæmdanefndin ánægð með innlegg unglinganna og fól framkvæmdastjóra mótsins að vinna úr þeim hugmyndum sem fram komu á fundinum. Ákveðið var að boða ungmennin til fundar á ný í marsmánuði til frekari skrafs og ráðagerða.

**Fundir og þing**

Hefðbundnir fundir voru haldnir á vegum UMFÍ og ÍSÍ á liðnu starfsári og sóttu fulltrúar HSK þá viðburði.

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Ísafirði í maí. Formaður HSK og gjaldkeri sóttu fundinn fyrir hönd HSK ásamt um 40 fulltrúum héraðssambanda. Á fundinum fór fram kynning á starfsemi Evrópu unga fólksins sem og á starfsemi hreyfingarinnar. Fundarmenn fengu einnig kynningu á viðburðarstjórnun. Greint var frá undirbúningi og framkvæmd móta á vegum UMFÍ og fjallað um styrktarumsóknir, fjáraflanir og áætlanagerð. Haldið var námskeið sem fjallaði um mannauð í félagsstarfi.

HSK sendi, lögum samkvæmt, átján manna þinglið á þing UMFÍ sem haldið á Akureyri í haust. Þingið var starfsamt, en sjaldan hafa jafn margar tillögur verið samþykktir á þingi sambandsins. Við upphaf þings var Björn B. Jónsson, fyrrum formaður HSK og UMFÍ, kjörinn heiðursfélagi UMFÍ, en heiðursfélaganafnbót UMFÍ er æðsta viðurkenning sem hreyfingin veitir. Björn var formaður Héraðssambandsins Skarphéðins frá 1988 – 1991. Stjórn HSK óskar Birni hjartanlega til hamingju með nafnbótina. Sem fyrr segir voru fjölmörg mál til umræðu á þinginu og hreinskiptar og góðar umræður um ýmis mál hreyfingarinnar. Einna mest var rætt um fjármál UMFÍ. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, félagi okkar í HSK sem verið hefur formaður UMFÍ frá 2007, var endurkjörin formaður.

70. Íþróttaþing ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Grafarholti í apríl 2011. Á þingið mættu sex fulltrúar HSK. Fjölmargar tillögur lágu fyrir þinginu og var Ólafur Rafnson endurkjörinn forseti ÍSÍ.

Formaður HSK sótti formannafund ÍSÍ í nóvember sem haldinn var í Reykjavík 2011. Fundinn sitja formenn héraðssambanda, íþróttabandalaga og sérsambanda auk framkvæmdastjórnar ÍSÍ og er fundurinn upplýsingafundur til sambandsaðila ÍSÍ. Á fundinum var flutt skýrsla framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Gjaldkeri fór yfir fjárhagsstöðu ÍSÍ og íþróttahreyfingarinnar. Til umfjöllunar á fundinum var ennfremur fyrirmyndarfélag ÍSÍ og Íþróttastefna. Afmælisnefnd ÍSÍ 2012 fór yfir stöðu mála. Á undan formannafundinum fór fram fundur íþróttahéraða. Þar var fjallað almennt um hlutverk íþróttahéraða – ný lög ÍSÍ, samstarf íþróttahéraða við sveitarfélög og þróun fyrirmyndarfélagskerfisins í samstarfi við íþróttahéruð og sveitarfélög.

Í desember sl. barst okkur afar ánægjulegt bréf frá ÍSÍ. Ráðgert hafði verið að fjárfesta í nýju sölukerfi sem nýttist fyrirtækinu en fallið var frá þeirri fjárfestingu að sinni. Stjórn Íslenskrar getspár ákvað í tilefni afmælis að greiða í staðinn viðbótargreiðslu til eignaraðila. Vegna þessa er lottóúthlutun óvenjuhá árið 2011 og nausynlegt að taka það með í reikninginn þegar unnið er við áætlunargerð 2012. Héraðssambandið fékk í sinn hlut í aukaúthlutun töluverða upphæð sem þegar hefur verið ráðstafað til aðildarfélaga innan HSK. Þessi viðbót nýtist HSK svo sannarlega vel í starfi og við erum full þakklætis vegna þessa.

**Ýmis verkefni**

Á liðnu starfsári hefur HSK tekið þátt í fjölmörgum verkefnum ÍSÍ og UMFÍ og ber þar helst að telja: Fjölskyldan á fjallið - Hjólað í vinnuna - Göngum í skólann – Forvarnardagurinn - Flott án fíknar - Hættu að hanga, Komdu að hjóla, synda eða ganga og Frjálsíþróttaskóla UMFÍ sem haldinn var á Selfossi dagana 20. til 24. júní sl.

Íþróttahátíð HSK fór fram á nýjum og glæsilegum frjálsíþróttavelli á Selfossi í rigningu og köldu veðri. Um 85 krakkar frá 9 félögum mættu til keppni og reyndu með sér í ýmsum greinum.Keppendur á Héraðsleikum (10 ára og yngri) fengu allir verðlaunapening fyrir þátttökuna. Ágætis árangrar náðust á mótunum þrátt fyrir regn og kalt veður.

Ungmennafélag Selfoss varð 75 ára á árinu og af því tilefni var fulltrúum HSK boðið til afmælisveislu í hátíðarsal FSu á afmælisdaginn þar sem formaður HSK sæmdi Helga S. Haraldsson silfurmerki HSK fyrir vel unnin störf.

Héraðssambandið Skarphéðinn, Samband sunnlenskra kvenna og Skátafélagið Fossbúar efndu til málþings undir yfirskriftinni BARA GRAS? Á málþinginu fjölluðu sérfræðingar um kannabis og skaðsemi neyslu þess frá sjónarhóli lögreglu, meðferðaraðila og félagsmálayfirvalda.

25 ára afmælishátíð Suðra var haldinn 24. september í Iðu á Selfossi. Þangað var formanni og ritara HSK boðið og tóku þátt í bocciakeppni við sveitarstjórnarmenn á Suðurlandi og höfðu gaman af.

**Lokaorð**

Stjórn HSK hefur reynt að leggja sitt af mörkum til þess að standa vörð um starf er lýtur að að æsku og ungmennum landsins. Auðvitað hefur kreppan sett mark sitt og aukna pressu á okkur að haga störfum okkar skynsamlega og ég tel að við höfum gert það. Við höfum leitast við að tryggja sess okkar í uppeldis- og samfélagshlutverki hér í okkar héraði. Við höfum lagt okkar af mörkum til þess að standa vörð um félagsauðinn og viljum gjarnan sjá að stjórnvöld, bæði á landsvísu sem og hér heima í héraði viðurkenni störf okkar og efli þennan þátt ennfrekar.

Ég vil í lokin þakka öllum þeim fjölmörgu einstaklingum sem hafa komið að starfi HSK og lagt okkur lið með einum eða öðrum hætti á liðnu ári, lagt hönd á plóg og veitt ómetanlega aðstoð. Öllum styrktaraðilum færi ég kærar þakkir. Stjórnarmönnum, framkvæmdarstjóra og sjálfboðaliðum færi ég bestu þakkir fyrir góð og vel unnin störf, árangursríkt og skemmtilegt samstarf.

**Guðríður Aadnegard**

# Ársreikningur HSK 2011

Meðfylgjandi ársreikning fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn hef ég samið eftir bókhaldi sambandsins árið 2011. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2011 og efnahagsreikningi hinn 31. desember 2011.

Selfossi, 11. febrúar 2012,

Hansína Kristjánsdóttir,
gjaldkeri HSK

Við undirrituð höfum farið yfir fylgiskjöl og tölvuútskrift, efnahags- og rekstrarreikning fyrir árið 2011. Við sjáum ekki ástæðu til athugasemda og teljum reikninginn réttann.

Selfossi, 11. febrúar 2012,

Sigurjón Skúlason

Brynja Hjálmtýsdóttir

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | | Rauntölur 2011 | Áætlun 2011 | Rauntölur 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| **Framlög og styrkir:** | | | | |
| Útbreiðslustyrkur frá ÍSÍ | kr. | 1.549.111 | 1.000.000 | 1.253.361 |
| Lottó til HSK og Verkefnasjóðs | kr. | 4.507.687 | 3.500.000 | 4.522.888 |
| Lottótekjur félaga | kr. | 10.972.502 | 9.000.000 | 10.420.002 |
| Heimasíða | kr. | 80.000 | 80.000 | 80.000 |
| Framlög úr héraði | kr. | 1.348.420 | 1.400.000 | 1.423.300 |
| Getraunir | kr. | 570.637 | 650.000 | 628.345 |
| **Tekjur af mótum:** | | | | |
| Þátttökugjöld | kr. | 360.316 | 500.000 | 451.622 |
| **Auglýsingatekjur:** | | | | |
| Útgáfa | kr. | 110.000 | 80.000 | 75.000 |
| HSK fréttir | kr. | 260.000 | 260.000 | 260.000 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | |
| Skattar aðildarfélaga | kr. | 2.854.925 | 2.550.000 | 2.552.806 |
| Þing HSK | kr. | 215.000 | 230.000 | 191.400 |
| Leikjanámskeið | kr. | 326.250 | 320.000 | 289.800 |
| Leigutekjur v/skrifstofu | kr. | 189.000 | 220.000 | 229.000 |
| Tekjur vegna Unglingalandsmóts | kr. | 473.000 | 1.000.000 | 983.000 |
| Tekjur vegna 100 ára afmælis HSK | | 0 | 0 | 200.000 |
| Söguritun | kr. | 421.050 | 0 | 5.594.631 |
| Aðrar tekjur | kr. | 498.759 | 300.000 | 403.959 |
| Rekstarafgangur Selsins | kr. | | | |
| **Tekjur alls:** | **kr.** | **24.736.657** | **21.100.000** | **29.559.114** |

| | | Rauntölur 2011 | Áætlun 2011 | Rauntölur 2010 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| **Yfirstjórn og rekstur skrifstofu** | | | | |
| Laun og dagpeningar | kr. | 4.773.454 | 4.670.000 | 4.500.787 |
| Launatengd gjöld | kr. | 970.043 | 944.000 | 912.148 |
| Aksturskostnaður | kr. | 1.303.279 | 1.180.500 | 1.158.877 |
| Skrifstofukostnaður | kr. | 696.588 | 650.000 | 646.095 |
| Áhöld og tæki | kr. | 61.169 | 50.000 | 64.275 |
| Fundir og þing | kr. | 787.495 | 550.000 | 214.905 |
| Heimasíða | kr. | 133.482 | 130.000 | 83.282 |
| **Þjálfun og kennsla:** | | | | |
| Leikjanámskeið | kr. | 395.925 | 400.000 | 282.756 |
| **Íþróttaleg viðskipti:** | | | | |
| Mótahald á vegum HSK | kr. | 604.641 | 500.000 | 660.516 |
| **Kynning, fræðsla og útbreiðsla** | | | | |
| Útgáfa | kr. | 389.048 | 400.000 | 389.048 |
| Söguritun | kr. | 0 | 0 | 8.227.384 |
| **Rekstur mannvirkja:** | | | | |
| Rekstur eigna | kr. | 250.000 | 250.000 | |
| **Önnur gjöld:** | | | | |
| Lottógreiðslur til félaga | kr. | 10.972.502 | 9.000.000 | 10.420.002 |
| Gjöld vegna Landsmótsþátttöku | kr. | 0 | 0 | 0 |
| Gjöld vegna Unglingalandsmóts | kr. | 422.201 | 1.000.000 | 980.745 |
| Gjöld vegna Landsmóts á Selfossi | kr. | 0 | 0 | 0 |
| Gjöld vegna100 ára afmælis HSK | kr. | 25.250 | 0 | 612.655 |
| Greitt í Verkefnasjóð HSK | kr. | 1.709.217 | 1.262.500 | 1.816.733 |
| Greitt í Umhverfissjóð UMFÍ | kr. | 75.815 | | 14.723 |
| Ýmis kostnaður | kr. | 143.253 | 60.000 | 105.040 |
| Afskriftir | kr. | 44.416 | 0 | 0 |
| **Gjöld alls:** | **kr.** | **23.698.010** | **20.937.000** | **31.089.971** |
| **Fjármagnstekjur** | | | | |
| Vaxtatekjur | kr. | 204.877 | 240.000 | 343.550 |
| Þjónustugjöld | kr. | -41.574 | -55.000 | |
| Vaxtagjöld | kr. | | | |
| Fjármagnstekjuskattur | kr. | -40.843 | -48.000 | - 61.792 |
| **Fjármagnstekjur alls:** | | **122.460** | **137.000** | **281.758** |
| **Rekstrarhagnaður ársins** | **kr.** | **1.161.107** | **300.000** | **-1.249.099** |

# Efnahagsreikningur HSK 31. desember 2011

| Eignir | | | 31.des.11 | 31.des.10 | 31.des.09 | 31.des.08 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir:** | | | | | | |
| | Mannvirki | kr. | 5.681.501 | 5.763.740 | 6.085.239 | 5.462.001 |
| | Áhöld og tæki | kr. | 143.425 | 143.425 | 143.425 | 0 |
| | | | **5.824.926** | **5.907.165** | **6.228.664** | **5.462.001** |
| **Veltufjármunir:** | | | | | | |
| | Viðskiptakröfur | kr. | 668.037 | 641.028 | 676.562 | 6.616.148 |
| | Handbært fé | kr. | 7.625.701 | 6.491.603 | 7.705.168 | 2.398.255 |
| | | | **8.293.738** | **7.132.631** | **8.381.730** | **9.014.403** |
| **Eignir alls:** | | | **14.118.664** | **13.039.796** | **14.610.394** | **14.476.404** |

## Skuldir og eigið fé

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé:** | | | | | | |
| | Eigið fé í ársbyrjun | kr. | 13.039.796 | 14.610.394 | 14.480.125 | 9.683.878 |
| | Endurmat Selsins | kr. | -82.239 | -321.499 | 0 | -139.102 |
| | Rekstrarniðurstaða ársins | kr. | 1.161.107 | -1.249.099 | 130.269 | 4.935.349 |
| **Eigið fé alls:** | | | **14.118.661** | **13.039.796** | **14.610.394** | **14.480.125** |
| **Skuldir:** | | | | | | |
| | Langtímaskuldir | kr. | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | Skammtímaskuldir | kr. | 0 | 0 | 0 | -3.721 |
| **Skuldir alls:** | | | **0** | **0** | **0** | **-3.721** |
| **Skuldir og eigið fé alls:** | | | **14.118.664** | **13.039.796** | **14.610.394** | **14.476.404** |

# Verkefnasjóður HSK

| **Rekstrarreikningur 2011** | | | **31.12.2011** | **31.12.2010** |
|---|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | Framlag HSK samkvæmt reglugerð ................ | kr. | 1.535.985 | 1.477.853 |
| | Vegna vanskila félaga………………………….. | kr. | 173.232 | 338.880 |
| | Vextir ............................................................... | kr. | 22.971 | 45.278 |
| | Ósóttir styrkir frá 2010...................................... | kr. | 30.000 | 145.500 |
| | **Tekjur alls:** | | **1.762.188** | **2.007.511** |
| **Gjöld:** | Styrkir 2011, úthlutun sjóðsstjórnar.................... | kr. | 1.642.500 | 1.445.000 |
| | Fjármagnstekjuskattur.......................................... | kr. | 4.594 | 8.150 |
| | Bankakostnaður.................................................... | kr. | 8.270 | |
| | **Gjöld alls:** | | **1.655.364** | **1.453.150** |
| **Rekstarhagnaður ársins:** | | | **106.824** | **554.361** |

| **Efnahagsreikningur 31. desember 2011** | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir:** | Í sjóði 31.12.2011................................................ | kr. | 2.133.199 | 2.068.875 |
| | **Samtals** | | **2.133.199** | **2.068.875** |
| **Skuldir og eigið fé:** | Eigið fé frá fyrra ári............................................ | kr. | 1.346.375 | 792.014 |
| | Rekstrarhagnaður ársins...……………………….. | kr. | 106.824 | 554.361 |
| | Ógreiddir styrkir á árinu..........………………….. | kr. | 680.000 | 722.500 |
| | **Samtals:** | | **2.133.199** | **2.068.875** |

# Framlög sveitarfélaga og héraðsnefnda 2011

Bein fjárframlög sveitarfélaga og héraðsnefnda til HSK héldu áfram að dragast saman í krónum talið. Lækkun milli ára er kr.74.880. Miðað er við íbúatölu þegar sótt var um framlag seinni hluta árs 2010.

| | íbúar | sótt um | framlag | framlag á íbúa |
|---|---|---|---|---|
| Héraðsnefnd Árnesinga | 15.311 | 4.133.970 (270 kr. á íbúa) | 1.064.000 | 69,49 kr. |
| Héraðsnefnd Rangæinga | 3.478 | 939.060 (270 kr. á íbúa) | 0 | |

Héraðsnefnd Rangæinga hætti að veita styrki sem þessa á árinu, en benti sambandinu að sækja um framlag beint til sveitarfélaga í sýslunni og var það gert í framhaldinu.

| Sveitarfélög: | Íbúar | Framlag | Framlag á íbúa |
|---|---|---|---|
| Rangárþing eystra | 1.745 | 122.140 | 69,99 kr. |
| Rangárþing ytra | 1.543 | 110.000 | 71,29 kr. |
| Ásahreppur | 190 | 19.400 | 102,11 kr. |

**Viðbótarframlag við framlag héraðsnefndar Árnesinga**

| | Íbúar | Viðbótarframlag | Framlag á íbúa |
|---|---|---|---|
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 517 | 15.120 | 29,25 kr. |
| Flóahreppur | 602 | 17.760 | 29,50 kr. |
| **Greiðsla alls úr héraði 2011:** | | **1.348.420** | |

# Úthlutanir úr Verkefnasjóði HSK 2011

Alls bárust 66 umsóknir til Verkefnasjóðs árið 2011 og hafa aldrei verið fleiri.

**Við úthlutun tók sjóðsstjórn m.a. mið af eftirtöldum forsendum:**

| | |
|---|---|
| Val í landslið | 10.000 kr. á einstakling |
| Menntun þjálfara, erlendis | 10.000 kr. á einstakling |
| Menntun þjálfara og dómara, innanlands | 5.000 kr. á einstakling |
| Keppnisferðir erlendis og unglingalandsmótsþátttaka | 2.500 kr. á einstakling að hámarki |
| Nýjungar/sérstök verkefni | 30.000 kr. á félag/nefnd/ráð |
| Námskeiðahald, 50 % af útlögðum kostnaði, en þó að hámarki: | 30.000 kr. á félag/nefnd/ráð |

Þessar viðmiðunartölur eru svipaðar og í fyrra, nema hvað sjóðsstjórn ákvað frá og með árinu 2011 yrði hætt að veita styrki vegna æfingaferða erlendis. Þessi viðmið eru í engu bindandi gagnvart áframhaldandi úthlutun, enda verður sjóðsstjórn að taka mið af fjölda umsókna og fjármagnsgetu sjóðsins hverju sinni.

**Verkefni sem hlutu ekki styrki úr sjóðnum voru:**

Val í úrvalshópa og úrtökumót, búningakaup, áhaldakaup og búnaðar vegna íþróttaiðkunnar, keppnishald og þátttaka í mótum innanlands, kostnður vegna þjálfunnar, s.s vegna samstarfsverkefna og styrktar- og/eða afreksþjálfunnar, æfingaferðir innanlands, almennur rekstrarkostnaður. Sjóðsstjórn ákvað að veita ekki styrki til sömu verkefna og hafa áður fengið styrk úr sjóðnum. Þá eru ekki veittir styrkir til mannvirkjagerðar, sbr. reglugerð

**Úthlutun sjóðsins árið 2011 er sem hér segir:**

| **Félag/deild/ráð/nefnd** | **Heiti verkefnis** | **Úthlutun** |
|---|---|---|
| Frjálsíþróttaráð HSK | Dómaranámskeið fyrir frjálsíþróttadómara | 30.000 |
| Frjálsíþróttaráð HSK | Skráning HSK meta og afreksskráning | 30.000 |
| Glímuráð HSK | Landsliðsferð | 12.500 |
| Glímuráð HSK | Silfurkeðja á Skarphéðinsskjöldinn endurnýjuð | 30.000 |
| Golfklúbbur Hveragerðis | Útbreiðsla og kynning á starfsemi félagsins | 30.000 |
| Golfklúbbur Selfoss | Héraðsdómaranámskeið og golfkennaranám | 15.000 |
| Hestamannafélagið Sleipnir | Val í landslið | 12.500 |
| Íþróttafélagið Dímon | Þrjú þjálfaranámskeið ÍSÍ 1a, 1b og 1c | 90.000 |
| Íþróttafélagið Garpur | Fimleikar í Rangárþingi ytra | 30.000 |
| Knattspyrnufélag Rangæinga | Menntun þjálfara | 15.000 |
| Sögu- og minjanefnd HSK | Varðveisla ársskýrslna HSK | 30.000 |
| Umf. Biskupstungna | Félagsmálafræðsla | 30.000 |
| Umf. Biskupstungna | Skönnun á Litla-Bergþór | 30.000 |
| Umf. Biskupstungna | Menntun þjálfara | 30.000 |
| Umf. Laugdæla, glímunefnd | Landsliðsmenn í glímu | 27.500 |
| Umf. Laugdæla, frjálsíþróttanefnd | Unglingalandsliðsmaður í frjálsíþróttum | 12.500 |
| Umf. Laugdæla, frjálsíþróttanefnd | Landsliðsfólk í frjálsíþróttum | 20.000 |
| Umf. Laugdæla, aðalstjórn | Skyndihjálparnámskeið | 30.000 |
| Umf. Selfoss, aðalstjórn | Útbreiðslu- og kynningarstarf Umf. Selfoss | 30.000 |
| Umf. Selfoss, aðalstjórn | Ráðstefna um þjálfun | 30.000 |
| Umf. Selfoss, afmælisnefnd | 75 ára afmælisrit Umf. Selfoss | 30.000 |
| Umf. Selfoss, afmælisnefnd | Kvikmyndaviðtöl við forystufólk og afreksfólk | 30.000 |
| Umf. Selfoss, fimleikadeild | Þjálfaranámskeið FSÍ 1A | 15.000 |
| Umf. Selfoss, fimleikadeild | Toppþjálfaranámskeið 2C | 25.000 |
| Umf. Selfoss, fimleikadeild | Styrktarþjálfaranámskeið í hópíþróttum | 10.000 |
| Umf. Selfoss, fimleikadeild | Námskeið í listdanssmíði | 10.000 |
| Umf. Selfoss, judódeild | Landsliðsverkefni | 20.000 |
| Umf. Selfoss, handknattleiksdeild | Partille-cup 2011 | 47.500 |
| Umf. Selfoss, handknattleiksdeild | Þátttaka á Falk Eliteturnering í Noregi | 37.500 |
| Umf. Selfoss, handknattleiksdeild | Norðurlandamót félagsliða í handbolta | 37.500 |
| Umf. Selfoss, handknattleiksdeild | Val í unglingalandslið Íslands | 72.500 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Þátttaka í USA CUP | 45.000 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Menntun dómara í knattspyrnu | 115.000 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Menntun þjálfara erlendis | 10.000 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Val í landslið | 80.000 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Menntun þjálfara | 115.000 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Stækkuð umgjörð vegna meistarflokks kvenna | 30.000 |
| Umf. Self., knattsp.d., minjaverndarsjóður | Stuttmynd um Íslandsmeistaralið 3. flokks kvenna | 30.000 |
| Umf. Selfoss, knattspyrnudeild | Keppnisferð 3. fl. karla 2012 | 60.000 |
| Umf. Selfoss, sunddeild | Kynning á sunddeild fyrir unglinga í Árborg | 30.000 |
| Umf. Vaka | Afmælisirit í tilefni 75 ára afmæli Umf. Vöku | 30.000 |
| Umf. Þór, fimleikadeild | Nýliðun þjálfara | 35.000 |
| Umf. Þór, körfuknattleiksdeild | Útbreiðsla og kynning - MÍKRÓbolti | 30.000 |
| Umf. Þór, körfuknattleiksdeild | Þátttaka á Norðurlandamóti í körfubolta | 12.500 |
| Umf. Þór, körfuknattleiksdeild | Þátttaka á Norðurlandamóti í körfubolta | 12.500 |
| Umf. Þór, körfuknattleiksdeild | Þátttaka á Norðurlandamóti í körfubolta | 12.500 |
| Unglingalandsmótsnefnd HSK | Unglingalandsmót UMFÍ 2011 | 95.000 |
| **Samtals** | | **1.642.500** |

# Þakkir til þeirra sem styrktu starfsemina

Stjórn Héraðssambandsins þakkar þeim fjölmörgu aðilum sem styrktu Skarphéðinn á árinu með einum eða öðrum hætti. Hér er átt við styrki í formi beinna fjárframlaga, niðurfellingu á húsaleigu, mikla sjálfboðavinnu, kaup á verðlaunapeningum og bikurum, gefnar veitingar ofl. Þessi stuðningur er Skarphéðni ómetanlegur og verður seint fullþakkaður.

# Jóhannes Sigmundsson kosinn heiðursformaður HSK

Jóhannes Sigmundsson var kosinn heiðursformaður HSK á héraðsþingi sambandsins sem haldið var á Hellu 12. mars 2011.

Þetta er aðeins í annað sinn í 100 ára sögu sambandsins sem kosinn er heiðursformaður HSK, en árið 1966 var Sigurður Greipsson kosinn, en það ár lét hann af formennsku.

Þegar Guðríður Aadnegard formaður HSK hafði lesið upp tillögu og greinargerð um kjörið, risu fulltrúar og gestir úr sætum og hylltu Jóhannes með dynjandi lófataki.

Í greinargerð stjórnar HSK, sem lögð var fram á þinginu sagði:

“Jóhannes Sigmundsson í Syðra-Langholti lét snemma að sér kveða í félagsmálum innan HSK og í sinni heimasveit, en hann sat í stjórn Ungmennafélags Hrunamanna um árabil. Þá var hann í varastjórn UMFÍ 1963-1969.

Jóhannes var kosinn formaður Skarphéðins árið 1966 þegar Sigurður Greipsson lét af störfum. Það var engum meðalmanni hent að feta í fótspor Sigurðar en það tókst honum með glæsibrag og gengdi því embætti í 10 ár.


Jóhannes Sigmundsson var kosinn heiðursformaður HSK á héraðsþinginu á Hellu. Hann er hér með Guðríði formanni.

Ungur að árum var Jóhannes liðtækur frjálsíþróttamaður. Þá var hann árum saman leikmaður í körfuboltaliði Hrunamanna og einnig HSK. Á seinni árum hefur bridds og golf átt hug hans allan og hefur hann keppt samfleytt á héraðsmótum HSK í meira en hálfa öld.

Jóhannes tekur enn virkan þátt í störfum sambandsins og á sæti í sögu- og minjanefnd HSK. Þá átti hann sæti í ritnefnd sambandsins vegna útgáfu á bókinni HSK í 100 ár sem kom út í desember sl.

Jóhannes er alltaf boðinn og búinn að taka þátt í störfum sambandsins þegar eftir því er leitað. Þar má nefna að hann flutti hátíðarræðu á 100 ára afmælisfagnaði HSK sl. sumar, hann veitti verðlaun á HSK mótum og hefur verið fulltrúi hreyfingarinnar í Flúðaskóla á Forvarnadeginum.

Það er einstakt að fyrrverandi formaður, sem hætti sem slíkur fyrir 35 árum síðan, taki svo virkan þátt í starfinu. Jóhannes er vel að því kominn að vera kosinn Heiðursformaður HSK á 80 ára afmælisári sínu.”

# 650 HSK síður hafa birst í Sunnlenska


HSK FRÉTTIR

HSK SELFOSS liðið varð í 3. sæti í heildina

Kristín gaf ekki kost á sér og Stefán kjörinn formaður

HSK og Sunnlenska fréttablaðið hófu samstarf við að birta fréttir af vettvangi HSK á sérstakri síðu í blaðinu í byrjun árs árið 1999 og hefur þetta verið afar farsælt samstarf allar götur síðan.

Vikulega hefur heilsíða verið helguð fréttum frá HSK. Þá hefur fréttum frá UMFÍ og ÍSÍ verið gerð góð skil, svo og fréttum frá aðildarfélögum sambandsins. Rétt er að geta þess að fréttum af árangri keppenda félaganna eru gerð góð skil á almennri íþróttasíðu í blaðinu.

Síðurnar eru rétt rúmlega 650 talsins og eru nú ómetanleg söguheimild um störf hreyfingarinnar á síðustu 13 árum.

Þetta samstarf hefur vakið mikla athygli á landsvísu og hafa margir horft öfundaraugum til sambandsins, en ekki eru dæmi um að önnur héraðssambönd fái víðlíka fréttaumfjöllun í héraðsfréttablöðum landsins.

Forysta HSK þakkar eigendum og starfsfólki Sunnlenska fyrr og nú fyrir frábært samstarf.

# www.hsk.is




Heimasíðan sem nú er í notkun var opnuð 10. október 2005. Það var fyrirtækið Kubbar ehf. sem hannaði síðuna og byggir hún á WebAccess vefumsjónarkerfinu. Nánari upplýsingar um vefkerfið má sjá á www.web-access.biz

Aðildarfélög HSK geta enn fengið tilboð í gerð heimasíðu fyrir félög sem byggir á sama kerfi og heimasíða HSK. Umf. Laugdæla er með heimasíðu sem byggir á þessu kerfi. Þau félög sem hafa áhuga geta haft samband Jón Ágúst Reynisson eigandi Kubba ehf. í síma 899 5530.

Dvalarheimilið Ás í Hveragerði hefur mörg undanfarin ár tekið þátt í kostun síðunnar. Er forráðamönnum Áss þakkaður stuðningurinn við að halda úti öflugum fréttavef fyrir Héraðssambandið Skarphéðinn.

Félögum og deildum er bent á að senda upplýsingar um viðburði sem framundan eru á hsk@hsk.is og verður þeirra þá getið á umræddu viðburðadagatali. Slóðin á síðuna er www.hsk.is.

# Íþróttamaður HSK 2011

Líkt og undanfarin ár kaus fimm manna valnefnd íþróttamann HSK 2011 úr röðum þeirra sem tilnefndir voru af nefndum og ráðum sambandsins. Auk þeirra tilnefnir stjórn sambandsins íþróttamenn í fimm greinum, þar sem ekki er starfandi nefnd eða ráð. Í ár voru íþróttamenn úr 21grein valdir í jafn mörgum íþróttagreinum. Valnefndin valdi Fjólu Signýju Hannesdóttur Íþróttamann HSK 2011.

## Íþróttamaður HSK 2011

### Frjálsíþróttamaður HSK 2011



***Fjóla Signý Hannesdóttir***, Umf. Selfoss, er frjálsíþróttamaður HSK 2011. Fjóla náði glæsilegum árangri á frjálsíþróttavellinum á árinu. Hún varð margfaldur Íslands- og bikarmeistari og tífaldur HSK meistari. Hún setti 18 HSK met og var valin í A-landslið Íslands og stóð sig frábærlega í Evrópukeppni landsliða í Reykjavík. Fjóla Signý er í Afreks- og landsliðshópi FRÍ árið 2012. Fjóla er jákvæð persóna, gefur mikið af sér og hefur jákvæð og hvetjandi áhrif á félaga sína.

Fjóla bætti sinn besta árangur í sjö greinum utanhúss og í sex greinum innahúss. Á Meistaramótum og Bikarkeppnum ársins 2011 varð Fjóla þrefaldur Íslandsmeistari og fjórfaldur Bikarmeistari í fullorðinsflokki í sínum sterkustu greinum, þ.e. 100m. grindahlaupi, 400m. grindahlaupi og hástökki og svo í verðlaunasæti í öðrum greinum sem hún keppti í á þeim mótum. Hún vann svo til átta gullverðlauna á Unglingameistaramóti Íslands á árinu auk nokkurra silfur og bronsverðlauna.

Fjóla er mjög fjölhæf frjálsíþróttakona og varð hún Íslandsmeistari í fimmtarþraut innanhúss og sjöþraut utanhúss með nokkurhundruð stiga bætingu í bæði skiptin. Alls vann hún til 31 verðlauna á þeim átta stærstu mótum sem haldin eru hér árlega og sýnir það enn og betur hversu fjölhæf stúlkan er.

Fjóla setti alls 18 HSK met á árinu og náði þeim frábæra árangri að vera valin í A-Landslið Íslands, í 100m. og 400m. grindahlaup og í 4x400m. boðhlaupi, sem keppti í Evrópukeppni landsliða í Reykjavík í lok júní. Þar stóð Fjóla sig frábærlega og varð til að mynda þriðja í 400m. hlaupi á stórbætingu er hún hljóp á 57,52sek. Þá hljóp hún lokasprett Íslands í 4x400m. boðhlaupi og landaði silfurverðlaunum.

Fjóla sigraði í 400m. grindahlaupi á Eyrarsundsleikunum í Svíþjóð og náði að auki silfurverðlaunum í 100m. grindahlaupi. Á mjög sterku alþjóðlegu móti í Finnlandi náði hún 4. sæti í 400m. grindahlaupi á nýju HSK meti og sló þar með 17 ára gamalt HSK met.

Fjóla er lykilmaður í HSK og Selfoss liðunum á meistaramótum og bikarkeppnum og þá var hún varð tífaldur HSK meistari á árinu.

Á afrekalista sumarsins hjá Frjálsíþróttasambandi Íslands er Fjóla í fyrsta sæti í 400 m. grindahlaupi. Hún er í 2. sæti í 100m. grindahlaupi, 3. sæti í hástökki og þrístökki. Þá er hún í 2. sæti í hástökki og fimmtarþraut innanhúss og í 3. sæti í 400 m. hlaupi.

### Badmintonmaður HSK 2011



***Imesha Chaturanga***, Íþróttafélaginu Hamri, er badmintonmaður HSK árið 2011. Hann varð þrefaldur HSK meistari á árinu, í karlaflokki, U19 og í sínum flokki U17. Ismesha er prúður leikmaður sem hefur tekið miklum framförum og verið sigursæll að undanförnu og kann að taka ósigri jafnt sem sigri af sannri íþróttamennsku.

### Blakmaður HSK 2011



***Hugrún Ólafsdóttir***, Íþróttafélaginu Hamri, er blakmaður ársins hjá HSK 2011. Hugrún hefur verið einn helsti máttarstólpi blakliðs Hamars og stundar íþrótt sína vel. Hugrún er ákaflega samviskusöm og metnaðargjörn fyrir sjálfa sig og lið sitt og nákvæm í öllum sínum aðgerðum.

### Borðtennismaður HSK 2011



***Bergrún Linda Björgvinsdóttir***, Íþróttafélaginu Dímon, er borðtennismaður HSK 2011. Hún var m.a. fjórfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki og HSK meistari.

### Briddsmaður HSK 2011



***Sigurður Skagfjörð***, Íþróttafélaginu Dímon, er bridgemaður HSK 2011. Hann hefur verið virkur í stjórn og spilastjóri Bridgefélags Rangæinga frá 1999. Sigurður ásamt makker sínum hefur unnið Meistarakeppni Bridgefélags Rangæinga þrisvar sinnum á síðustu árum og er Sigurður núverandi HSK-meistari.

### Fimleikamaður HSK 2011



***Helga Hjartardóttir***, Umf. Selfoss, er fimleikamaður HSK 2011. Helga keppti í hópfimleikum með liði Selfoss HM1 og með blönduðu liði Ollerup í Danmörku. Á Norðurlandamóti seniora varð hún Norðurlandameistari í hópfimleikum með Ollerup. Hún er íþróttakona af lífi og sál, traustur liðsmaður, hefur mikinn metnað og sjálfsaga og er góð fyrirmynd jafnt innan vallar sem utan.

### Golfmaður HSK 2011



***Andri Már Óskarsson***, GHR, er golfmaður HSK árið 2011. Andri varð klúbbmeistari GHR og HSK meistari. Hann lék til úrslita og hafnaði í öðru sæti eftir bráðabana í Íslandsmótinu í holukeppni sem fram fór á Strandarvelli. Andri var valinn í lið landsbyggðar-innar í bikarnum gegn liði höfuðborgarinnar og spilaði sig inn í afrekshóp GSÍ.

### Glímumaður HSK 2011



***Marín Laufey Davíðsdóttir***, Umf. Samhygð, er glímumaður HSK árið 2011. Hún er handhafi Bergþóruskjaldarins. Marín Laufey náði sínum besta árangri í glímu á árinu með því að verða fyrst kvenna innan HSK til þess að sigra Íslandsglímuna og hljóta Freyjumenið ásamt sæmdarheitinu, Glímudrottning Íslands. Hún náði í verðlaunasæti á öllum glímumótum er hún tók þátt í. Marín Laufey er fyrirmyndar íþróttakona jafnt innan vallar sem utan og var valin glímukona ársins af Glímusambandi Íslands.

### Handkattleiksmaður HSK 2011



***Atli Kristinsson***, Umf. Selfoss, er handknattleiks-maður HSK 2011. Frammistaða Atla á vellinum hefur verið góð á árinu. Hann lék afar vel eftir áramót keppnistímabilið 2010/11 og átti þar marga frábæra leiki. Það sem af er keppnistímabilinu 2011/12 hefur hann dregið vagninn fyrir lið sitt. Atli er mikill félags-maður, jafnt innan vallar sem utan og góð fyrirmynd fyrir unga iðkendur er vilja temja sér heilbrigt líferni og sannan liðsanda.

## Hestaíþróttamaður HSK 2011



***Sigursteinn Sumarliðason***, Hestamannafélaginu Sleipni, er hestaíþróttamaður HSK 2011. Árið var gott hjá Sigursteini. Hann varð Íslandsmeistari í tölti og landsmótssigurvegari í sömu grein. Einnig var hann í A-úrslitum í öllum hringvallargreinunum á Landsmóti hestamanna sem er frábær árangur. Sigursteinn hampaði annað árið í röð Sleipnisskildinum eftirsótta í A-flokki á Gæðingamóti Sleipnis. Sigursteinn var kjörinn íþróttaknapi ársins 2011 á uppskeruhátíð hestamanna.

## Íþróttamaður fatlaðra 2011



***Hulda Sigurjónsdóttir***, Íþróttafélaginu Suðra, er íþróttamaður HSK 2011 úr röðum fatlaðra. Hæst ber árangur Huldu í kúluvarpi en hún setti Íslandsmet í flokki þroskaheftra s.l. sumar. Hún hampaði Íslandsmeistaratitlum í frjálsum íþróttum í sínum flokki bæði innan- og utanhúss og náði góðum árangri í sundi. Hulda æfir af miklu kappi og leggur mikið á sig til að ná árangri. Hulda er góður félagi og félagsandinn skiptir hana miklu máli.

## Júdómaður HSK 2011



***Þór Davíðsson***, Umf. Selfoss, er júdómaður HSK 2011. Þór stundaði æfingar að miklum krafti á árinu og árangurinn lét ekki á sér standa. Þór hefur keppt á öllum stóru júdómótunum hérlendis í -90 kg flokki og glímt við fremstu júdómenn landsins og staðið sig vel. Þór hlaut styrk frá Júdósambandi Íslands til að keppa á Matsume Cup sem er stórt alþjóðlegt mót og haldið var í Danmörku. Þar stóð Þór stóð sig best allra Íslendinga.

## Knattspyrnumaður HSK 2011



***Guðmunda Brynja Óladóttir***, Umf. Selfoss, er knattspyrnumaður HSK 2011. Guðmunda Brynja spilaði með meistaraflokki Selfoss, en liðið komst upp í Pepsi deildina í fyrsta skipti í sögu félagsins. Hún hefur verið atkvæðamikil með yngri landsliðum Íslands og æfði með þremur landsliðum Íslands á árinu og stóð sig frábærlega. Guðmunda Brynja er eitt mesta efni sem fram hefur komið í kvennaboltanum á Selfossi og ávallt verið félagi sínu til sóma. Hún var valin íþróttakona Árborgar 2011.

## Kraftlyftingamaður HSK 2011



***Rósa Birgisdóttir***, Umf. Selfoss, er kraftlyftingamaður HSK 2011. Rósa keppti í öllum þremur greinunum í kraftlyftingum á Íslandsmeistaramótinu og vann +84 kg þyngdarflokkinn. Á Íslandsmeistaramótinu í réttstöðulyftu vann hún +84 kg þyngdarflokkinn og setti Íslandsmet.

## Körfuknattleiksmaður HSK 2011



***Íris Ásgeirsdóttir*** úr Hamri, er körfuknattleiksmaður HSK 2011. Hún var fyrirliði meistaraflokks kvenna á síðustu leiktíð þegar liðið varð deildarmeistari Iceland Express deildarinnar 2011 sem er stærsti titill Körfuknattleiksdeildar Hamars fram að þessu. Íris er afar góð fyrirmynd þeirra sem yngri eru. Hún tekur æfingar alvarlega og leggur sig alla fram og spilar ávallt af einbeitingu og yfivegun.

## Mótorkrossmaður HSK 2011



***Einey Ösp Gunnarsdóttir***, Umf. Selfoss, er mótorkrossmaður HSK 2011. Hún keppti á mörgum mótum síðasta sumar og endaði í 4. sæti í stigakeppni til Íslandsmeistara. Einey Ösp var dugleg að æfa íþrótt sína síðastliðið ár og leggur mikinn metnað í greinina.

## Skákmaður HSK 2011



***Ingibjörg Edda Birgisdóttir***, Umf. Selfoss, er skákmaður HSK 2011. Hún hefur teflt á Íslandsmóti skákfélaga og náð mjög góðum árangri. Besti árangur hennar er sigur á Meistaramóti Skákfélags Selfoss og nágrennis. Ingibjörg er ekki aðeins sterkur skákmaður heldur félagi góður og með framtakssemi sinni hefur hún lagt sitt af mörkum til þess að efla skákstarf á Suðurlandi.

## Skotíþróttamaður HSK 2011



***Jónas Sigurðsson***, Skotíþróttafélagi Suðurlands, er skotíþróttamaður HSK 2011. Jónas er atkvæðamikill keppnismaður og fjölhæfur og góður skotmaður. Hann keppti í riffil- og haglabyssugreinum á árinu og stóð sig frábærlega. Jónas er duglegur félagsmaður og hefur starfað af mikilli ósérhlífni fyrir félagið á liðnu ári.

## Starfsíþróttamaður HSK 2011



***Jón M. Ívarsson***, Umf. Samhygð, er stafsíþróttamaður HSK 2011. Hann sigraði á héraðsmóti í stafsetningu sem haldið var á árinu. Jón hefur keppt í stafsetningu á öllum Landsmótum UMFÍ frá því sú keppni var fyrst tekin upp á landsmótinu á Egilsstöðum árið 2001 og ávallt náð góðum árangri. Þá hefur hann oft tekið þátt í héraðsmótum í stafsetningu og alltaf verið í fremstu röð.

## Sundmaður HSK 2011



***Ólöf Eir Hoffritz***, Umf. Selfoss, er sundmaður HSK 2011. Ólöf Eir náði góðum árangri á öllum sundmótum HSK á liðnu ári. Hún hefur verið í stöðugri bætingu og hlotið viðurkenningar innan sunddeildar Selfoss fyrir góðan árangur og ástundun. Ólöf Eir er mjög samviskusöm, hún er efnilegur sundmaður og mun eiga framtíðina fyrir sér í greininni ef hún stundar sundið eins vel og hún gerir nú.

## Taekwondomaður HSK 2011



***Ingibjörg Erla Grétarsdóttir***, Umf. Selfoss, er taekwondomaður HSK 2011. Hún keppti á sex sterkum mótum, þar á meðal HM í Kóreu, EM unglinga á Kýpur og NM í Danmörku. Árangur Ingibjargar Erlu var mjög góður og hennar besti hingað til en hún er Norðurlandameistari í sínum flokki og náði einnig gullverðlaunum á Scandinavian Open í Danmörku nú í haust. TKÍ valdi Ingibjörgu Erlu nú í þriðja sinn taekwondokonu ársins.

# Ýmis sérverðlaun veitt á héraðsþingi

## Stigahæsta félag - Ungmennafélag Selfoss

## Unglingabikar HSK - Hestamannafélagið Geysir

## Foreldrastarfsbikar HSK - Körfuknattleiksdeild Hamars

## Öðlingur ársins - Magnús Gunnlaugsson, Umf. Hrunamanna



Unglingar úr Geysi stóðu sig vel á árinu.




Karlalið Hamars varð bikarmeistari HSK á árinu.

**Foreldrastarfsbikar HSK**

Allt frá stofnun körfuknattleiksdeildar Hamars 1992 hefur það verið stefna deildarinnar að bjóða upp á öflugt barna- og unglingastarf enda ljóst að það tekur tíma að ala upp framtíðarleikmenn. Í upphafi þjálfunar er lögð áhresla á að kenna í gegnum leik. Gríðarlega mikilvægt er að efla og viðhalda áhuga barnanna á íþróttinni og það gera foreldrar best með því að sýna iðkun þeirra áhuga, fylgjast með æfingum, mæta á leiki og styðja þau og hvetja eins og kostur er. Frá byrjun hefur foreldrastarf verið með miklum blóma hjá deildinni. Við hvern flokk starfar foreldraráð sem heldur utan um starfið og skipuleggur m.a. fjáraflanir, keyrslu á mót og æfingaferðir.

Síðustu tíu ár hefur sú hefð skapast að annað eða þriðja hvert ár er farið með 9. og 10. flokk pilta og stúlkna í sameiginlega æfingaferð erlendis. Í ár verður haldið til Philadelpia í Bandaríkjunum.

Til þess að gera ferð sem þessa mögulega er að baki langur og strangur undirbúningur sem hefur að mestu mætt á foreldrum. Fyrir hverja ferð er skipað fjáröflunarráð sem hefur yfirumsjón með öllum fjáröflunum er tengjast ferðinni, þar með talinn rekstur sjoppunnar á heimaleikjum. Það er á ábyrgð fjáröflunarráðsins að virkja aðra foreldra og ekki síður krakkana sjálfa og hefur það tekist afskaplega vel.

Að lítið íþróttafélag, eins og Hamar í Hveragerði, skuli eiga tvö lið á meðal þeirra bestu á Íslandi í körfubolta er ekki sjálfgefið. Þar er ekki síst að þakka stórum hópi foreldra sem hefur elst með liðunum og verið óþreytandi að starfa með félaginu. Margir foreldrar hafa unnið kröftugt sjálfboðaliðastarf í þágu barna sinna frá minnibolta upp í meistaraflokka.

Og af hverju leggja foreldrar þetta á sig? Vegna þess að þetta starf er afskaplega gefandi og skemmtilegt og í gegnum íþróttir barnanna kynnast foreldrar betur. Foreldrar eignast vini og félaga rétt eins og börnin án þess að þurfa að leggja eins mikið á sig líkamlega.

**Unglingabikar HSK**

Unglingabikar HSK fyrir árið 2011 hlýtur Hestamannafélagið Geysir. Börn, unglingar og ungmenni hjá Hestamannafélaginu Geysi stóðu sig áberandi vel á árinu 2011. Kepptu þeir á fjölmörgum mótum innan og utan héraðs og náðu oft frábærum árangri.

Ber þar hæst árangur keppenda á landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði þar sem uppskeran var frábær. Í unglingaflokki komust fjórir Geysisfélagar í A-úrslit og í ungmennaflokki voru þrír Geysisfélagar í A-úrslitum og náðu þeir 1. og 2. sæti í þeim flokki.

Einnig fóru knapar frá Geysi á Íslandsmót og stóðu sig frábærlega, margir voru í úrslitum og eignaðist Geysir einn Íslandsmeistara, í tölti unglinga.

Æskulýðsdeild Geysis hefur starfað ötullega á árinu og staðið fyrir fjölmörgum námskeiðum fyrir yngri iðkendur, þannig að framtíðin er svo sannarlega björt hjá Hestamannafélaginu Geysi.

**Öðlingur ársins 2011**

Öðlingur ársins er Magnús Gunnlaugsson Umf Hrunamanna.

Magnús byrjaði ungur að stunda íþróttir, um eða innan við fermingu. Hann er einn hinna kunnu Miðfellsbræðra, sem settu svip á íþróttalífið innan HSK um og eftir miðja síðustu öld. Eldri voru Skúli og Sigurður en yngri Karl og Emil. Tveir þeir síðarnefndu hafa verið kjörnir öðlingar ársins innan HSK.

Aðallega voru það frjálsar íþróttir sem þeir bræður stunduðu fyrr á árum ásamt öðrum félögum Umf. Hrunamanna en einnig sund og fleiri íþróttagreinar. Helstu keppnisgreinar Magnúsar voru hástökk, langstökk og hlaup og þá einkum 400 m hlaup. Á landsmóti UMFÍ á Eiðum 1952 vann Magnús 400 m hlaupið á nýju landsmótsmeti og var í úrslitum í hástökki og langstökki og varð stigahæstur einstaklinga á því móti. Í úrslitum í 400 m hlaupi kom Magnús nokkuð á óvart með því að sigra þekkta hlaupara sem spáð hafði verið sigri og sýndi hann mikla keppnishörku í úrslitahlaupinu. Magnús keppti einnig á landsmótinu á Akureyri 1955, en var þá ekki í mikilli æfingu og farinn að stunda búskap af krafti auk vinnu utan heimilis. Hann keppti þó á nokkrum Hreppamótum eftir þetta, þ.e. árlegri keppni Hrunamanna og Gnúpverja.

Magnús hefur þó engan veginn sagt skilið við keppnisíþróttir. Hann hefur spilað keppnisbrids á Flúðum í nær 50 ár, oft með góðum árangri og keppt á mótum HSK og einnig á Flugleiðamótum. Þá hefur Magnús hlotið verðlaun fyrir ræktun hrossa og sauðfjár, enda mikill keppnismaður alla tíð.



Magnús Gunnlaugsson öðlingur ársins.

# Ársskýrsla HSK hefur komið út í 45 ár




Ársskýrsla HSK kemur út á héraðsþingi ár hvert og hefur gert árlega frá árinu 1966 eða í 45 ár. Ákveðið var á árinu að binda inn ársskýrslur HSK frá upphafi til varðveislu.

Nefndir og sérráð HSK og aðildarfélög senda Skarphéðni yfirlit yfir störf liðins árs og stjórn HSK gerir grein fyrir starfinu á árinu. Skýrslan í ár var gefin út í 250 einstökum á árinu og var hún send til aðildarfélaga HSK, nefndarformanna HSK, sveitarstjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu, ÍSÍ og UMFÍ, auk þess sem allir fulltrúar og gestir á héraðsþinginu fengu eintak. Undanfarin ár hefur skýrslan verið prentuð og áhersla lögð á að hafa mikið af myndum úr starfinu.

Þinggerð var unnin af riturum þingsins og var send út með tölvupósti og sett á heimasíðu HSK. Úrslit héraðsmóta voru send út með tölvupósti og þau voru einnig birt á heimasíðu HSK.

# Fréttir úr starfinu á Suðurland FM

Nær vikulega var sagt frá fréttum úr starfi HSK og aðildarfélaganna í spjallþætti á útvarsstöðinni Suðurland FM og hefur svo verið frá stofnun útvarpsstöðvarinnar í nóvember árið 2007. Útsending HSK frétta er alla miðvikudaga um kl. 16:45.

# Annað kynningarstarf

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa auk þess kynnt starfsemi HSK á nokkrum aðalfundum aðildarfélaga HSK, aðalfundum sérráða HSK og nefndarfundum hjá HSK. Þá eru fréttir frá HSK sendar með tölvupósti til fjölda aðila einu sinni í viku.

---

### Fundir og þing:

## 89. héraðsþing HSK 2011

89. héraðsþing HSK var haldið í íþróttahúsinu á Hellu 12. mars 2011.

Guðríður Aadnegard formaður HSK setti þingið klukkan 10:00. Bauð hún gesti velkomna og bar kveðju Gísla Páls Pálssonar og Hafsteins Þorvaldssonar, sem ekki gátu mætt á fundinn. Minntist hún þriggja látinna félaga frá síðasta þingi, þeirra Kolbeins Inga Kristinssonar, Áslaugar Stefánsdóttur og Matthíasar Bjarka Guðmundssonar.

Barnakór Odda- og Þykkvabæjarkirkna söng þrjú lög. Kórstjórnandi er Nína María Morávek.

Þingforsetar voru kjörnir Guðmundur Ingi Gunnlaugsson sveitarstjórnarmaður Rangárþing ytra og Þröstur Guðnason formaður Umf. Ingólfs. Þingritarar voru kjörnir Jón Bergþór Hrafnsson Umf. Heklu og Kristín Bragadóttir Umf. Heklu.

Í kjörnefnd voru kjörin Guðmundur Jónasson Umf. Heklu, Fanney Ólafsdóttir varastjórn HSK og Harpa Rún Kristjánsdóttir Íþróttafélaginu Garpi.

Gestir þingsins: Jóhannes Sigmundsson fyrrverandi formaður HSK, Guðmundur Kr. Jónsson fyrrverandi formaður HSK, Björn B. Jónsson fyrrverandi formaður HSK, Árni Þorgilsson fyrrverandi formaður HSK, Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ, Hafsteinn Pálsson stjórn ÍSÍ, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir varastjórn ÍSÍ, Björg Jakobsdóttir varaformaður UMFÍ, Jón M. Ívarsson söguritari HSK, Olga Bjarnadóttir formaður afmælisnefndar HSK, Gunnsteinn R. Ómarsson sveitarstjóri Rangárþings ytra og fjölmiðlamennirnir Guðmundur Karl Sigurdórsson og Magnús Hlynur Hreiðarsson.

Guðríður Aadnegard flutti skýrslu stjórnar. Hæst bar að 100 ára afmælis HSK var fagnað og voru héraðsmót haldin með hátíðarblæ. Síðan var haldin vel heppnuð fjölskylduvæn afmælishátíð 19. júní. Síðast en ekki síst var gefin út bókin „HSK í 100 ár" sem Jón M. Ívarsson ritaði. Í útgáfuteiti sem var haldið 2. desember sl. á Geysi í Haukadal var Jóni M. Ívarssyni veitt gullmerki HSK. Einnig var Guðna Guðmundssyni á Þverlæk afhent fyrsta bókin,en hann safnaði flöskum til styrktar ritun bókarinnar.

Foreldrastarfsbikar fær Íþróttafélagið Dímon. Unglingabikar HSK hlýtur Fimleikadeild Umf. Selfoss. Stigahæsta félag HSK var Umf. Selfoss með 245 stig. Gullmerki HSK var veitt Guðmundi Kr. Jónssyni fyrrverandi formanni HSK. Silfurmerki HSK var veitt Olgu Bjarnadóttur formanni afmælisnefndar HSK.


Guðríður með heiðursmerkjahöfunum Guðmundi Kr. Jónssyni og Olgu Bjarnadóttur á héraðsþinginu 2011.

Nemendafélagið Vatnið, Laugarvatni, tilkynnti bréflega úrsögn úr HSK og var hún samþykkt frá og með deginum í dag.

Engilbert framkvæmdastjóri HSK gerði grein fyrir reikningum ársins 2010 sem lágu fyrir þinginu. Hann fór í gegnum helstu þætti sem þörfnuðust útskýringa. Skýrsla og reikningar HSK bornir undir atkvæði og þeir samþykktir samhljóða.

Þá var borin upp tillaga að Jóhannes Sigmundsson fyrrverandi formaður HSK verði kosinn Heiðursformaður HSK og var hún samþykkt með lófaklappi. Jóhannes þakkaði þennan heiður.

Ávörp gesta. Gunnar Bragason gjaldkeri ÍSÍ flutti kveðju frá forseta ÍSÍ og framkvæmdastjórn sambandsins. Óskaði hann HSK til hamingu með 100 ára afmælið. Gunnar afhenti að lokum silfurmerki ÍSÍ til Kristins Guðnasonar. Kristinn hefur verið formaður Glímuráðs HSK um langt árabil.

Björg Jakobsdóttir varaformaður UMFÍ, færir góðar kveðjur frá formanni, framkvæmdarstjóra og stjórn UMFÍ. Hún og Örn Guðnason sæmdu hjónin Ástu Laufeyju Sigurðardóttir og Ólaf Elí Magnússon

starfsmerki UMFÍ fyrir mikið og óeigingjarnt starf fyrir ungmennafélögin í Rangárþingi eystra.

Guðmundur Kr. Jónsson þakkaði fyrir þann heiður sem honum var sýndur með að vera veitt gullmerki HSK. Þakkaði stjórn HSK fyrir starfið á síðasta ári og góða skýrslu.

Jón M. Ívarsson söguritari HSK óskaði þeim sem fengu viðurkenningar til hamingju með þær og væru þeir vel að þeim komnir. Þakkaði hann sérstaklega fyrir þann heiður sem honum var sýndur í desember er hann var sæmdur gullmerki HSK.

Hádegisverður var í boði S.S, Þykkvabæjarfranskar, Fiskás og Kjarval. Sleifarkeppnin fór fram í hádeginu og sigraði Steinunn E. Þorsteinsdóttir fulltrúi frjálsíþróttaráðs.

Eftir hádegið bar Guðmundur Jónasson upp breytingar á kjörbréfum. Voru þær samþykktar.

Fanney Ólafsdóttir varastjórn HSK skipaði þingfulltrúum í nefndir. Mælt var fyrir tillögum og nefndarstörf hófust.

Guðríður Aadnegard afhenti íþróttamönnum hverrar greinar viðurkenningar. Nöfn verðlaunahafa eru birt á bls. 10 í ársskýrslu HSK. Öðlingur ársins 2010 er Árni Einarsson Umf. Selfoss. Íþróttamaður HSK 2010 er Ragnar Jóhannsson handknattleiksmaður Umf. Selfoss. Árni Einarsson þakkaði fyrir sig.

Þingfulltrúum, gestum og verðlaunahöfum boðið upp á kaffi og kræsingar og var Helgi Haraldsson UMF. Selfoss tilnefndur sem matmaður þingsins.

Að loknum nefndarstörfum var gengið til kosninga. Helgi Kjartansson formaður kjörnefndar flutti tillögur nefndarinnar, þær bornar upp og samþykktar samhljóða.

Í stjórn HSK voru eftirtalin kosin:

**Formaður: Guðríður Aadnegard** **Íþrf. Hamar**
Grænumörk 9, Hverag. ● 483 5098 ● 897 4282 ● gudridur@hveragerdi.is

**Gjaldkeri: Hansína Kristjánsdóttir** **Umf. Selfoss**
Miðtún 3, Selfossi ● 482 2262 ● 897 2262 ● bokari@umfs.is

**Ritari: Bergur Guðmundsson** **Umf. Selfoss**
Starengi 17, Selfossi ● 482 2006 ● 864 3853 ● bergur@sghus.is

**Varaformaður: Ragnar Sigurðsson** **Umf. Þór**
Eyjahraun 11, Þorlákshöfn ● 483 3494 ● 863 9690 ● ragnar@olfus.is

**Meðstjórnandi: Fanney Ólafsdóttir** **Umf. Vaka**
Hurðarbak, Flóahreppi ● 486 3345 ● 892 4155 ● fanneyo@emax.is

**Varamenn:**

**Lára Bergljót Jónsdóttir** **Umf. Skeiðamanna**
Blesastöðum 2, Skeið ● 486 5514 ● 847 5353 ● larajon@ismennt.is

**Ásta Laufey Sigurðardóttir** **Íþrf. Dímon**
Króktún 9, Hvolsvelli ● 487 8692 ● 867 0062 ● olieli@simnet.is

**Anný Ingimarsdóttir** **Umf. Samhygð**
Vorsabæjarhjáleigu ● 861 8368 ● anny@arborg.is

Guðríður Aadnegard, Hansína Kristjánsdóttir, Bergur Guðmundsson, Anný Ingimarsdóttir, Engilbert Olgeirsson og Örn Guðnason voru kosin sem fulltrúar HSK á ÍSÍ þing. Stjórn heimilað að velja varamenn.

Að loknum umræðum um önnur mál þakkaði þingforseti þingfulltrúum og starfsmönnum þingsins samstarfið og gaf Guðríði orðið. Guðríður þakkaði fyrir endurkjörið og þakkaði SS, Þykkvabæjarkartöflum, Fiskás og Kjarval fyrir hádegismatinn, einnig starfsmönnum þingsins fyrir sín störf og sleit þingi kl. 18:00.

**Bergur Guðmundsson**

# Stjórnarfundir HSK

Stjórn HSK fundaði 11 sinnum á milli héraðsþinga og hér að neðan eru upplýsingar um dagsetningar stjórnarfunda og mætingar stjórnarmanna. Fyrsti fundur stjórnar var haldinn á Hellu strax að loknu héraðsþingi þann 12. mars 2011. Stjórnarfundurinn í ágúst var haldinn í Þorlákshöfn og mætti Jóhannes Sigmundsson heiðursformaður á þann fund. Aðrir stjórnarfundir voru haldnir í Selinu á Selfossi.

Formaður, gjaldkeri og ritari voru kosnir í framkvæmdastjórn á fundi stjórnar þann 28. mars og voru þrír formlegir fundir milli héraðsþinga.

Fundargerðir stjórnar og framkvæmdastjórnar eru á www.hsk.is

**Mætingar á stjórnarfundi HSK 12. mars 2011 – 27. febrúar 2012**

| | 12/3 | 28/3 | 2/5 | 31/5 | 9/8 | 15/9 | 27/10 | 28/11 | 9/1 | 6/2 | 27/2 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Guðríður | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Hansína | x | x | x | x | x | x | x | x | | x | x |
| Ragnar | x | x | x | x | x | x | | x | | x | x |
| Bergur | | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Fanney | x | x | | x | | x | x | x | x | | x |
| Ásta Laufey | x | x | | | x | | | | | x | |
| Lára Bergljót | | x | | | | x | | | | x | |
| Anný | | x | | x | x | x | | | x | x | x |
| Engilbert | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x |
| Jóhannes heiðursformaður | | | | | x | | | | | | |

**Mætingar á framkvæmdastjórnarfund HSK**
**21. desember 2011 -21. febrúar 2012**

| | 21/12 | 20/1 | 21/2 |
|---|---|---|---|
| Guðríður | x | x | x |
| Hansína | x | x | x |
| Bergur | x | x | x |
| Fanney | | x | |
| Engilbert | x | x | x |

# Íþróttaþing ÍSÍ

70. Íþróttaþing ÍSÍ var haldið í Gullhömrum í Grafarholti í Reykjavík 8. – 9. apríl 2011. Þingforsetar voru Daníel Jakobsson bæjarstjóri á Ísafirði og Steinn Halldórsson starfsmaður ÍBR. Stýrðu þeir þinginu af röggsemi og festu.

Um 150 fulltrúar mættu á þingið frá héraðssamböndum, íþróttabandalögum og sérsamböndum ÍSÍ. HSK átti rétt á að senda sex fulltrúa. Þeir sem mættu voru Guðríður Aadnegard, formaður HSK, Bergur Guðmundsson, ritari HSK, Fanney Ólafsdóttir, meðstjórnandi HSK, Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK, Örn Guðnason, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss og Ragnar Sigurðsson varaformaður HSK.

Ólafur Rafnsson var endurkjörinn forseti ÍSÍ með dynjandi lófaklappi. Í framkvæmdastjórn ÍSÍ voru kjörin Friðrik Einarsson, Gunnar Bragason, Hafsteinn Pálsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Helga. H. Magnúsdóttir, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Jón Gestur Viggósson, Lárus Blöndal, Sigríður Jónsdóttir og Örn Andrésson. Í varastjórn voru kjörnir Garðar Svansson, Gunnlaugur Júlíusson og Gústaf A. Hjaltason.



Hluti fulltrúa HSK á Íþróttaþingi.

Þingstörf gengu vel fyrir sig, þingnefndir störfuðu á föstudagskvöld við yfirferð tillagna en þingið afgreiddi alls yfir 20 tillögur sem sjá má á heimasíðu ÍSÍ. Nánari fréttir af Íþróttaþingi ÍSÍ, s.s, setningarræða forseta ÍSÍ, má sjá á www.isi.is.

# Þing UMFÍ

Þing Ungmennafélags Íslands var haldið á Akureyri 15.-16. október. Þingið var starfsamt, en sjaldan hafa jafn margar tillögur verið samþykktir á þingi sambandsins.

Átján manna þinglið HSK skipuðu þau Guðríður Aadnegard, Anný Ingimarsdóttir, Árni Þorgilsson, Benóný Jónsson, Bergur Guðmundsson, Bolli Gunnarsson, Engilbert Olgeirsson, Fanney Ólafsdóttir, Guðrún Tryggvadóttir, Hansína Kristjánsdóttir, Helga G. Guðjónsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Kári Jónsson, Kristinn Guðnason, Lára B. Jónsdóttir, Valgerður Auðunsdóttir, Þórir Haraldsson og Örn Guðnason.

Við upphaf þings var Björn B. Jónsson, fyrrum formaður HSK og UMFÍ, kjörinn heiðursfélagi UMFÍ, en heiðursfélaganafnbót UMFÍ er æðsta viðurkenningin sem hreyfingin veitir. Björn hefur alla tíð verið áhugasamur um ungmennafélagsmál en hann gekk í Ungmennafélag Biskupstungna 14 ára gamall. Hann varð síðar formaður félagsins og einnig formaður Héraðssambandsins Skarphéðins frá 1988 – 1991. Árið 1995 var Björn kjörinn í stjórn UMFÍ og tók að sér starf varaformanns og gegndi því starfi í sex ár eða þar til hann var kjörinn formaður hreyfingarinnar 2001 og gegndi starfinu til ársins 2007.



Nokkrir af fulltrúum HSK á þingi UMFÍ.

Fjölmörg mál voru til umræðu á þinginu og hreinskiptar og góðar umræður urðu um ýmis mál hreyfingarinnar og einna mest var rætt um fjármál UMFÍ.

Helga Guðrún Guðjónsdóttir, sem verið hefur formaður UMFÍ frá 2007, var ein í kjöri i embætti formanns og var hún endurkjörin með lófaklappi. Sex einstaklingar voru kosnir í stjórn, auk formanns. Nýir inn í aðalstjórn eru Stefán Skafti Steinólfsson, Haukur Valtýsson, Jón Pálsson og Bolli Gunnarsson. Þær Björg Jakobsdóttir og Eyrún Harpa Hlynsdóttir voru endurkjörnar. Í varastjórn koma inn ný þau Baldur Daníelsson, Matthildur Ásmundardóttir og Anna María Elíasdóttir. Einar Kristján Jónsson var endurkjörinn í varastjórn.

# Vorfundur UMFÍ

Vorfundur UMFÍ var haldinn á Hótel Ísafirði 27. – 28. maí 2011. Guðríður Aadnegard formaður HSK og Hansína Kristjánsdóttir gjaldkeri HSK voru fulltrúar sambandsins á fundinum. Á fundinum var m.a. kynning á verkefninu Evrópa unga fólksins og Unglingalandsmótið á Egilsstöðum kynnt.

# Formannafundur ÍSÍ

Árlegur Formannafundur ÍSÍ var haldinn föstudaginn 11. nóvember 2011 í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Framvæmdastjórn og starfsfólk ÍSÍ kynntu þar helstu verkefni og áherslur í starfi Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands. Þar má nefna kynningu á verkefnum afmælisnefnar ÍSÍ 2012 og farið var í gegnum tölfræði úr starfsskýslum 2010. Guðríður Aadnegard formaður HSK var fulltrúi sambandsins á fundinum.
Fyrr um daginn var fundur héraðssambanda og íþróttabandalaga og þar var rætt um ýmis málefni héraðssambanda.

# Upplýsingafundur ÍSÍ

Íþrótta- og Ólympíusambandið boðaði framkvæmdastjóra íþróttahéraða og sérsambanda til upplýsingafundar í Reykjavík 17. nóvember 2011.

Á fundinum var farið yfir ýmsa þætti í starfsemi sem tengjast starfsi sambandsaðila ÍSÍ. Þarna gafst einnig kjörinn vettvangur til skoðanaskipta um sameiginleg hagsmunamál.

Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri var fulltrúi HSK á fundinum.

# Þing sérsambanda

Fulltrúar frá Héraðssambandinu Skarphéðni sátu fjölmörg þing sérsambanda á árinu. Tvö sérsambandsþing voru haldin á sambandssvæði HSK. Þing Íþróttasambands fatlaðra var haldið á Selfossi 2. apríl 2011 og þing Skíðasambandsins var haldið að Hellishólum í Fljótshlíð dagana 20.- 22. maí 2011.

Sambandið á fulltrúa í stjórnum nokkurra sérsambanda. Þrír félagar úr röðum aðildarfélaga HSK eru formenn sérsambanda. Haraldur Þórarinsson í Laugardælum og félagsmaður í Hestamannafélaginu Sleipni er formaður Landssambands hestamannafélaga, Jason Ívarsson úr Umf. Samhygð er formaður Blaksambandsins og Ólafur Oddur Sigurðsson glímukappi úr Umf. Laugdæla er formaður Glímusambandsins. Þá er Benóný Jónsson varaformaður Frjálsíþróttasambandsins.




Gjaldkeri og formaður HSK voru fulltrúar HSK á Vorfundi UMFÍ.

### Samstarfsverkefni:

# Félagsmiðstöðin Sel

Á síðasta ári sátu í húsnefnd Selsins eftirtaldir aðilar og skiptu þannig með sér verkum:

| | | |
|---|---|---|
| Árni Þorgilsson | frá HSK | formaður |
| Hjördís Leósdóttir | frá KS | gjaldkeri |
| Helga Árný Baldursdóttir | frá SSK | ritari. |

Aðalfundur Selsins var haldinn 14. febrúar 2011. Engir formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, en stjórnarmenn ræddu saman í síma þegar ástæða þótti til. Framkvæmdastjóri HSK hefur séð um útleigu á salnum, hvort sem það er fyrir aðstöðu til lengri tíma eða litla kvöldfundi og skráir auk þess alla fundi sem eignaraðilarnir nota salinn, sem er töluvert, til fundarhalda eða námskeiða. Þakið á Selinu var málað í sumar, það voru galvaskir drengir úr handknattleiksdeild Umf. Selfoss sem tóku það að sér. Parketið í salnum var orðið ansi ljótt og Bergur Guðmundsson stjórnarmaður HSK tók að sér að pússa það og lakka. Kvenfélögin hafa séð um allsherjarþrif á eldhúsinu einu sinni á ári og halda áhaldaskrá yfir alla innanstokksmuni í eldhúsinu.

Að lokum vill húsnefnd Selsins þakka öllum notendum þess samstarfið sem og öðrum er komið hafa að rekstri þess og aðhlynningu á síðastliðnu ári.

**Árni Þorgilsson**

# Leikjanámskeið HSK 2011

Leikjanámskeið HSK verða haldin á fjórum stöðum í sumar. Hvert námskeið stóð yfir í níu daga í 2 og 1/2 klst. í senn og voru ætluð börnum á aldrinum 6 - 12 ára.

Íþróttakennararnir Ólafur Guðmundsson og Guðni Sighvatsson sáu um að kenna á námskeiðunum, líkt og undanfarin ár. Mikil áhersla var lögð á að kenna leiki og sem flestar íþróttagreinar á námskeiðunum, svo sem knattspyrnu, frjálsar íþróttir, hjólreiðar, sund, gönguferðir, körfuknattleik og alls kyns þrautir.

Námskeiðin sem haldin voru:

6. - 16. júní kl. 09:00 - 11:30 Brautarholt og Þykkvibær
6. - 16. júní kl. 13:00 - 15:30 Þjórsárver
8. - 21. júní kl. 12:30 - 15:00 Laugaland




Þátttakendur á leikjanámskeiði á Laugalandi.

# HSK mót í greinum sem ekki eru starfandi nefndir hjá HSK

Hér er greint frá HSK mótum í þeim greinum sem ekki er starfandi nefnd eða ráð á vegum HSK.

**HSK-mót í judó**

HSK mótið í júdó var haldið í nýja júdósalnum í Sandvíkurskóla 8. desember 2011. 40 keppendur tóku þátt í mótinu, þeir yngstu voru 6 ára og sá elsti var 46 ára. Keppendur komu allir frá Umf. Selfoss að þessu sinni.

Úrslit má sjá á www.hsk.is



Ungir verðlaunahafar á héraðsmótinu í júdó.

**HSK-mót í taekwondo (pomse)**
HSK-mótið í taekwondo var haldið á Hellu 28. maí 2011 og voru um 50 keppendur skráðir til leiks frá Selfossi, Heklu og Skeiðamönnum. Keppt var bæði í sparring og púmse. Mjög margir bardagar voru spennandi og gaman að sjá hvað nýir iðkendur eru áhugasamir og gefa sig alla í íþróttina.

Öll aðstaða var til fyrirmyndar í íþróttahúsinu á Hellu og vill taekwondodeildin á Selfossi, sem sá um mótshaldið, ásamt Heklufólki, þakka sérstaklega fyrir frábæran aðbúnað og aðstöðu. Héraðsmót í taekwondo var fyrst haldið árið 2008.

**Héraðsmót í skotfimi**
Héraðsmót HSK í skotfimi var ekki haldið í ár.

**Skólahlaup HSK**
Skólahlaup HSK var ekki haldið í ár.

# Félagakerfið Felix, www.felix.is

Felix er sameiginlegt félagakerfi UMFÍ og ÍSÍ og er samstarfsverkefni Ungmennafélags Íslands og Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands.

Megintilgangur með félagakerfinu er að gefa félögum innan UMFÍ og ÍSÍ kost á að skrá og varðveita upplýsingar um stjórnir, nefndir, félagsmenn og iðkendur í öruggum miðlægum gagnagrunni. Kerfið á að stuðla að betri skráningu á upplýsingum um starfsemi félaga.

Í kerfinu er mögulegt að búa til ýmsar skýrslur og taka saman tölfræði úr starfsemi félaganna. Hægt er m.a. að útbúa kladda fyrir þjálfara og viðburðadagatal iðkenda. Kerfið inniheldur álagningarkerfi sem gerir félögunum kleift að leggja á og innheimta félags- og æfingagjöld. Félagakerfið er notendavænt og einfalt í notkun. Kerfið er vefkerfi þar sem netsambands er krafist. Ekki þarf að setja upp sérstakan hugbúnað til að geta nýtt sér kerfið.

Minnt er á að skila þarf starfsskýrslum í kerfinu fyrir 15. apríl ár hvert. Á árinu skiluðu öll félög nema þrjú FELIX skýrslunni og töldust þau félög ekki starfandi. Flest aðildarfélögin skiluðu skýrslunni fyrir 15. apríl, en skila þarf fyrir þann dag til að lottógreiðslur félaga skerðist ekki.

Rúna Hilmarsdóttir er umsjónaraðili Felix - tölvukerfis ÍSÍ og UMFÍ. Forráðamenn aðildarfélaga HSK eru hvattir til að hafa samband við Rúnu ef spurningar vakna varðandi Felixkerfið, eða ef aðstoðar er þörf.

# Öflun fjár innan héraðs

Íslenskar getraunir eru í eigu íþróttahreyfingarinnar á Íslandi og rennur allur hagnaður af rekstri fyrirtækisins til félaga innan hennar. Alls skilar fyrirtækið um 100 milljónum á ári til ÍSÍ, UMFÍ, héraðssambanda og einstakra félaga innan íþróttahreyfingarinnar. Tekjum sem renna til héraðssambanda og íþróttafélaga er skipt eftir ákveðnum reglum og gilda þar sömu reglur og hjá Litlu gulu hænunni, þeir sem taka þátt í að baka brauðið njóta þess, hinir fá ekkert. Þau félög sem eru dugleg við að kynna sitt getraunanúmer og sinna getraunastarfinu með sölu á getraunaseðlum, afla sjálfum sér og sínu héraðssambandi tekna. Þau félög sem ekki sinna getraunastarfi og fá ekki áheit frá tippurum, fá engar tekjur í sinn hlut.

HSK er eitt stærsta héraðssambandið innan ÍSÍ og ætti sambandið og félög innan þess að fá verulegan hlut af hagnaði Getrauna. Því miður er það ekki svo því félögin innan HSK virðast hafa, með örfáum undantekningum, haft lítinn áhuga á að nýta sér Getraunir til öflunar fjár. Vonandi er það vegna þess að þau standa svo vel fjárhagslega að þau þurfa ekki á þessari leið að halda.

Starfsmenn Getrauna eru reiðubúnir til að veita þeim félögum aðstoð sem hafa áhuga á að nýta sér getraunir til fjáröflunar. Til þess eru margar leiðir, allt frá því að setja getraunanúmer félagsins á heimasíðuna og útgefið efni, yfir í að skipuleggja innanfélagsleik þar sem markmiðið með þátttöku er að efla félagsstarfið innan félagsins og afla tekna á sama tíma.

**Með íþróttakveðju, Pétur Hrafn Sigurðsson, sölustjóri.**

# Tekjur af lóttóinu aldrei meiri

Alls voru heildarlottótekjur inn á HSK svæðið árið 2011 kr. 15.480.189. Til samanburðar voru lottótekjur ársins 2010 kr. 14.942.890, árið 2009 kr. 12.790.362, árið 2008 kr. 12.133.280, 2007 kr. 9.448.563, árið 2006 kr. 8.885.352 og árið 2005 voru þær kr. 9.239.589. Lottótekjur HSK koma bæði frá UMFÍ og ÍSÍ, en heildarsamtökin greiða lottóið út samkvæmt ákveðnum reglum sem samþykktar hafa verið á þingum samtakanna. Framlag ÍSÍ árið 2011 var kr. 6.681.160 og frá UMFÍ kr. 8.799.029.

Samkvæmt reglugerð um lottóúthlutun HSK rennur 8 % í Verkefnasjóð HSK, 20 % til HSK og 72 % til aðildarfélaganna.

**Skipting milli félagana á 72 % hlutanum er sem hér segir:**

A. 25% eftir fjölda mættra fulltrúa á HSK þingi.

B. 15% eftir fjölda félaga, 16 ára og eldri. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

C. 60% eftir fjölda félaga 7 til 15 ára. Þannig að hver félagsmaður er aðeins talinn einu sinni. Ef viðkomandi er félagi í fleiri en einu félagi skiptist hann á milli þeirra félaga sem hann er félagi í.

**Forsendur fyrir skiptingu milli félaganna er sbr. reglugerð:**

a) Starfi félag ekki samkvæmt lögum HSK kemur það ekki til greina við úthlutun. Félag skal halda aðalfund ár hvert og skila starfsskýrslu fyrir síðastliðið starfsár, sbr. 13. laga HSK. Ef misbrestur verður á þessu rennur lóttóúthlutun félagsins í Verkefnasjóð HSK.

b) Fulltrúi þarf að vera mættur við afgreiðslu kjörbréfa og sitja meirihluta þingtímans til að teljast hafa mætt á HSK þing, sbr. A lið hér að ofan.

Í þau 25 ár sem lottóið hefur verið starfandi hefur það skipt gríðarlega miklu máli fyrir HSK og aðilarfélög þess. Mikilvægt er að allir félagsmenn í hreyfingunni standi vörð um þessa gjöfulu tekjulind hreyfingarinnar, sem þarf að takast á við aukna samkeppni, m.a erlendra leikja á netinu. Sunnlendingar eru hvattir til að taka þátt í lottóinu í hverri viku og styðja um leið starf ungmennafélags- og íþróttahreyfingarinnar, auk Öryrkjabandalagsins. Hægt er að kaupa áskrift á www.lotto.is

# Heildarstigatafla HSK 2011

Umf. Selfoss sigraði í heildarstigakeppni HSK fyrir árið 2011, líkt fjögur undanfarin ár. Selfoss hlaut 200 stig, Dímon var í 2. sæti með 142 stig og Hamar í þriðja sæti með 128,5 stig.

| Röð félaga 2011 | | Badminton, héraðsmót | Blak, héraðsmót karla | Blak, héraðsmót kvenna | Blak, héraðsmót drengja | Blak, héraðsmót stúlkna | Blak, hraðmót karla | Blak, hraðmót kvenna | Borðtennis, héraðsmót | Bridds, tvímenningur | Fiml. héraðsm. í landsregl. 14 ára og y.&byrj. | Fimleikar, héraðsm. í landsregl. 15 ára og e. | Fimleikar, héraðsm. í teamgym 11 - 18 ára jur | Frjálsíþróttir, héraðsmót innanh. | Frjálsíþróttir, unglingamót innanh. | Frjálsíþróttir, aldursflokkamót innanh. | Frjálsíþróttir, héraðsmót utanh. | Frjálsíþróttir, unglingamót utanh. | Frjálsíþróttir, aldursflokkamót utanh. | Glíma, héraðsmót stúlkna | Glíma, héraðsmót drengja | Glíma, héraðsmót karla | Glíma, héraðsmót kvenna | Golf, héraðsmót | Golf, aldursflokkamót | Handknattleikur, héraðsmót karla | Íþróttir fatlaðra, héraðsmót | Júdó, héraðsmót 15 ára og eldri | Júdó, héraðsmót 11 - 14 ára | Knattspyrna, 5. fl. drengja | Körfuknattleikur, héraðsmót 10.fl. dr. | Körfuknattleikur, héraðsmót 10.fl. st. | Körfuknattleikur, héraðsmót 8. fl. sr. | Körfuknattleikur, bikarkeppni karla | Körfuknattleikur, bikarkeppni kvenna | Skák, sveitakeppni | Starfsíþróttir, héraðsmót | Sund, aldursflokkamót | Sund, unglingamót | Sund, héraðsmót | Taekwondo, héraðsmót 13 ára og eldri | Taekwondo, héraðsmót 12 ára og yngri | stig samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Umf. Selfoss | | 6 | | | | | | | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | | 10 | 10 | | | | | | | 9 | | 10 | 10 | 10 | | | | | | 8 | 9 | 9 | 10 | 9 | 10 | 10 | 200 |
| 2. | Íþr.f. Dímon | | | 9 | 10 | 10 | | 7 | 10 | 4 | | | | 7 | 9 | 9 | | 9 | 9 | 9 | 10 | | | | | | | | | | | | | | | 7 | 6 | 8 | 9 | | | | 142 |
| 3. | Íþr.f. Hamar | 10 | 9 | 10 | | | 10 | 8 | | 9 | 9 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 | 8 | | | 10 | 9,5 | | | 10 | 8 | 10 | | | 128,5 |
| 4. | Umf. Hrunamanna | 8 | 10 | 8 | | | 9 | 10 | 8 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4 | 10 | 10 | 10 | 7,5 | 8 | | 7 | 7 | | | | | 116,5 |
| 5. | Umf. Laugdæla | | 7 | 6 | | | 8 | 5 | | | | | | 8 | 6 | 7 | | 8 | 7 | | | | 8 | | | | | | | | | | | 9 | 9,5 | | | | | | | | 88,5 |
| 6. | Umf. Þór | 9 | | | | | | | | | 9 | 9 | | 6 | 8 | 6 | | | 8 | | | | | | | | | | | | | | | 7,5 | | 9 | | | | | | | 71,5 |
| 7. | Íþr.f. Garpur | | | 7 | | 7 | 6 | 9 | 9 | | | | | | 4 | 4 | | | 6 | 8 | 9 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 69 |
| 8. | Umf. Samhygð | | 8 | | | | | | | | | | | 3 | 2,3 | 2,7 | | 2,3 | 1,7 | 7 | 6 | 9 | 9 | | | | | | | | | | | | | | 10 | | | | | | 61 |
| 9. | Umf. Biskupstungna | | | | | | | | 7 | 6 | | | | 5 | 5 | 5 | | 6 | 4 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 9 | | 47 |
| 10. | Umf. Skeiðamanna | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 10 | 8 | 10 | 10 | | | | | | | | | 8 | | | | | | | | | | | 46 |
| 11. | Umf. Hekla | | | | | | | | | 7 | | | | 3 | 2,3 | 2,7 | | 2,3 | 1,7 | 4 | | | | | | 8 | | | | | | | | 5 | | 10 | | | | | | | 41 |
| 12. | Umf. Baldur Hr. | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 9 | 9 | | | | | | | | | 8 | 9 | 35 |
| 13. | Umf. Vaka | | | | | | | | | | | | | 3 | 2,3 | 2,7 | | 2,3 | 1,7 | 5 | 7 | | | | | | | | | | | | | | | | 8 | | | | | | 32 |
| 14. | Golfkl. Flúðir | | | | | | | | | 5 | | | | | | | | | | | | | | 10 | 10 | | | | | | | | | | | | | | | | | | 25 |
| 15. | Golfkl. Selfoss | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 9 | 7 | | | | | | | | | | | | | | | | | | 16 |
| 16. | Knattsp.f. Árborg | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 10 | | | | | | | | 5 | | | | | | | | | 15 |
| 17. | Golfkl. Hveragerðis | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 5 | 9 | | | | | | | | | | | | | | | | | | 14 |
| 18. | Íþr.f. Suðri | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 10 | | | | | | | | | | | | | | | | 10 |
| 19. | Umf. Eyrarbakka | | | | | | | | | 8 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 |
| 19. | Golfkl. Þorlákshafnar | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 |
| 19. | Golfkl. Kiðjabergs | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 8 |
| 22. | Golkfl. Hellu | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 7 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 7 |
| 23. | Golfkl. Ásatúns | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 6 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 6 |
| 24. | Knattsp.f. Ægir | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 5 | | | | | | | | | | | | | 5 |
| 24. | Umf. Gnúpverja | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 5 | | | | | | | | | 5 |
| 26. | Umf. Hvöt | | | | | | | 3 | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 3 |

# Hótel Örk kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska

Hótel Örk í Hveragerði var á árinu kostunaraðili HSK síðunnar í Sunnlenska fréttablaðinu og hófst það samstarf á haustdögum 2005.

HSK þakkar Hótel Örk fyrir samstarfið og væntir góðs árangurs af samstarfi við hótelið.

HÓTEL ÖRK

# Fjölskyldan á fjallið

## - 45 manns skrifuðu í bókina á Gíslholtsfjall og 84 í bókina á Bjarnarfell

Líkt og undanfarin ár tók HSK þátt í verkefninu „Fjölskyldan á fjallið“ og tilnefndi Gíslholtsfjall í Holtum og Bjarnarfell í Ölfusi í verkefnið.

**Gíslholtsfjall í Holtum**

HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Gíslholtsfjall í Holtum 19. maí 2011 og mættu 14 manns í gönguna. Nokkuð hvasst var í veðri, en göngugarparnir létu það ekki á sig fá og fór Sverrir Kristinsson bóndi í Gíslholti fyrir hópnum.

Meðal göngugarpa var Guðni Guðmundsson á Þverlæk og hann setti þessa vísu í gestabókina:

*Gíslholtsfjall er gott að kynna.*
*Gerast hefði átt fyrir löngu.*
*Sverri bónda fínt að finna*
*og fræðast af á léttri göngu.*

**Bjarnarfell í Ölfusi**

HSK stóð fyrir fjölskyldugöngu á Bjarnarfell í Ölfusi 31. maí 2011 og mættu 20 manns í gönguna.

Guðni Guðmundsson á Þverlæk mætti gönguna og fór með eftirfarandi vísu:

*Á fjöllin rölti svona eitt og eitt*
*upp á Bjarnafellið skunda.*
*Að fjallgöngum oft hef hugann leitt*
*og hvet sem flesta til að stunda.*



Vaskur gönguhópur sem gekk á Gíslholtsfjall.

**Verðlaunahafar**

Ungmennafélag Íslands verðlaunaði heppna þátttakendur í verkefninu að því loknu. Þórunn Sara Guðbrandsdóttir hlaut þátttökuverðlaun vegna göngu á Bjarnarfell í Ölfusi og Þorgeir Vigfússon var hinn heppni þátttakandi sem gekk á Gíslholtsfjall í Holtum. Til gamans má geta þess að Jón, tvíburabróðir Þorgeirs, fékk þátttökuverðlaun í verkefninu fjölskyldan á fjallið árið 2008 vegna göngu á Valafell á Landmannaafrétti.

# Grunnskólaganga UMFÍ

Nemendur Laugalandsskóla í Holtum tóku á árinu við verðlaunum fyrir þátttöku í Grunnskólagöngu UMFÍ. Það voru nemendur 6. bekkjar sem tóku þátt í verkefninu í ár með því að GPS mæla gönguleið í nágrenni skólans, en leiðin liggur að skógræktarreit Umf. Ingólfs í landi Nefsholts.

Markmið Grunnskólagöngu UMFÍ er að vekja grunnskólabörn til umhugsunar um þær gönguleiðir sem eru í nágrenni síns skóla sem og í sveitarfélaginu. Hægt er að nálgast upplýsingar um gönguleiðir á vefnum www.ganga.is undir reitnum „göngukort“. Laugalandsskóli var eini skólinn á sambandssvæði HSK sem tók þátt í verkefninu á þessu skólaári.

Allar þær gönguleiðir sem nemendur skila inn til UMFÍ verða settar inn á vefinn ganga.is undir nafni viðkomandi skóla.

# Frábær þátttaka í Hjólað í vinnuna

Frábær þátttaka var í Hjólað í vinnuna í ár og voru öll met fyrri ára slegin. Um 19,25 % þátttökuaukning var milli 2010 og 2011 og tóku alls 11.272 einstaklingur þátt frá 694 vinnustöðum í 1.628 liðum. Hjólað í vinnuna verður 10 ára árið 2012 og hefst átakið að þessu sinni miðvikudaginn 2. maí 2012 og stendur til þriðjudagsins 22. maí.

47 vinnustaðir á sambandssvæði HSK tóku þátt að þessu sinni. Bestum árangri náði lið Efnalaugar Suðurlands á Selfossi, en fyrirtækið vann keppni vinnustaða með 3-9 starfsmenn.

Heildarúrslit, myndir og myndbönd má sjá inn á heimsíðunni www.hjoladivinnuna.is

# Körfuknattleiksfélag FSu fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Körfuknattleiksfélag FSu útskrifaðist sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ 28. desember 2011. Þá hlaut fimleikadeild Umf. Selfoss endurnýjun viðurkenningar sinnar sem fyrirmyndardeild ÍSÍ og fór afhending fram á 75 ára afmæli Umf. Selfoss þann 1. júní 2011.

Alls hafa sjö deildir innan Ungmennafélags Selfoss hlotið þessa viðurkenningu. Fimleikadeild Umf. Selfoss var fyrst deilda og félaga á svæðinu til að hljóta þessa viðurkenningu á aðalfundi Umf. Selfoss 3. maí 2007. Árið 2008 hlutu sunddeild, handknattleiksdeild og knattspyrndeild Umf. Selfoss þessa viðurkenningu. Taekwondodeild og frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss árið 2009 og judódeild félagsins árið 2010. Hestamannafélagið Sleipnir útskrifaðist sem fyrirmyndarfélag ÍSÍ árið 2010.

Sveitarfélagið Árborg hefur á undanförnum árum veitt félögum og deildum innan sveitarfélagsins styrk upp á 700.000 kr. fyrir að fá útnefningu og síðan árlega 400.000 kr. næstu þrjú ár eða þar til endurnýjun fer fram.

Vonast er til að fleiri félög og deildir innan HSK vinni að því að ná þeim áfanga að verða fyrirmyndarfélag eða fyrirmyndardeild ÍSÍ.




Fimleikadeild Umf. Selfoss hlaut endurnýjun viðurkenningar sinnar sem fyrirmyndardeild ÍSÍ.

# Forvarnardagurinn

Forvarnadagurinn 2011, sem haldinn 5. október 2011, heppnaðist með ágætum en þetta var í sjötta skiptið sem hann var haldinn.

Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, Ungmennafélag Íslands, Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Reykjavíkurborgar og Actavis.

Um 120 skólar víðsvegar um landið tóku þátt í atburðum sem snéru að vímuefnaforvörnum ungmenna. Þeir skólar á sambandssvæi HSK sem eru með 9. bekk tóku allir þátt.

Þátttakan í netratleik, sem var hluti af verkefnum forvarnardagsins, var mjög góð og tóku mörg hundruð grunn- og framhaldsskólanemendur. Þess má geta að framhaldsskólarnir í landinu tóku að þessu sinni þátt í forvarnadeginum í fyrsta skipti. Vinningshafarnir sem dregnir voru út leiknum voru þrír og einn þeirra kom af sambandssvæði HSK, hún Hugrún Harpa Björnsdóttir, Vallaskóla á Selfossi.

Nánari upplýsingar um forvarndardaginn má sjá á forvarnardagur.is



Örn Guðnason, framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, ræðir við nemendur Sunnulækjarskóla á forvarnardaginn.

# Verndum þau

Flest börn á Íslandi búa við öruggt og friðsælt umhverfi, heima, í skóla, leik- og frístundastarfi. Því miður er ekki hægt að segja að þetta eigi við um öll börn hér á landi. Það er töluverður fjöldi barna sem eiga erfitt og búa við vanrækslu eða eru beitt ofbeldi - líkamlegu, kynferðislegu og eða andlegu. Það er því mikilvægt að þeir sem starfa með börnum og unglingum þekki einkenni ofbeldis og vanrækslu gagnvart börnum og hvernig eigi að bregðast við ef grunur vaknar um að slíkt eigi sér stað.

Æskulýðsvettvangurinn í samvinnu við Mennta og menningarmálaráðuneytis fór á árinu af stað með röð af námskeiðum sem kallast Verndum þau. Æskulýðsvettvangurinn er samstarf vettvangur Bandalags Íslenskra Skáta (BÍS) KFUM og KFUK á Íslandi (KFUM og KFUK) og Ungmennafélags Íslands (UMFÍ).

Námskeið var haldið í Tíbrá á Selfossi þriðjudaginn 8. febrúar 2011.

# BARA GRAS? - Málþing á Selfossi

Héraðssambandið Skarphéðinn, Samband sunnlenskra kvenna og Skátafélagið Fossbúar efndu til málþings undir yfirskriftinni BARA GRAS? fimmtudaginn 26. maí 2011 í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi.

Á málþinginu fjölluðu sérfræðingar um kannabis og skaðsemi neyslu þess frá sjónarhóli lögreglu, meðferðaraðila og félagsmálayfirvalda.

Erindi fluttu þau Jón Þór Kvaran, ráðgjafi, Elís Kjartansson, lögreglumaður og Anný Ingimarsdóttir, verkefnisstjóri félagslegarar ráðgjafar hjá Sveitarfélaginu Árborg og varastjórnarkona í HSK. Fundarstjóri var Engilbert Olgeirsson, framkvæmdastjóri HSK.




Ungir verðlaunahafar á héraðsmótinu í borðtennis.



Mörg glæsileg tilþrif sáust á aldursflokkamóti HSK í golfi.

## Ýmsar upplýsingar

# Lög Héraðssambandsins Skarphéðins

**1. gr.**
Sambandið heitir Héraðssambandið Skarphéðinn, skammstafað HSK.

**2. gr.**
Tilgangur sambandsins er að halda uppi fjölbreyttu íþrótta- og félagsmálastarfi meðal félaga innan sambandsins, er starfa að öðru leyti samkvæmt 3. grein sambandslaga UMFÍ og 4. grein laga ÍSÍ.

**3. gr.**
Sambandssvæðið er Árnes- og Rangárvallasýslur.

**4. gr.**
Rétt til inngöngu í sambandið eiga öll ungmenna- og íþróttafélög á sambandssvæðinu, sem hafa lög sín í samræmi við lög og stefnuskrá HSK, UMFÍ og ÍSÍ.
Vilji félag ganga í sambandið, sendir það stjórn þess skriflega inntökubeiðni og lætur fylgja afrit af lögum félagsins, félagaskrá og hverjir skipi stjórn þess. Inntaka nýs félags verður að hljóta samþykki héraðsþings, en þó getur stjórn veitt bráðabirgðaaðild til næsta héraðsþings.

**5. gr.**
Vilji félag ganga úr sambandinu, telst úrsögn því aðeins lögmæt að hún hafi verið samþykkt á löglegum aðalfundi viðkomandi félags og miðist úrsögn við næstu áramót. Skriflega úrsögn skal senda til stjórnar HSK, sem síðan tilkynnir hana á héraðsþingi. Eigi getur félag, sem gengur úr sambandinu krafist endurgjalds á fé, sem það hefur lagt til sambandsins eða nokkurs hluta af eignum þess. Úrsögn viðkomandi félags er eigi tekin gild nema félagið sé skuldlaust við sambandið.

**6. gr.**
Aðildarfélögum HSK er skylt að halda aðalfund árlega og senda ársreikning til stjórnar HSK að fundi loknum.
Fyrir 15. apríl ár hvert ber félögum að skila starfsskýrslu á forriti sem ÍSÍ og UMFÍ leggur til. Félögum ber að greiða skatt til HSK fyrir hvern skattskyldan félagsmann, 7 ára og eldri, samkvæmt ákvörðun héraðsþings. Ef félag stendur ekki við þessar skuldbindingar, telst það ekki starfandi og skal stjórn HSK þá vísa því úr sambandinu að undangenginni aðvörun.
Stjórn HSK skal tilkynna héraðsþingi um brottfellingu félaga samkvæmt þessari grein.
Óski félag sem fellt hefur verið úr sambandinu samkvæmt þessari grein að nýju eftir aðild að HSK skal fara með umsóknina samkvæmt 4. grein.

**7. gr.**
Héraðsþing skal háð fyrir lok mars ár hvert. Skal stjórnin boða til þess bréflega með minnst mánaðar fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem stjórn leggur fyrir héraðsþing skulu send til aðildarfélaga og sérráða með minnst viku fyrirvara.
Hvert félag tilnefnir fulltrúa á héraðsþing þannig að fyrir 1 - 200 félagsmenn fær félag einn fulltrúa, frá 201 - 400 tvo fulltrúa, frá 401 - 600 þrjá fulltrúa o.s.fr. Fulltrúafjöldi félaga miðast við félagatal síðastliðins starfsárs. Þá eiga sérráð sambandsins rétt á að senda einn fulltrúa hvert.
Lögmætt er héraðsþing ef helmingur sambandsfélaganna sendir fulltrúa til þess. Stjórn er heimilt að krefjast þess að tillögur sem leggja á fram á héraðsþingi hafi borist stjórninni viku áður en þingið hefst og stjórn er skylt að tilkynna það í þingboði.
Eigi má fulltrúi á héraðsþingi fara með nema eitt atkvæði. Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa rétt kjörnir fulltrúar þeirra félaga, sem skuldlaus eru við sambandið þegar þingið fer fram.

**8. gr.**
Héraðsþing tekur ákvarðanir um starfsemi sambandsins á komandi starfsári, úrskurðar reikninga sambandsins og semur fjárhagsáætlun næsta árs. Það kýs fimm í stjórn: formann, ritara, gjaldkera, varaformann og einn meðstjórnanda. Héraðsþing kýs þrjá menn í varastjórn og tvo endurskoðendur. Heimilt er að kjósa starfsnefndir til að annast ýmis mál sem héraðsþing og stjórn kunnu að fela þeim. Kjósa skal fulltrúa á þing ÍSÍ það ár sem þing ÍSÍ er haldið, samkvæmt 12. grein laga ÍSÍ. Heimilt er stjórn að kjósa þriggja manna framkvæmdastjórn.

**9. gr.**
Heimilt er stjórninni að kalla saman aukaþing ef hún telur þess þörf, en það er skylt ef þriðjungur aðildarfélaga óskar þess. Aukaþing skal skipað á sama hátt og næsta héraðsþing á undan og miðast fulltrúafjöldi hvers félags við það félagatal þeirra sem gilti á næsta reglulega héraðsþingi á undan. Til aukaþings skal boðað bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Helstu fundarefna skal getið í fundarboði.
Á aukaþingi má ekki gera laga- né leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn, nema bráðabirgðastjórn eða meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hafi sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum, eða stjórnin hafi að eigin dómi orðið óstarfhæf.

**10. gr.**
Stjórn sambandsins ásamt formönnum aðildarfélaga, sérráða og nefnda er heimilt að koma saman til formannafundar ef stjórn og/eða aðildarfélög sjá ástæðu til. Ákvarðanir formannafundar eru bindandi fyrir stjórn og framkvæmdastjórn, enda brjóti þær ekki í bága við ákvarðanir héraðsþings.

**11. gr.**
Stjórn sambandsins er heimilt að stofna sérráð ef tvö eða fleiri félög hafa sömu íþróttagrein á stefnuskrá sinni. Ef meirihluti þeirra aðildarfélaga sem iðka viðkomandi grein óska þess skal stjórn HSK skipa nefnd sem vinnur að undirbúningi að stofnun sérráðs. Stjórn HSK boðar aðildarfélögin til stofnfundar sérráða. Stjórn sambandsins og viðkomandi sérsamband skulu staðfesta lög og lagabreytingar. Stofnun sérráða verður að fá staðfestingu héraðsþings HSK.
Stjórn sérráða skal skila ársskýrslu og reikningum til stjórnar HSK fyrir lok janúar ár hvert. Sérráðum er ekki heimil lántaka fjármuna nema með samþykki stjórnar HSK. Að öðru leyti starfar sérráð samkvæmt 27. - 29. grein laga ÍSÍ.

**12. gr.**
Heiðursformann Héraðssambandsins Skarphéðins má héraðsþing kjósa ef tveir þriðju af mættum þingfulltrúum eru samþykkir því. Heiðursformaður HSK skal hafa rétt til að sitja fundi stjórnar, formannafund og héraðsþing. Hafi hann þar málfrelsi og tillögurétt. Heiðursformaður HSK kemur fram fyrir hönd HSK við tækifæri sem formaður og stjórn kunna að fela honum.

**13. gr.**
Stjórn sambandsins annast framkvæmdir þeirra mála sem héraðsþing hefur samþykkt að framkvæma skuli. Hún staðfestir lög aðildarfélaga og fylgist með því að starfsemi þeirra fari fram samkvæmt gildandi lögum. Hún safnar skýrslum félaganna og sendir þær ásamt sambandsskatti til sambandsstjórnar UMFÍ og til stjórnar ÍSÍ. Hún innheimtir það fé, sem sambandinu áskotnast, ávaxtar sjóðinn og fer með hann samkvæmt fjárhagsáætlun er héraðsþing hefur samið. Skylt er stjórninni að leggja fram á héraðsþingi glöggan reikning yfir tekjur og gjöld sambandsins og skal í sameiningu ábyrgjast sjóðinn. Endurskoðun skal lokið fyrir héraðsþing. Reikningsárið er almanaksárið.
Þá hefur stjórn eftirlit með störfum ungmennafélaga á sambandssvæðinu og einstakra nefnda, er starfa á vegum sambandsins, ennfremur á stjórnin að stuðla að þátttöku fólks í starfi aðildarfélaganna. Vanræki aðildarfélag að halda aðalfund meira en heilt ár frá tilsettum tíma skal stjórnin, ef þörf krefur, boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans. Félag telst ekki starfandi ef það heldur ekki aðalfund og skilar ekki starfsskýrslum ár hvert. Stjórnin semur skýrslu um störf sín og leggur hana fram ritaða á héraðsþingi, þannig að hún geti verið aðgengileg öllum er þingið sækja.

**14. gr.**
Stjórn fær endurgreiddan kostnað er hún kann að verða fyrir vegna starfa í þágu sambandsins. Dvalarkostnaður fulltrúa á héraðsþingi skal greiðast af viðkomandi félögum.

**15. gr.**
Hætti sambandið störfum skal af sjóði þess og öðrum skuldlausum eignum mynda sjóð, er beri nafn Skarphéðins og ávaxtist í viðskiptabanka sambandsins undir umsjá héraðsnefnda Árnes- og Rangárvallasýslu. Verði nýtt ungmennasamband stofnað á sambandssvæðinu innan 20 ára, rennur sjóðurinn óskertur til þess. Að þeim tíma liðnum skal nota sjóðinn til styrktar ungmenna- og íþróttafélögum á sambandssvæðinu. Gjörðabækur og önnur skjöl sambandsins skal afhenda héraðsskjalasöfnum Árnes- og Rangárvallasýslu til varðveislu. Verðlaunagripi og aðra minjagripi sambandsins skal afhenda héraðsbyggðasöfnum á sambandssvæðinu til varðveislu.

**16. gr.**
Lögum sambandsins má eigi breyta nema á héraðsþingi. Allar tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn tveimur vikum fyrir þingið. Tvo þriðju hluta greiddra atkvæða þarf til lagabreytinga. Í öðrum málum ræður afl atkvæða úrslitum.

**17. gr.**
Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi eldri lög sambandsins.

*(Síðast breytt á héraðsþingi 2010)*

# Aðildarfélögin og formenn félaga um áramót 2011

| | | |
|---|---|---|
| **Akstursíþróttafélög:** | | |
| Akstursíþr.f. Hreppakappa | Sigurjón Snær Jónsson | Berghyl, Hrunamannahreppi |
| Vélhjólaklúbbur Rangæinga | Arnór Óli Ólafsson | Hrafnskálum 2, Hellu |
| Torfæruklúbbur Suðurlands* | Leó Viðar Björnsson | Ásastíg 4b, Flúðum |
| **Golfklúbbar:** | | |
| Golfkl. Ásatúns | Sigurjón Harðarson | Rjúpnasölum 14, Kópavogi |
| Golfkl. Dalbúi | Páll Ólafsson | Ægissíðu 115, Reykjavík |
| Golfkl. Flúðir | Ragnar Pálsson | Rjúpnasölum 12, Kópavogi |
| Golfkl. Geysir | Jóhann Karl Þórisson | Nesvegi 54, Reykjavík |
| Golfkl. Hellu | Óskar Pálsson | Öldugerði 20, Hvolsvelli |
| Golfkl. Hveragerðis | Erlingur Arthúrsson | Grænumörk 10, Hveragerði |
| Golkfl. Kiðjabergs | Jóhann Friðbjörnsson | Egilsgötu 22, Reykjavík |
| Golfkl. Selfoss | Bárður Guðmundarson | Tryggvagötu 11, Selfossi |
| Golfkl. Tuddi | Bjarni Magnússon | Traðarbergi 23, Hafnarfirði |
| Golfkl. Úthlíð | Þorsteinn Sverrisson | Melbæ 15, Reykjavík |
| Golfkl. Þorlákshafnar | Guðlaugur Þ. Sveinsson | Knarrarbergi 5, Þorlákshöfn |
| Golfkl. Þverá | Víðir Jóhannsson | Hellishólum, Fljótshlíð |
| Golfkl. Öndverðarness | Guðmundur Hallsteinsson | Þrymsölum 15, Kópavogi |
| **Hestamannafélög:** | | |
| Hestamannaf. Geysir | Ólafur Þórisson | Miðkoti, V-Landeyjum |
| Hestamannaf. Háfeti | Anna Linda Gunnarsdóttir | Básahrauni 6, Þorlákshöfn |
| Hestamannaf. Ljúfur | Sigurður Einar Guðmundsson | Dynskógum 26, Hveragerði |
| Hestamannaf. Logi | Guðrún S. Magnúsdóttir | Bræðratungu, Biskupstungum |
| Hestamannaf. Sleipnir | Þórdís Ólöf Viðarsdóttir | Fífumóa 4, Selfossi |
| Hestamannaf. Smári | Guðni Árnason | Brúnum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Hestamannaf. Trausti | Sverrir Sigurjónsson | Miðengi 6, Grímsnesi |
| **Íþróttafélög:** | | |
| Íþróttafélagið Dímon | Lars Hansen | Öldugerði 9, Hvolsvelli |
| Íþróttafélagið Garpur | Harpa Rún Kristjánsdóttir | Hólum, Rangárvöllum |
| Íþróttafélagið Gnýr | Halldór Hartmannsson | Brekkukoti, Sólheimum |
| Íþróttafélagið Hamar | Guðríður Aadnegard | Grænumörk 9, Hveragerði |
| Íþróttafélagið Mímir | Hreinn Heiðar Jóhannsson | Heimavist ML, Laugarvatni |
| Íþróttafélagið Suðri | Þorbjörg Vilhjálmsdóttir | Birkivöllum 15, Selfossi |
| **Karatefélag:** | | |
| Karatefélag Suðurlands | Kristján Lárusson | Kambahrauni 57, Hveragerði |
| **Knattspyrnufélög:** | | |
| Knattspyrnuf. Árborgar | Pálmi Jóhannsson | Lyngheiði 19, Selfossi |
| Knattspyrnuf. Rangæinga | Benedikt Benediktsson | Norðurgarði 22, Hvolsvelli |
| Knattspyrnuf. Ægir | Guðbjartur Örn Einarsson | Lyngbergi 15, Þorlákshöfn |
| **Körfuknattleiksfélag:** | | |
| Körfuknattl.f FSu | Finnbogi Magnússon | Norðurbraut 21, Selfossi |
| **Skotfélag:** | | |
| Skotíþróttafélag Suðurlands | Ingimundur Sigurmundsson | Suðurengi 25, Selfossi |
| Skotfélagið Skyttur* | Guðmar Jón Tómasson | Drafnarsandi 3, Hellu |
| **Ungmennafélög:** | | |
| U.B.H | Guðmann Óskar Magnússon | Njálsgerði 14, Hvolsvelli |
| Umf. Ásahrepps | Albert Áslaugsson | Laufskálum 3, Hellu |
| Umf. Baldur | Baldur Gauti Tryggvason | Víðivöllum 4, Selfossi |
| Umf. Biskupstungna | Helgi Kjartansson | Dalbraut 2, Reykholti Biskupstungum |
| Umf. Dagsbrún | Jón Óskar Björgvinsson | Vorsabæ, A-Landeyjum |
| Umf. Eyfellingur | Sigurgeir Ingólfsson | Hlíð, Eyjafjöllum |
| Umf. Eyrarbakka | Ívar Örn Gíslason | Brennu 1, Eyrarbakka |
| Umf. Framtíðin | Brynja Rúnarsdóttir | Brekku, Þykkvabæ |
| Umf. Gnúpverja | Einar Gestsson | Hæli, Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Umf. Hekla | Guðmundur Jónasson | Bolöldu 3, Hellu |
| Umf. Hrunamanna | Kristján Geir Guðmundsson | Frostafold 14, Reykjavík |
| Umf. Hvöt | Guðmundur Jóhannesson | Klausturhólum, Grímsnesi |
| Umf. Ingólfur | Þröstur Guðnason | Varghól, Holtum |
| Umf. Laugdæla | Sigurbjörn Árni Arngrímsson | Laugarbraut 7b, Laugarvatni |
| Umf. Merkihvoll | Kjartan Magnússon | Hjallanesi, Landsveit |
| Umf. Njáll | Rúnar Guðjónsson | Gilsbakka 29a, Hvolsvelli |
| Umf. Samhygð | Stefán Geirsson | Gerðum, Flóahreppi |
| Umf. Selfoss | Grímur Hergeirsson | Kirkjuvegi 22, Selfossi |
| Umf. Skeiðamanna | Lára Jónsdóttir | Blesastöðum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi |
| Umf. Stokkseyrar | Gísli G. Friðriksson | Tjarnarstíg 6, Stokkseyri |
| Umf. Trausti | Auður Sigurðardóttir | Eystra-Seljalandi, V-Eyjafjöllum |
| Umf. Vaka | Guðmunda Ólafsdóttir | Hurðarbaki, Flóahreppi |
| Umf. Þór | Björk Tómasdóttir | Haukabergi 2, Þorlákshöfn |
| Umf. Þórsmörk | Árni Sigurpálsson | Neðri-Þverá, Fljótshlíð |

*Skotfélagið Skyttur fékk bráðabirgðaaðild að HSK á stjórnarfundi HSK 28. mars 2011.
* Torfæruklúbbur Suðurlands fékk bráðabirgðaaðild að HSK á stjórnarfundi HSK 27. október 2011.
* Formleg umsókn félaganna verður tekin fyrir á héraðsþinginu í Brautarholti 2012.

# Gull- og silfurmerki HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2008 var eftirfarandi tillaga samþykkt um heiðursviðurkenningar HSK: *86. héraðsþing Héraðssambandsins Skarphéðins, haldið í Þorlákshöfn 23. febrúar 2008, samþykkir að fela stjórn sambandsins að útbúa nýja reglugerð um heiðursviðurkenningar HSK. Heiðursviðurkenningar HSK verði framvegis gull- og silfurmerki HSK. Jafnframt falli úr gildi reglugerð HSK um starfsmerki.*

Stjórn HSK samþykkti reglugerð um heiðursviðurkenningar á fundi stjórnar þann 10. febrúar 2009. Á fundinum var jafnframt samþykkt að veita gull- og silfurmerki ekki fyrr en á 100 ára afmælisári sambandsins.

Stjórn HSK samþykkti einróma á fundi stjórnar 2. mars 2010 að veita fjórum einstaklingum gullmerki HSK á héraðsþinginu 2010.

**Eftirtaldir hafa hlotið gullmerki HSK:**

| | | |
|---|---|---|
| Hafsteinn Þorvaldsson | Selfossi | veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010 |
| Jóhannes Sigmundsson | Syðra-Langholti | veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010 |
| Karl Gunnlaugsson | Varmalæk | veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010 |
| Valgerður Auðunsdóttir | Húsatóftum | veitt á héraðsþingi í Þingborg 2010 |
| Jón M. Ívarsson | Frá Vorsabæjarhól | veitt á útgáfuhátíð á Geysi 2010 vegna útgáfu á bókinni HSK í 100 ár |
| Guðmundur Kr. Jónsson | Selfossi | veitt á héraðsþingi HSK á Hellu 2011 |

**Eftirtalinn hefur hlotið silfurmerki HSK:**

| | | |
|---|---|---|
| Kristinn Guðnason | Þverlæk | veitt á 50 ára afmælisfagnaði Kristins árið 2010 |
| Olga Bjarnadóttir | Selfossi | veitt á héraðsþingi HSK á Hellu 2011 |
| Helgi S. Haraldsson | Selfossi | veitt á 75 ára afmælisfagnaði Umf. Selfoss árið 2011 |

# Skipting iðkenda eftir greinum

## - Iðkendum fjölgaði umtalsvert

Hér að neðan er samtölulisti yfir iðkendur hjá aðildarfélögum HSK í einstökum íþróttagreinum sérsambanda og sérgreina, samkvæmt starfsskýrslum ÍSÍ og UMFÍ fyrir árið 2010. Innan HSK fjölgaði iðkendum um 1.031, sem er 9,85% fjölgun á milli ára. Golfiðkendum heldur áfram að fjölga eins og undanfarin ár, en þar fjölgaði iðkendum um 691 manns, sem er 32,11% fjölgun á milli ára.

**Iðkendur í einstökum greinum:**

| **Íþróttagrein** | **2001** | **2002** | **2003** | **2004** | **2005** | **2006** | **2007** | **2008** | **2009** | **2010** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Golf | 721 | 981 | 1.131 | 1.543 | 1.542 | 1.534 | 1.803 | 1.905 | 2.152 | 2.843 |
| Hestaíþróttir | 1.251 | 1.275 | 1.586 | 1.547 | 1.772 | 1.657 | 1.896 | 1.838 | 1.932 | 1.964 |
| Knattspyrna | 1.040 | 1.192 | 1.141 | 1.088 | 1.431 | 1.323 | 1.464 | 1.430 | 1.441 | 1.340 |
| Almenningsíþróttir | 34 | 47 | 62 | 184 | 194 | 352 | 623 | 493 | 551 | 1.252 |
| Fimleikar | 388 | 477 | 571 | 784 | 891 | 758 | 773 | 822 | 807 | 859 |
| Körfuknattleikur | 804 | 625 | 729 | 933 | 1.057 | 1.076 | 830 | 804 | 868 | 716 |
| Frjálsar íþróttir | 824 | 592 | 754 | 854 | 1.048 | 907 | 901 | 708 | 763 | 633 |
| Handknattleikur | 116 | 221 | 207 | 195 | 306 | 339 | 400 | 454 | 457 | 426 |
| Blak | 184 | 174 | 158 | 200 | 172 | 171 | 225 | 239 | 224 | 221 |
| Glíma | 217 | 199 | 145 | 204 | 165 | 169 | 188 | 182 | 201 | 178 |
| Motocross | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 8 | 131 | 131 | 151 |
| Badminton | 229 | 214 | 111 | 164 | 142 | 109 | 152 | 166 | 148 | 135 |
| Taekwondo | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 87 | 100 | 134 |
| Sund | 183 | 37 | 132 | 240 | 205 | 199 | 102 | 102 | 115 | 116 |
| Íþróttir fatlaðra | 26 | 99 | 94 | 94 | 88 | 123 | 113 | 115 | 103 | 104 |
| Leiklist | 0 | 0 | 7 | 120 | 98 | 144 | 140 | 102 | 93 | 103 |
| Borðtennis | 89 | 139 | 171 | 103 | 100 | 90 | 96 | 106 | 100 | 97 |
| Skotfimi | 25 | 118 | 131 | 133 | 133 | 228 | 132 | 131 | 131 | 77 |
| Júdó | 51 | 51 | 58 | 61 | 67 | 0 | 61 | 73 | 79 | 55 |
| Kraftlyftingar | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 25 | 26 | 38 |
| Bridds | 0 | 0 | 16 | 0 | 33 | 37 | 37 | 37 | 37 | 37 |
| Hnefaleikar | 0 | 0 | 20 | 20 | 0 | 20 | 20 | 0 | 0 | 13 |
| Skák | 0 | 0 | 8 | 5 | 6 | 6 | 6 | 7 | 7 | 5 |
| Skógrækt | 0 | 0 | 6 | 0 | 4 | 5 | 5 | 5 | 5 | 5 |
| Lyftingar | 13 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Starfsíþróttir | 0 | 0 | 0 | 10 | 23 | 37 | 28 | 0 | 0 | 0 |
| Skíðaíþróttir | 3 | 58 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Skylmingar | 3 | 1 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tennis | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| **SAMTALS** | **6.205** | **6.500** | **7.240** | **8.482** | **9.477** | **9.284** | **10.003** | **9.962** | **10.471** | **11.502** |

# Stærð félaga, tekjur af lottói og getraunanúmer

Öll félög innan hreyfingarinnar verða árlega að skila starfsskýrslu á www.felix.is, með upplýsingum um félagsmenn, iðkendur, stjórn og lykiltölur úr reikningum. Samkvæmt innsendum starfsskýrslum og félagatali félaga sem skiluðu ekki umræddri skýrslu árið 2011 og tveggja félaga sem fengu bráðabirðaaðild að HSK á árinu, þá fjölgar félagsmönnum um 1.504 talsins á milli ára eða um 9,81 % og eru nú 16.832. Árið áður voru þeir 15.328 talsins. Árið 2008 voru þeir 14.889, árið 2007 voru þeir 14.042 og árið 2006 voru þeir 13.481. Íbúum á sambandssvæðinu fjölgaði um 44 milli ára, sem er 0,23% fjölgun og eru nú 18.789 talsins í sveitarfélögunum 11 í Árnes- og Rangárvallasýslum. Tölurnar hér að neðan eru samkvæmt innsendum starfsskýrslum árið 2011.

| Aðildarfélög HSK | félagsmenn 15 ára - | 16 ára + | alls | tekjur af lottói | getrauna-númer |
|---|---|---|---|---|---|
| Akstursíþr.f. Hreppakappa | 5 | 58 | 63 | 42.974 | |
| Golfkl. Ásatúns | 3 | 319 | 322 | 123.681 | |
| Golfkl. Dalbúi | 2 | 155 | 157 | 28.519 | 813 |
| Golfkl. Flúðir | 27 | 197 | 224 | 65.937 | 814 |
| Golkfl. Geysi | 0 | 45 | 45 | 40.208 | |
| Golfkl. Hellu | 19 | 125 | 144 | 79.393 | 852 |
| Golfkl. Hveragerðis | 47 | 308 | 355 | 177.929 | 812 |
| Golfkl. Kiðjabergs | 26 | 287 | 313 | 173.853 | 797 |
| Golfkl. Selfoss | 71 | 259 | 330 | 153.712 | 808 |
| Golkfl. Tuddi | 21 | 20 | 41 | 54.367 | |
| Golfkl. Úthlíð | 4 | 308 | 312 | 58.656 | 845 |
| Golfkl. Þorlákshafnar | 33 | 432 | 465 | 174.873 | 796 |
| Golfkl. Þverá | 1 | 36 | 37 | 0 | |
| Golfkl. Öndverðarness | 39 | 446 | 485 | 161.273 | 798 |
| Hestamannaf. Geysir | 207 | 448 | 655 | 467.102 | 856 |
| Hestamannaf. Háfeti | 15 | 82 | 97 | 24.691 | |
| Hestamannaf. Ljúfur | 46 | 111 | 157 | 67.835 | 816 |
| Hestamannaf. Logi | 74 | 136 | 210 | 193.888 | |
| Hestamannaf. Sleipnir | 94 | 388 | 482 | 300.696 | |
| Hestamannaf. Smári | 108 | 203 | 311 | 177.371 | |
| Hestamannaf. Trausti | 8 | 94 | 102 | 14.515 | 842 |
| Íþróttaf. Dímon | 271 | 369 | 640 | 554.498 | 859 |
| Íþróttaf. Garpur | 48 | 199 | 247 | 178.868 | 855 |
| Íþróttaf. Gnýr | 1 | 79 | 80 | 48.315 | |
| Íþróttaf. Hamar | 338 | 1052 | 1390 | 982.064 | 810 |
| Íþróttaf. Mímir | 1 | 167 | 168 | 22.894 | 843 |
| Íþróttaf. Suðri | 5 | 95 | 100 | 56.130 | 827 |
| Karatef. Suðurlands | 1 | 10 | 11 | 0 | |
| Knattsp.f. Árborg | 22 | 186 | 208 | 96.314 | 811 |
| Knattsp.f. Rangæinga | 269 | 239 | 508 | 410.602 | 866 |
| Knattsp.f. Ægir | 112 | 371 | 483 | 291.130 | 822 |
| Körfuknattl.f. FSu | 47 | 55 | 102 | 47.663 | 831 |
| Skotf. Skyttur | 0 | 29 | 29 | 4.695 | |
| Skotíþr.félag Suðurlands | 0 | 253 | 253 | 18.292 | |
| UBH | 0 | 191 | 191 | 34.072 | 860 |
| Umf. Ásahrepps | 0 | 37 | 37 | 0 | 853 |
| Umf. Baldur Hr. | 26 | 100 | 126 | 84.306 | 804 |
| Umf. Biskupstungna | 91 | 190 | 281 | 248.713 | 803 |
| Umf. Dagsbrún | 5 | 162 | 167 | 24.472 | 865 |
| Umf. Eyfellingur | 1 | 84 | 85 | 46.684 | 863 |
| Umf. Eyrarbakka | 66 | 175 | 241 | 139.239 | 820 |
| Umf. Framtíðin | 20 | 53 | 73 | 67.562 | |
| Umf. Gnúpverja | 65 | 292 | 357 | 184.637 | 802 |
| Umf. Hekla | 185 | 278 | 463 | 401.731 | 851 |
| Umf. Hrunamanna | 150 | 224 | 374 | 313.997 | 801 |
| Umf. Hvöt | 1 | 141 | 142 | 55.439 | 809 |
| Umf. Ingólfur | 0 | 109 | 109 | 47.169 | 850 |
| Umf. Laugdæla | 71 | 160 | 231 | 234.572 | 840 |
| Umf. Merkihvoll | 0 | 59 | 59 | 40.370 | 854 |
| Umf. Njáll | 0 | 85 | 85 | 0 | 864 |
| Umf. Samhygð | 25 | 89 | 114 | 82.834 | 807 |
| Umf. Selfoss | 1053 | 1630 | 2683 | 2.761.801 | 800 |
| Umf. Skeiðamanna | 34 | 251 | 285 | 131.595 | 799 |
| Umf. Stokkseyrar | 67 | 190 | 257 | 202.954 | 825 |
| Umf. Trausti | 5 | 85 | 90 | 3.658 | 862 |
| Umf. Vaka | 41 | 107 | 148 | 118.162 | 805 |
| Umf. Þór | 187 | 356 | 543 | 455.597 | 815 |
| Umf. Þórsmörk | 0 | 87 | 87 | 0 | 861 |
| Vélhjólakl. Rangæinga | 0 | 32 | 32 | 0 | |
| Torfærukl. Suðurlands | 0 | 46 | 46 | 0 | |
| **Samtals** | **4.058** | **12.774** | **16.832** | **10.972.502** | |

# Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSK

Eitt af árlegum verkefnum félaga er að skila starfsskýrslu þar sem merkt er við iðkendur í hinum ýmsu greinum. Hér að neðan eru upplýsingar úr innsendum starfsskýrslum félaga fyrir árið 2010, sem skilað var á árinu 2011.

| | Konur | | Karlar | | Bæði kyn | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | - 15 ára | 16 ára + | -15 ára | 16 ára + | - 15 ára | 16 ára + | Alls |
| Akstursíþr.f. Hreppakappa | 0 | 1 | 2 | 18 | 2 | 19 | 21 |
| Golfkl. Ásatúns | 0 | 26 | 1 | 188 | 1 | 214 | 215 |
| Golfkl. Dalbúi | 0 | 59 | 2 | 96 | 2 | 155 | 157 |
| Golfkl. Flúðir | 4 | 82 | 23 | 115 | 27 | 197 | 224 |
| Golfkl. Geysir | 0 | 8 | 0 | 27 | 0 | 35 | 35 |
| Golfkl. Hellu | 6 | 42 | 13 | 76 | 19 | 118 | 137 |
| Golfkl. Hveragerðis | 7 | 105 | 31 | 183 | 38 | 288 | 326 |
| Golfkl. Kiðjabergs | 10 | 111 | 16 | 174 | 26 | 285 | 311 |
| Golfkl. Tuddi | 10 | 3 | 11 | 17 | 21 | 20 | 41 |
| Golfkl. Selfoss | 6 | 32 | 47 | 126 | 53 | 158 | 211 |
| Golfkl. Úthlíð | 1 | 71 | 3 | 125 | 4 | 196 | 200 |
| Golfkl. Þorlákshafnar | 7 | 126 | 26 | 306 | 33 | 432 | 465 |
| Golfkl. Þverá | 0 | 7 | 1 | 29 | 1 | 36 | 37 |
| Golfkl. Öndverðarness | 10 | 186 | 29 | 259 | 39 | 445 | 484 |
| Hestamannaf. Geysir | 111 | 188 | 96 | 260 | 207 | 448 | 655 |
| Hestamannaf. Háfeti | 8 | 22 | 7 | 60 | 15 | 82 | 97 |
| Hestamannaf. Ljúfur | 32 | 42 | 14 | 69 | 46 | 111 | 157 |
| Hestamannaf. Logi | 44 | 48 | 30 | 88 | 74 | 136 | 210 |
| Hestamannaf. Sleipnir | 58 | 154 | 31 | 233 | 89 | 387 | 476 |
| Hestamannaf. Smári | 62 | 76 | 46 | 81 | 108 | 157 | 265 |
| Hestamannaf. Trausti | 4 | 38 | 4 | 56 | 8 | 94 | 102 |
| Íþróttaf. Dímon | 285 | 60 | 301 | 93 | 586 | 153 | 739 |
| Íþróttaf. Garpur | 5 | 54 | 9 | 83 | 14 | 137 | 151 |
| Íþróttaf. Gnýr | 0 | 93 | 3 | 96 | 3 | 189 | 192 |
| Íþróttaf. Hamar | 197 | 571 | 157 | 510 | 354 | 1081 | 1435 |
| Íþróttaf. Mímir | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Íþróttaf. Suðri | 1 | 18 | 4 | 22 | 5 | 40 | 45 |
| Karatef. Suðurlands** | | | | | | | |
| Knattsp.f. Árborgar | 0 | 0 | 0 | 60 | 0 | 60 | 60 |
| Knattsp.f. Rangæinga | 88 | 4 | 123 | 26 | 211 | 30 | 241 |
| Knattsp.f. Ægir | 31 | 23 | 64 | 51 | 95 | 74 | 169 |
| Körfuknattleiksf. FSu | 0 | 0 | 47 | 16 | 47 | 16 | 63 |
| Skotíþróttafélag Suðurlands | 0 | 2 | 0 | 75 | 0 | 77 | 77 |
| Skólafélag ÍKÍ | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| UBH | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umf. Ásahrepps** | | | | | | | |
| Umf. Baldur Hr. | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 |
| Umf. Biskupstungna | 86 | 15 | 63 | 28 | 149 | 43 | 192 |
| Umf. Dagsbrún | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umf. Eyfellingur | 0 | 7 | 0 | 11 | 0 | 18 | 18 |
| Umf. Eyrarbakka | 0 | 12 | 0 | 34 | 0 | 46 | 46 |
| Umf. Framtíðin | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umf. Gnúpverja | 33 | 12 | 22 | 93 | 55 | 105 | 160 |
| Umf. Hekla | 82 | 8 | 68 | 8 | 150 | 16 | 166 |
| Umf. Hrunamanna | 111 | 72 | 108 | 123 | 219 | 195 | 414 |
| Umf. Hvöt | 0 | 7 | 0 | 60 | 0 | 67 | 67 |
| Umf. Ingólfur | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umf. Laugdæla | 28 | 33 | 39 | 54 | 67 | 87 | 154 |
| Umf. Merkihvoll | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umf. Njáll** | | | | | | | |
| Umf. Samhygð | 9 | 15 | 18 | 26 | 27 | 41 | 68 |
| Umf. Selfoss | 606 | 172 | 610 | 308 | 1216 | 480 | 1696 |
| Umf. Skeiðamanna | 6 | 5 | 13 | 6 | 19 | 11 | 30 |
| Umf. Stokkseyrar | 32 | 3 | 25 | 11 | 57 | 14 | 71 |
| Umf. Trausti | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Umf. Vaka | 20 | 13 | 36 | 17 | 56 | 30 | 86 |
| Umf. Þór | 74 | 12 | 68 | 94 | 142 | 106 | 248 |
| Umf. Þórsmörk | 0 | 28 | 0 | 59 | 0 | 87 | 87 |
| Vélhjólakl. Rangæinga** | | | | | | | |
| **Samtals** | **2.074** | **2.666** | **2.212** | **4.550** | **4.286** | **7.216** | **11.502** |

*** Fjögur félög skiluðu ekki Felixsskýrslu*

# Íþróttamaður HSK frá upphafi

Frá árinu 1964 hefur Íþróttamaður HSK verið valinn og frá árinu 1966 hefur Íþróttamaður ársins fengið til varðveislu í eitt ár í senn myndarlegan farandbikar sem nafnbótinni fylgir. Hefur nafn íþróttamannanna verið áletrað á bikarinn frá þeim tíma.

| Ár | Íþróttamaður | Félag | Íþróttagrein |
|---|---|---|---|
| 1964 | Karl Stefánsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1965 | Guðmundur Kr. Jónsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1966 | Guðmundur Kr. Jónsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1967 | Guðmunda Guðmundsdóttir | Umf. Selfoss | sund |
| 1968 | Guðmunda Guðmundsdóttir | Umf. Selfoss | sund |
| 1969 | Guðmunda Guðmundsdóttir | Umf. Selfoss | sund |
| 1970 | Þuríður Jónsdóttir | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1971 | Jón H. Sigurðsson | Umf. Biskupstungna | frjálsíþróttir |
| 1972 | Sigurður Jónsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1973 | Þráinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1974 | Þráinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1975 | Elínborg Gunnarsdóttir | Umf. Selfoss | sund |
| 1976 | Katrín Vilhjálmsdóttir | Umf. Eyrarbakka | frjálsíþróttir |
| 1977 | Hugi S. Harðarsson | Umf. Selfoss | sund |
| 1978 | Hugi S. Harðarsson | Umf. Selfoss | sund |
| 1979 | Hugi S. Harðarsson | Umf. Selfoss | sund |
| 1980 | Kári Jónsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1981 | Tryggvi Helgason | Umf. Selfoss | sund |
| 1982 | Vésteinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1983 | Vésteinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1984 | Tryggvi Helgason | Umf. Selfoss | sund |
| 1985 | Magnús Már Ólafsson | Umf. Þór | sund |
| 1986 | Magnús Már Ólafsson | Umf. Þór | sund |
| 1987 | Vésteinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1988 | Pétur Guðmundsson | Umf. Samhygð | frjálsíþróttir |
| 1989 | Vésteinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1990 | Pétur Guðmundsson | Umf. Samhygð | frjálsíþróttir |
| 1991 | Einar Gunnar Sigurðsson | Umf. Selfoss | handknattleikur |
| 1992 | Vésteinn Hafsteinsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1993 | Einar Öder Magnússon | Íþr.d. Sleipnis | hestaíþróttir |
| 1994 | Ingólfur Snorrason | Umf. Selfoss | karate |
| 1995 | Arnar Freyr Ólafsson | Umf. Þór | sund |
| 1996 | Sigríður Anna Guðjónsdóttir | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1997 | Sigríður Anna Guðjónsdóttir | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1998 | Magnús Aron Hallgrímsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 1999 | Olil Amble | Hestam.fél. Sleipni | hestaíþróttir |
| 2000 | Magnús Aron Hallgrímsson | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |
| 2001 | Vigdís Guðjónsdóttir | Umf. Skeiðamanna | frjálsíþróttir |
| 2002 | Vigdís Guðjónsdóttir | Umf. Skeiðamanna | frjálsíþróttir |
| 2003 | Vigdís Guðjónsdóttir | Umf. Skeiðamanna | frjálsíþróttir |
| 2004 | Vigdís Guðjónsdóttir | Umf. Skeiðamanna | frjálsíþróttir |
| 2005 | Sigurður Sigurðarson | Hestam.fél. Geysi | hestaíþróttir |
| 2006 | Olil Amble | Hestam.fél. Sleipni | hestaíþróttir |
| 2007 | Sigurður Sigurðarson | Hestam.fél. Geysi | hestaíþróttir |
| 2008 | Katrín Ösp Jónasdóttir | Umf. Selfoss | fimleikar |
| 2009 | Sigurður Sigurðarson | Hestam.fél. Geysi | hestaíþróttir |
| 2010 | Ragnar Jóhannsson | Umf. Selfoss | handknattleikur |
| 2011 | Fjóla Signý Hannesdóttir | Umf. Selfoss | frjálsíþróttir |

# Matmenn HSK

Matmaður HSK hefur verið valinn á héraðsþingum HSK frá árinu 1966. Það er sá sem ber titilinn sem velur eftirmann sinn og fær sá er valinn er það hlutverk að þakka matráðsfólki fyrir veitingar á þinginu. Þór Ólafur Hammer, Hamri, valdi Helga S. Haraldsson, formann frjálsíþróttadeildar Umf. Selfoss, sem matmann ársins 2011.

| Ár | Matmaður HSK | Þingstaður | Ár | Matmaður HSK | Þingstaður |
|---|---|---|---|---|---|
| 1966 | Stefán Jasonarson | Njálsbúð | 1967 | Féll niður | Flúðir |
| 1968 | Hreinn Erlendsson | Borg | 1969-70 | Féll niður | Skarphéðinshús |
| 1971 | Sigurður Geirdal | Hvoll | 1972 | Hörður Óskarsson | Árnes |
| 1973 | Hreinn Erlendsson | Laugaland | 1974 | Guðm. Guðmundsson | Aratunga |
| 1975 | Klemenz Erlingsson | Gunnarshólmi | 1976 | Pétur Pétursson | Borg |
| 1977 | Björn Gíslason | Hella | 1978 | Jón Ólafsson | Tryggvaskáli |
| 1979 | Gunnar Kristjánsson | Hvoll | 1980 | Féll niður | Laugarvatn |
| 1981 | Helgi Stefánsson | Njálsbúð | 1982 | Kjartan Lárusson | Þjórsárver |
| 1983 | Soffía Rósa Gestsdóttir | Gunnarshólmi | 1984 | Jón M. Ívarsson | Árnes |
| 1985 | Einar H. Haraldsson | Heimaland | 1986 | Þráinn Þorvaldsson | Selfoss |
| 1987 | Kári Rafn Sigurjónsson | Laugaland | 1988 | Halldóra Gunnarsdóttir | Félagslundur |
| 1989 | Sigurjón Karlsson | Hvoll | 1990 | Valgerður Auðunsdóttir | Hveragerði |
| 1991 | Elínborg Gunnarsdóttir | Skógar | 1992 | Þórir Haraldsson | Laugarvatn |
| 1993 | Þuríður Jónsdóttir | Njálsbúð | 1994 | Jón Jónsson | Aratunga |
| 1995 | Jens Pétur Jóhannsson | Hella | 1996 | Hafsteinn Eyvindsson | Þingborg |
| 1997 | Þórunn D. Oddsdóttir | Gunnarshólmi | 1998 | Guðmundur Kr. Jónsson | Þorlákshöfn |
| 1999 | Páll Eggertsson | Laugaland | 2000 | Helga Fjóla Guðnad. | Borg |
| 2001 | Jón Andrésson | Hvoll | 2002 | Ólafur Elí Magnússon | Flúðir |
| 2003 | Sigurður Jónsson | Þjórsárver | 2004 | Guðmundur Viðarsson | Þykkvibær |
| 2005 | Markús Ívarsson | Selfoss | 2006 | Þröstur Guðnason | Hveragerði |
| 2007 | Bolli Gunnarsson | Laugaland | 2008 | Kristinn Guðnason | Þorlákshöfn |
| 2009 | Hallur Halldórsson | Hvolsvöllur | 2010 | Þór Ólafur Hammer | Þingborg |
| 2011 | Helgi S. Haraldsson | Hella | | | |

# Sleifarhafar HSK

| Ár | Sleifarhafi | staður | dags. | Vettvangur |
|---|---|---|---|---|
| 1966 | Hafsteinn Þorvaldsson | Kaldalón | 2/9 | Vesturferð HSK |
| 1967 | Böðvar Pálsson | Hvítárnes | 10/7 | Landgræðsluferð |
| 1968 | Hafsteinn Þorvaldsson | Borg | 15/11 | Kvöldvaka HSK |
| 1969-70 | Engin keppni | | | |
| 1971 | Hjörtur Jóhannsson | Borg | 2/4 | Kvöldvaka HSK |
| 1972 | Hafsteinn Þorvaldsson | Árnes | 26/2 | Héraðsþing HSK |
| 1973 | Jóhannes Sigmundsson | Laugaland | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 1974 | Hafsteinn Þorvaldsson | Aratunga | 23/2 | Héraðsþing HSK |
| 1975 | Karl Gunnlaugsson | Gunnarshólmi | 26/2 | Hérðasþing HSK |
| 1976 | Rúnar Guðjónson | Borg | 28/2 | Héraðsþing HSK |
| 1977 | Jóhannes Sigmundsson | Hella | 26/2 | Héraðsþing HSK |
| 1978-81 | Engin keppni | | | |
| 1982 | Rúnar Guðjónsson | Þjórsárver | 27/2 | Héraðsþing HSK |
| 1983 | Sigurður Eggertsson | Gunnarshóhni | 26/2 | Héraðsþing HSK |
| 1984 | Magnús Óskarsson | Árnes | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 1985 | Guðmundur Adolfsson | Heimaland | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 1986 | Jón M. Ívarsson | Selfoss | 22/2 | Héraðsþing HSK |
| 1987 | Markús Ívarsson | Laugaland | 27/2 | Héraðsþing HSK |
| 1988 | Unnur Stefánsdóttir | Félagslundur | 27/2 | Héraðsþing HSK |
| 1989 | Valgerður Auðunsdóttir | Hvolsvöllur | 25/2 | Héraðsþing HSK |
| 1990 | Þuríður Jónsdóttir | Hveragerði | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 1991 | Kjartan Lárusson | Skógar | 23/2 | Héraðsþing HSK |
| 1992 | Hjálmur Sigurðsson | Laugarvatn | 29/2 | Héraðsþing HSK |
| 1993 | Gunnar Svernsson | Njálsbúð | 27/2 | Héraðsþing HSK |
| 1994 | Þorgeir Vigfússon | Aratunga | 26/2 | Héraðsþing HSK |
| 1995 | Kristinn Guðnason | Hella | 25/2 | Héraðsþing HSK |
| 1996 | Hrafnhildur Guðmundsd. | Þingborg | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 1997 | Emil Gunnlaugsson | Gunnarshólmi | 22/2 | Héraðsþing HSK |
| 1998 | Sigríður Heiðmundsdóttir | Þorlákshöfn | 28/2 | Héraðsþing HSK |
| 1999 | Ragnar Sigurðsson | Laugaland | 27/2 | Héraðsþing HSK |
| 2000 | Sigríður Ósk Guðnadóttir | Borg | 26/2 | Héraðsþing HSK |
| 2001 | Jón H. Sigurmundsson | Hvoll | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 2002 | Kári Jónsson | Flúðir | 23/2 | Héraðsþing HSK |
| 2003 | Guðmundur Jóhannesson | Þjórsárver | 22/2 | Héraðsþing HSK |
| 2004 | Páll Arnar Erlingsson | Þykkvibær | 28/2 | Héraðsþing HSK |
| 2005 | Helga Guðrún Guðjónsdóttir | Selfoss | 26/2 | Héraðsþing HSK |
| 2006 | Þór Ólafur Ólafsson | Hveragerði | 25/2 | Héraðsþing HSK |
| 2007 | Sigurgeir L. Ingólfsson | Laugaland | 24/2 | Héraðsþing HSK |
| 2008 | Jóhanna Lilja Þrúðmarsdóttir | Þorlákshöfn | 23/2 | Héraðsþing HSK |
| 2009 | Guðni Árnason | Hvolsvöllur | 28/2 | Héraðsþing HSK |
| 2010 | Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir | Þingborg | 13/3 | Héraðsþing HSK |
| 2011 | Steinunn E. Þorsteinsdóttir | Hella | 12/3 | Héraðsþing HSK |

# Fréttapunktar frá ÍSÍ 2011

**Íþróttaþing ÍSÍ 2011**
70. Íþróttaþing ÍSÍ var haldið að Gullhömrum í Grafarholti, dagana 8. og 9. apríl síðastliðinn. Ólafur Rafnsson var endurkjörinn forseti ÍSÍ til tveggja ára. Á þinginu var kosið til stjórnar og hlutu eftirfarandi kosningu: Lárus Blöndal, Gunnar Bragason, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Hafsteinn Pálsson og Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir. Í varastjórn voru kjörnir Gústaf A. Hjaltason, Garðar Svansson og Gunnlaugur Júlíusson.

**100 ára afmæli ÍSÍ**
Í ár verða liðin 100 ár frá stofnun Íþróttasambands Íslands en sambandið var stofnað þann 28. janúar 1912 í tengslum við þátttöku í Ólympíuleikunum í Stokkhólmi.

Í tilefni afmælisins gefur ÍSÍ út veglegt afmælisrit þar sem stiklað er á stóru í sögu ÍSÍ og íþróttanna í landinu. Að störfum er Afmælisnefnd ÍSÍ sem undirbýr fjölbreytta dagskrá viðburða á afmælisárinu. Sambandsaðilar ÍSÍ hafa verið hvattir til samstarfs um afmælistengda atburði.

**Ferðasjóður íþróttafélaga**
Til úthlutunar í Ferðasjóði íþróttafélaga vegna ferða á árinu 2011 eru 51,1 m.kr. Stefnt er að úthlutun í byrjun febrúar 2012.

Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótta- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna. Standa þarf vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

**Íþróttamiðstöðin í Laugardal**
Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna.

Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar. ÍSÍ hvetur sambandsaðila sína að heimsækja miðstöðina við tækifæri og kynna sér starfsemi ÍSÍ.

**Fjármögnun sérsambanda**
Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Upphæð styrksins var 40 m.kr. á árinu 2007, 60 m.kr. á árinu 2008, 70 m.kr. árið 2009, 63,7 m.kr. árið 2010 og 61,8 m.kr. fyrir árið 2011. Framlag til sérsambanda fyrir árið 2012 er 60,5 m.kr.

**Heimasíða ÍSÍ**
Á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is, er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, frétta og tilkynninga um viðburði í hreyfingunni. Sambandsaðilar eru hvattir til að heimsækja síðuna og kynna sér það sem þar er í boði.

**ÍSÍ-fréttir**
ÍSÍ gefur út rafræna útgáfu á fréttabréfinu ÍSÍ-fréttum, sem kom út reglulega í pappírsformi hér áður fyrr.

**Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ**
Felix – tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur vel utan um tölfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig stjórntæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir.

**Þjálfaramenntun**
Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn og er orðið helsta form þjálfaramenntunar á landsvísu. Á síðustu haustönn var 2. stig einnig haldið og tókst vel til.


Stjórn ÍSÍ 2011 - 2013.

Verið er að vinna að gerð námsefnis fyrir 3. stig þjálfaramenntunar í samvinnu við menntavísindasvið Háskóla Íslands.

**Fyrirmyndarfélag ÍSÍ**
Fyrirmyndarfélög og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru ríflega 100 talsins. Sérsambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu. Sú breyting hefur verið gerð, að nú geta öll félög orðið fyrirmyndarfélög ÍSÍ að uppfylltum kröfum ÍSÍ, óháð því hvort þau hafi barna- og unglingastarf á stefnuskrá sinni.

**Forvarnardagur forseta Íslands**
ÍSÍ kemur að skipulagningu og framkvæmd Forvarnardags forseta Íslands, ásamt UMFÍ, Bandalagi íslenskra skáta, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskóla Íslands og Háskólans í Reykjavík.

**Fræðsluefni ÍSÍ**
ÍSÍ gefur út fjölbreytt fræðsluefni um ýmsa þætti íþróttastarfsins. Efnið má nálgast á heimasíðu ÍSÍ. Þar er einnig að finna viðbragðsáætlun við óvæntum atburðum, Siðareglur ÍSÍ og „Áttavitann" sem er leiðbeinandi efni fyrir leiðtoga í íþróttahreyfingunni. Leiðbeinandi bæklingar ÍSÍ fyrir þá sem eru að koma sér af stað í hreyfingu eru sívinsælir og má þar nefna bæklinga um sund, hjólreiðar, kraftgöngu, stafgöngu og hlaup.

**Íþróttaslysasjóður**
Iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um 40% endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðar og kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótta- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

**Ólympísk verkefni**
Á árinu 2012 sendir ÍSÍ þátttakendur í tvö ólympísk verkefni; þrjú ungmenni á Vetrarólympíuleika ungmenna í janúar og vonandi myndarlegan hóp íþróttafólks á Ólympíuleikana í London sem verða haldnir dagana 27. júlí – 12. ágúst nk.

**Ólympíudagurinn – árlegur viðburður**
Íþrótta- og Ólympíusambandið ásamt Ólympíufjölskyldu ÍSÍ héldu upp á alþjóðlega Ólympíudaginn þann 23. júní 2011 með því að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá fyrir unga sem aldna, í samvinnu við

íþróttafélög í borginni. Þann 23. júní árið 1894 var Alþjóðaólympíunefndin stofnuð. Þetta er því sérstakur dagur í sögu íþrótta og er markmiðið að bjóða fólki að koma saman, hreyfa sig, læra nýjar íþróttagreinar og kynnast ólympískum hugsjónum og gildum. Allir sem taka þátt og prófa einhverjar íþróttagreinar fá viðurkenningu frá Alþjóða Ólympíuhreyfingunni.

**Úthlutun styrkja**

Á árinu 2011 úthlutaði Afrekssjóður tæplega 55 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úhlutaði 10,4 m.kr.

Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar styrkjum til fræðslu- og útbreiðsluverkefna ásamt þjálfarastyrkjum til einstaklinga.

**Almenningsíþróttir**

Mikil þátttökuaukning hefur átt sér stað í almenningsíþróttaverkefnum ÍSÍ og þátttökumet verið slegin á ári hverju.

„Lífshlaupið – landskeppni í hreyfingu", er hvatningarverkefni sem er í gangi allt árið en sérstakt átak er í febrúarmánuði, það er vinnustaðakeppni sem stendur yfir í þrjár vikur eða frá 1. - 21. febrúar og hvatningarleikur grunnskólanna sem stendur yfir í tvær vikur eða frá 1.-14. febrúar. „Hjólað í vinnuna" stendur yfir í þrjár vikur eða frá 2. - 22. maí nk. Sjóvá Kvennahlaup ÍSÍ fer fram 16. júní nk.



Frá þjálfaranámskeiði ÍSÍ á Hvolsvelli.

# Fréttapunktar frá UMFÍ 2011

Árið 2011 var fyrir margar hluta sakir viðburðaríkt hjá Ungmennafélagi Íslands. Góð þátttaka var í verkefnum hreyfingarinnar og í fyrsta skipti var haldið Landsmót UMFÍ 50+. Fjórtánda Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum og tókst með afbrigðum vel. Hér fyrir neðan verður stiklað á því helsta í starfi UMFÍ á síðasta ári.

**Sambandsþing UMFÍ**

Sambandsþing Ungmennafélags Íslands var haldið í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri dagana 15.-16. október. Samtals áttu 135 fulltrúar rétt til setu á þinginu. Helga Guðrún Guðjónsdóttir var endurkjörin formaður en í nýrri stjórn sitja Stefán Skafti Steinólfsson, Haukur Valtýsson, Jón Pálsson, Bolli Gunnarsson, Björg Jakobsdóttir og Eyrún Harpa Hlynsdóttir. Í varastjórn eru Baldur Daníelsson, Matthildur Ásmundardóttir, Anna María Elíasdóttir og Einar Kristján Jónsson. Á öðrum stjórnarfundi skipti stjórnin með sér verkum. Haukur Valtýsson er varaformaður, Jón Pálsson gjaldkeri og Eyrún Harpa ritari.

Á þinginu var Björn B. Jónsson gerður að heiðursfélaga Ungmennafélags Íslands. Heiðursnafnbót UMFÍ er æðsta viðurkenning sem hreyfingin veitir. Héraðssamband Vestfirðinga, HSV, hlaut hvatningarverðlaun UMFÍ 2011 fyrir nýjungar í starfi og öflugt samstarf við sveitarfélagið. Áralöng hefð er fyrir því á sambandsþingi UMFÍ að velja matmann þingsins. Austfirðingurinn Stefán Bogi Sveinsson naut þessa heiðurs.

**Vorfundur UMFÍ á Ísafirði**

Vorfundur Ungmennafélags Íslands var haldinn á Ísafirði dagana 27.-28. maí. Um 40 fulltrúar héraðssambanda sóttu fundinn. Fyrri daginn komu fulltrúar saman en þá fór fram kynning á starfsemi Evrópu unga fólksins. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, opnaði vorfundinn á laugardagsmorgni og bauð fulltrúa hjartanlega velkomna til fundarins. Hún hvatti þá áfram í starfinu og hrósaði þeim fyrir gott og kröftugt starf. Arnfríður Sólrún Valdimarsdóttir frá Reykjavíkurborg var síðan með námskeið sem fjallaði um mannauð í félagsstarfi. Námskeiðið var afar gagnlegt og fræðandi og mun eflaust nýtast fulltrúum í starfi sínu til lengri tíma litið.

**Leiðtogaskóli NSU**

Leiðtogaskóli NSU var haldinn á Íslandi dagana 8. - 13. september 2011. Skólinn fór að mestu fram á Laugum í Sælingsdal en þátttakendur voru rétt um 30 talsins frá Íslandi, Danmörku, Noregi og Finnlandi. Margir skemmtilegir fyrirlestrar voru haldnir og þátttakendur fór í dagsferð um Snæfellsnesið. Þátttakendur voru á einu máli um að skólinn hefði heppnast einstaklega vel og þeir myndi muna vel eftir fjörugu og lærdómsríku námskeiði.



Stjórn UMFÍ 2011 - 2013

**Ungmennavika NSU**

Dagana 31. júlí – 7. ágúst sl. var haldin ungmennavika á vegum NSU. Ungmennavikuna sóttu alls 13 ungmenni frá Íslandi en samtals voru þátttakendur hennar um 50 talsins. Þátttakendur komu frá Norðurlöndunum og einnig frá Suður Slésvík. Hópurinn hittist í Svíþjóð en þaðan var farið til Álandseyja og síðan til Finnlands. Aðalþema vikunnar var hvernig ætti að aðstoða innflytjendur við að koma sér fyrir í samfélaginu. Aðstoð m.a. ungmennafélaga skiptir þar sköpum ásamt mörgum öðrum þáttum sem farið var inn á. Miklar umræður voru um mismunandi menningarheima og hvernig best væri að aðlaga sig nýjum aðstæðum. Ferðin gekk öll afar vel fyrir sig en Guðjón Bjarni Hálfdánarson var farastjóri f.h. UMFÍ.

**Unglingalandsmót UMFÍ 2011**

Fjórtánda Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Egilsstöðum dagana 29. – 31. júlí 2011. Þátttakendur á mótinu voru rúmlega 1.200 sem var nokkuð færra en 2010 en þó eins og áætlanir sögðu til um. Öll keppnin gekk vel fyrir sig en keppt var í alls 11 keppnisgreinum og hafa þær

**Frh. á næstu síðu**

aldrei verið fleiri. Gríðarlega mikil og metnaðarfull dagskrá var alla mótsdagana.

Íþróttakeppnin tók mestan tíma en samhliða henni var fjölbreytt dagskrá fyrir unga sem eldri. Tónlistin setti mikinn svip á mótið enda nær stanslaus tónlistardagskrá frá miðjum degi og langt fram á kvöld. Setningarathöfnin og mótsslitin voru færð í nýjan búning og þótti takast afar vel enda mikið lagt í báða þessa viðburði.

**Þjóðarsáttmáli gegn einelti**

Baráttudagur gegn einelti var haldinn 8. nóvember og voru landsmenn hvattir til að hringja bjöllum og vekja þannig athygli á málstaðnum. Þá hljómuðu m.a. kirkjuklukkur og skipaflotinn þeytti lúðra. Í tilefni dagsins var undirritaður þjóðarsáttmáli um jákvæð samskipti. Forsætisráðherra er verndari átaksins og undirrituðu velferðarráðherra, fjármálaráðherra og mennta- og menningarmálaráðherra sáttmálann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar. Ennfremur er fjöldi félaga og samtaka aðilar að sáttmálanum. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ, undirritaði sáttmálann fyrir hönd UMFÍ.

**VNU - Vest Nordisk Ungdomsforum**

Aðalfundur VNU var haldinn á á þjónustumiðstöð UMFÍ 20. apríl 2011. Auk fulltrúa UMFÍ sóttu fundinn fulltrúar frá Sorlak á Grænlandi og FUR í Færeyjum. Helga Guðrún Guðjónsdóttir undirritaði f.h. UMFÍ samstarfssamning til þriggja ára á milli þessara þriggja aðila en UMFÍ mun leiða samstarfið á þessu tímabili. Á fundinum var farið yfir möguleika þessara aðila á samstarfi og með hvaða hætti það samstarf væri heppilegast. Fundinn sóttu frá UMFÍ: Garðar Svansson, Haukur Valtýsson og Ómar Bragi Stefánsson.

Hópur ungmenna frá Grænlandi kom í heimsókn til Íslands í lok júlí og ferðaðist um landið. Hópurinn dvaldi á Egilsstöðum og tók m.a. þátt í Unglingalandsmóti UMFÍ sem þar var haldið á sama tíma.

**Lýðháskólar**

Ungmennafélag Íslands er í samstarfi við ellefu lýðháskóla í Danmörku. Níu þessara skóla eru íþróttalýðháskólar en tveir með aðrar áherslur. Á vorönn 2011 stunduðu 12 einstaklingar nám í skólunum en á haustönn stunduðu alls 34 einstaklingar nám í þeim skólum sem eru styrktir af UMFÍ. UMFÍ hefur sótt um styrki til Nordplus og síðan framselt þá til nemenda. Skólastjórnendur nokkurra skóla komu til Íslands og kynntu skólana og það framboð sem þar er í boði fyrir nemendur framhaldsskóla á Íslandi. Það er ekki ólíklegt að þessi kynning hafi skilað árangri miðað við þann fjölda sem nú er við nám í skólunum.

**Þrastaskógur**

Eitt hundrað ár eru síðan Tryggvi Gunnarsson athafnamaður gaf Ungmennafélagi Íslands Þrastaskóg til eignar. Stjórn UMFÍ skipaði 100 ára afmælisnefnd Þrastaskógar. Í henni sátu Björn B. Jónsson formaður, Einar Kr. Jónsson og Jón Sævar Þórðarson. Af tilefni af afmæli skógarins var sett upp veglegt upplýsingaskilti um skóginn við Þrastalund. Á skiltinu eru kort af skóginum með gönguleiðum og örnefnum, upplýsingar um gefandann og saga skógarins sett fram í stuttu máli. Einnig var hliðið fræga sem Ríkarður Jónsson hannaði fyrir 80 árum lagfært og sett í upprunalegt horf.

Í júlímánuði s.l. var boðið uppá afmælisskógargöngur öll þriðjudagskvöld. Nær tvö hundruð manns mættu í þessar göngur. Hver ganga hafði ákveðið þema þar sem nokkrir einstaklingar skiptu á milli sín leiðsögn. Fyrst var saga skógarins sem Björn B. Jónsson og Einar Kr. Jónsson leiddu, þar næst lífið í skóginum sem var undir leiðsögn Dr. Bjarna Diðriks Sigurðssonar, síðan fuglar í skógi sem Örn Óskarsson líffræðingur sá um og síðast var tekið fyrir almenn skógrækt þar sem Böðvar Guðmundsson var í leiðsögn. Í september var upplýsingaskiltið vígt og af því tilefni, ásamt að fagna 100 árum Þrastaskógar, boðið til kaffisamsætis í Þrastalundi.

Hópur ungmenna frá Selfossi gengu alla göngustíga skógarins í sumar og tíndu rusl og klipptu slútandi greinar. Fyrr á árinu voru tré og runnar fjarlægðir frá göngustígum þar sem þrengdi að gangandi fólki. Þrastaskógur skartaði því sínu fegursta á aldarafmæli skógarins.



HSK tók þátt í verkefninu fjölskyldan á fjallið. Þátttakendur í göngu á Bjarnarfell.

**Göngum um Ísland**

Í byrjun sumars kom út bókin Göngum um Ísland. Bókin var alls 128 blaðsíður og þar var að finna útlistun á 300 stuttum gönguleiðum víðsvegar um landið og á þeim 24 fjöllum sem sambandsaðilar UMFÍ tilnefndu í verkefninu Fjölskyldan á fjallið. Í bókinni er einnig að finna ýmsan fróðleik, t.d. um hvað þurfi að hafa í huga þegar lagt er af stað í gönguferð. Bókinni var dreift inn á allar N1-stöðvar sem og á sundsstaði, upplýsingamiðstöðvar og víðar. Góð þátttaka var í verkefninu.

**Ganga.is**

Vefsíðan www.ganga.is hefur frá upphafi fallið vel í kramið meðal landsmanna en síðan er aldrei vinsælli en yfir sumartímann. Vefsíðan hefur að geyma fjöldann allan af gönguleiðum um allt land sem og fréttir og hina ýmsu fróðleiksmola sem tengjast hreyfingu. Á vefsíðunni er þátttakendum gert kleift að halda utan um og fylgjast grannt með þeirri hreyfingu sem þeir hafa stundað og margir nýta sér þennan valkost allan ársins hring.

**Fjölskyldan á fjallið**

Fjölskyldan á fjallið er verkefni sem slegið hefur í gegn hjá UMFÍ. Gríðarlegur fjöldi fólks hefur tekið þátt í verkefninu frá vori og fram á haust. Tuttugu sambandsaðilar hafa tilnefnt fjöll í verkefnið og skipulagt göngur á þau fjöll. Árlega skrá um 12.000 manns nöfn sín í gestabækur sem komið hefur verið fyrir á toppi þessara tilgreindu fjalla. Flest fjallanna eru auðveld yfirferðar og því kjörin fyrir fjölskylduna að ganga á. Markmiðið með verkefninu er að fá fjölskyldur í létta fjallgönguferð og stuðla þannig að aukinni samveru, útivist og um leið líkamsrækt innan fjölskyldunnar.

**Hættu að hanga! Komdu að hjóla, synda eða ganga!**

Verkefnið Hættu að hanga! Komdu að hjóla synda eða ganga! hefst ár hvert þann 5. júní. Öllum er heimil þátttaka, óháð aldri og hægt er að velja milli þátttöku í einstaklingskeppni, hópa/fyrirtækjakeppni og/eða þátttöku í báðum keppnunum. Þátttakendur skrá niður hreyfinguna sína inn á vefsíðuna ganga.is eða þau fjöll sem þeir hafa gengið uppá. Tilgangur verkefnisins er að hvetja almenning til að hreyfa sig saman. Þátttakan í verkefninu var góð og fengu þátttakendurnir sem stóðu sig best sérstaka viðurkenningu.

**Frjálsíþróttaskóli UMFÍ**

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í fjórða sinn sl. sumar. Frjálsíþróttaskólinn er ætlaður ungmennum á aldrinum 11 – 18 ára. Ungmennin koma saman á hádegi á mánudegi en skólanum lýkur á hádegi á föstudegi í sömu viku. Aðaláhersla er lögð á kennslu í frjálsum íþróttum en auk frjálsra íþrótta er farið í sund, leiki,



Björn Bj. Jónsson, fyrrverandi formaður HSK og UMFÍ, var gerður að heiðursfélaga UMFÍ á þingi sambandsins.

óvissuferðir og kvöldvökur eru haldnar. Ungmennin borga þátttökugjald sem haldið er í algjöru lágmarki en innifalið í því er kennsla, fæði og gisting alla vikuna. Skólinn er haldinn á fimm til sjö stöðum á hverju sumri.

**Leiðtogaskólinn**
Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið á vegum Ungmennafélags Íslands. Lögð er áhersa á að bjóða uppá námskeið sem gagnast félagsmönnum sem best. Megináhersla hefur verið lögð á námskeiðið *Sýndu hvað í þér býr*. Á námskeiðunum er farið yfir ýmsa þætti er tengjast ræðumennsku og fundarsköpum. Haldin hafa verið fjölmörg námskeið víða um land sem hlotið hafa góðan hljómgrunn. Einnig hafa verið haldin námskeið í viðburðastjórnun sem og fjármálum og styrkjum.

**Landsmót UMFÍ 50+**
Fyrsta landsmót UMFÍ 50+ var haldið á Hvammstanga dagana 24. – 26. júní 2011. Mótshaldari var USVH og gekk mótið í alla staði mjög vel fyrir sig. Þátttakendur á mótinu voru 300 sem er vel viðunandi miðað við að þetta er fyrsta landsmótið sem haldið hefur verið af þessum toga. Öll keppni gekk vel fyrir sig og keppt var í 12 keppnisgreinum en þær voru: sund, golf, boccia, hestaíþróttir, frjálsar íþróttir, starfsíþróttir, bridds, badminton, skák, pútt, þríþraut og fjallaskokk. Fara þurfti í ýmsar framkvæmdir fyrir mótið t.d. útbúa púttvöll og aðstöðu fyrir frjálsíþróttakeppni.

Kvöldvökur voru á föstudags- og laugadagskvöldinu sem vöktu mikla ánægju. Keppendur sem og gestir voru afar ánægðir með mótið enda lagt upp með að hafa gaman. 2. landsmót UMFÍ 50+ verður haldið í Mosfellsbæ dagana 8. -10. júní í sumar.

**Þjónustumiðstöð UMFÍ**
Þjónustumiðstöð Ungmennafélags Íslands er í Sigtúni 42 í Reykjavík. Í þjónustumiðstöðinni er haldið utan um starf UMFÍ og veitt ýmiss þjónustu við aðildarfélögin og félagsmenn. Þar er einnig aðstaða til fundahalda sem er nýtt af hinum ýmsu nefndum til nefndarstarfa, funda o.fl. Ungmennafélag Íslands rekur þjónustumiðstöð að Víðigrund 5 á Sauðárkróki. Skrifstofa Evrópu unga fólksins er með aðsetur í þjónustumiðstöð UMFÍ.

**Ungmenna- og tómstundabúðir að Laugum**
Aðsókn í ungmenna- og tómstundabúðirnar er sífellt að aukast eftir hrun. Fjöldi þátttakenda síðasta vetur var um 1700. Guðmundur Arngrímsson landslagsarkitekt hefur unnið að því að byggja upp þrauta- og leikjabraut á lóð Lauga, sem kemur til að nýtast við kennslu og í frjálsa tímanum. Vonast er til að hún verði til að vekja áhuga ungmennanna á meiri útiveru. Á Laugum hafa staðið yfir miklar endurbætur á húsnæði. Mikil breyting hefur orðið á staðnum. Búið er að mála hluta húsnæðisins að utan og taka millibyggingu á milli hótels og skólastofu álmu í gegn.

**Umhverfismál**
Dagur íslenskrar náttúru var haldinn hátíðlegur í fyrsta sinn 16. september 2011. Dagurinn er fæðingardagur Ómars Ragnarssonar. Í þessu felst viðurkenning á framlagi Ómars til náttúruverndar og almenningsfræðslu um mikilvægi íslenskrar náttúru sem og allra þeirra sem lagt hafa sitt af mörkum til að fræða um íslenska náttúru.

Umhverfisráðherra veitti í fyrsta skipti viðurkenningu sem kennd verður við Ómar Ragnarsson. Viðurkenningin var veitt fyrir vandaða og eftirtektarverða umfjöllun eða fræðslu um náttúru Íslands. UMFÍ gerði þessum degi góð skil en farið var í herferð þennan dag með útvarpsstöðinni Bylgjunni þar sem brýnt var fyrir landsmönnum að ganga vel um landið. Einnig voru sambandsaðilar UMFÍ hvattir til að taka þátt í deginum.

**Skinfaxi**
Eins og áður komu fjögur blöð út af Skinfaxa. Sérstakt aukablað kom út í tengslum við Landsmót UMFÍ 50+ sem haldið var í fyrsta skipti á Hvammstanga sl. sumar. Blaðið var prentað í 25 þúsund eintökum og fékk mikla og góða dreifingu um land allt. Það sama verður einnig sagt um unglingalandsmótsblaðið sem fór í góða dreifingu víðs vegar um landið. Blaðið hóf samvinnu við N1 um dreifingu og hefur sú samvinna gengið vel en dreifing með þessum aðila var stórt stökk fyrir blaðið. Skinfaxi sést víðar og vekur athygli á þeim stöðum sem það liggur frammi.

**Forvarnardagurinn**
Forvarnardagurinn 2011 var haldinn í sjötta sinn 5. október. Forvarnardagurinn er helgaður þremur meginskilaboðum sem byggð eru á niðurstöðum íslenskra rannsókna, sem eru samvera, íþróttir og æskulýðsstarf og fresta áfengisdrykkju. Forvarnardagurinn er haldinn að frumkvæði forseta Íslands og Actavis í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta og Reykjavíkurborgar. Actavis er auk þess styrktaraðili verkefnisins.

Sú nýjung var að þessu sinni að samstarf náðist við framhaldsskóla landsins og var í fyrsta sinn efnt til myndbandskeppni á meðal framhaldsskólanema.

**Fyrirmyndarleikmaðurinn**
Fyrirmyndarleikmaðurinn er átaksverkefni gegn munntóbaksnotkun knattspyrnumanna og ungs fólks, á vegum embættis Landlæknis, UMFÍ, KSÍ, ÍSÍ og ÁTVR. Einnig er herferðinni beint gegn notkun tóbaks á íþróttasvæðum. Forystumenn íþróttafélaganna eru hvattir til að fylgja eftir ályktun Íþrótta- og sérsambanda, að útrýma allri notkun tóbaks úr öllu íþróttastarfi. Átakið var kynnt rækilega með auglýsingum og umfjöllun fjölmiðla. Markmið átaksins er að koma þeim skilaboðum áleiðis að íþróttir og munntóbak eiga enga samleið.

**Kompás**
Námskeið í Kompás undir yfirskriftinni *Höfum við sama rétt - ég og þú?* Fyrir nemendur í framhaldsskólum voru haldin á Laugum í Þingeyjarsýslu og á Húsavík. Námskeiðin voru byggð upp á leikjum og samtölum. Markmiðið var einnig að efla borgarvitund og eigin hugsun um hugmyndir um lýðræði. Námskeiðin voru vel heppnuð og ágætlega sótt.

**Þátttaka er lífstíll**
Málþing undir yfirskriftinni Þátttaka er lífstíll voru haldin á vormánuðum á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Málþingin voru bæði vel sótt og tóku þátt í þeim um 300 manns. Dagskrá þinganna var fjölbreytt. Ungmennaráð UMFÍ kynnti starfsemi sína. Þá fór einnig fram kynning á forvarnarstarfi og notkun á munntóbaki og hafði jafningjafræðslan umsjón með kynningunni. Heimamenn kynntu svo starfsemi ungmenna í sínu héraði. Þátttakendum var síðan skipt í vinnuhópa.

# Styrkir úr Íþróttasjóði ríkisins

Á árinu 2011vetti Íþróttasjóður ríkisins styrki að upphæð kr. 14.875.000 kr. til 54 verkefna, en 101 umsókn barst. Samkvæmt íþróttalögum veitir sjóðurinn styrki til sérstakra verkefna á vegum íþróttafélaga og samtaka þeirra sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar, til útbreiðslu- og fræðsluverkefna og til íþróttarannsókna. Hér er yfirlit um styrki sem veittir voru inn á HSK svæðið í ár.

| | | |
|---|---|---|
| **Þeir sem hlutu styrki vegna verkefna sem miða að því að bæta aðstöðu til íþróttaiðkunar:** | | |
| Fimleikadeild Hamars | Áhaldakaup | 300.000 |
| Frjálsíþróttadeild Umf.. Selfoss | Íþróttaáhöld á nýjan frjálsíþróttaleikvang | 250.000 |
| Frjálsíþróttaráð HSK | Aukabúnaður með rafmagnstíma tökutækjum | 100.000 |
| Handknattleiksdeild Umf. Selfoss | Kaup á stafrænni upptökuvél | 50.000 |
| Hestamannafélagið Sleipnir | Endurnýjun og bætt hljóðkerfi á keppnis- og æfingasvæði | 100.000 |
| Kraftlyftingadeild Umf. Selfoss | Kaup á löglegum keppnisbúnaði og á æfingatækjum | 100.000 |
| Sunddeild Umf. Selfoss | Kaup á flám | 30.000 |
| Umf. Biskupstungna | Kaup á knattspyrnumörkum | 150.000 |
| **Þeir sem hlutu styrk vegna útbreiðslu - og fræðsluverkefna:** | | |
| Frjálsíþróttadeild Umf. Selfoss | Frjálsíþróttaakademía á Selfossi í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands | 300.000 |
| Golfklúbbur Þorlákshafnar | Efling á barna- og unglingastarfi | 200.000 |
| Handknattleiksdeild Umf. Selfoss | Efling kvennahandbolta á Suðurlandi | 200.000 |
| Körfuknattleiksdeild Umf. Þórs | Verkefni sem stuðlar að því að draga úr brottfalli ungmenna og efla íþróttina | 200.000 |
| **Styrkveiting til íþróttarannsókna:** | | |
| Erlingur Sigurður Jóhannsson | Líkamlegt atgervi, félagslegir þættir og andleg líðan unglinga og ungmenna | 1.350.000 |
| Rannsóknarst. í íþrótta- og heilsufr. | Þrek, holdafar og efnaskiptaheilsa | 800.000 |
| Rannsóknarst. í íþrótta- og heilsufr. | Hreyfing og íþróttaþátttaka barna með þroskahömlun í Reykjavík | 900.000 |

# Ferðasjóður íþróttahreyfingarinnar

Íþrótta- og Ólympíusamband Íslands veitir árlega styrki úr Ferðasjóði íþróttafélaga. Ferðasjóðnum er ætlað að jafna aðstöðumun og efla íþrótta- og forvarnarstarf. Með tilkomu Ferðasjóðs íþróttafélaga voru mörkuð tímamót í ferðakostnaðarmálum íþróttahreyfingarinnar.

Ferðasjóði íþróttafélaga var úthlutað 60 milljónum á fjárlögum árið 2009 og 57 milljónum árið 2010. Framlagið var enn skert á árinu eða um þrjár 3 milljónir.

Rétt er að geta þess að nokkur þeirra félaga sem fengu styrk eru deildarskipt og því getur styrkur þeirra félaga runnið til fleiri en einnar deildar innan viðkomandi félags.

**Úthlutun til aðildarfélaga HSK fyrir keppnisferðir 2009-2011:**

| | **2009** | **2010** | **2011** |
|---|---|---|---|
| Glímuráð HSK | 15.886 | | 33.324 |
| Golfkl. Selfoss | 11.788 | | |
| Hestamannafélagið Geysir | | | 26.348 |
| Íþr.f. Dímon | 58.430 | | 7.654 |
| Íþr.f. Hamar | 293.267 | 302.890 | 435.603 |
| Knattsp. Árborg | 43.752 | 68.041 | 128.831 |
| Knattsp. Rangæinga | 241.285 | 81.693 | 11.242 |
| Knattspyrnuf. Ægir | 133.716 | 54.925 | 49.359 |
| Körfuknattleiksf. FSu | 107.598 | 114.924 | 65.268 |
| Umf. Hekla | | 42.042 | |
| Umf. Hrunamanna | 190.109 | 166.323 | 114.202 |
| Umf. Laugdæla | 68.153 | 89.719 | 89.082 |
| Umf. Selfoss | 1.465.496 | 911.543 | 1.203.083 |
| Umf. Þór | 95.271 | 27.087 | 86.624 |
| **Samtals** | **2.724.751** | **1.859.187** | **2.250.620** |



Liðsmenn Árborgar í einum af útileikjum liðsins í 2. deildinni, gegn Hetti á Egilsstöðum.

# Skólafélag ÍKÍ hættir í HSK

Skólafélag ÍKÍ, sem hefur verið eitt aðildarfélaga HSK undanfarin ár óskaði eftir úrsögn úr HSK með bréfi til stjórnar HSK 3. mars 2011. Þessi úrsögn var samþykkt á aðalfundi félagsins í lok febrúar. Í bréfinu kemur fram að félagið heiti nú Nemendafélagið Vatnið og er félag Íþrótta- og heilsufræðinema við HÍ.

Samkvæmt 5. grein laga HSK miðast úrsögn við næstu áramót, eða 31. desember 2011. Stjórn ber einnig að tilkynna úrsögn félaga á héraðsþingi og var það gert á þinginu á Hellu árið 2011. Rétt er að geta þess að félagið er skuldlaust við HSK, enda telst úrsögn ekki gild nema það sé skuldlaust við sambandið.

HSK þakkar félaginu fyrir samstarfið á liðnum árum.

### Nefndir skipaðar af stjórn:

# Kjörnefnd

Árlega skipar stjórn HSK kjörnefnd sem hefur það verkefni að leggja fram tillögu að stjórnarskipan HSK og nefndarskipan í 16 starfsnefndir Skarphéðins.

**Í kjörnefnd 2011 voru eftirtaldir:**

Helgi Kjartansson, formaður — Varastjórn HSK
S. 486 8920 / 898 1552
Ásta Laufey Sigurðardóttir — Varastjórn HSK
S. 487 8892 / 867 0062
Lára Jónsdóttir — Varastjórn HSK
S. 486 5514 / 847 5353
Guðrún Hafsteinsdóttir — Sundnefnd HSK
S. 483 4814 / 866 6855
Jóhannes Óli Kjartansson — Handknattleiksnefnd HSK
S. 482 2731 / 663 3896

Á héraðsþingi árið 2011 lagði nefndin fram tillögur sínar til afgreiðslu þingsins og voru þær samþykktar samhljóða. Stjórnarskipan má sjá í kafla um héraðsþingið á Hellu og í skýrslum nefnda hér aftar í skýrslunni er greint frá nefndarskipan 2011.

Skoðunarmenn reikninga voru kjörin þau Sigurjón Skúlason og Brynja Hjálmtýsdóttir.

# Valnefnd vegna kjörs á Íþróttamanni HSK

Á héraðsþingi HSK árið 2006 var ákveðið að breyta reglugerð um kjör á íþróttamanni HSK og nú kaus í sjötta sinn sérstök valnefnd íþróttamann HSK úr röðum þeirra sem tilnefndir eru frá nefndum og ráðum HSK.

**Eftirtaldir skipa nefndina:**

| | |
|---|---|
| Guðríður Aadnegard | formaður HSK |
| Árni Þorgilsson | fyrrverandi formaður HSK |
| Fanney Ólafsdóttir | stjórn HSK |
| Guðmundur Karl Sigurdórsson | íþróttafréttamaður |
| Þórir Haraldsson | fyrrv. formaður Umf. Selfoss |
| **Varamaður:** | |
| Ragnar Sigurðsson | varaformaður HSK |

Valnefndin ákvað að styðjast við eftirfarandi þætti í vali sínu á íþróttamanni HSK:

1. alþjóðlegur árangur, landsárangur, og árangur á héraðsvísu
2. íþróttamaður HSK þyrfti að hafa náð 16 ára aldri
3. staða greinarinnar

Íþróttamenn í 21 íþróttagrein voru tilnefndir til kjörs á íþróttamanni HSK og hafa aldrei verið fleiri. Athygli vekur að konur eru í meirihluta þeirra sem tilnefndir voru og hefur það líklega aldrei gerst áður. 13 konur voru valdar íþróttamenn sinna greina og átta karlar.

Eftir að nefndin hafði farið gaumgæfilega yfir greinargerðir sem fylgdu tilnefningunum komst hún að þeirri niðurstöðu að sæmdarheitið Íþróttamaður HSK árið 2011 hlyti frjálsíþróttakonan Fjóla Signý Hannesdóttir Umf. Selfoss.

# Unglingalandsmótsnefnd HSK

14. Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands var í ár haldið á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina. Til að undirbúa þátttöku okkar var skipuð þriggja manna nefnd sem skipuðu þau Guðrún Tryggvadóttir, Jóhann Gunnar Friðgeirsson og Lára Jónsdóttir. Haldnir voru nokkrir fundir fyrir mótið til að skerpa á nokkrum hlutum, en nefndin er búin að fara á nokkur mót.

Mun færri keppendur fóru austur en mættu í Borgarnes 2010. Um 50 keppendur frá HSK mættu til leiks og kepptu þeir í frjálsíþróttum, fimleikum, glímu, knattspyrnu og körfuknattleik.

HSK hópurinn gekk inn á völlinn við setningu mótsins í bolum sem kostaðir voru af Arion banka og er bankanum þakkaður stunðningurinn. Mjög gott veður var um kvöldið. Einnig var hópurinn með gula HSK fána og allir voru héraðssambandinu til sóma.

HSK var úthlutað óþarflega stóru tjaldstæði sem varð til þess að ekki þufti að tjalda eins þétt og t.d. í Borgarnesi. Þar var sett upp samkomutjald sem Umf. Laugdæla lánaði og er hér með komið á framfæri þökkum til Laugdæla. Öll kvöld var boðið upp á kakó og kex.

Keppnislið HSK stóð sig með mikilli prýði og margir titlar unnust, fleiri en árið áður. Styrmir Dan Steinunnarson setti unglingalandsmótsmet í hástökki pilta 12 ára, en hann stökk 1,57 m.

Mótinu lauk á sunnudagskvöldinu með glæsilegri flugeldasýningu og allir fóru glaðir heim eftir vel heppnað mót og eiga allir þakkir fyrir fyrir frábæra helgi þó svo að veðrið hefði mátt vera betra.

**Guðrún Tryggvadóttir**

**Verðlaunahafar HSK á mótinu 2011**

**Fimleikar**

Elva Rún Óskarsdóttir 11 ára tók þátt í fyrsta fimleikamótinu á ULM. Varð hennar lið Skvísurnar og einn gæji í öðru sæti í 5. flokki.

**Glíma**

Marín Laufey Davíðsdóttir varð tvöfaldur Unglingalandsmótsmeistari, vann bæði keppnina í 15 – 16 ára flokki og 17 – 18 ára flokki. Hún glímdi samtals átta glímur á mótinu og vann þær allar.



Styrmir Dan Steinunnarson setti unglingalandsmótsmet í hástökki pilta 12 ára, en hann stökk 1,57 m.

**Knattspyrna**

Stelpur sem æfa með 5. flokki Selfoss 11 – 12 ára skráðu lið undir nafni Selfoss. Aðrar fjórar bættust í hópinn, frá Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Vík. Þær urðu landsmótmeistarar.

17 – 18 ára voru strákar frá Selfossi voru með lið sem þeir nefndu FC Lortur. Þeir tryggðu sér Unglingalandsmótsmeistaratitil.

**Frjálsíþróttir**

**80m stelpur 12 ára**

1. Halla María Magnúsdóttir 11,55

**Kúluvarp stelpur 12 ára**

1. Halla María Magnúsdóttir 11,29
3. Harpa Svansdóttir 8,52




Nokkrir hressir HSK kappar við setningarathöfn mótsins.



Stelpur sem æfa með 5. flokki Selfoss 11 – 12 ára urðu landsmótmeistarar í knattspyrnu.

**Spjótkast stelpur 12 ára**
1. Halla María Magnúsdóttir 28,99

**200m stelpur 12 ára**
1. Halla María Magnúsdóttir 29,49
3. Harpa Svansdóttir 30,65

**Langstökk stelpur 12 ára**
1. Harpa Svansdóttir 4,46
2. Halla María Magnúsdóttir 4,30

**Þrístökk stelpur 12 ára**
1. Harpa Svansdóttir 9,62
2. Halla María Magnúsdóttir 9,06

**600m stelpur 12 ára**
2. Halla María Magnúsdóttir 2:00,99

**4x100 m boðhlaupið stelpur 12 ára**
1. HSK sveit

**Hástökk piltar 12 ára**
1. Styrmir Dan Steinunnarson 1,57

**Kúluvarp piltar 12 ára**
1. Styrmir Dan Steinunnarson 9,51

**Spjótkast piltar 12 ára**
1. Styrmir Dan Steinunnarson 34,25

**80m piltar 12 ára**
2. Styrmir Dan Steinunnarson 11,53
3. Baldur Viggósson 11,78

**Langstökk pilta 12 ára**
2. Styrmir Dan Steinunnarson 4,19

**Þrístökk pilta 12 ára**
2. Styrmir Dan Steinunnarson 9,34

**200m pilta 12 ára**
2. Styrmir Dan Steinunnarson 29,47

**Þrístökk pilta 13 ára**
1. Bjarki R. Bjarnason 10,64

**80m pilta 13 ára**
2. Bjarki R. Bjarnason 10,55

**Langstökk pilta 13 ára**
3. Bjarki R. Bjarnason 5,13

**Spjótkast pilta 13 ára**
2. Teitur Örn Einarsson 43,22
3. Sveinbjörn Jóhannesson 40,98

**4x100 m boðhlaup pilta 13 ára**
1. HSK sveit 56,14

**Þrístökk telpur 14 ára**
1. Dagný Lísa Davíðsdóttir 9,74

**Hástökk telpur 14 ára**
2. Dagný Lísa Davíðsdóttir 1,53

**Kúluvarp telpur 14 ára**
2. Dagný Lísa Davíðsdóttir 9,29

**Spjótkast telpur 14 ára**
2. Andrea Vigdís Victorsdóttir 33,74

**800m telpur 14 ára**
2. Andrea Vigdís Victorsdóttir 2:46,0

**Spjótkast pilta 14 ára**
1. Sigþór Helgason 49,35

**Kúluvarp pilta 14 ára**
2. Sigþór Helgason 10,82

**Kringukast pilta 14 ára**
3. Sigþór Helgason 30,19

**Langstökk pilta 14 ára**
3. Sigþór Helgason 5,28

**200m meyja 15 ára**
1. Sólveig Helga Guðjónsdóttir 26,80

**Kúluvarp meyja 15 ára**
1. Thelma Björk Einarsdóttir 11,34

**800m meyja 15 ára**
2. Sólveig Helga Guðjónsdóttir 2:33,79

**100m meyja 15 ára**
2. Guðrún Heiða Bjarnadóttir 13,60

**4x100 m boðhlaup meyja 15 ára**
1. HSK sveit 53,21

**200m sveina 15 ára**
2. Baldvin Ari Eiríksson 26,39

**100m sveina 15 ára**
3. Baldvin Ari Eiríksson 13,02

**Spjótkast sveina 15 ára**
3. Baldvin Ari Eiríksson 39.27

**Kúluvarp meyja 16 -17 ára**
1. Eva Lind Elíasdóttir 9,97

**Kringukast meyja 16 -17 ára**
1. Eva Lind Elíasdóttir 23,90

**100m meyja 16-17 ára**
3. Eva Lind Elíasdóttir 13,39

**Þrístökk meyja 16 -17 ára**
3. Eva Lind Elíasdóttir 10,04

**Kringukast sveina 16 -17 ára**
2. Jóhann Erlingsson 37,50

**Spjótkast sveina 16 – 17 ára**
2. Jóhann Erlingsson 41,50

**Kúluvarp sveina 16 -17 ára**
3. Jóhann Erlingsson 13,40

# Framkvæmdanefnd landsmóta á Selfossi

Framkvæmdanefnd landsmóta á Selfossi vinnur áfram að undibúningi Unglingalandsmóts UMFÍ 2012 og Landsmóts UMFÍ 2013.
Á árinu varð sú breyting á skipan nefndarinnar að UMFÍ skipar nú eingöngu einn fulltrúa sem er Örn Guðnason sem einnig sat í henni áður. Nefndin ákvað hinsvegar að óska eftir að formaður og framkvæmdastjóri UMFÍ sitji nefndarfundi til að tryggja sem best flæði reynslu og upplýsinga.

Nefndin hefur skipt með sér verkum og fundað um það bil mánaðarlega. Auk þess sem vinnuhópur var skipaður í október, sem hittist milli nefndarfunda.

Ýmis verkefni sem nefndin hefur unnið að munu nýtast báðum mótunum, svo sem það sem varðar aðkomu og samstarf við Sveitarfélagið Árborg í aðstöðumálum. Á Selfossi er á öllum sviðum mjög glæsileg aðstaða til mótshaldsins með nýjum íþróttavöllum bæði fyrir knattspyrnu og frjálsar íþróttir, íþróttahúsum, hestaíþróttaaðstöðu, golfvelli og íþróttahúsum. Af nýframkvæmdum ber nú hæst skipulag og frágangur 13 ha. svæðis fyrir tjaldsvæði fyrir mótin sem voru unnin á síðasta ári og er sunnan byggðar á Selfossi en þó í næsta nágrenni mótssvæðisins. Unnið er að lokafrágangi íþróttavallarsvæðanna sem verða tilbúin til að taka við mótshaldinu. Samstarf við sveitarfélagið og starfsmenn þess hefur verið með miklum ágætum og ljóst að af hálfu heimamanna verður metnaður lagður í mótshaldið.

Við ákvörðun keppnisgreina hefur nefndin haft það að leiðarljósi hvaða greinar voru tilteknar í umsókn HSK um mótshaldið og þess að við getum framkvæmt keppnina við góðar aðstæður og með fullum sóma. Jafnframt hefur verið horft til þess hvaða keppnisgreinar eru stundaðar á sambandssvæði HSK og reynt að bjóða upp á keppni í öllum þeim sem aðstæður leyfa að okkar mati.

Keppnisgreinar á Unglingalandsmótinu hafa verið endanlega ákveðnar og er nýmæli að keppt verður í taekwondo og tveimur greinum starfsíþrótta, þ.e. stafsetningu og upplestri. Alls verður því keppt í 14 greinum á Selfossi; dans, fimleikar, frjálsíþróttir, glíma, golf, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, knattspyrna, körfuknattleikur, mótorkross, skák, starfsíþróttir, sund og taekwondo. Fengnir hafa verið sérgreinastjórar fyrir allar keppnisgreinar, haldinn hefur verið fundur með þeim og er nú verið að leggja lokahönd á keppnisreglur í öllum greinum. Þá hafa staðsetningar og tímasetningar verið ákveðnar í stærstu dráttum. Skipulag mótsins verður að okkar mati að þola amk. tvöföldun keppenda frá síðasta unglingalandsmóti á Egilsstöðum og samsvarandi eða meiri fjölgun gesta sem koma til skemmri og lengri dvalar á mótinu.

Keppnisgreinar á Landsmótinu 2013 hafa einnig verið ákveðnar og sendar til staðfestingar stjórnar UMFÍ og verða eftirtaldar: badminton, blak, boccia, borðtennis, bridds, dans, fimleikar, frjálsíþróttir, glíma, golf, götuhlaup, 10 km., handknattleikur, hestaíþróttir, íþróttir fatlaðra, júdó, knattspyrna, kraftlyftingar, körfuknattleikur, mótorkross, pútt, skák, skotfimi, starfsíþróttir, sund og taekwondo. Nefndin hefur ákveðið að bjóða upp á opna þátttöku í 10 km. götuhlaupi, pútt og boccia á mótinu. Einnig að heimilt verði að senda tvö lið til keppni í bridds, fimleikum og skák. Þar sem innan UMFÍ er nú haldið sérstakt landsmót fyrir eldri ungmennafélaga ásamt Unglingalandsmótinu, ákvað nefndin að bjóða ekki upp á sérstakar keppnisgreinar með aldurstakmörkun en bjóða alla keppendur velkomna til þátttöku í öllum keppnisgreinunum óháð aldri.

Í byrjun janúar sl. kallaði nefndin saman nokkra unglinga með áhuga og reynslu af þátttöku í unglingalandsmótum, sér til ráðgjafar við undirbúning mótshaldsins. Ungmennin komu með skemmtilegar og athyglisverðar ábendingar sem nefndin mun hafa að leiðarljósi við skipulag og framkvæmd mótsins.

Nefndin hefur staðið fyrir kynningu unglingalandsmótsins innan héraðs og á þeim viðburðum sem haldnir hafa verið, svo sem á Sambandsþingi UMFÍ sl. haust. Út er kominn sérstakur kynningarbæklingur fyrir mótið sem mun verða dreift á næstu vikum og mánuðum. Þá hefur verið unnið að fjármögnun og gerð




Frá undirskrift samninga vegna unglingalandsmóts á Selfossi 2012.



Framkvæmdir við nýtt tjaldsvæði í Björkurstykki við Selfoss.

styrktarsamninga við fyrirtæki og fjárhagsáætlun liggur fyrir sem gerir ráð fyrir að sambandsaðilar HSK fái eðlilega umbun fyrir vinnuframlag sjálfboðaliða sinna í samræmi við reglur sem samþykkktar hafa verið innan HSK. Kvöldvökur, dansleikir og hljóðkerfismál eru nú komin í farveg og undirritaður hefur verið samstarfssamningur við Björgunarfélag Árborgar um gæslu og flugeldasýningu.

Nefndin hefur undirbúið skipulag á þeirri miklu sjálfboðavinnu sem nauðsynleg er til að halda mótið. Eins og áður hefur komið fram er vonast eftir góðum viðbrögðum aðildarfélaga HSK því mörg handtök þarf að vinna við undirbúning og framkvæmd mótsins. Sérgreinastjórar munu sjá um að kalla til starfsfólk til að framkvæma íþróttakeppnina sjálfa, hver á sínu sviði. Því til viðbótar þarf mikinn mannafla við undirbúning, í gæslu, sölustarfsemi, þrif og þjónustu við mótsgesti á meðan á mótinu stendur. Nefndin vonast eftir að aðildarfélögin bregðist kröftuglega við óskum um starfsfólk til starfa við mótið.

Eins og allir vita þá er mótshald sem þetta mjög umfangsmikið. Öflug kynning mótshaldsins er fyrirhuguð á Selfossi og Suðurlandi öllu til að sem flestir verði virkir í undirbúningi og geti lagt sín lóð á vogarskálar. Nefndin leggur áherslu á að hér er um að ræða stórt sameiginlegt verkefni allra ungmennafélaga á sambandssvæði HSK og Sunnlendinga allra. Það mun reyna á okkur öll að taka vel á móti þeim tugþúsundum gesta sem búast má við að sæki mótið heim, bæði keppenda og gesta. Við megum ekki gleyma því að við þurfum að bjóða gestina velkomna og vinna að því að þeim líði vel á meðan þeir eru í heimsókn.

Með öflugri þátttöku, góðu mótshaldi og jákvæðum móttökum getur ungmennafélagshreyfingin að mínu mati sent mjög þörf skilaboð til samfélagsins alls, skilaboð um kröftuga og heilbrigða æsku, öflugt uppeldis- og íþróttastarf og samtakamátt Sunnlendinga um að standa glæsilega að framkvæmd stórmóta. Það er sameiginlegt verkefni okkar allra að mótið takist með glæsibrag.

Nefndin hefur sett sér það markmið að taka á móti gestum með bros á vör!

**F.h. framkvæmdanefndar Landsmóta á Selfossi,**
**Þórir Haraldsson, formaður.**

# Íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK

Á 89. héraðsþingi Skarphéðins, sem haldið var á Hellu 12. mars, var samþykkt að stofna íþróttanefnd eldri félagsmanna hjá HSK. Kveikjan að þessari nefndarstofnun var m.a. fyrirhugað Landsmót UMFÍ 50 + á Hvammstanga 24. – 26. júní 2011.

Í nefndina voru skipuð þau Tómas Jónsson Umf. Selfoss, Markús Kr. Ívarsson Umf. Samhygð og Ingibjörg Marmundsdóttir Umf. Dagsbrún.

Fyrsti fundur var haldinn 28. maí, Engilbert Olgeirsson framkvæmdastjóri HSK stjórnaði honum og er Engilbert nefndinni ávallt til halds og trausts.

Nefndin skipti með sér verkum þannig að Tómas er formaður, Ingibjörg ritari og Markús Kr. varaformaður.

Fyrsta verkefni nefndarinnar var svo að kynna landsmótið innan svæðisins og var það gert m.a. með „maður á mann“ aðferðinni, bæklingum var dreift og Tómas skrifaði hvatningargreinar í héraðsblöð.

Fjórir keppendur frá HSK mættu svo til keppni á þessu fyrsta landsmóti 50 + þeir Jóhannes Sigmundsson, Árni Einarsson, Jón M. Ívarsson og Markús Kr. Ívarsson.

Fimmti skráði keppandinn Tómas Jónsson gat ekki keppt vegna meiðsla. Jóhannes keppti í golfi og hinir í frjálsum íþróttum og boccia. Þessir herramenn eru allir kjörnir öðlingar HSK. Skipulag mótsins og aðstaða þótti í besta lagi.



Keppendur HSK á fyrsta landsmóti 50+ árið 2011.

Áhugi er fyrir því hjá nefndinni að keppendur verði mun fleiri á næsta landsmóti 50+, að fá æfingaaðstöðu á Selfossvelli fyrir eldri íþróttamenn og halda síðan öldungamót. Vonandi verður allt þetta að veruleika á árinu 2012.

**F.h. nefndarinnar**
**Ingibjörg Marmundsdóttir ritari.**

# Nefnd sem endurskoðar reglugerð um héraðsmót

**Nefndina skipuðu eftirtalin:**

| | |
|---|---|
| Ragnar Sigurðsson | varaformaður HSK |
| Ásta Laufey Sigurðardóttir | varastjórn HSK |
| Örn Guðnason | framkæmdastjóri Umf. Selfoss |

Fyrir héraðsþingið 2011 óskaði nefndin eftir því að þingið samþykkti að stjórn HSK yrði falið að samþykkja nýja reglugerð sem myndi þá taka gildi 1. janúar árið 2012. Ekki voru gerðar athugasemdir við þessa tillögu nefndarinnar.

Ekki náðist að ganga frá nýrri reglugerð fyrir áramót. Stjórn ákvað því að fresta gildistöku nýrrar reglugerðar til ársins 2013.



**Skýrslur nefnda og sérráða HSK:**
**Upplýsingar um íþróttamenn einstakra greina, sem nefndir og ráð tilnefndu eru á einum stað hér framar í ársskýrslunni á bls. 10-11.**

# Almenningsíþróttanefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Ingvar Garðarsson | Umf. Skeiðamanna | Háengi 8 | S. 482 2730 / 698 5730 |
| | Magnús Jóhannsson | Umf. Selfoss | Skólavöllum 12 | S. 482 2723 |
| | Kjartan Guðmundsson | Umf. Hvöt | Steingrímsstöð | S. 482 2656 / 856 1176 |
| Varam: | Ingibjörg Jóhannesdóttir | Umf. Selfoss | Miðengi 11 | S. 482 2053 / 690 7347 |

Hið árlega Bláskógaskokk HSK fór fram laugardaginn 25. júní 2011 í blíðskaparveðri undir stjórn UMFL og almenningshlaupanefndar HSK.

Að venju var keppt í tveimur vegalengdum 10 mílna og 5 kílómetra hlaupum. 10 mílurar voru hlaupnar án umferðar í fyrsta sinn því í sl haust var opnaður nýr vegur á milli Þingvalla og Laugarvatns. Ný leið var haupin í 5 km, farið var frá íþróttavellinum, um Laugarvatn og enda aftur á vellinum. Kári Steinn Karlsson sigraði í karlaflokki í 10 mílum á 53:27 mínútum. Birna Varðardóttir sigraði í kvennaflokki á 1:07:36 mínútum. Haukur Guðmundsson sigraði í 5 km karla á 22:29 mín og Bryndís Ásta Björgvinsdóttir sigraði í 5 km kvenna á 27:30. Alls hlupu 51. Öll úrslit eru birt á www.hlaup.is.

# Badmintonnefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Sigurður Blöndal | Íþr.f. Hamri | Heiðarbrún 64 | S. 483 4638 |
| | Auðunn Guðjónsson | Íþ.f. Hamri | Heiðmörk 50 | S. 483 4765 / 899 5487 |
| | Sæmundur Steingrímsson | Umf. Þór | Setbergi 19 | S. 483 3852 / 898 4872 |
| Varam: | Kristín Ólafsdóttir | Íþr.f. Hamri | Miðholti 11 | S. 486 4539 / 863 7139 |

Badmintonnefnd HSK hélt héraðsmót á árinu, en unglingamótið var ekki haldið eins og undanfarin ár.

**Héraðsmót HSK**
Meistaramót HSK í badminton var haldið í Þorlákshöfn 20. mars 2011. Það voru á sjötta tug keppenda frá þremur aðildarfélögum sem tóku þátt, frá Þór Þorlákshöfn, UMFH og Hamri í Hveragerði.

Bjarndís Helga Blöndal varð þrefaldur HSK meistari, í kvennaflokki, undir 19 ára, og í undir 17 ára, sem er hennar flokkur. Imesha Chaturanga, Hamri varð einnig þrefaldur HSK meistari, í u – 17, u – 19 ára og karlaflokki. Keppendum er leyfilegt að keppa í fleiri en einum flokki, sínum og svo upp fyrir sig í aldri.

Hamar vann stigakeppni félaga með 79 stig, Þór fékk 36 stig og UMFH 4 stig.



Ungir verðlaunahafar á héraðsmóti í badminton.

# Blaknefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Bryndís Sigurðardóttir | Íþr.f. Hamri | Réttarheiði 9 | S. 483 4347 / 896 9838 |
| | María Rósa Einarsdóttir | Íþr.f. Dímon | Njálsgerði 14 | S. 487 8894 / 865 3694 |
| | Gunnhildur Hinriksdóttir | Umf. Laugdæla | Laugarbraut 7b | S. 486 1123 / 694 5244 |
| Varam: | Kristján Geir Guðmundsson | Umf. Hrunamanna | Frostafold 14 | S. 567 8543 / 863 8543 |

Blakiðkun sunnlendinga blómstrar nú sem aldrei fyrr, liðum fjölgar og framfarir miklar. Þátttaka í mótum á vegum HSK slær öll met.

Haldin eru hraðmót beggja kynja á hverju ári og héraðsmót sem spiluð eru í tveimur umferðum. Sömuleiðis eru árlega krakka- og unglingamót en Dímon hefur frá upphafi haft veg og vanda að þeim mótum og eiga heiður skilin fyrir elju sína og dugnað. Blaknefnd HSK samdi á árinu ítarlegar og vel útfærðar reglur sem gilda fyrir héraðsmótin en þegar liðin eru orðin svona mörg þurfa öll formsatriði og útfærslur að liggja fyrir.

**Héraðsmót karla**
38. héraðsmót karla var haldið og unnu Hrunamenn það 12. árið í röð en samtals hafa þeir unnið héraðsmótin 15 sinnum.

**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. Hrunamenn | 17 stig |
| 2. Hamar | 17 stig |
| 3. Samhygð | 11 stig |
| 4. Laugdælir 1 | 7 stig |
| 5. Selfoss | 7 stig |
| 6. Laugdælir 2 | 1 stig |



Sigurlið Hamars á héraðsmóti kvenna í blaki 2011.

**Héraðsmót kvenna**
30. héraðsmót kvenna var haldið og hampaði Hamar bikarnum í 16. sinn.

**Lokastaðan:**

1. Hamar 1
2. Dímon
3. Hrunakonur 2
4. Garpur
5. Laugdælir
6. Hrunakonur 1
7. Hamar 2

**Hraðmót kvenna**
17. hraðmót kvenna í blaki fór fram á Hvolsvelli 24. október og var það tíðindamikið mót. Hamar sem hampað hefur hraðmótstitli 11 sinnum varð að sætta sig við 3. og 7. sæti. Laugdælur sem hrepptu gullið 2010 áttu ekki heldur góðan dag og lentu í 6. og 9. sæti. Hrunakonur sigruðu með glæsibrag og Garpur sem hafa tekið stórstígum framförum lentu í öðru sæti. 10 lið mættu til leiks og það er liðin tíð að ákveðin lið gangi að sigrum vísum, leikirnir eru spennandi og skemmtilegir.

**Lokastaða:**

1. Hrunamenn
2. Garpur
3. Hamar 1
4. Dímon 2
5. Dímon 1
6. Laugdælir 1
7. Hamar 2
8. Hvöt 1
9. Laugdælir 2
10. Hvöt 2

**Hraðmót karla**
17. hraðmót karla var haldið á Laugarvatni þann 2. nóvember og endurtóku Hamarsmenn leikin frá árinu á undan og sigruðu. Laugvetningar skörtuðu bæði „ungum“ og „gömlum“ leikmönnum og fóru á kostum. ÍKÍ, sem hljóp í skarðið fyrir Selfossliðið sem gekk úr skaftinu á síðustu stundu, sýndu líka frábæra takta og mikla leikgleði.

**Lokastaðan:**

1. Hamar
2. Hrunamenn
3. Laugdælir G
4. Laugdælir U
5. Garpur
6. ÍKÍ

**Barna- og unglingastarf**
Dímon hefur sem fyrr verið burðarás í unglingastarfi svæðisins, þar þurfa önnur félög á svæðinu að taka sig á og hefja uppeldi blakiðkenda.

**Flokkur 5.1**
Þar mættu fimm Dímonarlið og eitt frá Garpi og var hver leikur spilaður í 10 mínútur. Enginn úrslit voru skráð en allir fengu gullverðlaun að lokum.


Keppendur í flokki 5.1 á krakkablakmóti HSK.

**5. flokkur, 6. bekkur og yngri**

| | |
|---|---|
| 1. sæti Dímon B | 6 stig |
| 2. sæti Dímon C | 3 stig |
| 3. sæti Dímon A | 2 stig |
| 4. sæti Garpur | 1 stig |

**4. flokkur stúlkna, 7. - 8. bekkur**

| | |
|---|---|
| 1. sæti Dímon | 2 stig |
| 2. sæti Garpur | 1 stig |

**4. flokkur drengja, 7. - 8. bekkur**

| | |
|---|---|
| 1. sæti Dímon | 2 stig |
| 2. sæti Garpur | 0 stig |

**Unglingamót drengja**

| | |
|---|---|
| 1.sæti Dímon 10. b | 6 stig |
| 2.sæti Dímon 9. b | 3 stig |
| 3.sæti Dímon 8. b | 0 stig |

**Unglingamót stúlkna**

| | |
|---|---|
| 1.sæti Dímon 9.b | 6 stig |
| 2.sæti Dímon 8.b | 4 stig |
| 3.sæti Dímon 10.b | 4 stig |
| 4.sæti Garpur | 0 stig |

**Okkar lið utan sambandssvæðisins**
Hamar, Hrunamenn, Laugdælir og Dímon eru iðin við að taka þátt í stærri mótum íþróttarinnar. Öll þessi félög hafa sent lið bæði á Íslandsmót og Íslandsmót öldunga. Hamar karlar og Hrunamenn karlar spiluðu í efstu deild á Öldungamótinu sem að þessu sinni var haldið í Vestmannaeyjum og Laugdælir karlar í fjórðu deild. Hamarskonur eru í þriðju deild, Dímonarkonur í sjöttu deild, Laugdælur í áttundu deild, Garpar í 10. deild í elleftu deild var B lið Hamarskvenna og splunkunýtt lið Hvatar í Grímsnesi. HSK átti því 7% liða á þessu stóra móti og það verður að teljast góður árangur.

**F.h. blaknefndar HSK,**
**Bryndís Sigurðardóttir**

# Borðtennisnefnd

**Nefndina skipuðu:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Sigurjón Sváfnisson | Íþr.f. Dímon | Njálsgerði 12 | S. 487 8312 |
| | Guðni Sighvatsson | Íþr.f. Garpi | Laugalandi | S 487 1151 / 891 7898 |
| | Reynir Björgvinsson | Íþr.f. Dímon | Gilsbakka 7 | S. 487 8042 / 822 7448 |
| Varam: | Ólafur Elí Magnússon | Íþr.f. Dímon | Króktúni 9 | S. 487 8692 / 848 6196 |

Héraðsmótið í borðtennis var haldið á Hvolsvelli 24. nóvember 2011. 57 keppendur frá Dímon, Garpi, Hrunamönnum og Skeipamönnum mættu til keppni. Heildarúrslit má sjá á www.hsk.is.

**Stigakeppni félaga:**

| | |
|---|---|
| 1. Íþr.fél. Dímon | 90 stig |
| 2. Íþr.fél. Garpur | 35 stig |
| 3.Umf. Hrunamanna | 28,5 stig |
| 4. Umf. Skeiðamanna | 14 stig |

# Briddsnefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Garðar Garðarsson | Umf. Selfoss | Tunguvegi 3 | S. 482 2352 / 893 2352 |
| | Ómar Olgeirsson | Íþr.f. Garpi | Hraunbæ 44 | S. 869 1275 |
| | Kristján Hálfdánarson | Íþr.f. Dímon | Króktúni 7 | S. 487 8237 / 855 1697 |
| Varam: | Sveinn Þór Gunnarsson | Umf. Gnúp. | Stóra-Núpi | S. 486 6019 / 895 6991 |

**HSK mótið í tvímenningi**

Hið árlega HSK mót í tvímenningi í bridds var haldið í Tryggvaskála 7. janúar 2011. Kristján Már Gunnarsson og Helgi Grétar Helgason urðu HSK meistarar, en þeir tóku snemma forystu og létu hana ekki af hendi eftir það.

Heildarúrslit og nánari upplýsingar um einstaka umferðir má sjá á www.bridge.is/felog/nr/1777

**Efstu pör:**

1. Kristján M. Gunnarsson og Helgi G. Helgason Selfoss 63,9%
2. Brynjólfur Gestsson og Helgi Hermansson, Self./Eyrarb. 61,9%
3. Þröstur Árnason og Ríkharður Sverrisson, Selfoss 56,9%

# Fimleikanefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Sandra Sigurðardóttir | Íþr.f. Hamar | Arnarheiði 33 | S. 483 1740 / 865 4448 |
| | Hólmfríður Fjóla Smáradóttir | Umf. Þór | Lýsubergi 15 | S. 770 3873 |
| | Laufey Ósk Magnúsdóttir | Umf. Selfoss | Grenigrund 7 | S. 482 1188 / 698 0583 |
| Varam: | Freydís Örlygsdóttir | Umf. Bisk | Bjarkarbraut 20 | S. 486 8854 / 699 5038 |

**HSK mót í fimleikum**

Starf fimleikanefndar HSK felst aðallega í því að halda eitt HSK-mót á ári og var það haldið í Þorlákshöfn 9. apríl 2011. Mótið tókst vel í alla staði en 16 lið frá þremur félögum tóku þátt. Það var að vísu minni þátttaka en hefur verið síðustu ár svo vonandi verða fleiri keppendur að ári og fleiri félög. Mótið var í tveimur hlutum þar sem 5.fl og 5.fl.B Landsreglna voru í fyrri hluta og aðrir flokkar í seinni hluta, þ.e. 3.-4.fl. Landsreglur og 1.-2.fl. Team Gym. Var sá hátturinn hafður á í ár að öll börn í 5. flokki og 5. flokki B í fyrri hluta mótsins fengu verðlaunapening fyrir sitt sæti og vakti það mikla lukku. Í öðrum flokkum voru gefin verðlaun fyrir 1. sæti, verðlaunapeningar, eignabikarar og farandbikarar. Allir keppendur fengu svo lítil páskaegg frá Nóa Siríus með málshætti í þátttökuviðurkenningu í tilefni af því hve stutt var í páska.

Keppt var í 5. flokki B í fyrsta skipti en sá flokkur kemur nú í stað byrjendareglna áður með breyttum reglum. Þá er keppt samkvæmt reglum úr 5. flokki landsreglna með þeim undantekningum að: dansinn þarf að vera a.m.k. 1:00 mín í stað 1:30, það má keppa í spennuhoppi á trampólíni sem gildir þá það sama og grípa og það þarf ekki að fara yfir hest á trampólíni frekar en liðið vill. Ástæður fyrir þessarri breytingu voru aðallega þær að:

1. landsreglurnar eru mun skýrari og þ.a.l. auðveldara að fara eftir þeim og dæma samkvæmt þeim. Einnig eru þær meira í takt við framhaldið fyrir byrjendur í fimleikum sem stefna á að keppa í landsreglum síðar meir.

2. Einnig er í raun auðveldara að mörgu leiti að uppfylla keppnisskilyrði í 5. fl., sérstaklega á dýnu, og því betri tækifæri fyrir fleiri lið að komast á mótið.

Enn verða þó krýndir HSK-meistarar í byrjenda-flokki/byrjendareglum þó að keppt verði hér eftir samkvæmt landsreglum 5. fl. B.

**Úrslitin frá HSK mótinu**

**HSK mót 2011 1. hluti**

| Lið - 5.fl.B | Dans | Dýna | Tramp | Samanlagt |
|---|---|---|---|---|
| Selfoss HB1 | 7,85 | 4,50 | 5,05 | 17,40 |
| Þór T3 | 6,95 | 4,30 | 4,85 | 16,10 |
| Selfoss HL8 | 6,10 | 4,25 | 5,30 | 15,65 |
| Þór T4 | 7,40 | 3,75 | 4,05 | 15,20 |
| Hamar 2 | 6,05 | 3,00 | 3,75 | 12,80 |

**HSK mót 2011 1. hluti**

| Lið | Dans | Dýna | Tramp | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Selfoss HL4 | 8,05 | 6,85 | 6,80 | 21,70 |
| Selfoss HL5 | 7,65 | 6,50 | 7,05 | 21,20 |
| Selfoss HL7 | 7,90 | 5,45 | 6,50 | 19,85 |
| Hamar 1 | 6,90 | 4,55 | 6,50 | 17,95 |



Lið Selfoss sýnir tilþrif í gólfæfingum.

**HSK mót 2011 2. hluti**

| Lið | Dans | Dýna | Tramp | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **1.fl.** | | | | |
| Selfoss HM2 | 13,60 | 13,30 | 12,95 | 39,85 |
| **2.fl.** | | | | |
| Selfoss HM3 | 13,70 | 12,95 | 12,85 | 39,50 |
| Selfoss HM4 mix | 11,85 | 12,70 | 11,90 | 36,45 |
| **3.fl.** | | | | |
| Selfoss HL1 | 7,65 | 6,20 | 7,05 | 20,90 |
| Þór T1 | 8,00 | 5,70 | 6,40 | 20,10 |
| **4.fl.** | | | | |
| Selfoss HL2 | 8,05 | 6,20 | 6,75 | 21,00 |
| Þór T2 | 5,15 | 4,50 | 6,50 | 16,15 |

**HSK- mót í almennum fimleikum**

HSK mót í almennum fimleikum var í fyrsta skipti haldið í Þorlákshöfn laugardaginn 24. nóvember 2011. Alls voru um 110 fimleikaiðkendur skráðir til leiks sem þykir mjög gott. Keppt var eftir almennum fimleikastiga FSÍ sem er einstaklingskeppni.

Þar sýna keppendur æfingar á 4 áhöldum: gólfi, dýnu, trampólíni og stökki. Veitt eru verðlaun fyrir efstu 3 sætin á hverju áhaldi.

Þetta keppnisfyrirkomulag hentar mjög vel fyrir þau félög sem hafa ekki marga iðkendur og ná ekki í lið fyrir hópfimleika.

Í almennum fimleikum fær hver og einn að njóta sín á sínu sviði og sýna sitt besta. Einnig voru aldurshópunum sem voru fjölmennastir skipt upp í A og B flokk.



Selfyssingar voru sigursælir á héraðsmótinu í fimleikum.

Keppnin gekk mjög vel fyrir sig og mótshaldarar stóðu sig með prýði, svo ekki sé talað um allt hæfileikaríka fimleikafólkið innan HSK sem stóð sig mjög vel.

Keppendur komu frá Hamri, Þór, Hrunamönnum og Umf. Biskupstungna.

Úrslit mótsins má nálgast á www.hsk.is.

# Frjálsíþróttaráð HSK

Stjórn ráðsins skipa Benóný Jónsson, formaður, Steinunn E. Þorsteinsdóttir, gjaldkeri, Ingvar Garðarsson, meðstjórnandi, Tómas Karl Guðsteinsson, meðstjórnandi. Starfsmaður: Ólafur Guðmundsson, verkefnisstjóri

**Skýrsla stjórnar:**

Aðalfundur ráðsins var haldinn 23. mars og mættu 12 fulltrúar frá sex aðildarfélögunum. Starfsemi frjálsíþróttaráðs hefur verið með hefðbundnum og öflugum hætti, þar sem Ólafur Guðmundsson verkefnisstjóri hefur verið ötull við að skipuleggja atburði og draga saman lið til keppni á mótum utan héraðs. Samæfingar frjálsíþróttaiðkenda voru haldnar á Laugarvatni, í Þorlákshöfn, á Selfossi og í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. Æfingarnar voru nokkuð dreift yfir tímabilið, sú fyrsta í nóvember 2010 á Laugarvatni og sú síðasta í ágúst 2011 á Selfossi. Alls voru samæfingar 12 talsins og gengu þær mjög vel. Auk þess voru haldnar bikaræfingar og nokkrir hópeflisfundir keppnisliða fyrir Íslandsmót og bikar. Keppnislið okkar var áfram sameiginlegt, HSK/Selfoss á Íslandsmótum. Áfram voru héraðsmót innanhúss, utan héraðsleika, haldin í Frjálsíþróttahöllinni í Reykjavík. Almenn ánægja virðist ríkja með það fyrirkomulag. Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn á vegum ráðsins á Selfossi í júní og tókst vel. Á síðasta ári varð nokkuð tap á rekstri skólans, en að þessu sinni var rekstur hans skárri og reksturinn kom út á núlli. Á haustfundi ráðsins, sem haldinn var í Selinu á Selfossi 11. október, var ákveðið að halda innanhúsmótin áfram í þeirri góðu aðstöðu sem býðst í Frjálsíþróttahöllinni og stefnt skyldi að áframhaldandi rekstri frjálsíþróttaskólans, en fara þarf þó yfir rekstrarhlið hans. Árangur keppenda HSK á mótum utanhéraðs var góður á árinu, mikið um bætingar einstakra íþróttamanna og mörg héraðsmet slegin.

**Þátttaka í mótum 2011**

*Reykjavíkurmeistaramót 8. janúar 2011:* Haraldur Einarsson með HSK met í 200 m hlaupi, 22,92 sek.

*Héraðsmót HSK innanhúss 2011:* Héraðsmót HSK í frjálsíþróttum innanhúss 2011 voru öll haldin í Laugardalshöllinni í ár. Þetta var í annað skiptið sem mótin voru haldin í höllinni og er óhætt að segja að það hafi tekist frábærlega, fjölgun varð á keppendum frá því árið áður og mikil ánægja og gleði skein úr hverju andliti sem fyrr, enda nóg pláss og góðar aðstæður til að bæta sig.



Dómaranámskeið í frjálsum var haldið í Selinu.

*Aldursflokkamót HSK 11 – 14 ára:* Haldið í frjálsíþróttahöllinni í Laugardalnum í Reykjavík 9. janúar og mættu keppendur frá níu félögum á mótið. Þetta er í annað sinn sem mótið er haldið í höllinni við toppaðstæður. Selfoss sigraði stigakeppnina með 365 stig, Dímon varð í öðru sæti með 175 stig og Þjótandi, sem er sameiginlegt lið Vöku, Baldurs og Samhygðar varð í þriðja sæti með 98 stig.

*Unglingamót HSK 15 – 22 ára:* Haldið á sama tíma og Aldursflokkamótið. Góð keppni var í mörgum greinum. Lið Umf. Selfoss hlaut 112,5 stig, Dímon varð í öðru sæti með 74 stig og Þór í 3. sæti með 65 stig.

*Héraðsmót:* Haldið á tveimur kvöldum, 12 – 13. janúar í Reykjavík. Eitt HSK met var sett á mótinu, en sveit Laugdæla bætti metið í 4 x 200 m hlaupi karla. Sveitin hljóp á 1:40,07 mín. og bætti þar með ársgamalt met Þjótanda. Í sveit Laugdæla voru Hákon Fannar Ellertsson, Hörður Harðarsson, Víðir Þór Þrastarson og Ólafur Guðmundsson. Lið Selfoss sigraði í stigakeppni félaga með 125 stigum, Þjótandi varð í öðru sæti með 51 stig og lið Laugdæla varð í



Keppendur í 60 m hlaupi stúlkna 15 - 17 ára á unglingamóti HSK.



Bikarlið HSK utanhúss 2011.

þriðja sæti með 45 stig.

*3 HSK met á Reykjavík International leikunum:* Keppendum HSK/Selfoss gekk mjög vel á Reykjavíkurleikunum sem haldnir voru í Frjálsíþróttahöllinni þann 15. janúar. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, 15 ára, sló HSK met í meyja- og stúlknaflokki þegar hún hljóp 400 m hlaup á 62,53 sek. Andrea Vigdís Victorsdóttir, 14 ára, keppti í 800 m. hlaupi í flokki 13-14 ára og lenti í öðru sæti á nýju Selfossmeti, 2:32,14 mín, fyrra metið var einungis 7 daga gamalt í eigu Dagnýjar Lísu Davíðsdóttur. Kvennasveit í 4x200 m. boðhlaupi setti HSK met er þær hlupu á 1:48,43mín. og bættu fyrra metið um 3 sekúndur og lentu í öðru sæti í hlaupinu. Sveitina skipuðu þær Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Fjóla Signý Hannesdóttir og Eva Lind Elíasdóttir.

*4 HSK met á Stórmóti ÍR 15 ára og eldri:* Keppendur HSK/Selfoss stóðu sig mjög vel á Stórmóti ÍR sem haldið var í Frjálsíþróttahöllinni dagana 22. og 23. janúar sl. HSK/Selfoss sendi keppendur til leiks í öllum flokkum. Tuttugu og einn keppandi tók þátt í mismunandi greinum í flokki 15 ára og eldri. Í flokki 14 ára og yngri tóku fjölmargir þátt. Haraldur Einarsson, Umf. Vöku, stórbætti sinn besta tíma í 400 m hlaupi er hann kom fyrstur í mark í karlaflokki á tímanum 50,47 sek. og hlaut gullverðlaun að launum. Þessi árangur Haraldar er HSK met í karlaflokki og að auki besti tími ársins í 400 m. hlaupi. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Umf. Selfoss, bætti vikugamalt HSK met sitt í 400 m. hlaupi í meyja og stúlknaflokki um tæpa sekúndu er hún kom önnur í mark í flokki 15 ára meyja á tímanum 61,70 sek. Í 200 m hlaupi hlaut hún gullverðlaun fyrir að hlaupa á tímanum 26,97 sek. sem er HSK met í meyjaflokki, fyrra metið átti Dagný Hanna Hróbjartsdóttir og var það 27.15 sek. Agnes Erlingsdóttir Umf. Laugdæla hljóp sitt fyrsta hlaup í 800m eftir smávægileg meiðsli og kom fyrst í mark á tímanum 2:20,47mín. sem er nýtt HSK met í ungkvennaflokki, en tæplega mánaðargamalt met hennar var 2:21,02 mín.

*Unglingameistaramót Íslands 29 - 30. janúar 2011 í frjálsíþróttahöllinni:* HSK/Selfoss sendi öflugt lið til leiks og stóð það sig frábærlega og varð í öðru sæti í stigakeppni mótsins. ÍR-ingar báru höfuð og herðar yfir aðra andstæðinga og sigruðu með 491,3 stigum, HSK/Selfoss lenti í öðru sæti með 164,7stig og UFA í þriðja sæti með 154,5 stig. Í einstökum flokkum varð HSK/Selfoss í 2. sæti í þremur þeirra: 15 ára, 16-17 ára og 20-22 ára flokkum stúlkna. Þá komu í hús 8 gull, 8 silfur og 10 bronsverðlaun og síðast en ekki síst voru 8 HSK met slegin. Kristinn Þór Kristinsson stóð sig frábærlega í flokki 20-22 ára, hann setti nýtt glæsilegt HSK met í ungkarla- og karlaflokki í 800m hlaupi þegar hann hljóp á 1:55,80 mín. og bætti fyrra met sitt um 0,03 sek. og hlaut gullverðlaun að launum. Hann sigraði einnig í 400 m. hlaupi á nýju HSK-meti í ungkarlaflokki, 51,42 sek. en fyrra metið setti hann heglina á undan og var það 51,95 sek. Agnes Erlingsdóttir hlaut gullverðlaun í 800 m. hlaupi á tímanum 2:18,10 mín. Með hlaupinu bætti hún 14 ára gamalt met Guðrúnar Báru Skúladóttir um tæpa sekúndu og hún bætti einnig eigið ungkvennamet um 2 sek. Guðrún Heiða Bjarnadóttir varð Íslandsmeistari í þrístökki í flokki 15 ára er hún stökk 10.50 m. Sólveig Helga Guðjónsdóttir varð Íslandsmeistari í 200 m. hlaupi á tímanum 27,07 sek. í flokki 15 ára telpna. Eva Lind Elíasdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi í flokki 16-17 ára meyja en hún varpaði kúlunni 10.68 m. Eva Lind hljóp 60 m grindahlaup á tímanum 9,30 sek. og bætti þar HSK met Ágústu Tryggvadóttur sem var 9,32 sek. og hlaut bronsverðlaun að launum. Thelma Björk Einarsdóttir varð Íslandsmeistari í kúluvarpi í flokki 15 ára telpna með því að kasta kúlunni 11,35 m. Fjóla Signý Hannesdóttir hlaut fern silfurverðlaun í flokki ungkvenna 20-22 ára, hún stökk 5.13 m í langstökki, hljóp 60 m á 8,33 sek., hljóp 60 m grind á 9,50 sek. og að lokum hljóp hún 200 m. á 27,02 sek. Boðhlaupssveitir HSK/Selfoss stóðu sig frábærlega, stelpurnar í 15 ára sveitinni settu nýtt HSK met í 4x200m boðhlaupi í flokki 15 ára er þær hlupu á 1:52,36 mín. og urðu Íslandsmeistarar, ungkonurnar hlupu 4x400 m. boðhlaup á 4:09,63 mín. og settu nýtt HSK met í ungkvenna- og kvennaflokki og hlutu silfurverðlaun. 16-17 ára stelpurnar unnu til bronsverðlauna í 4x200 m. boðhlaupi á tímanum 2:06,18 mín. og að lokum hlutu 16-17 ára sveinarnir silfurverðlaun fyrir að hlaupa 4x200 m. boðhlaup á tímanum 1:51,74 mín.

*Meistaramót Íslands aðalhluti, frjálsíþróttahöllinni 5. – 6. febrúar:* HSK/Selfoss sendi sprækt lið til leiks og stóð það sig vel og varð í öðru sæti í stigakeppni mótsins með 8456 stig en gefin eru árangursstig eftir alþjóðlegri stigatöflu. HSK/Selfoss konur náðu svo öðru sæti í stigakeppni kvenna ÍR-ingar sigruðu með 30.696 stigum. Sunnlendingar náðu í 4 silfur og 4 bronsverðlaun og uppskáru einnig 6 glæsileg HSK met þessa helgi. Fjóla Signý Hannesdóttir Selfossi keppti í mörgum greinum. Hún hljóp glæsileg 200 – og 400 m. hlaup. Í 200 bætti hún HSK met Þórhildur Helgu í ungkvennaflokki og kvennaflokki er hún hljóp á 26,65 sek. og varð þriðja, en eldra metið var 26,66 sek. Þar varð Sólveig Helga Guðjónsdóttir frá Selfossi fjórða á nýju HSK meti í 15-16 ára flokki, 26,81 sek. Hún tvíbætti metið, fyrst í undanrásum á 26,92 sek. Gamla metið átti hún sjálf 26,97 sek. Fjóla Signý bætti svo ársgamalt HSK met sitt í 400m, í sömu flokkum, um 20 sekúndubrot er hún kom í mark á 59,40 sek. Kristinn Þór Kristinsson Samhygð hélt áfram að setja HSK met, en þetta var þriðja helgin í röð sem hann setti met. Ólafur Guðmundsson Laugdælum keppti í 60 m. grindahlaupi og var öruggur í 2. sæti í mark á 8,70 sek. en þetta er 27. meistaramót Íslands fullorðinna sem hann tekur þátt í. Að lokum hljóp svo kvennasveit HSK/Selfoss 4x400 m. boðhlaup á tímanum 4:13,18 mín., sem er skammt frá HSK meti og urðu í 3. sæti. Sólveig Helga, Þórhildur Helga, Agnes og Fjóla Singý skipuðu sveitina.

*MÍ í fjölþrautum 12. og 13. febrúar í frjálsíþróttahöllinni:* Fjóla Signý Hannesdóttir, Umf. Selfoss, náði þeim glæsilega árangri að verða Íslandsmeistari í fimmtarþraut. Hún krækti sér í 3377 stig og sigraði með rúmlega 500 stiga mun. Fjóla Signý hljóp 60 m


Fjóla Signý Hannesdóttir í grindahlaupi á Evrópubikarnum.


Frá samæfingu í frjálsum í Þorlákshöfn

grindahlaup á 9,36 sek., stökk 1.60 m. í hástökki, kastaði kúlunni 8.69 m., stökk 5.17 m. í langstökki og að lokum hljóp hún 800m á 2:25,14 mín.

*5. bikarkeppni FRÍ í frjálsum innanhúss 19. febrúar:* 13 HSK met, 1 gull, 8 silfur og 4 brons. HSK sendi harðnúið lið til keppni sem náði frábærum árangri. Fjóla Signý Hannesdóttir fyrirliði kvennaliðsins gaf tóninn í upphafi með því að bæta HSK metið í 400 m. hlaupi í flokki 20-22ára og kvenna, úr 59,40 sek. í 58,35 sek. og varð þriðja. Tæpri klst. síðar kom hún sá og sigraði í hástökki er hún vippaði sér yfir 1,63 m. Eftir met Fjólu brustu öll bönd og metin komu á færibandi. Sólveig Helga Guðjónsdóttir frá Selfossi hljóp til silfurverðlauna í 200 m. hlaupinu á 26,53 sek. og setti með því fimm HSK met í jafnmörgum flokkum; 15ára, 16-17 ára, 18-19 ára, 20-22 ára og kvennaflokkum, ber þar hæst metið í kvennaflokknum sem var 14 daga gamalt, 26,65 sek. og í eigu Fjólu Signýjar. Næst komu 800 m. hlaupararnir; Agnes Erlingsdóttir Laugdælum tók silfur þar og bætti sitt eigið met um rúmlega hálfa sek. í ungkvennaflokki 20-22 ára og kvennaflokki er hún hljóp á 2:17,75 mín. Agnes fylgdi eftir þessum góða árangri stuttu síðar með því að bæta sig um rúmlega hálfa mín í 1500 m. og vinna örugglega til silfurverðlauna. Kristinn Þór Kristinsson Samhygð var enginn eftirbátur Agnesar hann hljóp frábærlega útfært 800 m. hlaup, kom annar í mark á 1:54,71 mín. sem er bæting á hans eigin HSK meti um rúma sek. Kristinn Þór varð svo þriðji í taktísku 1500 m. hlaupi stuttu síðar. Að lokum var það svo 4x400 m. bohlaupssveit kvenna sem bætti þriggja vikna gamalt HSK met sitt í ungkvennaflokki 20-22 ára og kvennaflokki; hljóp á 4:08,31 mín. en gamla metið var 4:09,63 mín. Sveitina skipuðu Sóveig Helga, Eva Lind, Agnes og Fjóla. Í sveitinni sem átti gamla metið voru þær sömu nema að Þórhildur Helga hljóp í stað Sólveigar Helgu systur sinnar. Haraldur Einarsson Vöku var í feiknaformi. Hann varð í 2.-3. sæti í 60m hlaupi karla á góðri bætingu er hann hljóp á 7,11 sek. Eva Lind Elíasdóttir frá Þór Þorklákshöfn gerði góða hluti. Hún varð í þriðja sæti í 60 m. grindahlaupinu á 9,42 sek. og tók svo silfrið í kúlvarpinu með 11,26 m. Ólafur Guðmundsson Laugdælum tók silfur í 60 m. grindahlaupi á 8,67 sek. Þá kom Bjarni Már Ólafsson Vöku sterkur inn í þrístökkinu er hann stökk 13,19 m. og annað sætið staðreynd. Í heildarstigakeppninni varð HSK í 3. sæti af sjö liðum með 103,5 stig jafnmörg stig og sameinað lið Norðurlands, en þar sem þeir voru með þrjá sigurvegara en HSK bara einn hlutu þeir 2. sætið. ÍR-A sigraði nokkuð örugglega með með 133 stig. Kvenna lið HSK varð í 2. sæti og karlaliðið í því 5. Til gamans má geta þess að HSK varð í 6. sæti í fyrra af sjö liðum.

*Meistaramót Íslands 11-14 ára innahúss 26. – 27. febrúar:* Keppendur frá HSK-Selfoss stóðu sig vel og unnu til 10 gullverðlauna, 8 silfur- og 6 bronsverðlauna. Settu 5 HSK met og 5 Selfossmet. Í flokki 14 ára pilta vann Sigþór Helgason gullverðlaun í hástökki er hann jafnaði HSK metið með stökki upp á 1.75 m. Hann vann einnig gull í kúluvarpi með kasti upp á 11.96 m. Í 800 m. varð hann fyrir því óláni að togna illa en hann var á góðri leið á pall þar.

Í flokki 14 ára stúlkna vann Dagný Lísa Davíðsdóttir gullverðlaun í hástökki er hún stökk 1.53 m.

Í flokki 13 ára pilta vann Bjarki R. Bjarnarson gullverðlaun í langstökki er hann stökk 5.10 m. og setti nýtt Selfossmet.

Í flokki 12 ára stúlkna vann Halla María Magnúsdóttir þrenn gullverðlaun. Í 60 m hlaupi er hún hljóp á 8.73 sek., í kúluvarpi er hún kastaði 10,22 m. og í langstökki er hún stökk 4.46 m. og setti þar glæsilegt HSK-met ásamt stöllu sinni Hörpu Svansdóttur sem stökk jafn langt en fékk silfurverðlaun þar sem næstlengsta stökkið hennar var styttra en Höllu. Harpa fékk einnig silfurverðlaun í hástökki er hún vippaði sér yfir 1.35 m. Í 4x200 m. hlaupi urðu stelpurnar í öðru sæti á 2:06,35 mín. og er það HSK-met, sveitina skipuðu, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Eyrún Gautadóttir, Harpa Svansdóttir og Halla María Magnúsdóttir. 12 ára stelpurnar urðu svo íslandsmeistarar í sínum flokki.

Í flokki 12 ára pilta vann Styrmir Dan Steinunnarson þrenn gullverðlaun. Í hástökki er hann stökk 1.47 m., í langstökki með 4,71 m. sem er HSK-met og í kúluvarpi með kast upp á 9.91 m. Hann fékk svo bronsverðlaun í 60 m. hlaupi er hann hljóp á 8,82 sek.

**Utanhússtímabilið 2011**

*Vormót HSK og NM í 10 km. hlaupi á Selfossi 22. maí:* Vormót HSK í frjálsíþróttum fór fram 22. maí 2011 á nýjum og glæsilegum frjálsíþróttavelli á Selfossi og var það jafnframt fyrsta mótið á vellinum. 41 keppandi mætti til leiks frá 11 félögum, bæði af suðurlandinu og höfuðborgarsvæðinu. Keppt var í 10 greinum á mótinu í karla- og kvennaflokki alls í 20 greinum. Ólafur Guðmundsson Laugdælum var þess heiðurs aðnjótandi að keppa í fyrstu grein mótsins, sem var 110m grindahlaup, og má því segja að hann hafi vígt völlinn. Það voru allir mjög ánægðir með kærkominn frjálsíþróttaleikvang á Selfossi og ljóst að gaman verður að æfa frjálsar á næstu misserum og árum. Fyrirtækið Sporttæki ehf, en eigandi þess er Sigurður Einarsson frjálsíþróttaþjálfari á Selfossi, hefur haft umsjón með byggingu vallarins.

Norðurlandamótið í 10 km. hlaupi fór fram samhliða Vormótinu. Níu karlar og átta konur reyndu með sér og komu keppendur frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi. Erfiðar vindaðstæður gerðu keppendum erfitt fyrir en engu að síður náðust ágætis tímar. Sigurvegari í karlaflokki varð Jarkko Hamberg frá Finnlandi á tímanum 30:35, 90 mín., og í kvennaflokki samlanda hans Elina Lindgren á 35;06,64 mín.

Þetta var óvenjulegt mót að því leyti að á meðan á mótinu stóð, stefndi að mikið öskuský frá Grímsvatnagosi sem var þá nýhafið. Mildi var að tókst að ljúka langhlaupinu áður en öskumóða skall á. Nokkur töf varð á heimflugi erlendra keppenda og varð nokkuð umstang vegna þess, sem þó leystist allt farsællega.

*Rvk.m.mót í frjálsum 31. maí, Laugardalsvöllur:* Fjóla Signý Hannesdóttir Selfoss sigraði bæði í hástökki og langstökki í kvennaflokki, í hástökki stökk hún 1.60m og hún sveif 5.30 m. í



Frá keppni í langstökki á héraðsleikum HSK.



Íþróttahátíð HSK var haldin á nýjum og glæsilegum Selfossvelli.

langstökki. Haraldur Einarsson bætti sinn besta árangur í 400 m. hlaupi um 6 brot er hann hljóp hringinn á 50,37 sek. og sigraði örugglega í karlaflokki, þar varð Kristinn Þór Kristinsson Samhygð annar á 51,22 sek. sem er góð bæting utanhúss. Hreinn Heiðar Jóhannsson Laugdælum sigraði í hástökki karla með stökk upp á 1,90 m. Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfoss keppti í flokki 15 ára stúlkna og sigraði í tveimur greinum. Hún hljóp 100 m. á 13,33 sek. og bætti sinn fyrri árangur um 17 brot og í 800 m. hlaupi hljóp hún á 2:31,83 mín. sem er bæting um 19 sek. Eva Lind Elíasdóttir Þór Þorlákshöfn sigraði í 100 m. grindahlaupi í flokki 16-17 ára á tímanum 16,28 sek. sem er stórbæting en hún átti best áður 17,11sek., hún keppti síðan í fyrsta sinn í sleggju og sigraði með 25,77 m. Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Selfoss sigraði í langstökki í flokki 15 ára stúlkna er hún stökk 4,85 m. Dagur Fannar Magnússon sigraði í sleggjukasti í karlaflokki með því að kasta sleggjunni 43,58 m. Kristín Rut Arnardóttir sigraði í hástökki í flokki 15 ára telpna með því að stökkva 1.40 m.

*Glæsilegur árangur á Evrópkeppni Landsliða í frjálsum 18. – 19. júní:* HSK/Selfoss átti 4 keppendur í Landsliði Íslands og stóðu þau sig á heildina litið mjög vel og voru sér og landsliðinu til mikils sóma.

*MÍ 11 – 14 ára 25. – 26. júní í Vík:* Halla María og Sigþór með samtals 8 íslandsmeistaratitla. HSK/Selfoss sendi vaska sveit til keppni sem taldi 25 manns, ásamt þjálfurum og aðstandendum keppenda. HSK/Selfoss liðinu gekk mjög vel, það vann 11 gullverðlaun, 10 silfurverðlaun og 5 bronsverðlaun ásamt því að verða íslandsmeistarar í flokki stúlkna 12 ára. Í heildarstigakeppninni var HSK/Selfoss í 2. sæti með 465,5 stig en FH sigraði með 680,3 stig. Gott veður var fyrri daginn en afleitt þann seinni, rok og rigning sem háði keppendum verulega.

*Miðsumarmót HSK 8. júlí á Selfossvelli:* Ágæt þátttaka var á mótinu en keppt var í einum flokki karla og kvenna fyrir utan spjótkast en þar var einnig keppt í flokki pilta 16-17ára. Keppendur voru á aldrinum 12 ára og uppúr og komu frá HSK/Selfoss, Breiðablik, FH og Ármanni. Ágætur árangur náðist í nokkrum greinum.

*Meistarmót Íslands aðalhluti á Selfossi 23. – 24. júlí 2011:* Góð þátttaka var á mótinu en 185 keppendur voru skráðir til leiks frá 14 félögum og samböndum. Veðurskilyrði gerðu keppendum erfitt fyrir í mörgum greinum þar sem mikill vindur var fyrri daginn og svo rigning seinni daginn. Þetta gerði það að verkum að árangur í hringhlaupum var ekki góður sökum mikils vinds og í spretthlaupum og stökkum var vindur oftar en ekki yfir leyfilegum mörkum. Engu að síður náðist ágætur árangur í nokkrum greinum. Lið HSK-Selfoss sendi öflugt lið til keppni með landsliðsfólk okkar í fararbroddi sem var gaman að fylgjast með, sér í lagi þar sem keppnin fór fram á heimavelli. Uppskeran var þrjú gullverðlaun, tvenn silfurverðlaun og sjö bronsverðlaun sem er fínn árangur. HSK/Selfoss liðið varð í 3. sæti í heildarstigakeppninni með 20129 stig en gefið er fyrir árangur samkvæmt alþjóðlegri stigatöflu í hverri grein. Í kvennakeppninni varð HSK/Selfoss í 2. sæti og í því fjórða hjá körlunum. Það voru hinsvegar FH-ingar sem urðu Íslandsmeistarar félagsliða 2011 bæði í karla- og kvennaflokki.

*Bikarkeppni FRÍ 1. deild 2011 12. – 13. ágúst í Kópavogi:* Keppendur HSK stóðu sig mjög vel og mun betur á heildina litið miðað við í fyrra á Sauðárkróki. Fjórir bikarmeistaratitlar komu í hús í ár miðað við einn í fyrra og sex HSK met voru slegin en tvö á síðustu bikarkeppni. Auk bikartitlana komu fjögur silfur og sex brons í hlut HSK. Þrettán persónulegar bætingar litu dagsins ljós.

*Unglingameistaramót Íslands 15 – 22 ára á Akureyri:* HSK/Selfoss lið unglinga gerði góða ferð á Akureyri. Liðið vann sér inn 17 gullverðlaun, 10 silfurverðlaun og 7 bronsverðlaunum auk þessa að setja þrjú HSK met. Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, fór fremst í flokki, vann átta gullverðlaun. Hún sigraði í 400 m. grindahlaupi á 64,53 sek., 100 m. grindahlaupi á 15,29 sek., 200 m. hlaupi á 26,72 sek. Þá tók hún gull í langstökki með 5,28 m., þrístökki með 11,22 m. og hástökki er hún vippaði sér yfir 1,65 m. og var grátlega nærri því að fara yfir 1,70 m. og bæta sig. Fjóla varð svo önnur í 100 m. hlaupi á 12,63 sek. Anna Pálsdóttir vann til þriggja titla, í kúluvarpi með 9,68 m., kringlukasti með 31,77 m. þar sem hún var alveg við bætingu og í spjóti er hún kastaði 36,59 m. Dagur Fannar Magúnsson, Selfossi, sigraði í sleggjukasti með yfirburðum og kastaði 47,64 m. Eva Lind Elíasdóttir, Þór var öflug, auk titils í boðhlaupi sigraði hún kúluvarpið af öryggi með kast upp á 10,53 m., auk þess að taka silfur í 100 m. grindahlaupi á nýju HSK meti 16,80 sek. Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Selfossi, sigraði í tveimur einstaklingsgreinum, í þrístökki með stökk upp á 10,18 m. og 100 m. hlaupinu á 12,71 sek. en þar varð Sólveig Helga Guðjónsdóttir, Selfossi, í öðru sæti.

Í heildarstigakeppni mótsins varð HSK/Selfoss í 3. sæti með 223,5 stig. ÍR sigraði mótið með 759 stig og UFA varð í 2. sæti með 347,5 stig. Í einstökum flokkum varð HSK/Selfoss í 2. sæti hjá 15 ára stúlkum og 20-22 ára stúlkum og svo 3. sæti í 16-17 ára flokki stúlkna.

*Bikarkeppni 15 ára og yngri í frjálsíþróttum 21. ágúst í Kaplakrika:* HSK sendi harðsnúið lið sem saman stóð af unglingum frá 12 – 15 ára. Alls tóku 10 lið þátt í mótinu. Ágætur árangur náðist í mörgum greinum þrátt fyrir töluvert votviðri. Thelma Björk Einarsdóttir frá Selfossi varð bikarmeistari í kúluvarpi með 11,39 m. Þrjú HSK met voru slegin. Guðrún Heiða Bjarnadóttir, Selfossi, hljóp mjög vel 100 m. hlaupið hjá stúlkunum og jafnnaði sitt eigið met hljóp á 13,11 sek. og varð önnur. Sveinbjörn Jóhannesson bætti piltamet Einars Gunnars Sigurðssonar, fyrrverandi handboltamanns, í 13 ára flokki um 20 cm. er hann kastaði kúlu 9,65 m. og svo settu stúlkurnar nýtt glæsilegt HSK met í 1000 m. boðhlaupi er þær hlupu til silfurverðlauna á tímanum 2:28,63 mín. og bættu gamla metið um sjö sek. Auk Guðrúna Heiðu skipuðu þær Andrea Sól, Andrea Vigdís og Sólveig Helga, allar frá Selfossi, sveitina.

*Haustkastmót HSK 2011 Selfossvelli:* Mótið var haldið á tveimur dögum, 8. og 13. september. Á mótinu var slegið eitt Íslandsmet, en afrekinu náði Halla María Magnúsdóttir í 12 ára flokki stúlkna er hún þeytti sleggjunni 30,09 m.

*Kastþraut Óla Guðmunds 2011 Selfossvelli 6. september:* Að þessu sinni varð kastþraut Óla að sjónvarpsefni, þar sem þáttagerðarmenn Landans gerðu mótinu góð skil í RÚV. Sjö keppendur voru í karlaflokki auk Gísla Einarssonar fréttamanns, en einungis þrjár konur.

*Silfurleikar ÍR 19. nóvember:* HSK og aðildarfélög þess sendu öfluga sveit ungmenna til keppni á Silfurleika ÍR. Keppendur HSK, sem eru 10 ára og yngri, kepptu í þrautabraut þar sem allir fengu þátttökuverðlaun en hin eldri kepptu til verðlauna. Frábær árangur náðist á þessu fyrsta móti vetrarins. Krakkarnir sópuðu til sín verðlaunum og bætingarnar voru ófáar. Hæst bar Íslandsmet Bjarka Ragnarssonar, Selfossi í 60 m. hlaupi í flokki 13 ára pilta, 7,77 sek. og árangur Andreu Sólar Marteinsdóttur einnig frá Selfossi í kúluvarpi, 12,45 m., sem kom henni í Afrekshóp FRÍ. Krakkarnir settu að auki 25 HSK met .

*Áramót Fjölnis í Laugardalshöll:* Síðasta frjálsíþróttamót ársins 2011, fór fram fimmtudaginn 29. des. sl. í Frjálsíþróttahöllinni í Laugardal. HSK/Selfoss átti þar sjö keppendur sem allir stóðu sig með ágætum og lofar árangurinn góðu fyrir komandi innanhússkeppnistímabil. Uppskeran 2 gull, 5 silfur og 4 brons, persónulegar bætingar og 2 HSK met.

*Landslið Íslands í frjálsíþróttum árið 2011:* Að lokum er gaman að fara yfir stöðu sumarsins 2011 hjá Landsliðsfólkinu HSK/Selfoss. Síðast liðið vor voru fjórir einstklingar hjá HSK/Selfoss valdir í Landslið Íslands í frjálsum sem keppti í Evrópukeppni Landsliða c-riðli á Laugardalsvelli. Þetta eru þau Fjóla Signý Hannesdóttir, Selfossi, sem keppti í þremur greinum Hún hljóp 400 m. á 57,52 sek. og bætti sig um tæplega 3 sek. og varð þriðja, í 100 m. grindahlaupi á 14,93 sek. og 4. sætið og svo í 4x400 m. boðhlaupi þar sem sveitin varð önnur. Haraldur Einarsson Vöku keppti sömuleiðis í 4x400 m. boðhlaupi og hljóp mjög vel og endaði sveitin í 6. sæti af 14 liðum. Hreinn Heiðar Jóhannsson Laugdælum stökk hástökkið fyrir Ísland og jafnaði sitt besta er hann vippaði sér yfir 1,95 m. og varð níundi. Og svo hún Agnes Erlingsdóttir, Laugdælum sem hljóp 1500 m. hlaupið á rúmum fimm mín og varð í tólfta sæti. Hreinn Heiðar var svo valinn til að keppa í hástökki fyrir Íslands hönd á Norðurlandamóti unglinga sem fram fór í Danmörku í byrjun september. Þar felldi Hreinn byrjunarhæð, en þessi þátttaka Hreins er mikilvæg reynsla sem fer í reynslubankann margfræga.

**Ólafur Guðmundsson og Benóný Jónsson**

# Glímuráð HSK

Árið 2011 var gott glímuár fyrir HSK líkt og undanfarin ár. 121 einstaklingur innan HSK keppti í glímu árið 2011 og þar af 41 á mótum GLÍ sem er svipað og undanfarin ár. Starfskraftar HSK manna dreifðust víða og var Kjartan Lárusson endurkjörinn formaður Glímudómarafélags Íslands á aðalfundi í árslok 2011 og Ólafur Oddur Sigurðsson var endurkjörinn formaður GLÍ á ársþingi sambandsins og hefur hann einnig verið framkvæmdastjóri GLÍ síðan 1. janúar 2009.

Aðalfundur Glímuráðs HSK fór fram í Selinu 7. apríl og var aðalstjórn Glímuráðsins öll endurkjörin og voru ágætis umræður á fundinum.

Haustfundur glímuráðs HSK var haldinn 6. september heima hjá Kristni formanni að Þverlæk þar sem fulltrúar félaganna röðuðu niður mótadögum og lögðu á ráðin með vetrarstarfið.



Sigurlið HSK á MÍ í glímu 15 ára og yngri

**Mót erlendis**

**Danmörk**
Marín Laufey Davísdóttir og Sigurgeir Daníel Steinarsson Samhygð kepptu í sveitaglímu í Danmörku 8. júní sem haldin var í tengslum við æfingarferð til Danmerkur 4.-10. júní. Gekk þeim báðum ágætlega enda léttur bragur á mótinu.

**Sviss**
Ólafur Oddur Sigurðsson keppti á tveimur alþjóðlegum mótum erlendis 2011. Ólafur keppti í Schwingen í bænum Martingy í Sviss 3. júlí. Schwingen er þjóðarfang þarlendra og um 18.000 manns sem stunda fangið. Ólafur endaði í 24. sæti af 96 keppendum. Ólafur sýndi einnig glímu fyrir mótsgesti við mikla hrifningu áhorfenda.

**Sardínía (Ítalía)**
Ólafur keppti einnig á alþjóðlegu móti á Sardiníu 11. ágúst í þjóðarfangi heimamanna Sa strumpa. Ólafur keppti til úrslita í +100kg flokki og sigraði hann glæsilega en þess má geta að fangið svipar mjög til íslensku hryggspennunnar.

**Glímusýningar 2011**
Það voru margar glímusýningar sem HSK menn tóku þátt í að venju og við margvísleg tækifæri.

**Glímusýning á Hótel Örk**
21. janúar sýndu þeir Ólafur Oddur Sigurðsson og Smári Þorsteinsson glímu á Hótel Örk í Hveragerði fyrir um 100 manns. Fóru þeir yfir sögu glímunnar allt frá landnámi og þótti áhorfendum mikið til koma.

**Glímusýning á flokksþingi Framsóknarflokksins**
Þann 8. apríl sýndu þeir Ingibergur Sigurðsson og Ólafur Oddur Sigurðsson glímu á setningu flokksþings Framsóknarmanna. Það var hinn ástsæli glímudómari Hörður Gunnarsson sem stjórnaði sýningunni sem þótti takast afar vel og voru áhorfendur mjög ánægðir með glímutilþrifin.

**Glímusýning við Jötunn-vélar 6. og 7. maí**
Smári Þorsteinsson og Stefán Geirsson sýndu glímu á kvöldskemmtun Jötunn- véla föstudagskvöldið 6. maí að viðstöddu fjölmenni. Daginn eftir, 7. maí, var *Sunnlenski sveitadagurinn* haldinn hátíðlegur á athafnasvæði Jötunn- véla. Þar var einnig efnt til glímusýningar en undir öðrum formerkjum en kvöldið áður. Glímt var á dýnuvelli utan dyra í blíðskaparveðri. Stefán Geirsson sem stýrði sýningunni en kynnar hátíðarinnar þeir Björgvin Franz Gíslason og Jóhann G. Jóhannsson tóku virkan þátt í lýsingunni og sýningunni sjálfri við mikla kátínu áhorfenda sem voru fjölmargir. Að lokinni glímusýningunni fengu börn og unglingar úr hópi áhorfenda að girðast glímubelti og læra undirstöðuatriði íþróttarinnar undir leiðsögn þátttakendanna. Sýnendur voru: Marín Laufey Davíðsdóttir, Hugrún Geirsdóttir, Hanna Kristín Ólafsdóttir, Guðrún Inga Helgadóttir, Þorgils Kári Sigurðsson og Jón Gunnþór Þorsteinsson.

**Glímusýning á Fjöri í Flóa**
Glíma var sýnd á fjöldskyldu- og menningarhátinni *Fjör í Flóa* þann 28. maí. Glímt var í Félagslundi og sýndi þau Guðrún Inga Helgadóttir,



Marín Laufey vann freyjumenið í fyrsta skipti á árinu.

Hanna Kristín Ólafsdóttir, Jón Gunnþór Þorsteinsson og Þorgils Kári Sigurðsson undir stjórn Stefáns Geirssonar. Að lokinni sýningunni var börnum á staðnum boðið að spenna á sig belti og reyna glímutök.

**Glímusýning á Þingvöllum 17. júní**
Glímusýning fór fram í Almannagjá á Þingvöllum á 17. júní. Það voru glímukapparnir Ólafur Oddur Sigurðsson, Snær Seljan Þóroddsson, Hreinn Heiðar Jóhannsson og Jóhannes Sveinbjörnsson sem glímdu fyrir nokkur hundruð manns sem voru saman komin til að halda upp á þjóðhátíðardag Íslendinga og minnast þess að 200 ár eru liðin frá fæðingu Jóns Sigurðssonar. Glímusýningin gekk afar vel og sýndu glímukapparnir bæði glímu og hryggspennu. Nokkrir áhorfendur fengu svo að reyna sig við glímukappana og sýndu þeir þeim réttu glímutökin.

**Glímusýning á Geysi**
Ólafur Oddur Sigurðsson og Snær Seljan Þóroddsson sýndu glímu á Geysissvæðinu 18. júní fyrir hóp Bandaríkjamanna sem kom fljúgandi á tveimur þyrlum og áttu stutt stopp þar til þess að sjá Íslensku glímuna og smakka hverabrauð hjá hótel-kokkinum. Sýningin tókst vel og óhætt að segja að glíman hafi komið Bandaríkjamönnunum skemmtilega á óvart.

**Glímusýning á Borg í Grímsnesi**
9. júlí sýndu þeir Rúnar Björn Guðmundsson og Smári Þorsteinsson glímu á hátíðinni *Brú til Borgar*. Helgi Kjartansson stjórnaði sýningunni sem fólk hafði gaman af.

**Styrktarsamningur við Jötunn-vélar**
Glímuráðið gerði á árinu styrktarsamning við Jötunn-vélar og er samningurinn til fimm ára.

Nýjir glímubúningar voru teknir í notkun en á þeim er auglýsing frá fyrirtækinu. Það er glímuráðinu afar mikilvægt að hafa svo öflugan stuðningsaðila og þakkar glímuráðið kærlega samstarfið.

**Mót á vegum HSK**

**Grunnskólamót HSK 2011**
Grunnskólamót HSK fór fram á Hvolsvelli 2. febrúar og mættu til leiks 97 keppendur frá sex skólum af Suðurlandi.

**5. bekkur strákar**
1. Smári Valur Guðmarsson — Laugalandsskóla

**5. bekkur stelpur**
1. Telma Dögg Tyrfingsdóttir — Laugalandsskóla

**6. bekkur strákar**
1. Eiður Helgi Benediktsson — Laugalandsskóla

**6. bekkur stelpur**
1. Sif Jónsdóttir — Hvolsskóla

**7. bekkur strákar**
1. Egill Björn Guðmundsson — Gr. Bláskógarbyggðar

**7. bekkur stelpur**
1. Sóley Erna Sigurgeirsdóttir — Gr. Bláskógarbyggðar

**8. bekkur strákar**
1. Sigþór Helgason — Laugalandsskóla

**8. bekkur stelpur**
1. Guðrún Inga Helgadóttir — Flóaskóla

**9. bekkur strákar**
1. Ívar Máni Garðarsson — Hvolsskóla

**9. bekkur stelpur**
1. Vilborg Rún Guðmundsdóttir, — Gr. Bláskógarbyggðar

**10. bekkur stelpur**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir — Vallaskóla

**10. bekkur strákar**
1. Haukur Hjaltason — Hvolsskóla

**Stigakeppni skólanna:**

| **5.-7. bekkur stráka** | **stig** |
|---|---|
| 1. Laugalandsskóli | 19 |
| 2. Hvolsskóli | 18 |
| 3. Flóaskóli | 6,5 |
| 4. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 6 |
| 5. Grunnskóli Hellu | 3 |

| **5.-7. bekkur stelpna** | **stig** |
|---|---|
| 1. Laugalandsskóli | 19 |
| 2. Hvolsskóli | 12,75 |
| 3. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 10,75 |
| 4. Flóaskóli | 5 |
| 5. Grunnskóli Hellu | 1 |

| **8.-10. bekkur drengja** | **stig** |
|---|---|
| 1. Hvolsskóli | 21 |
| 2. Laugalandsskóli | 20 |
| 3. Grunnskóli Hellu | 2,5 |
| 4. Flóaskóli | 1,5 |
| 5. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 0,75 |

| **8.-10. bekkur stúlkna** | **stig** |
|---|---|
| 1. Hvolsskóli | 18 |
| 2. Laugalandsskóli | 10,5 |
| 3.-4. Grunnskóli Bláskógabyggðar | 9 |
| 3.-4. Flóaskóli | 9 |
| 5. Vallaskóli | 6 |
| 6. Grunnskóli Hellu | 3 |

**Skjaldarglíma Skarphéðins**
Héraðsmót Skarphéðins í glímu fór fram í íþróttahúsinu í Reykholti laugardaginn 26. febrúar 2011. Hápunktur þess var keppni um silfurskjöldinn Skarphéðin sem fór nú fram í 87. sinn frá árinu 1910. Konur kepptu um Bergþóruskjöldinn í tíunda sinn og einnig var keppt í fjölmörgum yngri flokkum. Keppendur voru 39 talsins frá sjö félögum sem voru Baldur, Dímon, Laugdælir, Biskupstungur, Samhygð, Vaka og Garpur.

Stefán Geirsson varð skjaldarhafi Skarphéðins í áttunda sinn. Hann sigraði sjöfaldan glímukóng Íslands Ingiberg J. Sigurðsson í spennandi úrslitaglímu. Marín Laufey Davíðsdóttir sigraði í keppninni um Bergþóruskjöldinn í annað sinn.

**Héraðsmeistarar:**

**Skjaldarglíma Skarphéðins**
1. Stefán Geirsson, Samhygð

**Sveinar 15-16 ára**
1. Haukur Hjaltason, Dímon

**Drengir 13-14 ára**
1. Þorgils Kári Sigurðsson, Vöku

**Strákar 11-12 ára**
1. Eiður Helgi Benediktsson, Garpi

**Skjaldarglíma Bergþóru**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð

**Meyjar 15-16 ára**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð
**Telpur 13-14 ára**
1.-2. Guðrún Inga Helgadóttir , Vöku
1.-2. Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Dímon
**Stelpur 11-12 ára**
1. Sif Jónsdóttir, Dímon
**Stigakeppnin:**

Stigakeppni félaga er í fjórum flokkum og er veittur bikar fyrir sigur í hverjum flokki.

| Karlar 20 ára og eldri: | | Konur 17 ára og eldri: | |
|---|---|---|---|
| 1. Bisk. | 7 stig | 1. Bisk. | 12 stig |
| 2. Samhygð | 6 - | 2. Samhygð | 6 - |
| 3. Laugd. | 5 - | | |

| Drengir 19 ára og yngri: | | Stúlkur 16 ára og yngri: | |
|---|---|---|---|
| 1. Dímon | 25 stig | 1. Bisk. | 17,5 stig |
| 2. Garpur | 16 - | 2. Dímon | 11,5 - |
| 3. Bisk. | 9 - | 3. Garpur | 10 - |
| 4. Vaka | 6 - | 4. Samhygð | 6 - |
| 5. Samhygð | 3 - | 5. Vaka | 5,5 - |
| | | 6. Baldur | 4 - |

**Fjórðungsglíma Suðurlands 2011**

Fjórðungsglíma Suðurlands fór fram í Reykholti fimmtudaginn 17. nóvember 2011. Keppt var í flokkum 11 ára og yngri, 12 til 13 ára, 14 til 15 ára og 16 ára og eldri hjá báðum kynjum.

Til leiks mættu 53 keppendur frá fjórum félögum á sambandssvæði HSK auk keppenda frá UMF Njarðvík og náðu einstaklingar frá öllum félögunum að vinna til verðlauna á mótinu. Rúnar Björn Guðmundsson sigraði í karlaflokki og Marín Laufey Davíðsdóttir í kvennaflokki.

**Fjórðungsmeistarar:**

| | |
|---|---|
| **Karlar 16 ára og eldri** | |
| 1. Rúnar Björn Guðmundsdóttir | Umf. Bisk. |
| **Sveinar 14-15 ára** | |
| 1. Kristján Snær Jónsson | Njarðvík |
| **Drengir 12-13 ára** | |
| 1. Egill Björn Guðmundsson | Umf. Bisk. |
| **Strákar 10-11 ára** | |
| 1. Sölvi Freyr Jónasson | Umf. Bisk. |
| **Konur 16 ára og eldri** | |
| 1. Marín Laufey Davíðsdóttir | Þjótanda |
| **Meyjar 14-15 ára** | |
| 1. Sóley Þrastardóttir | Njarðvík |
| **Telpur 12-13 ára** | |
| 1. Hanna Kristín Ólafsdóttir | Þjótanda |
| **Stelpur 10-11 ára** | |
| 1. Jana Lind Ellertsdóttir | Garpi |

**Bændaglíma í tilefni af 50 ára afmæli Aratungu**

Bændaglíma var haldin í tilefni af 50 ára afmæli Aratungu og var það lið frá Bláskógarbyggð með Jóhannes Sveinbjörnsson sem bónda og Stefán Geirsson sem aukamann sem keppti við Reykjavíkurúrval með Jón Birgi Valsson sem bónda. Keppnin var fjörug og skemmtileg en það var lið heimamanna sem hafði þó nokkuð öruggan sigur að lokum.

Lið Bláskógarbyggðar: Jóhannes Sveinbjörnsson, Stefán Geirsson, Pálmi Eiríkur Gíslasson, Smári Þorsteinsson og Rúnar Guðmundsson.

Lið Reykjavíkur: Jón Birgir Valsson, Snær Seljan Þóroddsson, Ásgeir Víglundsson, Hjörleifur Pálsson og Óttar Ottósson.

**Árangur Skarphéðinsmanna á mótum GLÍ**

**Bikarglíma Íslands 2011**

Þrítugasta og níunda Bikarglíma Íslands fór fram 19. febrúar 2011 í íþróttahúsi Kennaraháskólans í Reykjavík. Góð þátttaka var í mótinu og mikið um skemmtilegar glímur.



Skrifað undir samning við Jötunn-Vélar.

**+90 kg karla**
4. Ingibergur J. Sigurðsson, Laugd.
5.-6. Stefán Geirsson, Samhygð
**-90 kg karla**
5. Smári Þorsteinsson, Bisk
**-80 kg karla**
3. Smári Þorsteinsson, Bisk
**Konur, opinn flokkur**
2. Marín Laufey Davíðsdóttir , Samhygð
**Konur, +65 kg**
3. Marín Laufey Davíðsdóttir , Samhygð
7. Ingibjörg Markúsdóttir, Samhygð

**Grunnskólamót GLÍ 2011**

Grunnskólamót Glímusambandsins fór fram laugardaginn 2. apríl 2011 í íþróttahúsinu á Reyðarfirði og var góð mæting og mikil stemning. Glímt var á þremur völlum samtímis og gekk keppnin vel fyrir sig.

**Grunnskólameistarar af sambandssvæði HSK:**

| | |
|---|---|
| **Stúlkur:** | |
| 5.bekkur: Jana Lind Ellertsdóttir | Laugalandsskóla |
| 6.bekkur: Sif Jónsdóttir | Hvolsskóla |
| 7.bekkur: Sóley Erna Sigurgeirsdóttir | G. Bláskógab. |
| 10.bekkur: Marín Laufey Davíðsdóttir | Vallaskóla |
| **Strákar:** | |
| 5.bekkur: Smári Valur Guðmarsson | Laugalandsskóla |
| 6.bekkur: Eiður Helgi Benediktsson | Laugalandsskóla |

**Meistaramót Íslands (3. umferð) 2010 – 2011**

Þriðja umferð í Meistaramóti Íslands fór fram í tvennu lagi. Þann 20. febrúar fóru fram kvennaflokkarnir í íþróttahúsi Kennaraháskólans og 12. mars í íþróttahúsinu á Ísafirðir fóru fram karla og unglingaflokkarnir.

**Konur -65kg**
1. Hugrún Geirsdóttir, Samhygð
**Konur +65kg**
2. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð
**Konur, opinn flokkur**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð

**Meistaramót Íslands lokastaða 2011**

**Unglingar – 80 kg**
3. Magnús Bjarki Snæbjörnsson, Laugd.
**Konur - 65 kg**
1. Hugrún Geirsdóttir , Samhygð
**Konur + 65kg**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð
4.-5. Hugrún Geirsdóttir, Samhygð



Stefán og Marín Laufey skjaldarhafar Skarphéðins og Bergþóru 2011.

**Konur opinn flokkur**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð
2. Hugrún Geirsdóttir, Samhygð

**Karlar – 80 kg**
2. Smári Þorsteinsson, Bisk
3. Magnús Bjarki Snæbjörnsson, Laugd.

**Karlar - 90 kg**
3. Smári Þorsteinsson, Bisk

**Íslandsmeistari félaga:**
1. HSK

**Íslandsglíman 2011**
Hundraðasta og fyrsta Íslandsglíman fór fram í íþróttahúsinu á Reyðarfirði 2. apríl 2011. Keppnin var skemmtileg og fjölmargir áhorfendur urðu vitni að spennandi keppni frá upphafi til enda. Heiðursgestir mótsins voru Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar Fjarðabyggðar sem afhenti Grettisbeltið og Janne Sigurðsson, framkvæmdastjóri Alcoa Fjarðaál og afhenti hún Freyjumenið. Í glímunni um Grettisbeltið sigraði Pétur Eyþórsson, Glímufélaginu Ármanni og hlaut þar með sæmdarheitið glímukóngur Íslands í sjötta sinn. Í glímunni um Freyjumenið sigraði Marín Laufey Davíðsdóttir, HSK og hlaut sæmdarheitið glímudrottning Íslands í fyrsta sinn og hlaut hún einnig fegurðarverðlaun fyrir fagra glímu í kvennaflokki.

**Konur:**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir, Samhygð
4. Hugrún Geirsdóttir, Samhygð
5.-7. Brynhildur Hrönn Sigurðardóttir, Bisk

**Bikarglíma Íslands 16 ára og yngri 2011**
Bikarglíma Íslands í sveitaglímu fór fram 2. apríl 2011 í íþróttahúsinu á Reyðarfirði. Keppnin gekk vel fyrir sig, ein sveit mætti til leiks frá HSK og náði hún öðru sæti.

**Verðlaunahafar HSK:**
**Strákar 13-14 ára**
2. HSK
Þorgils Kári Sigurðsson
Egill Björn Guðmundsson
Jón Gunnþór Þorsteinsson

**Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri 2011**
Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli 29. október 2011. Góð þátttaka var í mótinu og skemmtu krakkarnir sér vel í glímunni. Mótsstjóri var Ingveldur Geirsdóttir.

**Verðlaunahafar HSK:**
**Stúlkur 10 ára**
1. Sigurlín Arnarsdóttir, Garpi
3. Rósa Kristín Jóhannesdóttir, Bisk

**Stúlkur 11 ára Stærri**
2. Bóel Rún Jónsdóttir, Dímon
3.-4. Rakel Sara Hjaltadóttir, Dímon

**Stúlkur 11 ára Minni**
2. Jana Lind Ellertsdóttir, Garpi
3. Sigríður Magnea Kjartansdóttir, Bisk

**Stúlkur 12 ára**
1. Sif Jónsdóttir, Dímon
2. Belinda Margrét Birkisdóttir, Dímon

**Stúlkur 13 ára**
1.-2. Sóley Erna Sigurgeirsdóttir, Bisk
1.-2. Hanna Kristín Ólafsdóttir, Baldri

**Stúlkur 14 ára**
1. Guðrún Inga Helgadóttir, Vöku
2. Kristín Lilja Sigurjónsdóttir, Dímon
3. Raquel Sofia Jónasdóttir, Dímon

**Stúlkur 15 ára**
2. Vilborg Rún Guðmundsdóttir, Bisk

**Strákar 10 ára**
1. Sindri Ingvarsson, Dímon
2. Sölvi Freyr Jónasson, Bisk
3. Sölvi Svavarsson, Bisk

**Strákar 11 ára Stærri**
1. Smári Guðnason, Garpi

**Strákar 11 ára Minni**
3. Guðni Steinarr Guðjónsson, Dímon

**Strákar 12 ára**
1. Eiður Helgi Benediktsson, Garpi
3. Sæmundur Arnarson, Garpi

**Strákar 13 ára**
2. Þorgils Kári Sigurðsson, Vöku
3. Egill Björn Guðmundsson, Bisk

**Stigakeppni félaga:**
1. HSK 139 stig

**Sveitaglíma Íslands 15 ára og yngri**
Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli 29. október 2011. Góð þátttaka var í mótinu og mikið fjör. Mótsstjóri var Ingveldur Geirsdóttir.

**Verðlaunahafar HSK urðu eftirfarandi:**
**Stúlkur 10-11 ára**
1. HSK – A
Jana Lind Ellertsdóttir
Sigríður Magnea Kjartansdóttir
Bóel Rún Jónsdóttir
2. HSK – C
Dórothea Oddsdóttir
Guðný Þorsteinsdóttir
Kristín Sóldís Ólafsdóttir
Sigurlín Arnarsdóttir

3. HSK – B
Rakel Sara Hjaltadóttir
Laufey Ósk Jónsdóttir
Rósa Kristín Jóhannesdóttir
**Stúlkur 12-13 ára**
1. HSK
Sóley Erna Sigurgeirsdóttir
Hanna Kristín Ólafsdóttir
Sif Jónsdóttir
**Stúlkur 14-15 ára**
1. HSK - A
Vilborg Rún Guðmundsdóttir
Guðrún Inga Helgadóttir
Kristín Lilja Sigurjónsdóttir
2. HSK - B
Belinda Margrét Birkisdóttir,
Magdalena Þórsdóttir
Raquel Sofia Jónasdóttir
**Strákar 10-11 ára**
1. HSK – B
Sölvi Freyr Jónasson
Sölvi Svavarsson
Sindri Ingvarsson
Gestur Jónsson
2. HSK – A
Smári Guðnason
Þormar Elvarsson
Guðni Steinar Guðjónsson
**Strákar 12-13 ára**
1. HSK – A
Egill Björn Guðmundsson
Jón Gunnþór Þorsteinsson
Þorgils Kári Sigurðsson
2. HSK – B
Guðni Björnson
Eiður Helgi Benediktsson
Sæmundur Arnarson

**Meistaramót Íslands (1. umferð) 2011 – 2012**
Fyrsta umferð í Meistaramóti Íslands fór fram í íþróttahúsinu á Hvolsvelli 29. október 2011. Mótsstjóri var Ingveldur Geirsdóttir og stjórnaði hún mótinu afar vel
**Konur + 65 kg**
2. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir
3. Marín Laufey Davíðsdóttir
**Konur opinn flokkur**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir
4. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir
**Karlar - 80 kg**
1. Smári Þorsteinsson
**Karlar - 90 kg**
3. Smári Þorsteinsson

**Meistaramót Íslands (2. umferð) 2011 – 2012**
Önnur umferð í Meistaramóti Íslands fór fram að Laugum í Reykjadal 12. nóvember 2011. Mótsstjóri var Jóhanna Kristjánsdóttir.
**Konur + 65 kg**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir
4. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir
**Konur opinn flokkur**
3. Marín Laufey Davíðsdóttir
4.-5. Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir

**Unglingalandsmót UMFÍ 2011**
Unglingalandsmót Ungmennafélags Íslands fór fram á Egilsstöðum 29.-31. júlí 2011. Glímukeppni landsmótsins fór fram á sunnudeginum 31. júlí og hófst kl. 13. Keppt var á einum velli og var keppt á grasi við hlið Vilhjálmsvallar. Ágætis veður var, skýjað og svolítill gustur. Fjöldi áhorfenda fylgdist með keppninni og skemmti sér hið besta. Skráðir keppendur voru 39. Alls mættu 33 keppendur til leiks.
**Verðlaunahafar HSK**
**Meyjar 15-16 ára:**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir
**Stúlkur 17-18 ára:**
1. Marín Laufey Davíðsdóttir

**Sveitaglíma Íslands 2011**
Sveitaglíma Íslands 2011 fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans 20. febrúar. Góður andi var meðal glímumanna og sáust oft góð tilþrif á glímuvellinum.
**Konur:**
1. HSK
Lið HSK: Marín Laufey Davíðsdóttir, Hugrún Geirsdóttir, Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir og Ingibjörg Markúsdóttir

**Styrleikalisti kvenna í glímu:**
**Desember 2011**
**HSK konur á listanum:**
2. Marín Laufey Davíðsdóttir
5. Brynhildur Hrönn Sigurðardóttir

**Styrkleikalisti karla í glímu:**
**Desember 2011**
**HSK karlar á listanum:**
9. Smári Þorsteinsson

**Lokaorð**
Hér að framan eru upptaldir sigurvegarar úr röðum HSK á mótum innan, og utan héraðs. Öll mótaúrslit má lesa í árbók GLÍ og á heimasíðu GLÍ www.glima.is.

Glímuráðið þakkar öllum sem hafa lögt hönd á plóg við iðkun glímunnar þannig að sem flestir geti notið og tekið þátt í okkar fornu og skemmtilegu íþrótt. Framtíð glímunnar innan HSK er björt og margt efnileg glímufólk í sóknarhug.

**Fyrir hönd glímuráðs, Ólafur Oddur Sigurðsson.**

# Golfnefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Sólveig Stolzenwald | GHR | Nestúni 7 | S. 487 5803 / 863 7273 |
| | Þuríður Gísladóttir | GHG | Fljótsmörk 6 | S: 483 5090 / 847 5595 |
| | Arnheiður Jónsdóttir | GOS | Birkigrund 17 | S: 482 2020 / 848 1901 |
| Varam.: | Ingvar Jónsson | GÞ | Klængsbúð 4 | S: 482 4438 / 899 9820 |
| | Halldóra Halldórsdóttir | GF | Efra-Seli | S: 486 6490 / 846 9321 |

**HSK mótið 2011**
Lögð var fram tillaga á HSK þingi 2011: *Tillaga að golfmóti á vegum HSK. 89. héraðsþing HSK haldið á Hellu 12. mars 2011 samþykkir að efna til golfmóts, liðakeppni milli aðildarklúbba HSK og eru tveir í liði. Mótið yrði meistaramót HSK klúbba karla og kvenna haldið árlega.*

Þessi tillaga fór á þing ekki í samráði við golfnefnd. Nefndinni finnst þetta ágætis hugmynd sem eingöngu klúbbarnir ættu að vinna að. Nefndin var sammála um að þessu móti sé ofaukið innan HSK þar sem við höfum meistaramót nú þegar.

Héraðsmót HSK fór fram á Selsvelli, Flúðum 5. júní. Þátttakendur sem luku keppni voru 39 frá fimm golfklúbbum og skiptust samkvæmt reglugerð mótsins í 8 flokka eftir forgjöf, aldri og kyni. Mótið var sem fyrr stigakeppni milli klúbbanna þar sem 6 efstu keppendur úr hverjum flokki hljóta stig og ennfremur sveitakeppni sem byggist á árangri 6 bestu keppenda frá hverjum klúbbi.

GF sigraði í stigakeppni klúbba með 41,5 stig GKB var í 1. sæti í sveitakeppninni á 471 höggi.

HSK meistari karla var Andri Már Óskarsson GHR á 66 höggum.

HSK meistari kvenna var Anna Sigurðardóttir GF á 103 höggum.

**HSK meistarar:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. flokkur | Andri Már Óskarsson | GHR | 66 högg |
| 2. flokkur | Erlingur Snær Loftsson | GHR | 79 högg |
| 3. flokkur | Guðmundur G Sigfússon | GOS | 90 högg |
| Kvennafl.50+ | Anna Sigurðardóttir | GF | 103 högg |
| Öldungafl.55+ | Arngrímur Benjamínsson | GHR | 78 högg |
| Öldungafl.70+ | Karl Gunnlaugsson | GF | 81 högg |
| Piltafl. | Guðjón Helgi Auðunsson | GHG | 109 högg |

**Aldursflokkamót barna**

16 börn tóku þátt í Aldursflokkamóti barna 14 ára og yngri sem haldið var á Gufudalsvelli í Hveragerði og sá GHG um mótshaldið með golfnefnd og góðum stuðningi foreldra og þakkar nefndin GHG fyrir það. Ætlunin var að halda mótið síðustu helgi í júlí eins og upphaflega var lagt upp með en GHG þurfti að fresta móti vegna lélegrar þátttöku, en mótið var svo haldið 28. ágúst.

Næsta aldursflokkamót verður haldið á Svarfhólsvelli í umsjá GOS.

GF vann stigakeppnina, hlaut 36 stig.

**Önnur úrslit urðu:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Strákar 13-14 ára | Guðjón Helgi Auðunsson | GHG | 40 högg |
| Strákar 11-12 ára | Björn Ásgeir Ásgeirsson | GHG | 43 högg |
| Strákar 10 ára | Sævar Elí Kjartansson | GÞ | 34 högg |
| Stelpur 13 -14 ára | Erla Ellertsdóttir | GF | 69 högg |
| Stúlkur 10 ára | Marta María Bozovic | GÞ | 39 högg |


Verðlaunahafar á aldursflokkamóti HSK í golfi.


Andri Már Óskarsson HSK meistari í golfi.

Nefndin þakkar öllum sem tóku þátt í golfmótum og starfi á vegum HSK á liðnu ári.

**Fyrir hönd golfnefndar, Sólveig Stolzenwald**

# Handknattleiksnefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Bergur Guðmundsson | Umf. Selfoss | Starengi 17 | S: 482 2006 / 864 3853 |
| | Jóhannes Óli Kjartansson | Umf. Selfoss | Austurvegi 60 | S: 482 2731 / 663 3896 |
| | Örn Guðnason | Umf. Selfoss | Suðurengi 9 | S. 564 6323 / 897 6323 |
| Varam.: | Ágúst Rósmar Morthens | Umf. Selfoss | Miðengi 7 | S. 482 1725 / 695 3034 |

Handknattleiksnefnd HSK stóð fyrir HSK-móti í meistaraflokki karla í íþróttahúsi Vallaskóla fimmtudaginn 29. desember. Fyrstu HSK-mótin voru haldin á árunum 1974-1976. Árið 2007 beitti Örn Guðnason sér fyrir því að HSK-mót í handbolta yrðu endurvakin. Mótið sem haldið var í desember sl. var því fimmta mótið í röð síðan það var endurvakið. Handknattleiksnefnd HSK sá um undirbúning og framkvæmd mótsins, en leikmenn skiptust á að dæma leiki. Eins og undanfarin ár var mótið hraðmót þar sem leiktími var 2x10 mín. Fjögur lið tóku þátt í mótinu að þessu sinni: Selfoss 1 og 2, Árborg og Baldur. Dímon, sem verið hefur með frá upphafi, tók sér frí þetta árið, en verður vonandi með að ári.

**Úrslit leikja urðu eftirfarandi:**

| | |
|---|---|
| Selfoss 1 - Selfoss 2 | 17:4 |
| Árborg - Baldur | 18:12 |
| Selfoss 2 - Baldur | 6:11 |
| Selfoss 1 - Árborg | 13:17 |
| Árborg - Selfoss 2 | 14:11 |
| Baldur - Selfoss 1 | 14:19 |

**Lokastaða:**

| | |
|---|---|
| 1. sæti Árborg | 6 stig |
| 2. sæti Selfoss 1 | 4 stig |
| 3. sæti Baldur | 2 stig |
| 4. sæti Selfoss 2 | 0 stig |



Selfyssingar urðu bikarmeistarar í 4. flokki karla og kvenna í handknattleik í lok febrúar 2011. Voru þetta jafnframt fyrstu bikrameistaratitlar félagsins.

Auglýst var eftir þátttöku yngri flokka í HSK-mótin. Ekki fékkst næg þátttaka í öllum flokkum og eins náðist ekki að finna hentugan tíma fyrir mótin. Vonandi verður hægt að koma þeim á 2012. Eins hafa verið settar fram hugmyndir um að halda mót í svokölluðum softball fyrir yngstu krakkana. Þar er leikið á minni velli með fjóra í liði og má markmaður taka þátt í sókn.

# Hestaíþróttanefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Sigmar Ólafsson | Hestam.f. Sleipni | Stangarlæk 2 | S. 482 2546 / 662 4559 |
| | Halldóra S. Jónsdóttir | Hestam.f. Sleipni | Birkigrund 23 | S. 482 2441 / 891 7363 |
| | Lovísa H. Ragnarsdóttir | Hestam.f. Geysir | Hemlu | S. 487 7857 / 868 2539 |
| Varam.: | Ísleifur Jónasson | Hestam.f. Geysi | Kálfholti | S. 487 5016 / 852 4035 |

Árið 2011 var gott ár hjá velflestum hestamönnum á Suðurlandi. Landsmót hestamanna var haldið á Vindheimamelum og stórgóður árangur náðist á því móti, þar á meðal var Sigursteinn Sumarliðason íslands- og landsmótsmeistari í tölti.

Heimsmeistaramót var haldið í Austurríki og þar eignuðumst við tvöfaldan heimsmeistara í ungmennaflokki, hana Heklu Katarínu Kristinsdóttir og óskar hestaíþróttanefndin henni til hamingju með hennar góða árangur. Endalaust væri verið að telja upp alla þá sigra sem sunnlenskir hestamenn hafa unnið á árinu á landsmóti, íslandsmóti, heimsmeistaramóti, meistaradeildinni og félagsmótum og því verður staðar numið hér.

Hestaíþróttanefndin óskar Sigursteini til hamingju með tilnefninguna til íþróttamanns HSK og velfarnaðar í framtíðinni.

**Sigmar Ólafsson**



Sigursteinn Sumarliðason varð Íslands- og Landsmótsmeistari í tölti.

# Íþróttanefnd fatlaðra

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Sigurlín Garðarsdóttir | Íþr.f. Suðra | Baugstjörn 1b | S. 482 4120 / 897 4120 |
| | Guðrún Jónsdóttir | Íþr.f. Suðra | Sandbakka | S. 486 3326 / 863 9526 |
| | Valgeir Backman | Íþr.f. Gný | Sólheimum | S. 480 4400 / 847 1907 |
| Varam.: | Sigrún Hreiðarsdóttir | Íþr.f. Suðra | Tröllhólum 17 | S. 482 2306 / 865 7051 |

**Héraðsmót í íþróttum fatlaðra**

Héraðsmót fatlaðra í frjálsíþróttum fór fram í Þorlákshöfn 9. ágúst 2011. Það voru keppendur frá Suðra sem mættu til leiks, hressir og glaðir eins og jafnan.

Það bar helst til tíðinda á mótinu að Hulda Sigurjónsdóttir setti Íslandsmet í kúluvarpi í sínum flokki. Hún kastaði kúlunni 8,52 metra. Glæsilegur árangur og við óskum Huldu til hamingju með afrekið.

Heildarúrslit má sjá á www.hsk.is.



Keppnislið Suðra, ásamt þjálfara á héraðsmótinu 2011.

# Knattspyrnunefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form. | Aldís Sigfúsdóttir | Umf. Selfoss | Bankavegi 5 | S: 894-1275 |
| | Guðmundur G. Sigfússon | Knattsp.f. Árborg | Spóarima 29 | S: 848-0711 |
| | Viktor Steingrímsson | Knattsp.f. Rang. | Nýbýlavegi 40 | S: 891-8216 |
| Varam. | Gestur Einarsson | Umf. Gnúpverja | Hæli | S: 844-9126 |

Það sem bar hæst í knattspyrnuiðkun á sl. ári var að meistaraflokkar Selfoss, kvenna og karla unnu sér sæti í efstu deild. Ennfremur tryggði karlalið Selfyssinga í 2. flokki sér sæti í b riðli. Þá má geta þess að 2. flokkur kvenna á Selfossi er líka í b riðli.

Varðandi yngri flokkanna þá var þar yfir heildina mjög góður árangur. Fjöldi iðkenda hefur aukist og hafa t.d. Selfyssingar aldrei sent eins mörg lið á mót á vegum KSÍ.

Þá er byrjað samstarf á milli Selfyssinga og Ægis í Þorlákshöfn í 3. og 4. flokki karla. Og munu þeir keppa undir nafninu Selfoss-Ægir næsta sumar.

Meistaraflokkur karla hjá KFR tryggði sér sæti í 2. deild .

Hamar sendi í fyrst sinn keppnislið á Íslandsmótið í 2. flokki karla og Hrunamenn sendu í fyrsta skipti lið á Íslandsmót kvenna í 4. flokki.



Verðlaunahending á HSK móti í 7. flokki.

**Héraðsmót yngri flokkanna**
Utanhúss HSK mót fyrir yngri flokkana í knattspyrnu var haldið s.l. haust. 6. og 7. flokkur karla kepptu í Þorlákshöfn 26. september og komu Hamar, Ægir og Hrunamenn með lið. Þann 16. október kepptu 5. flokkur karla á Selfossi, en þar kepptu ásamt heimamönnum, Hamar, Ægir og Hrunamenn.

Mótin gengu í alla staði vel fyrir sig. En það hefur komið upp sú hugmynd að gera þetta að árlegum viðburði á hverju hausti, í október og þá í væntanlegu loftbóluhúsi í Hveragerði.

**Næsta ár/árin**
Varðandi HSK mót yngri flokkanna þá er verið að stefna að því að þau hljóti fastan sess á haustin, eða í október og þá í loftbólihúsi Hvergerðinga.

Reyna að efla tengsl og samstarf á milli knattspyrnufélaganna, t.d. með því að minni félögin komi í heimsókn til Selfyssinga og æfi með þeim eina og eina æfingu, þar sem þjálfarar beggja liðanna, eða einhver gestaþjálfari, sjái um æfinguna.


Frá keppni á héraðsmótinu í 5. flokki í knattspyrnu.

# Körfuknattleiksnefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Lárus Ingi Friðfinnsson | Íþr.f. Hamri | Heiðmörk 57 | S. 483 4940 / 660 1618 |
| | Árni Þór Hilmarsson | Umf. Hrunamanna | Vesturbrún 6 | S. 482 1118 / 849 3870 |
| | Þorsteinn Darri Sigurgeisson | Umf. Heklu | Baugöldu 5 | S. 557 5943 / 862 9366 |
| Varam: | Kjartan Kárason | Körfukn.f. Fsu | Fosstúni 12 | S. 482 4264 / 892 4264 |

Eins og undanfarin ár var aðalstarf nefndarinnar að halda héraðsmót og bikarkeppnir. Því miður náðist ekki að halda héraðsmót karla, héraðsmót kvenna og héraðsmót í 8. flokki karla þetta árið vegna mikilla anna hjá félögunum.

**Bikarkeppni karla**
Hamar varð bikarmeistari karla hjá HSK vorið 2011. Þetta er í þriðja sinn sem þeir vinna bikarinn í karlaflokki, en liðið vann árin 1998 og 1999. Ragnar Nathanelsson var stigahæstur Hamarsmanna með 23 stig, Snorri Þorvaldsson var með 15 stig og Bjarni Rúnar Lárusson 12. Pétur Sigurðsson var stigahæstur Laugdæla með 22 stig, Bjarni Bjarnason var með 17 stig og Sigurður Hafþórsson var með 13 stig.
**Úrslit:**
**8-liða úrslit:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Þór – Gnúpverjar | | | 20 – 0 |
| Laugdælir – Árborg | Iðu, Selfossi | 20. apríl | 93 – 72 |
| Hekla – Hamar | Hella | 19. apríl | 63 - 99 |

Hrunamenn sitja hjá, sjö lið skráð
**4- liða úrslit:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hrunamenn - Laugdælir | Flúðum | 11. maí | 65 - 95 |
| Þór - Hamar | Þorlákshöfn | 30. apríl | 79 - 101 |

**Úrslitaleikur:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hamar - Laugdælir | Hveragerði | 18. maí | 92 - 64 |

**Bikarkeppni kvenna**
Þrjú lið voru skráð til leiks. Því miður náðist ekki að klára mótið þetta árið, þar sem illa gekk að finna dagsetningu fyrir úrslitaleikinn.
**4-liða úrslit:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hrunamenn – Hamar | Flúðir | 12. apríl | 33 - 86 |

Laugdælir sitja hjá (þrjú lið skráð)
**Úrslitaleikur:**
Laugdælir - Hamar fór ekki fram

**10. flokkur karla**
Mótið var haldið á Flúðum 28. apríl 2011.
**Úrslit leikja:**

| | |
|---|---|
| Hrunamenn - Hekla | 48-28 |
| Hekla - Hamar | 32-28 |
| Hrunamenn - Hamar | 44-32 |

**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. Hrunamenn | 4 stig |
| 2. Hekla | 2 stig |
| 3. Hamar | 0 stig |

**10. flokkur kvenna**
Mótið var haldið í Reykholti í Biskupstungum 17. mars 2011.


Lið Umf. Hrunamanna varð HSK meistari í 8. flokki kvenna.

**Úrslit leikja:**

| | |
|---|---|
| Bisk - Hekla | 6 - 37 |
| Hrunamenn - Hekla | 25 - 19 |
| Hrunamenn - Bisk | 40 - 12 |

**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. Hrunamenn | 4 stig |
| 2. Hekla | 2 stig |
| 3. Bisk | 0 stig |

Leiktími var 4 x 8 mín.

**8. flokkur stúlkna**
Mótið var haldið á Flúðum 3. maí 2011.
**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. Hrunamenn a | 2 stig |
| 2. Hrunamenn b | 0 stig |

**Minnibolti karla**
Mótið var haldið fram í Þorlákshöfn 27. apríl 2011.
**Keppni A- liða:**
**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. Hrunamenn A | 4 stig |
| 2. Hamar A | 2 stig |
| 3. Þór A | 0 stig |

**Keppni B- liða:**
**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. Þór B | 6 stig |
| 2. Hamar B | 4 stig |



Þátttökulið á héraðsmóti í minnibolta drengja.

| | |
|---|---|
| 3. Hrun B | 2 stig |
| 4. Hekla | 0 stig |

**Minnibolti kvenna**
Mótið var haldið á Hellu 18. mars 2011

**Lokastaðan:**

| | |
|---|---|
| 1. UMFH a | 6 stig |
| 2. Hekla | 4 stig |
| 3. UMFH b | 2 stig |
| 4. Umf. Bisk. | 0 stig |

# Skáknefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Magnús Matthíasson | Umf. Selfoss | Dælengi 15 | S. 482 2910 / 691 2554 |
| | Guðni Ragnarsson | Umf. Dagsbrún | Guðnastöðum | S. 487 8570 / 898 6124 |
| | Skeggi Gunnarsson | Umf. Baldri | Skeggjastöðum | S. 482 2083 / 862 7583 |
| Varam.: | Úlfhéðinn Sigurmundsson | Umf. Baldri | Haga II | S. 482 2929 / 868 6706 |

**Héraðsmót HSK í sveitakeppni**
Sveitakeppni HSK í skák fór fram í Selinu 23. nóvember 2011. Sex sveitir skipaðar fjórum skákmönnum hver mættu til leiks.

**Lokastaðan:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Umf. Baldur | 15,5 v |
| 2. | Umf. Þór | 14,5 v |
| 3. | Umf. Selfoss 1 | 12 v |
| 4. | Íþr.f. Dímon 1 | 9,5 v |
| 5. | Íþr.f. Dímon 2 | 5,5 v |
| 6. | Umf. Selfoss 2 | 3 v |

**Magnús Matthíasson,**
**Formaður skáknefndar HSK**



Sigursveit Umf. Baldurs á héraðmótinu í skák.

# Starfsíþróttanefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Fanney Ólafsdóttir | Umf. Vöku | Hurðarbaki | S. 486 3345 / 892 4155 |
| | Sigríður Heiðmundsdóttir | Umf. Heklu | Kaldbak | S. 487 5133 / 869 2042 |
| | Hallfríður Ósk Aðalsteinsd. | Umf. Vöku | Lyngholti | S. 486 3319 / 845 9719 |
| Varam.: | Sigurgeir Ingólfsson | Umf. Eyfelling | Hlíð | S. 487 8824 / 893 8726 |

Nefndin stóð fyrir héraðsmóti í starfsíþróttum í lok maí. Keppt var í stafsetningu og fór keppnin fram í Flóaskóla í tengslum við hátíðina Fjör í Flóa. Gísli Skúlason íslenskukennari var fenginn til að semja þrautina sem þótti nokkuð strembin og náði enginn keppandi að gera hana villulausa, en keppendur voru alls 15. Efstu menn og konur urðu þessi:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Jón M. Ívarsson | Umf. Samhygð | 5 villur |
| 2. Kjartan Már Hjálmarsson | Umf. Selfoss | 8 villur |
| 3. Jóhannes Sigmundsson | Umf. Hrunamanna | 9 villur |
| 4. Kristín Sigurðardóttir | Umf. Vöku | 10 villur |
| 5.-6. Einar H. Haraldsson | Umf. Vöku | 11 villur |
| 5.-6. Helga Rún Garðarsd. | Dímon | 11 villur |

**Í stigakeppni félaga urðu úrslit þessi:**

| | |
|---|---|
| 1. Umf. Samhygð | 6 stig |
| 2. Umf. Selfoss | 5 stig |
| 3. Umf. Vaka | 4,5 stig |
| 4. Umf. Hrunamanna | 4 stig |
| 5. Dímon | 1,5 stig |

Formaður starfsíþróttanefndar vill að lokum þakka nefndarmönnum fyrir afar gott samstarf og einnig öllum þeim sem komu að starfi nefndarinnar á árinu.

**Með starfsíþróttakveðju,**
**Fanney Ólafsdóttir**



Frá keppni í stafsetningu á héraðsmóti 2011.

# Sundnefnd

**Nefndina skipuðu:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Ingibjörg Elva Laugdal Stefánsd. | Umf. Selfoss | Seljavegi 2 | S. 481 3777 / 857 3777 |
| | Guðrún Hafsteinsdóttir | Íþr.f. Hamar | Iðjumörk 3 | S. 483 4818 / 660 1610 |
| | Guðmundur Jóhannesson | Umf.Selfoss | Lágengi 31 | S. 482 3313 |
| Varam.: | Björg Halldórsdóttir | Íþr.f.Hamri | Kotströnd II | S. 483 4808 / 848 8148 |

Störf sundnefndarinnar voru mjög hefbundin á árinu 2011. Þrjú sundmót fóru fram á vegum Héraðssambandins: Aldursflokkamót, Héraðsmót og Unglingamót.

**Aldursflokkamót**

Aldursflokkamót 30. apríl, haldið í 25m útilaug á Hvolsvelli.

**Úrslit mótsins urðu sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hamar, Hveragerði | 124 stig |
| 2. | Umf. Selfoss | 67 stig. |
| 3. | Dímon, Hvolsvelli | 31 stig. |
| 4. | Ungmennafélag Hrunamanna | 28 stig |

Stigahæsta sund mótsins, 485 FINA stig, átti Ólöf Eir Hoffritz Umf. Selfoss fyrir 100m skriðsund.

Mjög ánægjulegt var að sjá tvo keppendur frá UMFH og stóðu þau sig mjög vel. Einnig tók Hjörtur Már Ingvarsson sem búsettur er í Þorlákshöfn þátt í þessu móti en hann hefur undanfarin ár æft og keppt með íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík.

Þetta mót var skráð löglegt mót hjá SSÍ en til þess að það sé hægt þurfa yfirdómari, ræsir og almennir dómarar að vera með fullgild réttindi til þeirra starfa frá SSÍ. Eins og er starfa einungis tveir almennir sunddómarar á svæði HSK þannig að stöðurnar voru fylltar með fólki af höfuðborgarsvæðinu.

Mótið var haldið í mikilli rigningu og mátti vart á milli sjá hvort starfsmenn mótsins eða keppendur voru blautari þegar mótinu lauk.

**Héraðsmót**

Héraðsmót 26. maí, haldið í 50m. útilaug í Hveragerði.

**Úrslit mótsins urðu sem hér segir:**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hamar, Hveragerði | 146 stig. |
| 2. | Umf. Selfoss | 46 stig. |

Stigahæsta sundkonan varð Ólöf Eir Hoffritz frá Umf. Selfoss sem vann sínar þrjár greinar og hlaut 18 stig.

Stigahæsti sundmaðurinn varð Jón Aron Lundberg frá Hamri í Hveragerði sem vann sínar þrjár greinar og hlaut 18 stig.

Stigahæsta sund skv. stigatöflu FINA: Ólöf Eir Hoffriz Umf. Selfoss, fyrir 50m skriðsund, 545 stig.

**Unglingamót**

Unglingamót 20. nóvember, haldið í 16m. innilaug á Selfossi.

**Úrslit mótsins urðu sem hér segir**

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Umf. Selfoss | 75 stig. |
| 2. | Dímon, Hvolsvelli | 53 stig. |
| 3. | Hamar, Hveragerði | 44 stig. |



Jón Aron Lundberg og Ólöf Eir Hoffritz urðu stigahæstu keppendur héraðsmótsins í sundi.

Bætingabikarinn hlaut Elínborg Guðmundardóttir frá Umf. Selfossi en hún bætti sig um 36,09 sek milli ára í 50m skriðsundi.

**Unglingalandsmót UMFÍ**

Á Unglingalandsmóti UMFÍ sem haldið var á Egilsstöðum um verslunarmannahelgina keppti einn sundmaður undir merkjum HSK. Líklegt má telja að fleiri sundmenn frá HSK stingi sér til sunds um verslunarmannahelgina 2012 þegar mótið verður haldið á sambandssvæðinu.

Almennt verður að segjast að árið 2011 var sundmönnum á HSK svæðinu gott. Gaman var að sjá mætta til leiks keppendur frá fleiri aðildarfélögum HSK á sundmótunum en verið hefur undanfarin ár og vonar nefndin að framhald verði á. Sundíþróttin er greinilega á uppleið en fjölgun hefur verið hjá félögum á sambandssvæðinu í hópi yngri iðkenda.

Að lokum þakkar nefndin fyrir allan þann stuðning sem sundíþróttin hefur fengið á sambandssvæðinu, sérstaklega starfsmönnum móta, þjálfurum, starfsmönnum sundlauga og síðast en ekki síst sundfólkinu sjálfu.

**Með sundkveðju, Ingibjörg E.L. Stefánsdóttir,**
**formaður sundnefndar HSK**

# Sögu- og minjanefnd

**Nefndina skipa:**

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Form.: | Haraldur Júlíusson | Umf. Njáli | Gilsbakka 35 | S. 487 8546 / 862 1267 / harjul@binet.is |
| | Jóhannes Sigmundsson | Umf. Hrunamanna | Syðra-Langholti | S. 486 6674 / 896 2554 / sydralangholt@centrum.is |
| | Lísa Thomsen | Umf. Hvöt | Búrfelli | S. 482 2670 / 863 8814 / burfell@simnet.is |
| Varam.: | Þorgeir Vigfússon | Umf. Skeiðamanna | Efri-Brúnavöllum 2 | S. 486 5520 / ebrun@eyjar.is |

Nefndin kom saman á fimm bókaða fundi í Selinu. Þorgeir Vigfússon varamaður hefur sem áður, tekið fullan þátt í starfi nefndarinnar.

Að venju gerði nefndin tillögu til stjórnar HSK um val á öðlingi ársins. Að þessu sinni gerði nefndin tillögu um að Árni Einarsson úr Umf. Selfoss yrði útnefndur öðlingur ársins 2010.

Nýr þáttur í starfi nefndarinnar er að skrá fyrir HSK þing nöfn látinna félaga frá síðasta þingi sem minnst verði við þingsetningu.

Aðalverkefni nefndarinnar á nýliðnu ári hefur verið varðandi myndasafn HSK. Nefndin ásamt framkvæmdastjóra HSK fór í heimsókn á Héraðsskjalasafn Árnesinga og ræddi við forráðamenn þess um hugsanlegt samstarf um varðveislu og myndaskönnun alls myndasafns HSK. Einnig skoðaði nefndin skjalasafn safnsins sem geymir mikið af gögnum frá HSK. Nefndin mælir með því að tekið verði upp samstarf við safnið vegna myndasafns HSK og þakkar góðar móttökur.

Á síðustu fundum nefndarinnar hefur nefndin unnið við að merkja myndir í safni HSK. Er þar um mikið óunnið verkefni að ræða.

Nefndin þakkar öllum þeim sem lagt hafa til hennar efni og fróðleik og sérstakar þakkir til Jóhannesar Sigmundssonar sem hefur lagt fram til nefndarinnar margar ritaðar heimildir og myndir frá starfi HSK.

Formaður þakkar sögu- og minjanefndarfólki, Engilbert Olgeirssyni og öðrum þeim sem tóku virkan þátt í störfum nefndarinnar, ánægjulegt samstarf með ósk um farsæld á nýju ári.


Sögu- og minjanefnd fundaði reglulega á árinu.

**F. h. sögu- og minjanefndar**
**Haraldur Júlíusson**

## Skýrslur aðildarfélaga HSK:

# Akstursíþróttafélag Hreppakappa

Árið 2011 hjá Hreppaköppunum einkenndist af rólegheitum. Félagsstarfið sem slíkt var ekkert á árinu en tveir félagsmenn kepptu í Íslandsmótinu í Enduro cross country. Annar þeirra er Axel Arndal #976 en hann er einmitt á myndinni sem fylgir. Hún er tekin á Hvaleyrarvatni þar sem stundum gefst færi á að hjóla á ís, en til þess nota menn ýmist negld eða skrúfuð dekk.

Hreppakappar héldu svo aðalfund 15. október 2011 þar sem engin breyting varð á stjórn félagsins. Þar var ákveðið að fella niður þáverandi heimasíðu og notast við fésbókarsíðuna með því að tengja lénið inn á hana. Einnig voru ræddar ýmsar hugmyndir til þess að koma starfinu aftur af stað á árinu 2012.

**Sigurjón Snær Jónsson,**
**formaður Akstursíþróttafélags Hreppakappa**


Axel Arndal sýnir tilþrif á Hvaleyrarvatni.

# Golfklúbbur Ásatúns

Formaður: Sigurjón Harðarson. Aðrir í stjórn: Eiríkur Stefánsson, Guðbjörg Jóhannsdóttir, Árni Sófusson, Gylfi Jóhannesson. Varamenn: Grímur Guðmundsson, Sigurður Kristinsson. Endurskoðendur: Sighvatur Halldórsson og Hörður Sigurjónsson.

Að venju byrjaði sumarið með starfsdegi, þar sem félagsmenn komu saman og undirbjuggu völlinn fyrir sumarið. Farið var yfir stíga og merkingar, skipt um fána og rakað grjóti ofl. skemmtilegt. Völlurinn hefur gróið mjög vel á þessu ári, og viðhald til fyrirmyndar. Einnig var unnið við upplýsingaskilti við hverja braut, þar sem komið var fyrir skilti með lýsingu á brautinni, ásamt því að brautunum var gefið nafn með gömlum örnefnum af svæðinu. Skiltið var fest á holtagrjót, sem safnað hafði verið úr umhverfinu, og setur þetta skemtilegan svip á völlinn. Hönnun og frágangur á merki klúbbsins lauk í sumar, og erum við ánægð með hvernig til hefur tekist, en ritari klúbbsins Eiríkur Stefánsson hannaði merkið og fyrirtækið Augljós merking sá um að ganga frá því í tölvutækt form.

Haldin voru þrjú mót í sumar og var þátttaka í þeim frekar dræm og vil ég kenna um röngu vallarmati sem enn hefur ekki fengist leiðrétt. Veit ég hreinlega ekki hvaða leið er fær fyrir okkur. Enn hefur

félagsmönnum í klúbbnum fjölgað sem greiða félagsgjald, en koma og spila heimavöllinn yfir sumarið. Stefnt verður að því að Golfklúbbur Ásatúns taki þátt í Deildarkeppni GSÍ í sumar, og verði þar með fullskipað lið.

Félagsgjald verður áfram 5.900 kr, en GSÍ stefndi að því að hafa álögur á klúbba óbreyttar fyrir árið 2012. Formaður og gjaldkeri sóttu HSK þing sem haldið var á Hellu, og GSÍ þing sem haldið var í Garðabæ.

Að lokum vil ég þakka öllum velunnurum klúbbsins og félagsmönnum fyrir samstarfið á árinu.

**F.h. Golfklúbbs Ásatúns,**
**Sigurjón Harðarson, formaður.**

# Golfklúbburinn Dalbúi

Á aðalfundi Dalbúa sem haldinn var 30. nóvember 2011 var kosin stjórn fyrir árið 2012:

Páll Þórir Ólafsson, formaður
Hafsteinn Daníelsson, varaformaður
Helga Björg Bragadóttir, gjaldkeri
Eiríkur Þorláksson, ritari
Bragi Dór Hafþórsson, meðstjórnandi
Páll Þ. Pálsson, meðstjórnandi
Stefán Ó. Guðmundsson, meðstjórnandi
Guðmundur H. Sigmundsson, varamaður



Á myndinni eru frá vinstri: Guðmundur H. Sigmundsson, rekstrarstjóri Golfklúbbs Dalbúa, Dr. Erlendur Haraldsson, Guðmundur Ragnarsson formaður VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna, Páll Þórir Ólafsson formaður Dalbúa og Hafsteinn Daníelsson varaformaður Dalbúa.

Segja má að félagsmenn Golfklúbbsins Dalbúa hafi tekið golfárið snemma á þessu ári. Nokkuð var um að menn spiluðu völlinn yfir veturinn, þrátt fyrir misjafnar aðstæður, og virtu menn ágætlega þær leiðbeiningar um vetrargolf, sem settar höfðu verið á heimasíðu klúbbsins. Vallarnefnd stóð fyrir hefðbundnum vinnudögum yfir sumarið enda mikil uppbygging sem á sér stað á vellinum og var vel mætt á þá alla. Mótanefnd átti eftir að halda mörg mót að venju yfir sumarið og tókust þau í alla staði mjög vel, og ber að þakka mótanefndinni sérstaklega fyrir vel unnin störf og félagsmönnum fyrir góða mætingu.

Fyrir byrjun golfsumarsins tók stjórnin þá ákvörðun að veita í fyrsta sinn „Framfarabikar Dalbúa“ þeim félagsmanni er myndi sýna mestar framfarir í sínum golfleik yfir sumarið og var bikarinn afhentur á aðalfundi Dalbúa 30. nóvember 2011.

Í júní hlotnaðist golfklúbbnum höfðingleg trjágjöf frá VM - félagi vélstjóra og málmtæknimanna. Þetta eru um 300 plöntur af birki, furu og lerki sem dr. Erlendur Haraldsson, heiðursprófessor við félagsvísindadeild Háskóla Íslands hefur um langt árabil ræktað við sumarbústað sinn í Snorrastaðahlíð. Erlendur hafði samband við rekstraraðila golfklúbbsins og kom með þá hugmynd að planta þessum trjám út á völlinn til minningar um afa sinn sem hvílir í kirkjugarðinum í Miðdal. VM - Félag vélstjóra og málmtæknimanna, brást af einstakri rausn við beiðni Dalbúa um aðstoð við að gera klúbbnum mögulegt að nýta þetta einstæða tækifæri, og ákvað að gefa golfklúbbnum þessar þrjú hundruð trjáplöntur fyrir völlinn í Miðdal. Það verður sameiginlegt verkefni félagsins að huga að þessum trjám þannig að þau megi sem best þjóna þeim tilgangi að gera völlinn enn skemmtilegri fyrir félagsmenn og aðra kylfinga í framtíðinni.

Heimasíða klúbbsins hefur verið mikið notuð á árinu til að koma fréttum og myndum til félagsmanna og er að nýtast klúbbnum vel. Nálgast má ársskýrslu Dalbúa á heimasíðunni ásamt skýrslum nefnda og ársreikning - www.dalbui.is.

**Fyrir hönd Dalbúa,**
**Páll Ólafsson, formaður.**

# Golfklúbburinn Flúðir

Aðalfundur GF fyrir árið 2010 var haldinn í golfskálanum laugardaginn 29. janúar 2011. Dagskrá fundarins var samkvæmt lögum félagsins. Mættir voru 60 félagar á fundinn. Á fundinum var samþykkt breyting á 5. gr. laga félagsins um kosningar. Helstu breytingar voru þær að í stað þess að kjósa í hvert embætti fyrir sig á aðalfundi þá skiptir stjórnin með sér verkum að kosningu lokinni. Formaður er áfram kosinn til 1 árs í senn, en aðrir stjórnarmenn til 2ja ára. Þannig er kosið um 2 stjórnarmenn á hverju ári. Auk þess eru kosnir 2 varamenn til eins árs í senn. Einnig er kjör heiðursfélaga sett alfarið í hendur stjórnar í stað þess að leita fundarsamþykkis á því. Bætt var við einni nefnd, fjáröflunarnefnd. Á fundingum gaf Karl Gunnlaugsson, þáverandi formaður GF, ekki kost á sér til áframhaldandi setu í stjórn GF og lauk þar með 25 ára samfelldri stjórnarformennsku Karls, eða allt frá stofnun GF árið 1985. Karl var gerður að heiðursfélaga GF á 25 ára afmælishátíð klúbbsins í júlí 2010. Á aðalfundinum hlaut Karl Gunnlaugsson starfsbikarinn og Agnar Reidar Róbertsson var kjörin golfmaður ársins.

**Á fundinum var ný stjórn kjörin sem er þannig skipuð:**

Ragnar Pálsson, formaður
Edda Svavarsdóttir, varaformaður
Katrín Ólöf Ástvaldsdóttir, gjaldkeri
Unnsteinn Eggertsson, ritari
Kristján Geir Guðmundsson, meðstjórnandi
Helgi Guðmundsson og Emil Gunnlaugsson, varamenn
Magnús Halldórsson og Reynir Ragnarsson, skoðunarmenn reikninga

Stjórnin hélt 7 stjórnarfundi á árinu. Nefndir GF eru 6 talsins: mótanefnd, vallarnefnd, forgjafarnefnd, unglinganefnd, aganefnd og fjáröflunarnefnd. Félagar klúbbsins eru nú 250 og fjölgaði þeim um 10% á árinu. Vonast hafði verið eftir að talsverður fjöldi félaga bættist við með tilkomu nýju brúarinnar yfir Hvítá. Þeir voru heldur færri en vonast var til og teljum við það vegna þessa hvað bundið slitlag komst seint á veginn. Við vonumst eftir aukningu að vestan nú í sumar.

Vorið og sumarið kom seint á síðasta ári og má segja að kalt hafi verið í veðri alveg fram í byrjun júlí en þá breyttist veður mikið til batnaðar og fengum við ágætis golfveður út septembermánuð. Breytingar voru gerðar á 15., 16. og 17. braut vallarins sem teknar voru í gagnið vorið 2011 og hefur tekist nokkuð vel til, en þó er vandamál

með bleytu á 16. brautinni, sérstaklega að vori, en einnig í langvarandi rigningartíð. Í vor verður gert átak til að laga umhverfi þessara þriggja brauta. Í haust voru síðan gerðar breytingar á 3. braut og 5. braut þar sem 3ja brautin verður lengd í par 5 og 5. brautin stytt í par 3 með færslu á teigum yfir akveginn. Flötin á 5. braut var einnig færð til móts við nýja teiga. Með þessari breytingu verður hætt að slá boltana yfir akveginn, og ekki lengur hætta á að slá í bíla á ferð, golfskálann og bíla á bílastæði. Nú verða tvær par 5 brautir bæði á fyrri 9 holum og einnig á seinni 9. Stjórnin mun kalla félaga til sjálfboðaliðsstarfa í vor eins og undanfarin ár og höfum við einnig hug á að kalla til sjálfboðaliða til ýmsra sérverkefna eins og stækkun teiga og lagfæringa á gloppum og vonumst við að sjá sem flesta þegar kallið kemur.

Eins og fram hefur komið var stofnuð fjáröflunarnefnd á síðasta ári og er hlutverk nefndarinnar að móta stefnu í styrkja- og auglýsingamálum klúbbsins, auk þess að afla styrkja og auglýsinga. Guðlaugur Guðlaugson hefur verið formaður nefndarinnar. Fjáröflunarnefndin mun vinna á fullu við þessi verkefni á árinu og eru væntingar töluverðar. Stjórnin er að móta hugmyndir um hvernig þessu fé verði best varið og er helst talað um að nota þá í sérverkefni eins og kaup á vélbúnaði sem mikil þörf er á og einnig að athuga með ráðingu á sérstökum stafsmanni sem fyrst og fremst á að sinna ýmsum lagfæringu á vellinum sem vallastjóri og vallarnefnd eru sammála um að þörf sé á.

Mótahald gekk vel í sumar og bar hæst sveitakeppni drengja 15 ára og yngri sem fram fór dagana 19. til 21. ágúst. Þess má geta að samkvæmt drögum að mótaskrá GSÍ fyrir árið 2012 er ráðgert að sveitakeppni eldri kylfinga, 1. deild, karla og kvenna verði haldin á Selsvelli dagana 17. til 19. ágúst. Það er skoðun stjórnar að við eigum ekki að keppast við að fá stærri mót haldin á vellinum á næstu árum eins og Eimskipamótarröðina eða Íslandsmótið.

Barna- og unglingastarfið var með miklum ágætum sl. sumar, þar sem þeir Árni Þór Hilmarsson og Karl Gunnlaugsson héldu utan um starfið. Jón Þorsteinn Hjartarson golfkennari var fenginn til að koma tvisvar sinnum til styrkja kennsluna. Gerður var samningur á árinu við Hrunamannahrepp um stuðning við barna- og unglingastarf. Samningurinn er ótímabundinn en með 6 mánaðar uppsagnarfresti að beggja hálfu.

Rástímaskráning á Selsvöll fór sl. sumar fram í gegnum golf.is. Skráningin gekk í meginatriðum vel, en þó var ákveðið að leyfa ekki fjöldaskráningu á næsta tímabili vegna þess að fjöldi skráðra kylfinga stóðst oft á tíðum ekki þegar til kom. Eins og staðan er í dag þá hafa félagsmenn 7 daga fyrirvara á skráningu, en aðrir 5 daga. Við teljum að nauðsynlegt sé að gefa utanfélagsmönnum þetta marga daga þar sem menn vilja hafa góðan fyrirvara á bókun sérstaklega í sveitinni, en tekjur af vallargjöldum eru þýðingarmiklar til að tryggja rekstur golfvallarins en betur.



Horft heim að golfskálanum á Selsvelli af 4. braut vallarins.

Í haust var gerð sú breyting á fyrirkomulagi tilkynninga til félaga GF að sent er fréttabréf í tölvupósti til félaga í stað tölvupósts, sem áður var. Þessi möguleiki býður upp á betri framsetningu og hefur vonandi mælst vel fyrir hjá félögum. Þó virðist vera sem einungis 35-40% þeirra fréttabréfa sem send eru út vera opnuð. Vonandi mun það hlutfall hækka. Á listanum eru nú tæplega 190 netföng.

Síðasta vor var gerður vinavallasamningu við 5 golfklúbba á Suðurlandi sem þýddi það að félagar klúbbana geta spilað á þessum völlum fyrir 50% af venjulegu vallargjaldi. Þessir vellir eru: Svarfhólsvöllur á Selfossi, Strandarvöllur við Hellu, Vestmannaeyjavöllur, Kiðjabergsvöllur og Gufudalsvöllur í Hveragerði.

Að lokum vil ég þakka stjórnarmönnum og öllum félögum í nefndum fyrir gott og óeigingjarnt starf á síðasta ári. Einnig vil ég þakka þeim fjölmörgu klúbbfélögum sem komið hafa að vinnu við þrif og aðra sjálfboðaliðsvinnu sem í gangi var á árinu.

# Golfklúbbur Hellu

Golfklúbbur Hellu hélt sinn aðalfund 10. nóvember 2011 og mættir voru 18 félagar. Stjórn síðasta starfsárs gaf kost á sér til áframhaldandi setu og er hún skipuð þannig:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Óskar Pálsson |
| Varaformaður: | Ólafur Stolzenwald |
| Gjaldkeri: | Katrín Björg Aðalbjörnsdóttir |
| Ritari: | Bjarni Jóhannsson |
| Meðstjórnandi: | Árni Þorgilsson |
| Varamaður: | Guðný Rósa Tómasdóttir |
| Varamaður: | Loftur Þór Pétursson |
| Vallarstjóri: | Sigurjón Eiríksson |

Félagar eru nú 136 þar af eru tveir í fjaraðild. 27 félagar gengu úr klúbbnum, og 11 nýir gengu inn. 2 heiðursfélagar létust á árinu þeir Brynjólfur Jónsson sem dó þann 27. febrúar og Svavar Friðleifsson fyrrverandi formaður (1986-1997) þann 14. ágúst.

Þessum mönnum voru þökkuð vel unnin og óeigingjörn störf í þágu klúbbsins. Þeirra var svo minnst með 1 mínútu þögn.

Starfsemi GHR var með hefðbundnu sniði, tekið var á móti hópum, haldin voru mót bæði innan félags- og opin mót. Töluverð fækkun varð í þátttöku í mótum og heimsóknum í sumar miðað við sl. ár.

Meistaramótið er alltaf aðal mótið og fjölmennasta, en þátttaka í því var bara nokkuð góð. Klúbbmeistarar þetta árið urðu þau Andri Már Óskarsson og ung og efnileg stúlka Hafdís Alda Jóhannsdóttir.

GSÍ mót voru þrjú: 21. og 22. maí var Arionbanka-mót unglinga haldið á Strandarvelli. Aflýsa varð síðustu umferðinni vegna öskufalls en að öðru leiti tókst vel til með mótið. Sveitakeppnin 2. deild fór fram dagana 12.-14. ágúst og er skemmst frá að segja að GHR féll niður í þriðju deild. L Í liðinu voru Aðalbjörn Páll Óskarsson, Andri Már Óskarsson, Arngrímur Benjamínsson, Hjörtur Leví Pétursson, Jón Þorsteinn Hjartarson, Óskar Pálsson og Vilhjálmur Andri Vilhjálmsson. Liðstjóri var Óskar Pálsson. Íslandsmót í holukeppni var haldið 19.-21. ágúst þar sem heimamaðurinn Andri Már lék til úrslita og hafnaði í öðru sæti eftir bráðabana við Arnór Inga Finnbjörnsson,



Æfingasvæði félagsins var stórbætt á árinu.

glæsilegur árangur hjá Andra Má. Andri endaði síðan í 5. sæti stigalista GSÍ sem verður að teljast frábær árangur, óskum við Andra Má innilega til hamingju. Andi Már komst einnig í lið landsbyggðarinnar í bikarnum ásamt öðrum félaga GHR Arngrími Benjamínssyni.

Unglingamál voru tekinn föstum tökum, var m.a. haft samband við alla íþróttakennara í sýslunni sem voru hvattir til að kynna golfið fyrir sínum nemendum og auglýsa æfingatíma en því miður þá skilaði það litlu. Æfingar voru einu sinni í viku en því miður þá gekk ekki nógu vel að fá börn og unglinga til að mæta á æfingarnar. Umhugsunarefni er hvað hægt er að gera til að laða að krakka til að iðka golf í héraði. Nú eru einungis 9 börn 0-15 ára skráð í klúbbinn og 7 börn 16-19 ára. Kennari í sumar eins og sl. ár var Jón Þorsteinn Hjartarson og sinnti hann kennslu bæði fyrir börn og fullorðna.

Nokkrir félagar komu saman í golfskálanum 1 sinni í viku sl. vetur og stunduðu golfleikfimi sem vonandi hefur skilað sér hjá þeim í golfinu í sumar. Í mars kom til okkar alþjóða dómari sem fór yfir golfreglur og golfsiði sem var mjög fróðlegt 13 mættu á fundinn, það hefði nú verið gaman að sjá fleiri félaga nýta sér þetta tækifæri til að fara yfir þessi mál því alltaf er gott að skerpa á þeim.

Framfaraverðlaun voru veitt eins og alltaf, að þessu sinni kom það í hlut Guðrúnar Drafnar Eyjólfsdóttur sem lækkaði sig um 5,1 í forgjöf. Þetta var fyrsta árið í nokkurn tíma sem ekki komu plöntur frá skógræktinni en nokkrir félagar komu með plöntur og gróðursettu.

Framkvæmdir voru talsverðar, rafmagnslína sem lá yfir æfingarsvæðið var fjarlægð þannig að hægt var að halda áfram þar framkvæmdum. Þar var teigur stækkaður, sett sandgryfja og lendingarsvæði sléttað, eftir er að lagfæra betur skotmörkin. Undirbúningur að brautum fyrir byrjendur er hafinn norðvestan við æfingarsvæði, hugmyndir eru um 3 brauta völl sem samt er 9 brauta völlur og eru þá 3 mismunandi teigar á hverri braut. Rauðir teigar voru endurnýjaðir á 5. og 6. braut, göngustígurinn á 18 endurnýjaður ásamt lagfæringum á öðrum stígum, 2 göngubrýr lagfærðar, skýli fyrir golfbíla reist við austurhlið bílastæðis sem og geymsla fyrir ruslagáma. Tel ég að við að taka þessa byggingu í notkun verði aðkoma að skála mun huggulegri. Tækjakostur var bættur á velli, keypt var notuð röffvél, ætti tilkoma hennar að auðvelda alla umhirðu á röffinu. Við fengum þriggja fasa rafmagn og í framhaldinu var keypt rafmagnsdæla sem auðveldar alla vökvun á flötunum og er væntanlega talsvert ódýrari í rekstri en sú sem fyrir var. Dælan verður svo sett upp nú í vor.

Næsta ár er svo stórt ár hjá okkur, 60 ára afmæli GHR og Íslandsmót í höggleik. Þá væri vel þegin sjálfboðavinna hjá félögunum og nágrannaklúbbunum fyrir og í móti því þar eru ansi mörg handtökin sem þarf að vinna. Það væri gott ef félagar létu vita af sér með því að senda póst á ghr@ghr.is ef þeir sæju sért fært að rétta fram hjálparhönd við þessi tímamót, en mótið verður 26.-29. júlí.

# Golfklúbbur Hveragerðis

Aðalfundur var haldinn 8. desember. Þá var kosið um þrjá stjórnarmenn. Núverandi stjórn skipa:

Erlingur Arthúrsson, formaður
Alfreð Maríusson, varaformaður
Ásta Björg Ásgeirsdóttir, gjaldkeri
Páll Sveinsson, ritari
Sigrún Arndal
Steindór Gestsson
Sigurður Hlíðar Dagbjartsson

**Félagsstarfið**

Starf klúbbsins var með hefðbundnum hætti á árinu 2011. Í upphafi árs snerist starfið um inniæfingar og undirbúning fyrir sumarið. Æfingaaðstaðan í kjallara íþróttahússins var vel nýtt og einnig var púttað á hverjum laugardegi í púttmótaröð. Klúbburinn var með vel heppnað þorrablót í fyrsta sinn og stefnt er að því að gera það að venju í vetrarstarfinu. 1. maí mætti svo vaskur hópur og málaði skálann að utan. Einnig var hreinsað til á vellinum og gróðursettar á annað þúsund trjáplöntur. Að venju endaði dagurinn á jaxlamótinu sem er hefð okkar eftir vinnudag á vori.

**Kvennastarfið**

Á vormánuðum hófu konurnar starfið með glæsilegu kvöldi og dagskrá. Þær hittust síðan á hverjum mánudegi og spiluðu á Gufudalsvelli eða heimsóttu aðra velli. Kvennastarfinu lauk svo með helgargolfferð í Borgarnes.

**Barna- og unglingastarfið**

Barna- og unglingastarfið hefur verið í mikilli framför síðustu ár. Að jafnaði stunda um 20-30 börn og unglingar æfingar og taka þátt í félagsstarfi á vegum klúbbsins. Golfárið hófst með inniæfingum í mars, þar sem hægt var að slá af mottum og æfa púttin. Í sumar æfðu byrjendur þrisvar í viku og lengra komnir tvisvar í viku. Barna- og




Aðsókn að Gufudalsvelli hefur aukist gríðarlega undanfarin ár enda almennt flokkaður með betri og skemmtilegri golfvöllum landsins.

unglingastarfið hefur síðastliðin tvö ár tekið þátt í Suðurlandsmótaröðinni sem hófst sumarið 2010. Einnig höfum við sent sveitir í Sveitakeppni GSÍ síðastliðin tvö ár, á þessu ári var mótið á Flúðum. Í haust var farið í golfferð innanlands og var farið á Flúðir og Kiðjaberg og má segja að þar hafi punkturinn verið settur yfir I-ið á starfsárinu. Yfirþjálfari síðustu tvö ár hefur verið Gylfi B. Sigurjónsson.

**Mótahald**

Opnum mótum fjölgaði um tvö í ár og var annað þeirra sameiginlegt mót með GOS. Mótahald GHG er stór þáttur í starfseminni og skapar klúbbnum þónokkrar tekjur. Innanfélagsmót voru reglulega í sumar og var þátttaka í þeim með ágætum og var meðal annars metþátttaka í meistaramótinu.

**Klúbbmeistarar GHG urðu eftirtaldir:**
Karlar: Gunnar Marel Einarsson
Konur: Þuríður Gísladóttir
Öldungar karla: Sigurður Þráinsson
Öldungar kvenna: Elín Hrönn Jónsdóttir
Öldungar 70+: Jón Hafsteinn Eggertsson
13-15 ára: Jón Bjarni Sigurðsson
12 ára og yngri: Björn Ásgeir Ásgeirsson

**Keppnisþáttaka**
Keppnissveitir karla og kvenna tóku þátt í Sveitakeppni GSÍ og var þetta í fyrsta skipti sem konurnar sendu lið í keppnina. Þær stóðu sig ágætlega en þær spiluðu á Sauðarkróki. Karlasveitin spilaði á Hellishólum og endaði í fimmta sæti. Karlakeppnin fer fram á Gufudalsvelli á næsta ári en konurnar spila á Akranesi.

**Framkvæmdir**
Þó nokkrar framkvæmdir voru á vegum klúbbsins á árinu. Unnið var við vatnsveitu klúbbsins og var veitan tengd öðrum brunni í fjallinu sem gjörbreytti vatnsmálum í skála og íbúðarhúsi. Hafnar voru framkvæmdir við klæðningu skála að utan og miðar því verki ágætlega og er stefnt að verklokum fyrsta áfanga fyrir vorið.

Fullgildum félögum í GHG fjölgaði um 14 á árinu voru alls 174 í árslok 2011. Aukafélögum fækkaði um 87 frá árinu áður og voru 64 í árslok.

**Golfkveðja, Erlingur Arthúrsson, formaður GHG**

# Golfklúbbur Kiðjabergs

Í ár var stjórn Kiðjabergs skipuð eftirtöldum:
Formaður: Jóhann Friðbjörnsson
Gjaldkeri: Einar Örn Einarsson
Ritari: Þórhalli Einarsson
Meðstjórnendur: Gunnar Þorláksson og Gissur Jóhannsson
Varamenn: Ágúst Friðgeirsson og Börkur Arnviðarson

Haldnir voru 11 bókaðir fundir á árinu. Það má segja að golfárið hafi farið mjög hægt af stað vegna kulda í upphafi sumars, stóð þetta kuldakast allt frá opnun vallar 7. maí og langleiðina út júní. Aðsókn á völlinn var svipuð og árið áður en um 10.000 skráningar í rástíma voru á golf.is. Mjög góð þátttaka var í öllum mótum og fjöldinn allur af fólki spilaði jafnframt án þess að skrá sig sérstaklega í rástíma. Þá var mikil aukning var í komu erlendra kylfinga.

Í upphafi árs kom í ljós að flestar vélar sem við eigum voru mjög illa farnar eftir þá ösku sem lagðist yfir völlinn sumarið áður. Varð að fara í umfangsmikið viðhald á þeim og skipt var um kefli, ljái, legur og ofl. Var þetta mun meira heldur en við áttum von á og kostnaður fór lagt fram úr því sem áætlað var miðað við hefðbundið ár. Síðan ákvað stjórnin eins og kom fram í skýrslu stjórnar frá síðasta ári að festa kaup á tveimur vélum, einni brautarvél og röffvél. Kostuðu þessar vélar nálægt 8 milljónum.

Fjöldi félaga í klúbbnum er nú 327. Nýir félagar eru 29 og 37 voru teknir af félagaskrá. Þessi fækkun á sér skýringar að nokkru leiti þar sem mjög vel var tekið til í félagatali og teknir út aðilar sem ekki höfðu greitt undanfarin tvö ár en var þó haldið inni þar sem ekki hafði komið frá þeim formleg úrsögn úr klúbbnum. Daglegur rekstur klúbbsins var í höndum formanns, þar af var launað tímabil 7 mánuðir. Á árinu voru haldin 10 opin mót þar af eitt kvennamót, innanfélagsmót voru fjögur. Mjög góð þátttaka var í þessum mótum. Meistarmót var haldið dagana 15. og 16. júlí, keppendur voru alls 96 sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Leikið var í fjórum karlaflokkum, tveim kvennaflokkum, öldungaflokki og flokki unglinga. Klúbbmeistari karla varð Ragnar Már Garðarsson og klúbbmeistari kvenna varð Bergljót Kristinsdóttir.

Á komandi sumri verða hjá okkur tvö GSÍ mót. Íslandsmót unglinga í lok júlí sem er þriggja dag mót. Er það hluti af þeim pakka að hafa fengið Íslandsmótið 2010. Síðan verður stigamót í Eimskipafélagsmótaröðinni í lok ágúst. Að öðru leiti verður mótaskrá okkar svipuð og undafarin ár.

# Golfklúbbur Selfoss

Stjórn GOS 2011 skipuðu eftirtalin:
Bárður Guðmundarson, formaður
Pétur Á. Hjaltason, gjaldkeri
Jónbjörg Kjartansdóttir, ritari
Halldór Morthens og Jens Uwe Friðriksson, meðstjórnendur
Guðjón Öfjörð Einarsson og Ástfríður M. Sigurðardóttir, varamenn

Stjórnarfundir urðu alls 9 á starfsárinu. Fundað var í upphafi starfsárs með nefndarformönnum og markmið stjórnar kynnt. Félagafjöldin í GOS er 214 og komu 62 nýir inn og út fóru 58. Síðustu ár hefur gegnumstreymi nýrra félaga verið töluvert og er það mikið áhyggjuefni. Þarf að minnka brottfallið til muna, ef við ætlum að fjölga í klúbbnum.

Það voraði mjög seint og varla hægt að spila golf fyrr en eftir miðjan júní og kom það niður á aðsókn á völlinn í sumar. Þá má segja það að veðurblíðan hafi verið mikil í júlí og ágúst, en hinir mánuðirnir voru ekki góðir veðurfarslega. Í maí var kynningarbæklingur sendur inn á öll heimili í Árborg og Flóahreppi. Var þar meðal annars boðið upp á sérkjör fyrir nýliða. Innifalið í árgjaldi nýliða var golfkennsla og mæltist þetta vel fyrir og þó nokkrir nýliðar gengu í klúbbinn. Hlynur Geir Hjartarson og Gylfi B. Sigurjónsson sáu um kennslu fyrir byrjendur og lengra komna. Golfdag hélt klúbburinn í lok maí í samvinnu við “Vor í Árborg”, þar sem öllum var boðið að kynna sér golfíþróttina. Pæjugolf var haldið í fyrsta sinn á Íslandi og var það haldið á vegum PGA á Íslandi og GSÍ, mikill heiður er fyrir okkur að fá að halda svona uppákomu. Send var út til félaga viðhorfskönnun, sem 58 félagar svöruðu, verður könnunin notuð til umbóta- og þróunarstarfs næstu árin.

Í tilefni af 40 ára afmæli klúbbsins var haldið golfmót og veisla í byrjun september. Yfir hundrað þátttakendur tóku þátt í mótinu, þar á meðal þó nokkrir boðsgestir. Eftir mótið var öllum boðið til veislu þar sem forseti Golfsambands Íslands, Jón Ásgeir Eyjólfsson, afhenti Gunnari Kjartanssyni, Jóni Ágústi Jónssyni og Bárði Guðmundarsyni gullmerki og Hlyni Geir Hjartarsyni silfurmerki sambandsins. Þótti mótið og veislan takast ljómandi vel. Í afmælishófinu afhenti GSÍ klúbbnum verðlaunagrip, sem Háttvísisbikar heitir. Ákvað stjórn klúbbsins að veita hann þeim unga kylfingi, sem skarar fram úr öðrum á flestum sviðum. Valinn var Símon Leví Héðinsson fyrir árið 2011. Kylfingur ársins var valinn Hlynur Geir Hjartarson.

Fjármál eru og verða eitt af aðalmálum hverrar stjórnar. Markmið stjórnarinnar var að reka klúbbinn með hagnaði. Það tókst ekki þrátt fyrir góða viðleitni. Viðhald véla var okkur þungt í skauti og endurnýjun vélakostsins er nauðsynleg. Keyptar voru tvær vélar í sumar, vinnuhjól og flatarsláttuvél. Inniæfingaaðstaða í Gagnheiði 78 var tekin í notkun í desember, munum við verða þar til vors 2012.

**Barna- og unglingamál:**
Barna- og unglinganefnd skipuð Öldu Sigurðardóttur formanni, Ásgeiri Vilhjálmssyni, Soffíu Pálsdóttur, Svanhildi Ólafsdóttur og



Bárður Guðmundarson, Jón Ágústsson og Gunnar Kjartansson fengu gullmerki GSÍ á 40 ára afmæli GOS.



Verðlaunahafar á lokahófi barna og unglinga hjá GOS.

Líneyju Þorkelsdóttur vann mikið og gott starf á árinu. Hlynur Geir Hjartarson hafði yfirumsjón með æfingum og kennslu barna og unglinga. Honum til aðstoðar var Gylfi B. Sigurjónsson. Mikið líf hefur verið í barna- og unglingastafinu síðustu ár og var árið í ár enginn undantekning á því, þó að það hafi vorað seint. Nefndin útnefndi Andra Pál Ásgeirsson efnilegasta unglinginn.

**Kvennagolf**

Starf kvennanefndar var lítið á þessu ári og er það miður. Kvennanefnd verður færð inn í félaganefnd fyrir árið 2012 og vonandi að kvennastarf í klúbbnum fari blómstrandi næstu árin.

**Mótamál**

Mótanefnd var skipuð Guðmundi Þór Hafsteinsyni formanni, Skúla Má Gunnarssyni, Bjarna Auðunssyni, Ástfríði Sigurðardóttur og Hlyni Geir Hjartarsyni. Stóð nefndin fyrir fjölda innanfélagsmóta. Einnig voru haldin átta opin mót. Mikil fjölgun móta var á árinu og mjög góð aðsókn í opnu mótin, en félagsmenn þurfa að vera duglegri að mæta í innanfélagsmótin.

Meistaramót klúbbsins, hápunktur sumarsins í margra hugum, var haldið í júlí. Metfjöldi var í mótinu, enda mikil veðurblíða. Hlynur Geir Hjartarson varð klúbbmeistari karla og Alda Sigurðardóttir varð klúbbmeistari kvenna. Stærsta mót ársins var 40 ára afmælismót klúbbsins en 106 manns mættu til að fagna með okkur á þessum tímamótum í frábæru veðri.

**Vallarmál**

Vallarnefnd skipuðu þeir Halldór Morthens formaður, Róbert Karel Guðnason og Ögmundur Kristjánsson. Óskar Þorgrímsson var ráðinn vallarstjóri. Óskar og hans menn gerðu sitt besta í sumar. Vorið kom seint og varð völlurinn ekki góður fyrr en í júlí. Á vordögum tóku klúbbfélagar sig til og unnu við hreinsun og gróðursetningu á vellinum. Slætti á vellinum var breytt töluvert, gras var látið vaxa á vissum stöðum, brautir þrengdar í lendingarsvæði högglengri kylfinga. Þegar upp er staðið þá varð völlurinn meira krefjandi og að flestra áliti betri. Þriðja árið í röð sá klúbburinn um slátt og aðra umhirðu á knattspyrnuvöllum Sveitarfélagsins Árborgar. Var gagnkvæm ánægja hjá báðum aðilum með þessa vinnu. Frekari endurnýjun vélakosts klúbbsins er aðkallandi og eru vinnubíll og brautarsláttuvél næst á dagskrá, þegar fjármagn fæst.

**Nýsköpunarnefnd**

Þessari nefnd er ætlað að vinna að stækkun golfvallar í 18 holur. Nefndina skipuðu Grímur Arnarson formaður, Samúel S. Hreggviðsson og Bárður Guðmundarson. Lítið hefur gengið að semja um landið undir golfvöllinn.

**Félaganefnd**

Nefndina skipuðu Jens Uwe Friðriksson formaður, Ársæll Ársælsson og Hjalti Sigurðsson.

**Eldri kylfinganefnd**

Í nefndinni voru Samúel Smári Hreggviðsson formaður, Viðar Bjarnason og Ágúst Magnússon. Nefndin hélt utan um starf eldri kylfinga, svo sem að senda sveit til keppni í Íslandsmóti eldri kylfinga karla til Vestmanneyja. Einnig sá nefndin um sveitakeppni við Flúðamenn.

**Afreksnefnd**

Í nefndinni voru Gylfi B. Sigurjónsson formaður, Jón Sveinberg Birgisson og Guðmundur Bergsson. Nefndin sáu um að skipa sveit karla og senda hana í sveitakeppni til Grindavíkur í 3. deild. Ekki fór það sem skildi og varð hlutskipti GOS að falla í 4. deild.

**Forgjafarnefnd**

Í nefndinni voru Ágúst Magnússon formaður og Kristján M. Gunnarsson. Störfum nefndarinnar hefur fækkað á undanförnum árum, eftir að tölvukerfi GSÍ kom til skjalana og heldur utan um forgjöf kylfinga. Þó er starf nefndarinnar nauðsynlegt ef upp koma ágreiningsmál. Nefndin útnefnir á hverju ári þann kylfing sem mest lækkar í forgjöf. Árið 2011 lækkaði Axel Óli Ægisson mest í forgjöf, hann lækkaði um 16,5.

**Aganefnd**

Aganefnd skipuðu Samúel S. Hreggviðsson formaður, Halldór Á. Morthens & Sigurður Fannar Guðmundsson. Sigurður Fannar flutti sig um set og starfaði því ekki með nefndinni. Tók nefndin fyrir mál sem til hennar var vísað.

**Skoðunarmenn**

Ágúst Magnússon og Ásbjörn Sigurðsson voru skoðunarmenn reikninga klúbbsins.

**Veitingasala**

Matur & Músík slf. ráku veitingasöluna fagmannlega. Var almenn ánægja með þeirra störf. Hvetjum við félagsmenn til að koma við í skálanum þó að það væri ekki nema að fá sér einn kaffibolla, spjalla og mynda stemningu.

**Skrifstofan**

Hlynur Geir Hjartarson byrjaði sem framkvæmdarstjóri 1. janúar og skilaði hann mjög góðu starfi. Jón Bjarni Stefánsson starfaði fyrir klúbbinn fram í júní.

**Lokaorð**

Sumarið í sumar var mjög stutt, fengum tvo góða mánuði, sem félagsmenn og gestir nýttu vel. Skráðir spilaðir golfhringir voru 4500 í rástímaskráningarkerfinu, en því miður fara alltaf einhverjir félagar fram hjá því kerfi. Mjög mikilvægt er að skráningin er fullkomleg rétt til að við getum fullyrt við auglýsendur og aðra um hversu margir spila völlinn okkar. Tekjur klúbbsins jukust á árinu þá sérstaklega móta- og auglýsingatekjur. Flatargjöld voru lægri en 2010 og kennum við slæmu veðurfari um. Tap varð af rekstri klúbbsins, sem er alls óviðunandi.

Hlynur Geir Hjartarson og Alda Sigurðardóttir voru tilnefnd af GOS til Íþróttamanns- og konu Árborgar. Hafnaði Hlynur í 3. sæti í þeirri kosningu. Stjórnin þakkar starfsmönnum, nefndarmönnum, öðrum félögum, auglýsendum og styrktaraðilum fyrir ánægjulegt starfsár.

# Golfklúbburinn Tuddi

Aðalfundur GOT ársins 2011 var haldin 14. janúar. Dagsskrá fundarins var með hefðbundnu sniði. Ein breyting var á stjórn klúbbsins, Ríkharður Daðason kom inn í stað Þórðar Ágústssonar:

| | |
|---|---|
| Forseti: | Bjarni Magnússon |
| Varaforseti: | Bogi Pétursson |
| Gjaldkeri: | Magnús Már Þórðarson |
| Ritari: | Ríkharður Daðason |
| Meðstjórnandi: | Klemens Arnarson |
| Meðstjórnandi: | Magnús Eggertsson |
| Meðstjórnandi: | Júlíus Hallgrímsson |

Herrakvöld GOT var haldið 26. febrúar í Laugardalshöll. Uppselt var á þennan mikla viðburð. Framkvæmd kvöldsins tókst með miklum ágætum og var ánægja gesta og félagsmanna sjálfra augljós. Vill stjórnin þakka öllum sem að komu og tóku þátt.

Sumarstarfið var með miklum ágætum. Þó nokkur innanfélagsmót voru haldin og einnig var spiluð bikakeppni GOT sem heppnaðist vel og var það Sigurður Elvar Þórólfsson sem fór með sigur úr bítum og telst því vera bikarmeistari GOT 2011.

Deildarkeppni GSÍ 5. deild var haldin í Grundarfirði. GOT sendi 6 leikmenn ásamt aðstoðarmönnum og fylgdarliði til þátttöku. Undirbúningur og allar móttökur í Grundarfirði sem og golfvöllurinn sjálfur voru til fyrirmyndar. Markmiðið var að vinna þessa keppni og fara því upp um deild og það tókst. Þótt markmið sveitarinnar hafi ekki öll náðst þá var umtalað að fáguð framkoma Tuddanna, klæðnaður, prúðmennska, leikgleði og samskipti þeirra sín á milli, sem og við leikmenn annarra liða væri til fyrirmyndar. Öll framkvæmd mótsins tókst með miklum ágætum og vill stjórnin þakka öllum sem komu að og tóku þátt.



Sigurlið félagsins í 5. deild.

Meistaramót GOT var haldið 1. og 2. september á Geysisvelli í Haukadal. Mótið var haldið með hefðbundnu sniði. Undirbúningur, setning mótsins og keppnisfyrirkomulag var eins og áður. Rauða liðið sigraði að þessu sinni og klúbbmeistari GOT 2011 er Þorsteinn Hallgrímsson.

Jólahlaðborð GOT var haldið þann 12. nóvember í Laugardalshöll. Matarnefndin stóð sig frábærlega eins og áður en minna verður talað um afrek skreytinganefndarinnar.

Að lokum vil ég fyrir hönd stjórnar GOT þakka öllum þeim sem lögðu félaginu lið á síðasta starfsári.

**F.h. stjórnar Golfklúbbsins Tudda**
**Bjarni Magnússon**

# Golfklúbburinn Úthlíð

Þá er enn eitt starfsár Golfklúbbs Úthlíðar að líða. Sumarið var skemmtilegt þó það færi seint af stað, júní væri kaldur og rigning um verslunarmannahelgina. Þónokkuð vantaði uppá að veðrið væri eins gott og síðustu tvö sumur þar á undan en engu að síður var aðsóknin að vellinum góð og endurspeglar vaxandi vinsældir hans og virðingu. Eins og alltaf erum við mjög háð veðrinu. Á rigningardögum koma fáir á völlinn en ef veðrið er gott er hann kjaftfullur, sérstaklega um helgar.

Félagar í GÚ eru núna um 170 og auk þess er nokkur fjöldi aukafélaga, t.d. hefur Golfklúbbur Íslandsbanka sem í eru yfir 100 manns aukaaðild að GÚ sem gefur félögum þar rétt á 5 golfhringjum á ári auk fullrar aðildar að GSÍ og golf.is. Um 20 fyrirtæki og félagasamtök eru einnig með fríkort að vellinum sem greidd eru með auglýsingastyrkjum eða öðrum hætti.

Síðasta sumar var haldið áfram að byggja upp teiga á þeim brautum þar sem þess var helst þörf. Nýir karla- og kvennateigar voru gerðir á þriðju braut og nýr karlateigur á sjöundu. Þá má segja að teigarnir á vellinum séu almennt séð orðnir þokkalegir þó enn megi bæta þá eitthvað.

Vallarmatið á Úthlíðarvelli var endurskoðað á árinu og lækkar leikforgjöf venjulegs kylfings um 1–2 högg að jafnaði. Það er minni breyting en margir óttuðust því ýmsir vellir hafa lækkað verulega við endurmat undanfarin ár. Við getum því verið vel sátt við þessa niðurstöðu.

Hirðing vallarins gekk ágætlega þó við þyrftum stundum að berjast við bilanir í slátturvélunum. Glussakerfið á flatarslátturvélinni var á tímabili að stríða okkur en samt tókst að slá flatirnar nokkurn vegin sómasamlega. Haldið var áfram að fræja flatirnar með flatarfræi eins og undanfarin ár. Það skilar sér í betri grasvexti og skemmtilegri áferð. Einnig er sérstakur flataráburður notaður sem leiðir til betri sprettu og sterkara grasi sem skiptir máli því fleiri spilarar þýðir að álagið á grasið verður alltaf meira og meira.



Félagar í Golfklúbbnum Úthlíð tóku þátt í að byggja nýtt aðstöðuhús á Úthlíðarvelli.

Í haust var ráðist í að byggja nýtt hús á Úthlíðarvelli. Enginn vafi er á að það mun gjörbreyta aðkomunni að vellinum og stjórnun umferðar. Það verður að koma í ljós hversu vel gengur að klára húsið en að lágmarki verður þarna næsta sumar góð salernisaðstaða og starfsmaður um helgar og þegar mest er að gera.

Mótahald klúbbsins var með glæsibrag og mót óvenju vel sótt. Verður mörgum stjórnarmönnum og öðrum félögum í GÚ seint fullþakkað fyrir það mikla og óeigingjarna starf sem þeir inna af hendi

við öflun vinninga og skipulagningu móta. Vormótið var að venju fyrstu helgina í júní. Kristrún Runólfsdóttir sigraði í kvennaflokki og Guðmundur Hannesson í karlaflokki. Kvennamótið var haldið á þjóðhátíðardaginn 17. júní. Það sigraði Fríða Rut Baldursdóttir. Texas Scramble golfveislan var haldin að venju fyrstu helgina í júlí. Um 80 keppendur spiluðu þar og um kvöldið var grillveisla og dansleikur í Réttinni. Meistaramótið var haldið 15. og 16. júlí. Keppt var í mörgum flokkum en klúbbmeistari karla var Andri Már Elíasson og í kvennaflokki Dýrleif Arna Guðmundsdóttir. Magnús Ólafsson vann fyrsta flokk karla. Hjördís Björnsdóttir annan flokk kvenna, Guðmundur Leifsson annan flokk karla, Þórður Skúlason þriðja flokk karla, Hildigunnur Halldórsdóttir öldungaflokk kvenna, Ásgeir Jónsson öldungaflokk karla, Sigurður Tómas Hjartarson drengjaflokk og Goði Már Daðason piltaflokk. Um 40 börn og unglingar mættu á barna- og unglingamót klúbbsins um verslunarmannahelgina og voru í pizzuveislu á eftir. Þetta mót nýtur alltaf meiri og meiri vinsælda. Á Geirs- goða mótinu í ágúst sigraði Guðjón Grétar Daníelsson í karlaflokki án forgjafar. Dýrleif Arna Guðmundsdóttir í kvennaflokki án forgjafar. Benedikt Stefánsson í karlaflokki með forgjöf og Soffía Dögg Halldórsdóttir í kvennaflokki með forgjöf. Í bændaglímunni í september kepptu lið undir stjórn Helgu Hilmarsdóttur og Sigríðar Magnúsdóttur. Mótið var afskaplega skemmtilegt og veðrið frábært. Úrslit voru að venju kynnt í veislu um kvöldið og það var lið Helgu sem hafði sigur. Hægt er að skoða myndir og nánar úrslit móta á facebook síðu Ferðaþjónustunnar í Úthlíð.

Að lokum er öllum félögum klúbbsins og samstarfsaðilum þakkað fyrir skemmtilegt og gefandi samstarf á árinu og þeim óskað alls hins besta á komandi árum.

**Fyrir hönd stjórnar, Þorsteinn Sverrisson**

# Golfklúbbur Þorlákshafnar

Aðalfundur Golfklúbbs Þorlákshafnar vegna starfsársins 2010 var haldinn 17. febrúar 2011. Úr stjórn klúbbsins gengu þeir Guðmundur Baldursson og Hannes Gunnarsson. Guðlaugur Sveinsson og Ástráður Þorgils Sigurðsson leystu þá af hólmi. Starfsárið 2011 var stjórn GÞ þannig skipuð:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Guðlaugur Sveinsson |
| Varaformaður: | Friðrik Guðmundsson |
| Gjaldkeri: | Ástráður Þorgils Sigurðsson |
| Ritari: | Ægir Hafberg |
| Meðstjórnendur: | Sigurður Bjarnason |
| | Magnús Ingvason |
| | Hólmar Víðir Gunnarsson |

Skráðir félagar voru 324 þar af voru 189 í Landsbankadeild klúbbsins og 12 í svokallaðri fjaraðild klúbbsins sem boðið var upp á í fyrsta sinn. Haldin voru allnokkur opin mót og innanfélagsmót sem stóðu frá byrjun apríl til enda september. Tókust þau öll með ágætum. Meistaramót GÞ var haldið í byrjun júlí og urðu þau Dagbjört Hannesdóttir og Ingvar Jónsson klúbbmeistarar. Í ágúst var hélt GSÍ í samstarfi við GÞ, sveitakeppni pilta 18 ára og yngri. Á því móti sló Emil Þór Ragnarsson úr Golfklúbb Kópavogs og Garðabæjar (GKG) vallarmet af gulum teigum Þorláksvallar með 67 högga hring. Góð þátttaka og framfarir barna og unglinga á námskeiðum sumarsins eru fyrirheit um bjarta framtíð.

Ráðist var í breytingar á vellinum á árinu. Leikskipulagi var breytt þannig að fyrri níu holur vallarins urðu seinni níu og öfugt. Völlurinn var færður úr par 72 í par 71 ásamt því að nokkrar brautir voru styttar af gulum og rauðum teigum til hagsbóta fyrir hinn almenna kylfing.



Frá keppni á meistaramóti GÞ 2011.

# Hestamannafélagið Geysir

Árið byrjaði rólega eins og undanfarin ár. Aðalfundur var haldinn 23. febrúar í Rangárhöllinni á Gaddstaðaflötum. Stjórn félagsins skipa:

Ólafur Þórisson, formaður
Sigríður Th. Kristinsdóttir, gjaldkeri
Vignir Siggeirsson
Erlendur Árnason, varaformaður
Hallgrímur Birkisson
Steinn Másson og Jakobína Valsdóttir, varamenn

Þrjú vetrarmót voru haldin að venju síðastliðinn vetur ásamt Páskamóti Geysis haldið að kveldi skírdags og er það þrígangsmót. Íþróttamót Geysis var haldið í maí og tókst vel. Úrtaka fyrir gæðingakeppni á landsmóti var haldin í byrjun júní ásamt 3 öðrum hestamannafélögum þ.e. Loga, Smára og Trausta. Úrtakan gekk frábærlega og frábær hestakostur, 6 knapar komast inn í hverjum flokki fyrir Geysir og fór fullskipað lið í alla flokka nema barnaflokk þar sem einungis 3 knapar kepptu.

Árangur á Landsmóti hestamanna á Vindheimamelum í Skagafirði var frábær. Þar komust 21 knapi af 27 knöpum Geysis í milliriðla eða topp 30 í hverjum flokki. Síðan komust 4 unglingar í A-úrslit í unglingaflokki. Í ungmennaflokki komust 3 í A-úrslit og Geysir hampaði 1. og 2. sæti þar. Í B-flokki gæðinga komust 2 í B-úrslit og 2



Hekla Katharína Kristinsdóttir varð heimsmeistari unglinga á árinu.

í A-úrslit og einnig hampaði Geysir 1. og 2. sæti þar. Í A-flokki gæðinga komust 3 í A-úrslit og hampaði Geysir einnig 1. sætinu þar. Árangur Geysis á Landsmóti 2011 var hreint og beint frábær.

Stórmót Geysis var haldið um verslunarmannahelgina og tókst mjög vel í alla staði. Geysir hélt einnig Suðurlandsmót í hestaíþróttum og var frábær þátttaka og tókst mótið mjög vel. Einnig fóru knapar frá Geysi á Íslandsmót og stóðu sig frábærlega, margir voru í úrslitum í sínum flokkum og eignuðumst við einn Íslandsmeistara í tölti unglinga.

Annað starf hjá Geysi hefur verið fjölbreytt ásamt góðu starfi æskulýðsdeildar. Hélt æskulýðsdeildin fjöldan allan af námskeiðum ásamt því að taka þátt í hestafjöri sem haldið var í Rangárhöllinni á Hellu. Hestafjör er reiðhallarsýning yngri knapa og er svipuð reiðhallarsýningunni Æskan og hesturinn sem haldin er í Víðidalnum ár hvert.

**Stjórn Geysis**

# Hestamannafélagið Ljúfur

Stjórn Ljúfs frá 3. febrúar 2011 til 2012

| | |
|---|---|
| Formaður | Sigurður Einar Guðmundsson |
| Gjaldkeri | Bóel Eygló Sigurgeirsdóttir |
| Varaformaður | Friðrik Sveinn Björnssson |
| Ritari | Guðrún Pálína |
| Meðstjórnandi | Janus Eiríksson |
| Varastjórn | John Sigurjónsson |
| | Ragna Helgadóttir |

**Kveðja, Sigurður Einar Guðmundsson**

# Hestamannafélagið Logi

Stjórn Loga skipa:

Guðrún S. Magnúsdóttir, formaður
Sigurlína Kristinsdóttir, ritari
Hólmfríður Ingólfsdóttir, gjaldkeri
Einar Á. Sæmundsen, varaformaður
Rúnar B. Guðmundsson, meðstjórnandi

Aðalfundur Loga 2011 var haldinn 14. apríl. Árið hófst með álfareið í Reykholti á þrettándanum. Í lok janúar hófst svo uppsveitadeildin, en það er sameiginleg mótaröð hestamannafélaganna Loga, Trausta og Smára. Keppt er einu sinni í mánuði yfir vetrarmánuðina og fer keppnin fram í Flúðahöllinni. Keppt er í smala, fjórgangi, fimmgangi, tölti og skeiði. Sú nýbreyttni var tekin upp sl. vetur að vera með uppsveitadeild æskunnar þar sem öttu kappi börn og unglingar úr Loga og Smára. Þau kepptu í sömu greinum og keppt er í í fullorðinsdeildinni. Þau kepptu bæði fyrir hönd síns félags og sem einstaklingar og söfnuðu stigum eftir hvert mót. Þetta tókst afar vel í alla staði og efldi alla sem reiðmenn og styrkti frekara samstarf félaganna. Að sjálfsögðu verður keppt í báðum deildum nú í vetur. Sem fyrr voru vetrarmót Loga og Trausta sameiginleg, en mótin eru þrjú yfir veturinn. Logi, Trausti og Smári héldu svo töltmót í kringum páskana og einnig héldu félögin sameiginlega árshátíð í apríl.

Helgarnámskeið var haldið í mars fyrir Logafélaga og var kennari Sigvaldi Lárus Guðmundsson. Í maí var æskulýðsdagur Loga haldinn í Friðheimum. Sú nýbreyttni var einnig í maí að haldnir voru Kjóastaðaleikar. Ábúendur á Kjóastöðum 3 buðu Logafélögum heim en þar er prýðis reiðhöll og hringvöllur þar sem við lékum okkur heilan dag. Í lok dags buðu svo þau hjón til mikillar veislu, sannarlega góður dagur. Undirbúningur fyrir landsmót hófst af fullum krafti í maí. Páll Bragi Hólmarsson kom og hélt áhugaverðan fyrirlestur um undirbúning fyrir keppni og ýmsar áherslur þegar í keppni er komið. Þá fengum við einnig Sigurð Sigurðarson til að segja börnum og unglingum til fyrir úrtöku. Úrtaka fyrir LM fór svo fram á Hellu í samstarfi við önnur félög á Suðurlandi dagana 11. og 12. júní. Í júní var einnig haldið reiðnámskeið og firmakeppni á félagssvæði Loga í Hrísholti. Logafélagar fjölmenntu á landsmót í Skagafirði. Þar áttum við keppendur í öllum flokkum sem stóðu sig með prýði. Hæst bar þó árangur Karítasar Ármann en hún reið til úrslita í barnaflokki.

Hestaþing Loga var að venju haldið um verslunarmannahelgina. Í ágúst var einnig hestamannamessa en þetta árið var riðið til messu í Úthlíðarkirkju. Æskulýðsreiðtúr Loga var farinn í lok ágúst og var riðið um Haukadalsskóg. Uppskeruhátíð æskulýðsins var svo haldin 4. október. Þar bar hæst afhending æskulýðsskjaldarins Feykis. Hann er veittur því barni eða unglingi 18 ára og yngri, sem þykir hafa skarað fram úr á árinu í reiðmennsku og prúðmennsku jafnt utan vallar sem innan. Það var Karítas Ármann sem hlaut skjöldinn að þessu sinni og er vel að honum komin. Auk hennar voru fimm aðrir tilnefndir. Æskulýðurinn hittist svo 4. nóvember til að þrífa og yfirfara reiðtygin sín, borða pizzur og hafa gaman. Formlegu starfi Loga lauk svo með haustfundi sem var haldinn 10. nóvember. Það er venja að fá fyrirlesara á haustfundinn og að þessu sinni var það Sigurður Torfi járningarmeistari sem hélt afar fróðlegan fyrirlestur um allt er við kemur járningum.

Stjórn Loga þakkar HSK samstarfið á liðnum árum og óskar því velfarnaðar á nýju ári.

**Guðrún S. Magnúsdóttir**



Þessi frábæri hópur af börnum og unglingumí Loga tók þátt í uppsveitadeild æskunnar árið 2011.

# Hestamannafélagið Sleipnir

Töluverðar breytingar urðu á stjórn félagsins á aðalfundi sem haldinn var 10. janúar 2011. Í stjórn voru kosin eftirtalin:

Þórdís Ólöf Viðarsdóttir, formaður
Magnús Ólason, varaformaður
Rut Stefánsdóttir, ritari
Þorbjörn Jónsson, gjaldkeri
Íris Böðvarsdóttir, stjórnarmaður
Davíð Sigmarsson, varamaður
Sissel Tveten, varamaður

Félagafjöldi fór úr 425 manns í janúar 2011 í 502 í janúar 2012. Stjórnin hélt reglulega fundi á starfsárinu og margir fundir voru haldnir hjá nefndum félagsins. 3 vetramót voru haldin ásamt töltmóti og firma- og bæjarkeppni Sleipnis. Nokkrir skipulagðir dagstúrar voru farnir ásamt 3 daga hestaferð í júní. Við héldum einnig opið íþróttamót á vellinum ásamt flottu opnu gæðinga- og úrtökumóti. Almenn reiðnámskeið voru í boði fyrir fullorðna ásamt frumtamninganámskeiði.

Æskulýðsnefndin okkar var sérlega dugleg á árinu og bauð upp á fjölmörg námskeið og ýmsar aðrar hestatengdar uppákomur. Þau fundu fyrir auknum áhuga barna og unglinga frá árinu áður sem er mikið gleðiefni. Kennd voru námskeið í knapamerkjum fyrsta og annað stig. Almenn námskeið fyrir byrjendur og lengra komna. Ákveðið var að veita þeim börnum og unglingum sem náðu að vinna sér rétt inn á landsmót 2011 sérstakan stuðning og fengu þau leiðsögn reiðkennara fyrir mótið og á mótinu sjálfu. Það gekk mjög vel og almenn ánægja var í hópnum sem og aðstandendum þeirra með þetta framtak og áttu fulltrúar Sleipnis því góða ferð og ágætan árangur á mótinu. Æskulýðsnefndin tók að sér í samstarfi við Hmf. Geysir að standa að æskulýðshátíð í Rangárhöllinni sem nefnist Hestafjör. Þar eru öllum æskulýðsdeildum hestamannafélaga á Suðurlandi boðin þátttaka og snýst dagurinn um það að koma saman og hafa gaman. Öll félögin sem mættu voru búin að leggja mikið á sig og voru atriðin hver önnur flottari með börnum á öllum aldri í hinum ýmsu búningum og leikjum. Stefnt er að því að þetta verði árlegur viðburður á Suðurlandi. Farið var í sameiginlegan reiðtúr með Háfeta og Ljúfskrökkum og féll það í skaut Sleipnis að bjóða heim. Við tókum þátt í Vor í Árborg þar sem sýnd var í reiðhöllinni skrautreið í takt við tónlist, og einnig tókum við þátt í Sunnlenska sveitadeginum þar sem teymt var undir börnum í um 700 ferðum. Farið var í vorferð um Suðurland í rútu. Flott uppskeruhátíð var haldin þar sem allir fengu þátttökuviðurkenningu fyrir árangur á námskeiðum vetrarins.

Sleipnir stóð fyrir Íslandsmóti 2011 í sumar sem tókst með miklum ágætum. Vallarsvæðið var tekið í gegn í samstarfi við Sv. Árborg. Um 200 skráningar var á mótið og telja má að um 1500 manns hafi sótt okkur heim. Góð stemming myndaðist og glæsilegar sýningar voru riðnar.

Árangur Sleipnismanna á keppnisbrautinni var góður og við vorum áberandi í úrslitum bæði á Íslandsmótunum og landsmótinu og eigum við nú tvo Íslandsmeistara og einn landsmótsmeistara. Við áttum einnig fullrúa í landsliði Íslands á HM í Sviss í sumar. Við erum stolt af okkar fólki og þeim árangri sem náðist á árinu 2011 á keppnisbrautinni, í leik og starfi.

**F.h. stjórnar**
**Þórdís Ólöf Viðarsdóttir**



Íslandsmót 2011 var haldið á Brávöllum, félagssvæði Hmf. Sleipnis.

# Hestamannafélagið Smári

Stjórn félagsins skipa:
Guðni Árnason, formaður
Ingvar Hjálmarsson, ritari
Bára Másdóttir, gjaldkeri
Aðalsteinn Aðalsteinsson, varaformaður
Cora Claas, meðstjórnandi.

Aðalfundur félagsins árið 2011 var haldinn 3. febrúar. Starfsemi Smára var á árinu 2011 góð, haldin voru vetrarmót og gæðingamót ásamt því að Uppsveitadeildin var í reiðhöllinni og voru Smárafélagar þar í nokkrum verðlaunasætum. Félagið sendi keppendur á landsmót og stóðu þeir sig með mikilum sóma. Æskulýðsnefndin stóð fyrir mörgum uppákomum að vanda, m.a var farið í fjölskyldureiðtúr og haldinn æsklýðsdagur þar sem keppt var í óhefðbundnum hestaíþróttum. Hestamannafélögin í uppsveitum héldu sameiginlega árshátíð sem tókst mjög vel og var góð mæting og er stefnt að því halda samstarfinu áfram.



Verðlaunahafar í barnaflokki í gæðingakeppni félagsins.

**Með kveðju,**
**Guðni Árnason formaður**

# Íþróttafélagið Dímon

Félagssvæði Dímonar er Rangárþing eystra. Aðalfundur félagsins var haldinn 20. febrúar 2011 með hefðbundnu sniði þar sem veittar voru viðurkenningar til íþróttafólks í öllum deildum. Eftirtaldir voru kosnir í stjórn:

Formaður: Lars Hansen
Gjaldkeri: Ásta Laufey Sigurðardóttir
Ritari: Guðmann Óskar Magnússon
Meðstjórnendur: Björgvin Daníelsson og Gyða Björgvinsdóttir
Til vara: Þröstur Sigfússon og María Rósa Einarsdóttir
Heimasíða: www.dimonsport.is


Ásta Laufey Sigurðardóttir og Ólafur Elí Magnússon taka við starfsmerki UMFÍ á þingi HSK.

Starfsemi íþróttafélagsins var með hefðbundnu sniði á starfsárinu. Tekið var m.a. þátt í mörgum HSK–mótum, Íslandsmótum auk ótal smærri móta og viðburða innan og utan héraðs. Starf íþróttafélagsins er fjármagnað með framlagi frá sveitarsjóði, með æfingagjöldum iðkenda, starfi sjálfboðaliða og með öðrum styrkjum m.a. frá Íþróttasjóði ríkisins.

Samstarfssamningur Dímonar og Rangárþings eystra um svokallaða samfellu í skóla og tómstundastarfi er hornsteinn þess starfs sem fram fer hjá Dímoni. Samningurinn hefur gert félaginu kleift að bjóða uppá mjög fjölbreytt úrval íþróttagreina þar sem hægt hefur verið að halda þátttökugjöldum í algjöru lágmarki. Árangur starfsins hefur ekki látið á sér standa, þátttökuhlutfall barna og ungmenna í íþróttastarfi í Rangárþingi eystra er með því hæsta sem þekkist og hefur vakið athygli langt út fyrir sveitarfélagið. Árangurinn hefur einnig skilað sér í glæsilegum árangri einstakra íþróttamanna úr röðum Dímonar. Má þar nefna Bergrúnu Björgvinsdóttur sérstaklega en hún hefur náð frábærum árangri í borðtennis og var auk þess borðtenniskona HSK. Á árinu voru Ásta Laufey Sigurðardóttir og Ólafur Elí Magnússon sæmd starfsmerki UMFÍ. Eru þau einstaklega vel að því komin, en þau hafa um árabil verið helstu burðarásar í starfi Dímonar.

Skilning sveitarstjórnarmanna á forvarnar- og uppeldisgildi íþróttastarfsins ber að þakka og vonandi skilar starfið sér til framtíðar í góðum sveitarfélags- og þjóðfélagsþegnum. Sem mótframlag til sveitarfélagsins hafa Dímonarfélagar lagt til hreingerningarvinnu meðfram vegum í sveitarfélaginu undanfarin ár. Deildir innan Dímonar hafa auk þess skipst á um að skipuleggja 17. júní hátíðahöld ár hvert, almenn ánægja er með þá tilhögun. Nú hillir undir bætta aðstöðu við íþróttamiðstöðina á Hvolsvelli, en brátt verður ráðist í viðbyggingu sem hýsa á meðal annars aukna og bætta búningaðstöðu.

Dímon hélt í samstarfi við ÍSÍ og Hvolsskóla þjálfaranámskeið fyrir verðandi íþróttaþjálfara. Lokið var við námskeið sem nefnist 1A en B og C hlutinn eru áætlaðir á vorönn. Það er von okkar að námskeið af þessu tagi verði árleg og væntum við þess að með því sé hægt að efla starfið til framtíðar þar sem að ávallt verði hægt að tefla fram þjálfurum sem hafa a.m.k. grunnmenntun í íþróttaþjálfun. Dímonarfélagar eru duglegir við fjáröflun til að standa straum af kostnaði við keppnisferðir ofl. Söfnun einnota umbúða er fastur liður í starfi deildanna og þökkum við öllum þeim sem aðstoða og gefa þegar unga fólkið okkar knýr dyra.

**Lars Hansen, formaður**

# Íþróttafélagið Garpur

Árið 2011 hefur verið bæði viðburðarríkt og skemmtilegt hjá Íþróttafélaginu Garpi. Starfið gekk með mestu ágætum og bryddað var upp á nokkrum nýjungum.

15. febrúar var aðalfundur félagsins haldinn samkvæmt venju. Nokkrar mannabreytingar urðu í stjórninni og ber þar fyrst að nefna formannaskipti, en Jóhanna Hlöðversdóttir steig úr þeim stóli eftir 5 ára glæsilegt starf og við keflinu tók Harpa Rún Kristjánsdóttir. Stjórnin er þannig skipuð:

Harpa Rún Kristjánsdóttir, formaður
Guðrún A. Óttarsdóttir, gjaldkeri
Herdís Styrkársdóttir, ritari.
Karen Engilbertsdóttir, meðstjórnandi
Friðgerður Guðnadóttir, meðstjórnandi
Óðinn Burkni Helgason, meðstjórnandi
Ólafur Logi Guðmundsson, fulltrúi nemenda
Kristinn Guðnason, varamaður
Margrét Rún Guðjónsdóttir, varamaður
Margrét Heiða Stefánsdóttir, varamaður


Frá leikritahátíð Garps á Brúarlundi.

Líkt og undanfarin ár hefur Garpur haldið úti æfingum í hinum ýmsu greinum með góðum árangri. Dugmiklir krakkar á öllum aldri hafa skundað reglulega til móts við þjálfara sína til þess að leggja stund á borðtennis, blak, fótbolta, fimleika, körfubolta, glímu, frjálsíþróttir, sund og þar fram eftir götunum. Þessi sömu hraustmenni hafa tekið þátt á hinum ýmsu mótum í sínum greinum og staðið sig þar með stakri prýði. Frjálsíþrótta-og glímumenn hafa mokað saman verðlaunum á mótum bæði innan og utan héraðs. Einnig hafa keppendur í borðtennis og blaki verið duglegir að keppa og staðið sig með miklum ágætum. Almennt er áhugi krakkanna mikill og dugnaður þeirra og eljusemi við að mæta á æfingar aðdáunarverður. Ekki má gleyma að nefna

þjálfarana sem halda utan um hópana sína af alkunnum dugnaði. Garpar sem komnir eru af grunnskólaaldri hafa ekki slegið slöku við heldur, og hafa blaklið bæði í karla- og kvennaflokki komist á pall á árinu.

Íþróttamenn ársins voru samkvæmt venju heiðraðir á páskabingói foreldrafélagsins á Laugalandi. Þær viðurkenningar voru eftirfarandi: Borðtennismaður Garps 2010: Ómar Högni Guðmarsson, frjálsíþróttamaður Garps 2010: Margrét Harpa Jónsdóttir og glímumaður Garps 2010: Eiður Helgi Benediktsson. Eiður Helgi var jafnframt valinn íþróttamaður Garps 2010, en hann varð meðal annars fjórðungsmeistari og Íslandsmeistari í 10-11 ára flokki í gímu, og var því vel að titlium kominn.

Á árinu var bryddað upp á nokkrum nýjungum í starfi félgsins. Á útmánuðum var haldið leiklistarnámskeið fyrir 6. bekk og eldri og uppskera þess var Örleikritahátíð Garps sem haldin var að Brúarlundi í Landsveit. Þátttakendur námskeiðsins fluttu þar frumsamin leikverk og var mæting á hátíðina með miklum ágætum. Einnig kom inn ný fjáröflun í formi fyrirbindingar á rúlluendum í samstarfi við Pierre Davíð Jónsson og létu Garpar hendur standa fram úr ermum við endafeluleik og gæddu sér á engjakaffi, meðan á heyönnum stóð.

Það er von stjórnar að árið 2011 verði í minnum haft sem gott ár hjá Íþróttafélaginu Garpi. Margir hafa lagt hönd á plóginn og hefur gott gengi verið eftir því. Ekki verður slegið slöku við á afmælisárinu 2012 þegar félagið fagnar 20 ára starfsafmæli sínu. Við hvetjum sveitunga okkar til að taka þátt í starfi félagsins sem er bæði gefandi og skemmtilegt og þar að auki mikilvægt, til að halda starfi félagsins okkar jafn öflugu og verið hefur undanfarin ár.

Hægt er að fylgjast með því sem er að gerast hjá félaginu á heimasíðu þess, www.garpsfrettir.blog.is, en þar koma inn fréttir úr starfinu, myndir, upplýsingar og fleira.

**Fyrir hönd Íþróttafélagsins Garps,**
**Harpa Rún Kristjánsdóttir, formaður.**

# Íþróttafélagið Gnýr

Stjórn Íþróttafélagsins Gnýs sem kosin var á aðalfundi 27. janúar 2011:

Halldór Hartmannsson, formaður
María K. Jacobsen, varaformaður
Valgeir Fridolf Backman, gjaldkeri og ritari
Eyþór Jóhannsson, vararitari
Ágúst Þór Guðnason, varamaður

Allt íþróttastarf á Sólheimum er undir stjórn Íþróttafélagsins Gnýs. Ávallt er stefnt að því að hafa starfið sem fjölbreyttast svo flestir íbúar, sem er blandaður hópur fatlaðra og ófatlaðra, geti tekið þátt í því sem þeir hafa áhuga á. Árið 2011 var mjög gott hjá okkur og margt í gangi eins og alltaf, frjálsar, boccia, sund, göngu-, hjóla- og trimmhópur. Þjálfari á íþrótta- og leikjanámskeiði fyrir íþróttafélagið var á vornámsskeiði Sigurborg Jóna Björnsdóttir, íþróttafræðingur, en á haustnámskeiði var Emilía Jónsdóttir, íþróttakennari. Um 25 manna hópur æfir reglulega tvisvar sinnum í viku og keppir a.m.k. á tveimur mótum á ári. Félagar í Gný taka þátt í Íslandsmeistaramótum ÍF, í sveitakeppni og einstaklingskeppnum í boccia. Sund er æft tvo tíma í senn, einu sinni í viku í Sundhöll Selfoss og vatnsleikfimi er stunduð með Fjölmennt Selfossi í sundlaug Sólheima. Kvennahlaupið fór fram að venju hér í júní og var vel sótt, upphitun var að venju í höndum Kristjáns Más. Tækjasalur íþróttaleikhússins er mikið notaður og hefur Fjölmennt Selfossi verið með afar gott heilsuátak þar. Körfubolti er spilaður einu sinni til tvisvar í viku, blandaður hópur.



Ágúst Þór Guðnason á héraðsþingi HSK 2011.

Dans er æfður tvisvar í viku. Tangó og almennur dans dunar undir tónlist úr glænýju og dúndurgóðu hljóðkerfi sem var gefið af Chelberg fjölskyldunni frá Bandaríkjunum. Hljóðkerfið mun einnig nýtast leikfélaginu vel. Reiðhjól eru mikið notuð á Sólheimum og eru hjólin enn í notkun og verða í vetur því þau eru komin á nagladekk! Frjálsar íþróttir eru í uppáhaldi margra og tekið var þátt í flestum þeim mótum sem í boði voru. Aðstaða hér heima til æfinga í frjálsum íþróttum lagast með hverju ári. Ágúst Þór Weaber Guðnason var kjörinn íþróttamaður fatlaðra, ársins 2010 hjá HSK.

Sólheimahlaupið er samstarfsverkefni Sólheima og „Frískra Flóamanna“. Það fer fram árlega í september og geta einstaklingar og hópar valið sér vegalengd frá 9 km upp í 24 km. Hægt er að ganga, hlaupa eða hjóla. Frískir Flóamenn veita einum íbúa Sólheima framfarabikarinn á sama tíma, fyrir miklar framfarir í íþróttum á árinu. Framfarabikarinn að þessu sinni fékk Ágúst Þór Weaber.

Skátafélag Sólheima telst til íþróttastarfs á Sólheimum. 50 skátar fóru á „Jamboree“ í Svíþjóð í sumar og var það mikil gleði en hörkuvinna! Leikfélagsstarfið telst einnig til íþróttastarfs á Sólheimum og taka flestir íbúar þátt. Mikið var um að vera á árinu enda átti Leikfélag Sólheima 80 ára afmæli. Golfvöllur Sólheima er mikið notaður en hann státar af einni par 3 holu. Völlurinn er einskonar framhald af fínu völlunum hér allt í kring og nefnist holan „Hola 19“. Í sumar var íþrótta- og leikjanámskeið fyrir öll börn í sveitarfélaginu. Um10 börn sóttu námskeiðið sem stóð í 11 vikur alla virka daga frá klukkan 13:00-16:00 geri aðrir betur. Námskeiðið var styrkt af sveitarfélaginu Grímsnes og Grafningshreppi.

**Valgeir Fridolf Backman**

# Íþróttafélagið Hamar

Aðalfundur Íþróttafélagsins Hamars var haldinn sunnudaginn 20. febrúar 2011. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í aðalstjórn félagsins:

| | |
|---|---|
| Guðríður Aadnegard | formaður |
| Kent Lauridsen | gjaldkeri |
| Anton Tómasson | ritari |
| Valdimar Hafsteinsson | meðstjórnandi |
| Erla Pálmadóttir | meðstjórnandi |

**Eftirtaldir eru formenn deilda:**

| | |
|---|---|
| Badmintondeild: | Ólöf Dagmar Úlfarsdóttir |
| Blakdeild: | Valdimar Hafsteinsson |
| Fimleikadeild: | Steinunn Þorfinnsdóttir |
| Knattspyrnudeild: | Eyjólfur Valgeir Harðarson |
| Körfuknattleiksdeild: | Lárus Ingi Friðfinnsson |
| Sunddeild: | Guðrún Hafsteinsdóttir |
| Laugarsport: | Valdimar Hafsteinsson |
| Skokkhópur: | Hilmir Guðlaugsson |

Á fundinum var Oddur Ólafsson, körfuknattleiksmaður, krýndur íþróttamaður Hamars 2010.

Starfið á liðnu ári var með hefðbundnu sniði, öflugt og gróskumikið hjá þeim átta deildum sem starfa innan félagins. Starfsemi félagsins, þegar á heildina er litið, hefur aukist undanfarin ár. Margir iðkendur á

öllum aldri æfa á vegum félagsins. Fjöldi keppnisliða tók þátt í Íslandsmótum og stóðu sig frábærlega þrátt fyrir ófullnægjandi æfingaaðstöðu í bæjarfélaginu en það stendur til bóta. Deildin hefur á að skipa vel menntuðum þjálfurum, leiðbeinendum og dugmiklum stjórnarmönnum. Hver deild starfar sjálfstætt og hefur eigin fjárhag.

Aðalstjórn Hamars fundar mánaðarlega yfir vetrartímann með framkvæmdastjórn félagsins en hana skipa aðalstjórn ásamt formönnum deilda. Aðalstjórn og framkvæmdastjórn áttu nokkra fundi með fulltrúum bæjarfélagsins og að auki sóttu fulltrúar Hamars þing og fundi UMFÍ, ÍSÍ og HSK sem og ýmissa sérsambanda á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Íþróttafélagið Hamar stóð fyrir íþrótta- og tómstundaskóla í sumar í samstarfi við Hveragerðisbæ. Skólinn var starfræktur í júní og júlí og gekk starfið mjög vel. Skólinn er rekinn sem liður í þjónustusamningi við sveitarfélagið. Í skólanum skal stuðla að heilbrigðri hreyfingu og að hvetja börn til að tjá sig óhikað. Í skólanum var boðið upp á fjölbreytta dagskrá fyrir börnin sem byggði á íþróttagreinum, leikjum, göngu-og hjóleiðaferðum, sundferðum, listasmiðjum og útivist, í þeim tilgangi að öll börn gætu fundið eitthvað við sitt hæfi.

Hveragerðisbær er einn stærsti styrktaraðili Íþróttafélagsins Hamars og ber að þakka fyrir þann stuðning sem sveitarfélagið sýnir félaginu. Bæjarstjórn endurnýjaði þjónustusamninginn 2009 og gildir hann út árið 2012. Samningi þessum er ætlað að efla samstarf bæjaryfirvalda í Hveragerðisbæ og Íþróttafélagsins Hamars og tryggja öflugt íþrótta-, forvarna- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni í Hveragerðisbæ. Í samningnum er lögð áhersla á mikilvægi þess öfluga starfs sem fer fram innan félagsins fyrir samfélagið í heild. Hveragerðisbær styrkir félagið með árlegum fjárframlögum, beinum og óbeinum. Að auki kveður samningurinn á um, að félagið taki að sér verkefni fyrir bæjarfélagið á sviði hreinsunar, umhverfismála, hátíða og annarra verkefna er til kunna að falla gegn greiðslu.

Þar sem starfsemi félagsins er fjárfrek skiptir samningur sem þessi gífurlega miklu máli fyrir félagið. Meðal verkefna sem deildirnar vinna fyrir bæjarfélagið má nefna umsjón með kaffisölu 17. júní og verkefni á „Blómstrandi dögum“ og „Blóm í bæ“. Deildirnar skipta milli sín dósasöfnun sem skilar umtalsverðum fjármunum. Samstarf er milli knattspyrnu- og körfuknattleiksdeildar t.d. varðandi herrakvöld og fleira. Flettiskilti við þjóðveginn er í umsjón knattspyrnudeildar, sumar deildir hafa gefið út blöð, tekið þátt í vörutalningu verslana og þá er sala á ýmiss konar varningi einnig stór liður í fjáröflun.

Þáttur íþrótta var góður hjá félaginu. Kröftugt starf var hjá sunddeildinni í yngri flokkum. Karlalið Hamars í blaki spilaði í annari deild á Íslandsmóti og konur í 3. deild. Því miður féll meistaraflokkur karla í körfu niður um deild og ekki hefur gengið sem skyldi hjá meistaraflokki kvenna í körfunni á árinu en við örvæntum ekki þar sem yngri flokkarnir í körfunni hafa staðið sig vel og framtíðin því björt. Starfið í badmintondeildinni gekk vel á árinu, boðið var upp á sumarnámskeið. Að venju vann deildin Héraðsmót HSK. Meistaraflokkur karla í knattspyrni lék í annari deild og gekk það afar vel framan af og vantaði herslumuninn til að klára deildina með sóma. Stofnaður var annar flokkur karla og tók hann þátt í Íslandsmótinu. Boðið var upp á þjálfun í fimleikum í sumar og nýttu margir sér þá nýjung. Vorsýning deildarinnar var með nýju sniði þar sem hún fór fram á Hótel Örk. Fimleikadeildin fékk það mikla verkefni að halda



Kvennalið Hamars í körfuknattleik varð deildarmeistari á árinu.

Íslandsmót í almennum fimleikum og Meistaramót í almennum fimleikum í nóvember sl. Þátttakendur voru ríflega þrjú hundruð og gekk mótið að óskum. Þar sem aðstaða til æfinga í frjálsum íþróttum er ekki til staðar hér í bæjarfélaginu og aðstaða til fimleikaiðkunar takmörkuð erum við í Hamri afar stolt af þeim Hvergerðingum sem æfa með öðrum félögum og hafa náð afar góðum árangri. Sífellt fjölgar í Skokkhóp Hamars og eru stífar æfingar allt árið. Hópurinn tók þátt í mótum í öllum landshlutum. Rekstur Laugasports er stöðugur og gengur vel og eru iðkendur þar um 200.

Deildirnar tóku þátt í fjölmörgum mótum m.a héraðsmótum og Íslandsmótum og náðu góðum árangri. Félagið hefur átt iðkendur sem hafa verið valdir til æfinga með unglingalandsliðum. Iðkendur Hamars sýndu mikinn metnað, einstakan dugnað og elju og fyrir það ber að hrósa.

Félagið heldur úti heimasíðu http://hamarsport.is þar sem birtar eru fréttir af starfinu, ásamt ýmsum gagnlegum upplýsingum er lýtur að starfi félagsins.

Hér að framan gat ég þess að íþróttaaðstaðan væri ófullnægjandi, íþróttahúsið t.d. allt of lítið fyrir þá starfsemi sem félagið rekur. Aðstaða til utanhússæfinga lítil sem veldur því að deildir þurfa að sækja æfingar í önnur sveitarfélög sem hefur aukinn kostnað í för með sér fyrir deildirnar. Við sjáum nú fram á breytta tíma varðandi aðstöðuna. Loftborið íþróttahús sem núverandi bæjaryfirvöld hafa haft á stefnuskrá sinni fer að líta dagsins ljós. Bæjaryfirvöld áforma að húsið verði risið um miðjan ágúst 2012. Það verður fyrsta mjúkhýsið hér á landi. Búið er að bjóða framkvæmdir við undirstöður og frágang umhverfis nýrrar Hamarshallar út. Um er að ræða 5 þúsund fermetra hús með gervigrasi, sem svarar til hálfs knattspyrnuvallar og að auki 1.000 fermetra íþróttagólf fyrir aðrar íþróttagreinar. Húsið verður upphitað og gjörbreytir allri aðstöðu í bæjarfélaginu til íþróttaiðkunar.

Að lokum vil ég fyrir hönd Íþróttafélagsins Hamars þakka öllum styrktaraðilum okkar þeirra framlag og ómetanlegan stuðning. Iðkendum, forráðamönnum þeirra, þjálfurum, starfsfólki íþróttamannvirkjanna og síðast en ekki síst sjálfboðaliðum færum við okkar bestu þakkir. Þeirra störf eru lykillinn að velgengni og farsæld í starfi félagsins. Stjórnarmönnum öllum færi ég bestu þakkir fyrir skemmtilegt samstarf og góða viðkynningu.

**Guðríður Aadnegard, formaður**

# Íþróttafélagið Suðri

Aðalfundur Suðra var haldinn 4. apríl 2011. Stjórn félagsins er þannig skipuð:
Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, formaður
Harpa Dís Harðardóttir, gjaldkeri
Guðrún Linda Björgvinsdóttir, ritari
María Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi
Þórdís Bjarnadóttir, meðstjórnandi

Eins og undanfarin ár var fyrsti viðburður hjá félaginu nýárssundmót fatlaðra barna og unglinga sem haldið var í Reykjavík í byrjun janúar. Á þetta mót fór yngsta sundfólkið okkar og sýndi þar góð tilþrif. Farið var á nokkur önnur sundmót á árinu og stöðugar bætingar og verðlaunasæti á Íslandsmóti sýna að fólkið okkar er í góðri framför. Sundþjálfari var Sigurlín Garðarsdóttir.

Farið var á nokkur frjálsíþróttamót, m.a. Íslandsmót innan– og utanhúss, HSK mót og Íslandsleika Special Olympics. Félagið eignaðist þrjá Íslandsmeistara í frjálsum íþróttum, þau Bjarna Friðrik Ófeigsson, Huldu Sigurjónsdóttur og John Rúnar Cordel. Hulda gerði

sér einnig lítið fyrir og setti Íslandsmet í kúluvarpi í flokki þroskahamlaðra. Frjálsíþróttaþjálfari var Fjóla Signý Hannesdóttir.

Knattspyrna var æfð í sumar og fram á haust. Farið var á Íslandsleika Special Olympics í knattspyrnu sem haldnir voru í Reykjavík. Sú nýbreytni var tekin upp á árinu í samstarfi Special Olympics á Íslandi, KSÍ og Knattspyrnufélagsins Víkings að efna til knattspyrnumóts þar sem keppt var í blönduðum liðum fatlaðra og ófatlaðra. Þetta var áhugavert og skemmtileg tilraun. Knattspyrnuþjálfari var Sveinn Jónsson.

Fjórða árið í röð var haldið golfnámskeið á Svarfhólsvelli í samstarfi við Gylfa Sigurjónsson hjá Golfklúbbi Selfoss. Nokkrir félagar tóku þátt í því og bættu sig mikið í íþróttinni. Námskeiðinu lauk með golfmóti.

Einn einstaklingur æfir lyftingar og stefnir að sinni fyrstu keppni á Íslandsmóti Íþróttasambands fatlaðra í mars 2012.

Boccia er enn sem fyrr langvinsælasta íþróttagrein félagsins. Farið var á öll stærstu mót ársins auk nokkurra smærri móta. Eitt af þeim er árlegt vinamót þar sem Suðrafélagar keppa við Gný á Sólheimum. Félagið eignaðist einn Íslandsmeistara á árinu, það var Almar Þór Þorsteinsson sem sigraði 7. deild í einstaklingskeppni. Einnig lentu nokkrir í verðlaunasætum. Þjálfarar voru: Oddný Ása Ingjaldsdóttir, Svanhildur Guðmundsdóttir, Unnur Bjarkadóttir og Örvar Rafn Hlíðdal.

Þrír Suðrafélagar tóku þátt í mótum erlendis. Bjarni Friðrik Ófeigsson tók þátt í Norræna barna-og unglingamótinu sem haldið var í Finnlandi. Þetta mót er haldið annað hvert ár til skiptist á Norðurlöndunum og hugsað sem n.k. þjálfunarbúðir fyrir ungt fatlað fólk sem gefst tækifæri til að æfa ákveðnar íþróttagreinar og kynnast ungu fólki frá öðrum Norðurlöndum. Reynir Ingólfsson og Sigríður Erna Kristinsdóttir tóku þátt í Alþjóðaleikum Special Olympics sem haldnir voru í Aþenu í sumar. Markmið þessara leika eru að bjóða upp á íþróttatilboð fyrir fólk með þroskahömlun og aðra sem eiga við námserfiðleika að stríða. Þetta mót var stærsti íþróttaviðburður í heiminum á síðasta ári.


Þátttakendur á golfnámskeiði, ásamt þjálfara.

Árið 2011 voru 25 ár liðin frá stofnun félagsins. Af því tilefni var haldið bocciamót í haust. Boðið var til leiks fulltrúum allra þeirra 8 sveitarfélaga sem iðkendur félagsins búa í auk fulltrúa frá HSK. Mótið heppnaðist mjög vel og þökkum við þátttakendum fyrir skemmtilega keppni. Þennan dag var einnig notað tækifærið og opnuð formlega ný heimasíða félagsins, http://Sudri.is. Þar er hægt að fá upplýsingar um félagið og fylgjast með mótum og öðrum viðburðum sem tengjast Suðra.

Við þökkum öllum þeim gestum sem lögðu leið sína á afmælishátíðina og einnig hlý orð í garð félagsins. Enn fremur þökkum við öllum þeim fjölmörgu sem hafa stutt félagið á einn eða annan hátt fyrir ómetanlegan stuðning. Við viljum hvetja fólk til að kynna sér starfsemi Suðra. Þar eru engin aldurstakmörk og ljóst er að auk þess að efla hreyfifærni sína hafa margir okkar félaga aukið sjálfstraust sitt og félagsfærni með æfingum og keppni við jafningja.

**Þorbjörg Vilhjálmsdóttir, formaður**

# Knattspyrnufélag Árborgar

Stjórn Knattspyrnufélags Árborgar var kosin á aðalfundi þann 24. mars 2011. Hana skipa:

| | |
|---|---|
| Pálmi Jóhannsson | formaður |
| Hjalti Jón Kjartansson | varaformaður |
| Már Ingólfur Másson | ritari |
| Grétar Magnússon | gjaldkeri |
| Einar Karl Þórhallsson | meðstjórnandi |
| Sævar Már Þórisson | varamaður |
| Torfi Ragnar Sigurðsson | varamaður |
| Einar Þorgeirsson | varamaður |
| Gestur Guðjónsson | varamaður |

Árborg tók þátt í öllum þeim mótum sem boðið var uppá á vegum KSÍ á árinu nema Íslandsmótinu í futsal. Fyrsta mót ársins var í B-deild Lengjubikarsins þar sem Árborg var í sterkum riðli, náði aðeins einu jafntefli og varð í neðsta sæti riðilsins.

Árborg féll úr leik í 2. umferð Valitorbikarsins áður en liðið hóf keppni í 2. deild karla í fyrsta sinn í sögu félagsins. Stigasöfnunin í deildinni gekk illa og var liðið í fallsæti nær allt sumarið. Liðið vann tvo leiki og gerði fimm jafntefli og lauk keppni í 11. sæti með 11 stig.

Stærsta fjáröflun félagsins á árinu var að venju umsjón með hátíðinni Sumar á Selfossi. Var töluvert meira lagt undir við hátíðarhöldin að þessu sinni og heppnaðist verkefnið frábærlega, þökk sé öflugu starfi félagsmanna og góðum stuðningi styrktaraðila. Einnig hafði félagið umsjón með íþróttavellinum á Eyrarbakka líkt og undanfarin ár. Aðrar fjáraflanir voru meðal annars skemmtanahald og gulrótasala.

Á lokahófi félagsins var Andy Pew valinn leikmaður ársins af leikmönnum og forráðamönnum liðsins. Bjartasta vonin var Snorri Sigurðsson og markakóngur var Jón Auðunn Sigurbergsson. Félagi ársins var valinn Eyþór Jónsson. Einar Jónsson þjálfari var einnig heiðraður en hann lauk störfum fyrir félagið í lok keppnistímabilsins.

Auk þess að stunda knattspyrnu hafa Árborgarar reynt fyrir sér í ýmsum íþróttum á undanförnum árum og var árið 2011 þar engin undantekning. Árborg tók þátt í bikarkeppni HSK í körfubolta þar sem liðið féll úr leik í 8-liða úrslitum.

Mun betri árangur náðist á Héraðsmótinu í handknattleik þar sem Árborg vann alla sína leiki og tryggði sér HSK meistaratitilinn í fyrsta skipti í sögu félagsins. Liðsmennirnir bíða ennþá spenntir eftir því að fá verðlaunabikarinn og -peningana fyrir þetta afrek.


Andy Pew var valinn leikmaður ársins hjá Árborg.

# Knattspyrnufélag Rangæinga

Aðalfundur félagsins var haldinn þann 2. febrúar og fór hann fram samkvæmt venjulegum aðalfundarstörfum. Þrír stjórnarmenn, Hrafnhildur Sigurðardóttir, gjaldkeri, Ólafur Örn Oddsson, ritari og Hafdís Dóra Sigurðardóttir, í varastjórn báðust undan endurkjöri. Í stjórn félagsins sitja nú:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Benedikt Benediktsson |
| Gjaldkeri: | Elín Birna Bjarnadóttir |
| Ritari: | Auður Erla Logadóttir |
| Meðstjórnandi: | Óli Jón Ólason |
| Meðstjórnandi: | Björgvin Daníelsson |
| Varastjórn: | Hermann Bjarki Rúnarsson |
| Varastjórn: | Hrafn Magnússon |

Heimasíða: www.kfrang.is

Þjálfarar hjá félaginu 2011 voru þeir; Lárus Viðar Stefánsson, Viktor Steingrímsson, Rúnar Smári Jensson, Helgi Jens Hlíðdal, Ólafur Örn Oddsson, Ellert Geir Ingvason og Ómar Valdimarsson. Stjórn KFR ákvað síðla árs 2010 að fara í samstarf við ÍBV um starfssemi yngri flokka félagsins. Það samstarf bauð okkar félögum upp á fleiri og stærri verkefni en við eigum að þekkja. Allir iðkendur fá tækifæri til þess að keppa á jafnréttisgrundvelli vegna þess hve fjöldinn er mikill í hverjum aldursflokki. Þetta hefur lyft knattspyrnunni í Rangárþingi í hærra plan og verður henni til framdráttar um ókomin ár. Keppt var í öllum yngri flokkunum 7.-3. flokki undir merkjum ÍBV. Á Íslandsmóti, Faxaflóamóti, Pollamóti, Pæjumóti, N1-móti, Olísmóti, Rey-Cup, Vís-móti o.fl. minni mótum.

Toppurinn á sumrinu var sá frábæri árangur meistaraflokks KFR af komast í fyrsta sinn í sögu félagsins upp um deild og spilar meistaraflokkur í 2. deild sumarið 2012. Gaman var að sjá hve margir létu sjá sig á vellinum í sumar til þess að styðja okkar menn áfram til sigurs. Allir í sýslunni stóðu með sínum mönnum.

Stærsta fjáröflunarverkefni KFR 2011 var á Bestu útihátíðinni sem haldinn var á Hellu í júlí. Félagið tók að sér að hreinsa allt rusl af svæðinu. Þar fengu iðkendur að njóta ágóðans því um 90% af



Leikmenn KFR fagna sigri á Bersekjum og sæti í 2. deild í fyrsta skipti í sögu félagsins.

tekjunum gátu þeir nýtt sem greiðslu á æfingagjöldum eða öðrum keppnisgjöldum. Því ættu sem flestir að geta tekið þátt í knattspyrnuiðkun hjá félaginu óháð efnahag. Æfingagjöld KFR eru með þeim lægstu á landinu aðeins 24.000 á ári og innifalið í því er keppnistreyja sem keppandi fær annað hvert ár.

Uppskeruhátíð yngri flokkanna fór fram í Íþróttahúsinu á Hellu 4. október og þar var rifjað upp liðið knattspyrnutímabil yfir pizzuveislu og kaffiveitingum. Þjálfarar afhentu öllum iðkendum í 7. og 6. flokki viðurkenningu fyrir að hafa stundað íþróttina. Einnig voru veittar viðurkenningar fyrir bestu framfarir og ástundun í eldri flokkum. Á hátíðina mættu rúmlega 220 manns.

Mig langar í lokin að þakka okkar helstu stuðningsaðilum. Rangárþingi eystra, Sláturfélagi Suðurlands, Kaffi Árhús, Reykjagarði og Búaðföngum. Öllum þeim sem komu að sjálfboðaliðastarfi félagsins færi ég hinar bestu þakkir.

**f.h.stjórnar KFR**
**Benedikt Benediktsson, formaður**

# Knattspyrnufélagið Ægir

Aðalfundur félagsins var haldin 6. nóvember 2011. Í stjórn félagsins eru:

| | |
|---|---|
| Formaður og gjaldkeri: | Guðbjartur Örn Einarsson |
| Ritari: | Júlíus Steinn Kristjánsson |
| Meðstjórnandi: | Þór Emilsson |
| Meðstjórnandi: | Guðbjörg Heimisdóttir |
| Fulltrúi foreldraráðs: | Guðrún Sigurðardóttir |
| Yfirþjálfari: | Garðar Geirfinnsson |

Að venju hófst starf Ægis í byrjun janúar. Æfingar voru með nýju sniði en allir yngri flokkar félagsins æfðu í Knattspyrnuskóla Ægis og var unnið með það form út mars. Í knattspyrnuskólanum voru þrír árgangar í æfingahóp með tvo þjálfara. Með þessu fengust stærri æfingahópar og meiri þjónusta við iðkendur. Eini flokkur sem æfði með hefðbundnum hætti var 8. flokkur sem naut mikilla vinsælda og voru rúmlega 20 iðkendur í flokknum. Horfið var til hefðbundina æfinga flokka í apríl þannig að hægt væri að undirbúa þá fyrir sumarið. 23. maí komu fulltrúar frá KSÍ og afhentu iðkendum Ægis DVD diskinn „Tækniskóli KSÍ“. Það var stór og flottur hópur sem tók við disknum í íþróttamiðstöðinni.

Sumardagskrá hófst í byrjun júní. Boðið var upp á æfingar fyrir alla flokka. Frá 8. flokk upp í Oldboys. 6. 7. og 8. flokkur æfðu í fótboltaskóla á morgnanna meðan aðrir flokkar æfðu á hefðbundin hátt. Allir flokkar tóku þátt í mótum, Íslandsmótum eða opnum mótum s.s. Smábæjarleikunum, N-1 og Rey-Cup. 5. flokkur karla var í spilasamstarfi við Hamar og gekk það samstarf mjög vel. Auk knattspyrnu sá Ægir um að halda leikjanámskeið og smíðavöll eins og undanfarin sumur og var þátttaka mjög góð.

Alfreð Elías Jóhannsson tók við þjálfun meistaraflokk karla haustið 2010 og stýrði liðinu tímabilið 2011. Markmið liðsins var að




4. flokkur karla átti frábært sumar.

sjálfsögðu úrslitakeppni 3. deildar. Talsvert var bætt í leikmannahópinn og leit liðið vel út fyrir Íslandsmótið. Riðillinn sem liðið lék í var gríðarlega jafn og spennandi allt sumar en liðið endaði í 5. sæti með 23 stig eftir 7 sigra, 2 jafntefli og 5 töp.

Í lok sumars voru haldin lokahóf yngri flokka og meistaraflokks þar sem tímabilið var gert upp. Hjá yngri flokkunum mættu rúmlega 90 börn og telur hópur meistaraflokks um 20 leikmenn. Það er því stór hópur sem æfir knattspyrnu hjá félaginu.

Í september hófust síðan æfingar fyrir alla yngri flokka með nýrri flokkaskipan. Meðal annars var farið var af stað með samstarf við Umf. Selfoss í 4. og 3. flokk karla og keppt í Faxaflóamótinu.

Óhætt er að segja að starfið hafi verið viðburðaríkt og skemmtilegt. Við eigum mikið af frambærilegu knattspyrnufólki og má víða sjá iðkendur frá okkur farna að leika á stóra sviðinu í stærri klúbbum, atvinnumennsku erlendis og yngri landsliðum. Það er því ljóst að það er allt hægt ef áhuginn er til staðar.

# Körfuknattleiksfélag FSu

Síðasti aðalfundur félagsins var haldinn þann 7. apríl 2011. Aðalstjórn er þannig skipuð:

Finnbogi Magnússon, formaður
Guðlaugur Eggertsson, gjaldkeri
Anna Björg Þorláksdóttir, ritari
Víðir Óskarsson, meðstjórnandi
Birgir Leó Ólafsson, meðstjórnandi
Gauti Gunnarsson, varamaður
Gréta Sveinsdóttir, varamaður



Kjartan Atli Kjartansson, þjálfari FSu, fer yfir málin með sínum mönnum.

# Skotíþróttafélag Suðurlands

Aðalfundur SFS var haldinn miðvikudaginn 23. mars sl. og mættu um 20 manns á fundinn. Stjórn var endurkjörin og er þannig skipuð:

Páll Reynisson, formaður
Ingimundur Sigurmundsson, varaformaður
Guðmundur Karl Guðjónsson, ritari
Sigurður Sveinn Jónsson, gjaldkeri
Jónas Geir Sigurðsson, meðstjórnandi

Stjórn flutti skýrslu um starfsemi síðasta árs og reikningar félagsins voru samþykktir. Eins og kynnt var á almennum félagsfundi í febrúar lagði stjórn til að árgjöld yrðu hækkuð og rekstri svæðisins breytt á þá lund að fenginn yrði starfsmaður til að tryggja að vellir væru opnir á auglýstum tíma og svæðinu sinnt. Aðgangur að riffilsvæði yrði óbreyttur. Tillagan var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Samtals verður nýtt árgjald því kr. 15.000 að meðtöldu lykilgjaldi, sem innheimt er í fyrsta sinn. Árgjald nýrra félagsmanna verður það sama en hluti þess heldur áfram að heita inntökugjald. Í lok fundar komu Arne Sólmundsson og Kristján Sturlaugsson frá Skotvís og kynntu áherslu- og baráttumál félagins. Félagsmenn í SFS eru hvattir til að ganga til liðs við Skotvís og styðja hagsmuna- og réttindabaráttu skotvopnaeigenda og skotveiðimanna.

Æfingaplan var skipulagt og gengið frá ráðningu starfsmanna sem sáu um viðhald svæðisins og aðstoðuðu þá sem mættu á æfingar. Guðmundur Þórisson og Gissur Jensen voru ráðnir til þessara starfa. Mótahald var með hefðbundnum hætti. Landsmót STÍ fór fram á velli félagsins þann 21.-22. maí sl. Aðeins tveir keppendur af 20 voru úr röðum SFS, þeir Jóhann Norðfjörð og Davíð Ingason.

Þann 13. júlí var HSK mót í leirdúfuskotfimi haldið á velli SFS. Skotnir voru 3 hringir eða 75 dúfur. Úrslit urðu sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. sæti | Hákon Þór Svavarsson | 67 dúfur |
| 2. sæti | Snorri Jón Valsson | 56 dúfur |
| 3. sæti | Jónas Geir Sigurðsson | 49 dúfur |

Riffilmót í 22. cal. var haldið á velli SFS þann 4. júní 2011. 11 þátttakendur mættu til leiks. Skotin var þríþraut, liggjandi, á kné og standandi á 50m, 10 skot í hverri þraut. Sigurvegari var Jónas Sigurðsson með afgerandi forystu. Í öðru sæti var Guðmundur Karl Guðjónsson og Jóhann Norðfjörð í því þriðja.

Veiðirifflamót var haldið 6. ágúst. Einnig var skotin þríþraut en nú á 100 m. Sigurvegari var Jónas Sigurðsson og annar var Valdimar S. Þórisson. Skotíþróttafélag Suðurlands tók þátt í dúfnaveislu sem Skotvís, Umhverfisstofnun og skotfélög víða um land boðuðu til. Tilgangur verkefnisins var að hvetja skotveiðimenn til dáða og örva þá í skotfimi.

Um mitt sumar varð sú breyting á stjórn að formaður félagsins Páll Reynisson sagði af sér formennsku og varaformaðurinn, Ingimundur Sigurmundsson tók við. Sem varaformann í stað Ingimundar kaus stjórnin Valdimar S. Þórisson. Stjórnin er að öðru leyti óbreytt. Í byrjun vetrar kom stjórn saman og fór yfir störf sumarsins og ræddi þörf á frekari uppbyggingu á aðstöðu félagsins til þess að geta með sómasamlegum hætti komið að mótshaldi UMFÍ 2013. Byggja þarf við og bæta aðstöðu riffilgreina á svæðinu.



Jónas Geir Sigurðsson. Myndin er tekin í félagsaðstöðu SFS við Þorlákshöfn.

# Skotíþróttafélagið Skyttur

Aðalfundur var haldinn 24. mars 2011 en ellefu manns mættu á hann. Á aðalfundi var m.a. tekin ákvörðun um inngöngu í HSK. Stjórn félagsins skipa:

Guðmar Jón Tómasson, formaður
Guðni RK Vilhjálmsson, gjaldkeri
Magnús Ragnarsson, ritari
Jón Þorsteinsson, varaformaður
Haraldur Gunnar Helgason, meðstjórnandi
Kristinn Valur Harðarsson, varamaður
Árni Páll Jóhannsson, varamaður

Unnið var við skipulagsmál og var gengið frá deiliskipulagi fyrir æfingaaðstöðu ásamt öðrum leyfismálum. Unnið var við smíði aðstöðu og gekk sú vinna vel. Ekki var keppt í greinum á árinu þar sem æfingaaðstaðan var ekki tilbúin.

Unnið var við hönnun á æfingasvæði. Stefnt er að þeim nýjungum á þessu ári að aðstaða til skeet skotfimi verði tilbúin með vorinu. Einnig aðstaða til iðkunnar skotfimi á 50 metrum og 25 metrum með rifflum og skammbyssum ásamt aðstöðu til iðkunnar skotfimi með stærri rifflum.

**F.h Skotfélagsins Skyttur**
**Magnús Ragnarsson**



Félagsmenn taka til hendinni á vinnudegi hjá félaginu.

# UBH

Aðalfundur félagsins fór fram 31. desember 2011. Í stjórn eru:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Guðmann Óskar Magnússon |
| Gjaldkeri: | María Rósa Einarsdóttir |
| Ritari: | Ólafur Elí Magnússon |
| Varamaður: | Helgi Jens Hlíðdal |
| Varamaður: | Jón Gísli Harðarson |

UBH heldur ekki utanum íþróttastarfsemi eftir að Íþróttafélagið Dímon var stofnað og tók það yfir, en félagið er stuðningsaðili Dímonar.

**Fyrir hönd félagsins,**
**Guðmann Óskar Magnússon.**

# Umf. Baldur

Stjórn félagsins árið 2011 skipuðu eftirtaldir:
Baldur Gauti Tryggvason, formaður
Rúnar Hjálmarsson, varaformaður
Elín Magnúsdóttir, ritari
Svanhvít Hermannsdóttir, gjaldkeri
Guðrún Gísladóttir, meðstjórnandi
Guðmundur Bjarnason, varamaður
Ágúst Hjálmarsson, varamaður

Starf ársins var mjög svo hefðbundið. Aðalfundur var haldinn í byrjun janúar, einnig þrettándagleði. Hið sívinsæla og bráðskemmtilega þorrablót var haldið að venju í samstarfi við Sandvíkinga í lok janúar. Um 210 manns komu á blótið sem þótti takast að öllu leyti mjög vel, bæði matur og skemmtiatriði.

Páskahraðskákmót félagsins var haldið á nýjan leik eftir nokkurra ára hlé, heppnaðist það vel og verður væntanlega framhald á því. Þingborgarmót var að venju haldið 1. maí. Vorfundur var haldinn um miðjan maí. Félagið kom að krakkadagskrá í Þingborg á Fjör í Flóa, líkt og undanfarin ár í maílok. Í byrjun júní stóð félagið fyrir fjölskyldudagskrá í Einbúa með grilluðum pylsum og leikjum. Að venju var tekið til hendinni í Einbúa í vikunni fyrir 17. júní. Þjóðhátíðardagurinn var síðan haldinn með pompi og prakt í Einbúa í blíðskaparveðri.

Flóamót var haldið í Þjórsárveri ásamt Samhygð og Vöku, að þessu sinni með breyttu sniði. Stigakeppni félaganna var slegin af og mótið haldið strax að loknum skóla á föstudegi. Gekk þetta bara ágætlega og verður væntanlega fyrirkomulagið áfram svoleiðis. Umf. Baldur stóð svo að sjálfsögðu fyrir íþróttaæfingum bæði sumar og vetur. Að vetrinum í samstarfi við Samhygð og Vöku en að sumrinu sjálfstætt enda viljum við nota hið glæsilega félagssvæði okkar Einbúa, þó betri aðstaða sé að einhverju leyti annarsstaðar. Þjótandi var duglegur að senda keppendur á hin ýmsu mót í frjálsum, þó má gera enn betur á þeim vettvangi. Keppendur frá Umf. Baldri kepptu á hinum ýmsu héraðsmótum og einnig á meistaramótum. Sem fyrr eru frjálsar stærsta greinin, einn kvenkyns keppandi er á okkar vegum í glímu og gengur henni nokkuð vel. Þá voru einnig lið sem kepptu fyrir okkar hönd á héraðsmótum í handbolta og skák og náðu skákmennirnir þeim árangri að taka gullið á sínu móti.

Að lokum þakkar félagið öllum þeim sem lögðu starfinu lið á einhvern hátt kærlega fyrir. **Baldur Gauti Tryggvason, formaður**

# Umf. Biskupstungna

Stjórn félagsins skipa:
Helgi Kjartansson, formaður
Ingibjörg Sigurjónsdóttir, gjaldkeri
Steinunn Lilja Heiðarsdóttir, ritari
Dagný Rut Grétarsdóttir, varastjórn
Oddur Bjarni Bjarnason, varastjórn

Starf félagsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Aðalfundur fór fram 17. mars í Bergholti. Stjórn félagsins var endurkjörin fyrir utan að Oddur Bjarni Bjarnason kom nýr inn í varastjórn í stað Ásborgar Arnþórsdóttur. Á aðalfundi félagsins var ný heimasíða félagsins tekin í notkun. Á síðunni er m.a. ýmsan fróðleik sem tengist starfi félagsins í gegnum tíðina. Agla Snorradóttir sá um uppsetningu síðunnar en slóðin er http://umfbisk.blaskogabyggd.is.

Félagið sá um að kaupa fótboltamörk á íþróttavöllinn í Reykholti en gömlu mörkin voru komin til ára sinna. Íþróttavallanefnd félagsins hafði forgöngu um að koma mörkunum upp. Félagið í samstarfi við Kvenfélag Biskupstungna stóð fyrir komu einkaþjálfara í tækjasalinn í Reykholti en búið er að koma upp tækjasal í Íþróttamiðstöðinni. Félagið gaf íþróttamiðstöðinni róðravél í tilefni af opnuninni þann 17. júní.

Í tengslum við 50 ára afmæli Aratungu sem haldið var á árinu tók félagið að sér að endurgera listaverkið „Bókvitið verður ekki í askana látið“ sem félagið gaf Aratungu á 60 ára afmæli félagsins sumardaginn fyrsta 1968. Listaverkið hafði látið á sjá í tímans rás en félagið naut aðstoðar og góðvildar velunnara félagsins við endurgerðina.

Í tengslum við vígslu brúarinnar yfir Hvítá við Bræðratungu var haldið svokallað „brúarhlaup“. Að brúarhlaupinu stóðu Umf. Bisk. og Umf. Hrunamanna ásamt fleiri aðilum sem komu að vígslunni. Það voru um 40 einstaklingar sem hlupu og var skiptingin nokkuð jöfn á milli félaganna. Hlaupið var ræst beggja vegna brúarinnar og voru hlaupnir um 2,1 km. Hugmyndina að hlaupinu átti Gunnar Sverrisson í Hrosshaga og tók hann að sjálfsögðu þátt í hlaupinu. Að loknu hlaupi fengu allir afhent verðlaun fyrir þátttökuna.

Starf íþróttadeildar félagsins var með hefðbundnum hætti á árinu. Þær íþróttagreinar sem boðið var uppá á árinu voru: fimleikar, glíma, handbolti, körfubolti, knattspyrna, skólahreysti og íþróttaskóli. Æfingarnar voru ágætlega sóttar en hver grein var æfð 1-2 sinnum í viku. Þá stóð íþróttadeildin fyrir sundnámskeiði í sumar sem var vel sótt en kennari var Guðbjörg Bjarnadóttir eins og undanfarin ár. Íþróttadeildin tók þátt í 50 ára afmæli Aratungu með ýmsum hætti, ma. var haldið frjálsíþróttamót, keppt var í bændaglímu og þá var körfuboltaskóli sem Fannar Ólafsson fyrirliði Íslands- og bikarmeistara KR sá um.

Ritnefnd Litla-Bergþórs sá um útgáfu tveggja veglegra blaða á árinu. Fyrsta tölublað félagsins var gefið út 1980 en búið er að gefa blaðið út á hverju ári síðan. Hugur félagsins stendur til að varðveita öll þessi blöð og auðvelda almenningi aðgang að þeim.

Leikdeild félagsins kom að afmælishátíðarhöldum Aratungu með því að setja upp brot úr leikritinu „Lénharður fógeti“ sem var fyrsta leikritið sem sett var upp í Aratungu árið 1961.

Að lokum vill stjórn félagsins þakka öllum þeim aðilum sem komu að starfi félagsins með einum eða öðrum hætti kærlega fyrir þeirra framlag.

**Fyrir hönd Ungmennafélags Biskupstungna,**
**Helgi Kjartansson, formaður**



Hressir krakkar að lokinni æfingu í skólahreysti.

# Umf. Dagsbrún

Formaður: Jón Óskar Björgvinsson
Gjaldkeri: Hlín Albertsdóttir
Ritari: Gunnhildur Jóhannsdóttir

Starfsemi félagsins hefur undanfarin ár aðallega falist í samkomuhaldi í Gunnarshólma, og má þar helst nefna þorrablótið okkar sem er ávallt vel sótt eða um 220 manns. Á því er yfirleitt fluttur mikill annáll sem ákveðin þorrablótsnefnd sér um, sem er skipuð 10-12 félögum ár hvert, og fólk leggur mikið á sig í skemmti- og leikþáttum. Ávallt er glens og gaman ásamt því að fá sér þorramat og dansa fram á nótt.

Skötuveislan okkar sem er 23. desember er að verða vel sóttur atburður hjá okkur en hún hefur aðeins verið haldin í örfá ár. Í ár voru allt að 80 manns sem komu í mat svo að þetta er eitthvað sem koma skal og vel heppnuð samkoma.

Jólaball þriðja í jólum hefur verið haldið í mörg ár og engin undartekning var á því í ár. Um 50 manns mættu og þar af um 30 börn sem skemmtu sér við að dansa í kringum jólatré undir alvöru hljóðfæraleik. Jólasveinar mættu í heimsókn og gáfu krökkunum glaðning og fullorðna fólkinu var boðið upp á kaffi og konfekt.

Til stendur að bæta aðstöðuna og gróðursetja tré við Gunnarshólma, skjólbelti og annað slíkt, en það er í vinnslu.

**Kær kveðja**
**Jón Óskar Björgvinsson**

# Umf. Eyfellingur

Stjórn félagsins skipa:
Sigurgeir L Ingólfsson, formaður
Ármann Fannar Magnússon, varaformaður
Magðalena K Jónsdóttir
Helga Haraldsdóttir

Aðal verkefni félagsins á síðasta ári var hreinsun ösku úr Seljavallalaug en mokaðir voru milli fjögur og fimmhundruð rúmmetrar af ösku upp úr lauginni. Til verksins voru notaðar stórvirkar vinnuvélar sem lánaðar voru til veksins af Suðurverk og Emil Sæmundssyni í Vík og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir. Einnig komu að verkinu fjölmargir einstaklingar bæði heimamenn og burtfluttir og er þeim einnig þakkað. Einnig var skipt um þak á klefunum. Það verkefni var styrkt af Arion banka sem hér með er þakkað fyrir stuðninginn.

Vinna við lagfæringu Félagsheimilsins Dagsbrúnar var í nokkurri biðstöðu. Er þar um að kenna skorti á fjámagni. Þó var unnið nokkuð við húsið að innan.

Þrettándabrenna sem vera átti við Skógafoss var felld niður vegna veðurs þetta árið.



Frá hreinsun Seljavallalaugar eftir mikið öskufall.

**Með kveðju**
**Sigurgeir L. Ingólfsson, formaður**

# Umf. Eyrarbakka

Stjórnarmeðlimir eru Ívar Örn Gíslason, formaður, Helga Kristín Böðvarsdóttir, gjaldkeri, Karen Dröfn Hafþórsdóttir, ritari, Elín Birna Bjarnfinnsdóttir, Halla Guðlaug Emilsdóttir, Ingibjörg Birgisdóttir, Jessica Dahlgren, Sandra Sævarsdóttir.

Á Eyrarbakka hefur ungmennafélagið lagt traustan grunn að tómstunda- og æskulýðsstarfi. Stjórnin hefur verið skipuð sama fólkinu síðan félagið var endurreist fyrir 3 árum. Samheldin hópur sem hefur skipulagt sig vel með reglulegum fundarhöldum og unnið sjálfboðastörf með glöðu geði. Hefðbundnir dagskrárliðir eru jólatrésskemmtunin, páskabingó, skákmót á bæjarhátíðinni, Hópshlaupið, verðlaunafhending og barnaskemmtun á 17. júní hátíðinni á Eyrarbakka.

Félagsheimilið Staður hýsir hina hefðbundnu íþróttastarfsemi félagsins sem er badminton, handbolti og fótbolti. Æfingar í fótbolta eru 2x í viku. Síðastliðið haust byrjuðum við að bjóða upp á jóga 4x í viku. Velheppnað framtak og þátttakan góð. Félag eldriborgara hefur látið okkur í té húsnæði í gömlu Alpanverksmiðjunni fyrir myndlistarnámskeið og félagsvist.

Sveitarfélagið Árborg hefur hvatt okkur til dáða með verðlaunum og þjónustusamningi og Icelandic holding Waters grúppan styrkti kaup á búningum.



Verðlaunaahafar á jólamóti félagsins í badminton í flokki 13-14 ára drengja.

Kennarar og þjálfarar hafa lagt hönd sína á plóginn og gott betur. Þeir eru eftirtaldir: Andri Marteinsson, fótbolti. Elín Katrín Rúnarsdóttir, myndlist. Ívar Örn Gíslason, badminton. Steinn Ævarr Skúlason, fótbolti. Unnur Arndísardóttir, jóga. Ægir Guðjónsson, handbolti.

# Umf. Framtíðin

Stjórn félagsins skipa:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Brynja Rúnarsdóttir |
| Ritari: | Lilja Guðnadóttir |
| Gjaldkeri: | Birna Guðjónsdóttir |
| Meðstjórnendur: | Hrefna Huld Helgadóttir og Helgi Ármannsson |

Aðalfundur var haldinn 20. janúar 2011. Boltakvöldsæfingar, þjálfarar Guðjón Gestsson og Guðni Sighvatsson. Línuskautaæfingar, þjálfari Diego Pinera. Leikjanámskeið á vegum HSK, þjálfari Guðni Sighvatsson

Staðið var fyrir 17. júní hátíðarhöldum ásamt kvenfélaginu Sigurvon. Í sumar var farið eitt kvöld í viku út að leika, foreldrar kenndu krökkunum leikina sem þau voru vön að vera í (Fram, fram fylking, yfir og fl.)

Í haust fengum við krakka úr fimleikadeild Selfoss að koma til okkar í tvö skipti og vera með fimleikanámskeið sem tókst í alla staði mjög vel og vonumst við eftir áframhaldandi samstarfi.

Fjáraflanir: Seldum lyklakippur fyrir Blátt áfram, árgjöld.

Styrktum tvö ungmenni frá okkur, annars vegar Nínu Jenný Kristjánsdóttur sem fór út til Danmerkur með U-15 landsliðinu í körfubolta og hinsvegar Sólrúnu Einarsdóttur sem fór á unglingamót FEIF (Alþjóðlegu samtökin um íslenska hestinn) Youth CAMP í Skotlandi.



Þátttakendur og þjálfarar á fimleikanámskeiði.

**Birna Guðjónsdóttir**

# Umf. Gnúpverja

Aðalfundur félagsins var haldinn í Árnesi í byrjun apríl, þar sem góð mæting og mikill hugur átti sér stað og varð engin breyting á stjórn.

Valdnir voru íþróttakona og íþróttamaður ársins í fyrsta skiptið í sögu félagsins og urðu fyrir valinu þau Nikulás Hansen Daðason, fyrir afrek í handbolta og knattspyrnu, Guðrún Arnadóttir, fyrir afrek sín í knattspyrnu og körfuknattleik. Fengu þau verðlaunaskjöld og faraldsbikar í verðlaun.

Íþróttaæfingar voru haldnar sameiginlegar með Umf. Skeiðamanna fram á sumarið einu sinni í viku, yngri iðkendurnir voru í Árnesi og eldri í Brautarholti. Leiðbeindandi var Rúnar Hjálmarsson. Félagið stóð fyrir leikverkinu Gaukssaga sem var sýnt nokkrum sinnum í Árnesi en leikverkið var byggt á sögu Gauk Trandilssonar er bjó í Stöng í Þjórsárdal. Leikritið er eftir Vilborgu Halldórsdóttur sem leikstýrði verkið einnig og vakti þessi sýning mikla athygli og er hugur í mönnum að fara víðar með leikritið.

Félagið tók þátt í 17. júní hátíðarhöldunum líkt og síðustu ár sem voru að þessu sinni haldin í Brautarholti.

Í sumar var boðið upp á knattspyrnuæfingar og frjálsíþróttaæfingar í Árnesi. Í haust byrjuðu svo íþróttaæfingar í Árnesi undir stjórn Bente Hansen og eru þær enn vel sóttar. Meistaraflokkur UMFG í knattspyrnu stóð sig vel í sumar í sunnlensku deildinni og lenti í 2. sæti fjórða árið í röð og töpuðu í undanúrslitum í bikar. Þeir duttu úr í 1. umferð í bikarkeppni KSÍ. Knattspyrnuæfingar eru á vetunar fyrir alla á Sparkvellinum í Árnesi og körfuboltaæfingar á fimmtudagskvöldum. Á þriðjudagskvöldum hittast svo margar góðar blakkonur í Árnesi. Um jólin fóru jólasveinar á vegum UMFG á milli bæja með gjafir.

# Umf. Hekla

Aðalfundur Umf. Heklu var haldinn 14. apríl 2011 í Grunnskólanum á Hellu. Ein manneskja mætti á fundinn auk stjórnar þannig að umræðan um starf félagsins var þ.a.l. lítið meira en gerist á hefðbundnum stjórnarfundi. Fundarstjóri var Guðmundur Jónasson. Stjórnin sem sat var að mestu leyti endurkjörin nema hvað Ásgeir Jónsson kom inn í staðinn fyrir Hafdísi Garðasdóttur sem sagt hafði af sér haustið 2010 og er stjórn Umf. Heklu skipuð eftirtöldum aðilum:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Guðmundur Jónasson |
| Varaformaður: | Guðríður Tómasdóttir |
| Gjaldkeri: | Erna Sigurðardóttir |
| Ritari: | Heiðrún Ólafsdóttir |
| Meðstjórnandi: | Ásgeir Jónsson |
| Varamaður: | Olga Mörk Valsdóttir |
| Varamaður: | Brynja Garðarsdóttir |

Um 30 krakkar á grunnskólaaldri iðka körfubolta yfir veturinn þrisvar sinnum í viku í íþróttamiðstöðinni á Hellu sem og í íþróttahúsinu á Laugalandi. Félagið tekur þátt í Íslandsmóti KKÍ. Félagið er með lið í einum flokki á yfirstandandi keppnisári. Foreldrar aðstoða við utanumhald á keppnisferðalögum og sjá um að keyra ásamt þjálfurum. Farið var með tvö lið á minniboltamót í Reykjanesbæ í byrjun mars. Einnig var tekið þátt í héraðsmóti HSK í flestum flokkum. 9 og 10 ára krakkar fóru á lítið körfuboltamót í Iðu á Selfossi. Körfuboltahátíð, sem jafnframt var lokahóf eftir vetrarstarfið, var haldin um miðjan maí í íþróttamiðstöðinni á Hellu. Keppt var í "streetball" þar sem lið voru skipuð bæði foreldrum og krökkum. Í lokin var boðið upp á pizzur. Mæting var góð og tókst hátíðin vel. Einnig tók meistaraflokkur karla þátt í annarri deild KKÍ.


Krakkar sem eru að æfa körfubolta hjá Umf. Heklu.

Leikjanámskeið var haldið í júní í samvinnu við sveitarfélagið og stóð það yfir í 3 vikur. Þátttakendur voru rúmlega 50 talsins þegar mest var og var almenn ánægja með námskeiðið meðal barna og foreldra. Námskeiðið var styrkt af sveitarfélaginu sem gerði það að verkum að hægt var að lækka þátttökugjöldin verulega.

Frjálsíþróttamót var haldið í apríl fyrir krakka 10 ára og yngri í íþróttahúsinu á Hellu þar sem krökkum í sýslunni var boðin þátttaka og heppnaðist það vel. Einnig fóru um 30 krakkar frá Heklu á héraðsleika HSK innanhúss 10 ára og yngri á Hvolsvelli. Þá var haldið frjálsíþróttamót fyrir 10 ára og yngri í samvinnu við Dímon og Garp á Hvolsvelli í nóvember.

Samfellu skólastarfs og íþrótta var haldið úti á vegum félagsins til vors. Nemendur úr 1.– 4. bekk voru frá kl. 13–15 á mánudögum og miðvikudögum og eldri nemendur kl. 15 -17 á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Í samfellunni var félagið með körfubolta og íþróttaskóla. Þátttakendur voru á bilinu 80-100 og æfðu krakkar í 1. og 2. bekk frítt. Frá og með haustinu var síðan samfellan felld inn í starf Grunnskólans á Hellu og hefur félagið þ.a.l. ekkert með hana að segja í vetur, hvert sem framhaldið verður.

Í haust var haldið áfram með Taekwondo kennslu sem byrjað var á árið áður, í samvinnu við Taekwondodeild Umf. Selfoss. Æft er tvisvar í viku og er hópnum skipt í tvennt: 10 ára og yngri og 11 ára og eldri. Kennarar hafa aðallega verið Daníel Jens Pétursson 1. Dan (Taekwondo maður ársins) og Bjarnheiður Ástgeirsdóttir. Um 30 krakkar hafa verið að mæta að jafnaði og hefur þetta gengið mjög vel. Fóru krakkarnir í tvö beltapróf á árinu og var 100% árangur á þeim. Héraðsmót HSK í taekwondo var haldið á Hellu í 28. maí þar sem mjög góð þátttaka var af hálfu okkar krakka.

Félagið stendur fyrir opnu húsi í íþróttahúsinu á Hellu á föstudögum frá kl. 16-18 þar sem börnum og foreldrum þeirra er boðið að koma og stunda íþróttir saman. Mikil ánægja er með þessa tíma og stöðug og góð mæting í þá eða á bilinu 20-45 manns hverju sinni.

Félagið sá um framkvæmd á Kvennahlaupi ÍSÍ og var þátttaka góð eða tæplega 100 konur.

Félagið stóð í samvinnu við Stúlknakórinn Heklu fyrir 17. júní hátíðahöldum í sumar þar sem sannkallað haustveður réði ríkjum og var framkvæmd hátíðahaldanna þ.a.l. afskaplega erfið og var ekki yfir þeim mikil reisn.

Helstu fjáraflanir félagsins eru lottótekjur, félagsgjöld, dósasafnanir og sala á áburði. Einnig eru leigð út bingóspjöld sem ekki gefur mikið af sér og fór nokkurra ára leiga í það á árinu að fjölga spjöldunum. Félagsmenn í Umf. Heklu eru 449 talsins. Félagsgjald er 1500 kr. fyrir 16 ára og eldri. Á árinu styrkti félagið sundlaugina og íþróttahúsið á Hellu um 200.000 kr. til tækjakaupa í kjölfar áheitasunds sem starfsmenn stóðu fyrir. Einnig keypti félagið 37 þoturassa og gaf Grunnskólanum á Hellu til notkunar í útikennslutímum.

Haldið var áfram með sölu á sameiginlegum búningum sem Hekla, Dímon og KFR sameinuðust um á árinu áður. Umf. Hekla gaf öllum krökkum í 1.-4. bekk í Grunnskólanum á Hellu stuttermaboli við komu þeirra í skólann í haust. Verktakafyrirtækið Þjótandi styrkir þetta verkefni. Keyptar voru nýjar keppnistreyjur fyrir alla aldurshópa í körfuboltanum og var ekki vanþörf á.

89. héraðsþing HSK var haldið í íþróttahúsinu á Hellu laugardaginn 12. mars 2011. Þingforsetar voru Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, sveitarstjórnarmaður Rangárþingi ytra og Þröstur Guðnason, formaður Umf. Ingólfs, og þingritarar voru Jón Bergþór Hrafnsson, Umf. Heklu og Kristín Bragadóttir, Umf. Heklu. Þótti þingið takast mjög vel nema hvað svolítið kalt var í húsinu enda hörkufrost og rok úti. Hádegisverður var í boði Sláturfélags Suðurlands, Kjarvals, Þykkvabæjar og Fiskáss og var maturinn framreiddur af konum í stjórn Umf. Heklu.

# Umf. Hrunamanna

Starf UMFH á árinu 2011 var með líkum hætti og árin á undan. Aðalfundur félagsins var haldinn í lok mars, nýja stjórn UMFH skipa:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Kristján Geir Guðmundsson |
| Gjaldkeri: | Árni Þór Hilmarsson |
| Ritari: | Halldóra Hjörleifsdóttir |
| Meðstjórnendur: | Samúel U. Eyjólfsson |
| | Jón Viðar Finnsson |
| | Óskar Emilsson |

Á fundinum voru ný lög samþykkt, rætt um að setja félaginu siðareglur, fjallað um félagakerfið Felix og um fleiri mál er varða UMFH.

Á árinu var stofnaður afrekssjóður UMFH, honum er meðal annars ætlað að styrkja félaga í UMFH til íþróttaafreka og þjálfara til frekari menntunar. Sjóðurinn hlaut nafnið Bjarkasjóðurinn í höfuðið á Matthíasi Bjarka Guðmundssyni fyrrum formanni UMFH en hann lést í byrjun ársins.



Félagið stofnaði á árinu sjóð til minningar um Matthías Bjarka Guðmundsson. Blakfélagar Bjarka í gegnum tíðina spiluðu leik við Hrunamenn á stofndaginn.

Starfið innan deilda félagsins gekk vel og voru iðkendur á mjög breiðum aldri, allt frá því að vera nýbyrjaðir að ganga og til þess að geta vart gengið sökum mikilar notkunar á viðeigandi búnaði áratugina á undan.

Með batnandi samgöngum í uppsveitunum hefur samstarf milli ungmennafélaga aukist og verður væntanlega meiri aukning á því á komandi árum. Þá hófust að nýju borðtennisæfingar í sveitinni og stúlkur á öllum aldri hafa byrjað að stunda blak sér til mikilar ánægju og eru hátt í tuttugu á æfingum sem að undirstrikar það enn frekar að íþróttahúsið hér á Flúðum er of lítið og löngu kominn tími á að skoða það af alvöru að hefja framkvæmdir á stækkun þess.

**Kristján Geir Guðmundsson**

# Umf. Hvöt

Í stjórn eru:
Guðmundur Jóhannesson, formaður
Hörður Óli Guðmundsson, gjaldkeri
Guðgeir Gunnarsson, ritari

Árið byrjaði með hinu árlega þorrablóti félagsins. Körfuboltaæfingar, blakæfingar voru haldnar tvisvar í viku yfir veturinn og fótboltaæfingar einu sinni í viku. Fótboltakrakkarnir tóku þátt í Sunnlensku deildinni um sumarið. 11. nóvember var svo haldin sviðaveisla í samvinnu við ábúendurnar í Miðengi og var hún vel sótt þetta árið. Aðalfundur ungmennafélagsins var svo haldinn 14. desember.



Blaklið Hvatar á öldungamótinu í Eyjum.

Á vordögum hélt Ungmennafélagið Hvöt í samvinnu við Harald Már Stefánsson íþróttafræðing, námsskeið fyrir leik- og grunnskólabörn Grímsness- og Grafningshrepps. Annarsvegar var um að ræða körfuboltanámskeið fyrir grunnskólabörn á aldrinum 6-14 ára og hinsvegar leikjanámskeið fyrir leikskólabörn og fyrstu tvo bekki grunnskóla á aldrinum 2- 8 ára. Körfuboltanámskeiðin voru tvisvar í viku, miðviku- og föstudaga. Þar var farið yfir grunnþætti íþróttarinnar þar sem hver og einn fékk leiðbeiningu og kennslu við sitt hæfi. Einnig var farið yfir helstu reglur og nemendum kynntar helstu stöður og hlutverk á vellinum. Að jafnaði voru um 14 einstaklingar sem tóku þátt og höfðu gaman af. Íþróttanámskeiðin voru einu sinni í viku á laugardagsmorgnum. Þar mætti smáfólkið til leiks í fylgd með foreldrum sínum. Fyrst mátti hlaupa frjálst um salinn en síðan var farið í allskonar þrautabrautir þar sem foreldrar aðstoðuðu við að koma öllum heilum í gegnum brautirnar. Að lokum var svo farið í leiki og endað á slökun. Margir nýttu sér svo þá frábæra aðstöðu sem í boði er á Borg og skelltu sér í sundlaugina. Að jafnaði voru um 16 börn sem sóttu þetta námsskeið og er óhætt að segja að bros hafi skinið af hverju andliti.

Blakkonurnar léku æfingaleiki og sóttu mót á árinu, má þar nefna Kjörísmótið, Öldung og Hraðmót HSK, og gekk þeim vel á þeim. Þær fóru í það verkefni að safna fyrir búningum á liðið og fóru af stað með fjáröflun og fengu góða styrki í það verkefni. Konurnar hönnuðu og keyptu svo búninga á liðið. Á lokahófi liðisins var Alice Petersen valin blakkona ársins og Rut Guðmundsdóttir fékk framfaraverðlaun ársins. Um haustið stóðu þær svo fyrir boðsmóti á Laugarvatni þar sem B liði Hamars og HK- Leðurblökum var boðið.

# Umf. Ingólfur

Stjórn Ingólfs skipa:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Þröstur Guðnason |
| Gjaldkeri: | Kristinn Guðnason |
| Ritari: | Þórhalla G. Gíslad. |
| Varamenn: | Daníel Magnússon |
| | Jóna Sveinsdóttir |
| | Ragnheiður Jónasdóttir |

Starf félagsins var með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þröstur mætti sem fulltrúi félagsins á 89. héraðsþing Skarphéðins á Hellu 12. mars. Aðalfundur var haldinn að Laugalandi 13. apríl. Mannaskipti urðu í ritarastöðu og er Ágústu Hjaltadóttur þökkuð sín störf í stjórn og Þórhalla Guðrún Gísladóttir boðin velkomin í ritarastólinn. Árlegt leikjanámskeið var haldið í samvinnu með Umf. Merkihvol og Umf. Ásahrepps að Laugalandi 8.-16. júní. Mæting var góð og kennari var

Guðni Sighvatsson. Göngudagur Ingólfs var 3. júlí og gengið var frá Nefsholti og uppí skógarreit félagsins eins og gert var 2009. Nú voru rúmlega 20 manns og hafðar meðferðis 400 birkiplöntur sem Skógræktarfélag Rangæinga gaf Ingólfi. Eftir gróðursetningu var sest niður og fólk fékk sér veitingar við forláta útiborð sem félagið hafði komið fyrir á svæðinu. Nú sáu félagsmenn að ekki var annað hægt en að gengið yrði í að lagfæra girðingu umhverfis skógarreitinn. Daginn eftir, 4. júlí mættu nokkrir vaskir félagar með efni og tæki. Girðing var reist við og bætt í staurum og skipt um á kafla, sett var nýtt innkeyrsluhlið og smíðuð príla við hliðina.

Helstu tekjur eru lottó, getraunir og styrkir. Að lokum vil ég þakka samstarf við HSK, UMFÍ, Skógræktarfélag Rangæinga og Rangárþing ytra.

**Þröstur Guðnason**



Þátttakendur í gönguferð og gróðursetningu í skógræktarreit félagsins í Nefsholti.

# Umf. Laugdæla

Starfsemi UMFL var í föstum skorðum með félags- og íþróttastarf fyrir alla aldurshópa samfélagsins. Aðalfundur félagsins var haldinn 7. apríl 2011. Í stjórn Umf. Laugdæla voru kjörin:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Sigurbjörn Árni Arngrímsson |
| Ritari: | Pétur Ingi Haraldsson |
| Gjaldkeri: | Helga Kristín Snæbjörnsdóttir |
| Varastjórn: | Margrét Harðardóttir og Ólöf Björg Einarsdóttir |
| Skoðunarmenn: | Kjartan Lárusson og Kristrún Sigurfinnsdóttir |

**Formenn nefnda:**

| | |
|---|---|
| Skemmtinefnd: | Hallbera Gunnarsdóttir |
| Blaknefnd: | Gunnhildur Hinriksdóttir |
| Körfuboltanefnd: | Guðný Grímsdóttir |
| Fimleikanefnd: | Erla Þorsteinsdóttir |
| Frjálsíþróttanefnd: | Ólöf Björg Einarsdóttir |
| Knattspyrnunefnd: | Bjarney Gunnarsdóttir. |

Heimasíðumál annast svo Rúnar Gunnarsson en formleg ritnefnd Laugdælings var ekki skipuð.

Í samstarfi við Grunnskóla Bláskógabyggðar á Laugarvatni var bæði á vorönn og haustönn boðið upp á frístundaskóla fyrir 1.-5. bekk. Frístundaskólinn var starfræktur strax að loknum skóla til að tryggja nemendunum samfelldan skóladag með möguleika á heimanámi og íþróttum og hafa allir nemendurnir verið virkir þátttakendur. Stjórnendur frístundaskólans voru Margrét Elín Egilsdóttir kennari (vorönn) og Ragnhildur Sævarsdóttir stuðningsfulltrúi (haustönn) og af hálfu félagsins störfuðu við skólann ýmsir nemendur Íþróttafræðaseturs Háskóla Íslands á Laugarvatni.

Íþróttastarf á vegum félagsins var með hefðbundnu sniði og var ágætlega sótt. Árangur var að venju góður góður á síðasta ári. Laugdælir áttu tvo landsliðsmenn í glímu, Ólaf Odd Sigurðsson og Ingiberg Sigurðsson, unglingalandsliðsmann í frjálsíþróttum, Hrein Heiðar Jóhannsson og tvo landsliðsmenn í frjálsíþróttum Agnesi Erlingsdóttir og Hrein Heiðar Jóhannsson auk þess sem formaður félagsins keppti með frjálsíþróttalandsliðinu. Æfingar voru í blaki karla og kvenna og tóku báðir hópar þátt í Íslandsmóti BLÍ en konurnar urðu aukinheldur Íslandsmeistarar í 8. deild kvenna í öldungaflokki. Körfuknattleikur var iðkaður hjá 16 ára og yngri og í mfl. karla og kvenna en þessir flokkar taka þátt í Íslandsmótum og bikarkeppni KKÍ. Karlarnir héldu sæti sínu í 1. deild vorið 2011 en vegna mikilla mannabreytinga var ákveðið að senda liðið frekar til keppni í 2. deild á yfirstandandi keppnistímabili. Frjálsíþróttir og fimleikar voru stundaðar hjá félaginu í öllum aldursflokkum og að auki var knattspyrna stunduð hjá yngstu grunnskólabörnunum. Knattspyrnan var mjög vinsæl og stóð þjálfarinn ásamt stjórn UMFL og foreldrum



Blaklið Laugdæla á héraðsmóti HSK í karlaflokki.

fyrir knattspyrnumóti styrktu af Samkaup-Strax fyrir uppsveitir Árnessýslu fyrir þennan aldurshóp. Einnig buðu þær Margrét Egilsdóttir og Hallbera Gunnarsdóttir upp á námskeið í heilsurækt kvenna á vormánuðum og hélt Margrét því svo áfram á haustmánuðum. UMFL hélt sitt árlega þorrablót fyrir 3-400 manns um miðjan febrúar og sá um 17. júní hátíðahöld í íþróttahúsinu að venju.

Sveitarfélagið Bláskógabyggð var að venju helsti styrktaraðili félagsins þetta árið og ber að þakka þann stuðning sem sveitarfélagið sýnir félaginu. Önnur fyrirtæki hafa líka stutt við bakið á félaginu og eins og alltaf er sjálfboðastarfið talsvert, sérstaklega í kringum þorrablótið. Fjáraflanir félagsins hafa skilað sér vel auk þess sem farið er sparlega með allt. Skrifað var í mars undir samninga við félag Vélstjóra og málmtæknimanna (VM) um leigu á landi UMFL til VM og er sá samningur til 10 ára.

Íþróttamaður UMFL 2010 var Hreinn Heiðar Jóhannsson, frjálsíþróttamaður og fékk hana þá viðurkenningu afhenta við 17. júní hátíðarhöld félagsins. Þar voru einnig viðurkenningar veittar ungum og efnilegum í hverri íþróttagrein sem stunduð er. Eldhugi starfsársins var Eyjólfur Óli Jónsson knattspyrnuþjálfari.

Að venju fóru fjölskyldur í sumarútilegu sína á unglingalandsmót UMFÍ þó svo að aðeins færri hafi farið en oft áður. Allir voru þar í nýju félagsgöllum félagsins og félagið lánaði HSK einnig samkomutjald sitt.

Laugdælingur, fréttabréf félagsins hefur verið gefið út samfellt í 25 ár þó reyndar hafi ekki komið út nema eitt tölublað í ár sem innihélt ársskýrslu félagsins. Félagið er einnig með nýja heimasíðu http://www.laugarvatn.net/umfl.

Félagið tekur virkan þátt í starfi HSK, UMFÍ og ÍSÍ auk fjölda sérsambanda þess síðastnefnda. Ungmennafélagsandinn er í okkur öllum, það sýnir starf félagsins.

Með kveðju til allra Skarphéðinsmanna nær og fjær frá Laugdælum, Íslandi allt. **Sigurbjörn Árni Arngrímsson, formaður UMFL**

# Umf. Samhygð

Stjórn Umf. Samhygðar kosin á aðalfundi 2011:
Stefán Geirsson, formaður
Hugrún Geirsdóttir, gjaldkeri
Margrét Valdimarsdóttir, ritari
Anný Ingimarsdóttir, meðstjórnandi
Jökull Baldursson, meðstjórnandi

Aðalfundur Umf. Samhygðar fór fram í Félagslundi 23. janúar og sóttu hann níu félagar. Á fundinum var bryddað upp á þeirri nýbreytni að hafa til sýnis gamla muni úr fórum félagsins. Félagsmálabikar Samhygðar var veittur Guðbjörgu Guðmundsdóttur Vorsabæjar-hjáleigu fyrir áratuga fórnfúst starf fyrir félagið.

Helstu skemmtanir á vegum félagsins voru þrettándaskemmtun, Timburhólagrill þann 8. júlí og Haustballið í Félagslundi þann 24. september. Fréttir af starfi félagsins birtust mánaðarlega í Áveitunni sem gefin er út sameiginlega með Vöku og Baldri.

Frjálsíþróttastarf félagsins var með þeim hætti að æfingar voru haldnar sameiginlega með Vöku og Baldri yfir vetrartímann innanhúss en með Vöku yfir sumarið. Stóðu áðurgreind félög síðan fyrir sameiginlegu leikjanámskeiði í júní. Baldur, Samhygð og Vaka kepptu síðan undir sameiginlegum hatti, Þjótanda, á héraðsmótum líkt og undanfarin ár. Flóahlaup Samhygðar fór fram þann 9. apríl og hlupu þar 88 manns. Kaffi og verðlaunaveiting var síðan í Félagslundi að hlaupi loknu. Á 17. júní var að venju haldið frjálsíþróttamót barna 14 ára og yngri. Þann 21. ágúst öttu Samhygð og Vaka saman liði sínu á íþróttavellinum við Þjórsárver í sinni árlegu keppni. Vaka hafði sigur en lið Samhygðar sýndi batamerki frá fyrra ári. Flóamótið í frjálsum íþróttum var haldið með breyttu sniði á íþróttavellinum við Þjórsárver þann 2. september á skólatíma Flóaskóla. Hefðbundin stigakeppni ver felld niður og öllum nemendum skólans boðið að taka þátt sem skilaði sér í stóraukinni þátttöku. Hlaupagarpurinn Kristinn Þór Kristinsson var í stöðugri framför á árinu og lofar árangurinn góðu um framhaldið en hann festi sig enn betur í sessi sem einn fremsti millivegalengdarhlaupari landsins á árinu en hann sigraði meðal annars 800 m hlaupið á Bikarleppni FRÍ.

Glímustarfið hjá Samhygð var með hefðbundnu sniði. Æft var vikulega frá hausti til vors í Félagslundi á mánudagskvöldum. Auk þess að stunda æfingar og keppni sýndi eldri hluti æfingahópsins glímu á Sunnlenska sveitadeginum og Fjöri í Flóa. Á keppnisvellinum unnust margir góðir sigrar en að öðrum ólöstuðum þá ber sigur Marínar Laufeyjar Davíðsdóttur í Íslandsglímunni þar hæst en hún varð fyrst HSK kvenna til að hampa Freyjumeninu. Marín sigraði auk þess tvöfalt í Meistaramóti GLÍ auk þess að sigra í Skjaldarglímu Bergþóru. Þessi árangur skilaði henni útnefningu sem glímukonu ársins bæði hjá GLÍ og HSK. Af öðrum árangri má nefna sigur Hugrúnar Geirsdóttir í -65 kg flokki í Meistarmóti GLÍ og áttunda sigur Stefáns Geirssonar í Skjaldarglímu Skarphéðins.

Að lokum vil ég þakka öllum sem lögðu hönd á plóg í starfi félagsins á árinu fyrir góð störf og gott samstarf.

**Stefán Geirsson, formaður**



Samhygðarmaðurinn Markús Ívarsson stekkur langstökk á fyrsta landsmóti 50+.

# Umf. Selfoss

Stjórn Umf. Selfoss skipa:
Grímur Hergeirsson, formaður
Sveinn Jónsson, varaformaður
Jóhannes Óli Kjartansson, gjaldkeri
Sandra D. Gunnarsdóttir, ritari
Hróðný Hanna Hauksdóttir, meðstjórnandi
Birgir Ásgeir Kristjánsson, formaður fimleikadeildar
Helgi S. Haraldsson, formaður frjálsíþróttadeildar
Gylfi Már Ágústsson, formaður handknattdeildar
Þórdís Rakel Hansen, formaður júdódeildar
Óskar Sigurðsson, formaður knattspyrnudeildar
Magnús Ragnar Magnússon, formaður mótokrossdeildar
Sigríður Pálsdóttir, formaður sunddeildar
Ófeigur Ágúst Leifsson, formaður taekwondodeildar

Örn Guðnason er framkvæmdastjóri Umf. Selfoss, Hansína Kristjánsdóttir, bókari félagsins og Sveinbjörn Másson framkvæmdastjóri knattspyrnudeildar og vallarstjóri.

Innan Umf. Selfoss starfa átta deildir: fimleikadeild, frálsíþróttadeild, handknattleiksdeild, júdódeild, knattspyrnudeild, mótokrossdeild, sunddeild og taekwondodeild. Innan handknattleiksdeildar og knattspyrnudeildar starfa unglingaráð með sjálfstæðan fjárhag. Auk þess starfar fjöldi foreldraráða innan deilda félagsins. Handknattleiksdeild og fimleikadeild reka akademíur í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og eru þær sjálfstæðar rekstrareiningar. Félagið á einnig gott samstarf við Knattspyrnuakademíu Íslands á Suðurlandi. Þá starfa innan félagsins kraftlyftinganefnd og jólasveina- og þrettándanefnd. Þann 20. október 2011 var stofnað sérstakt þríþrautaráð innan sunddeildar.

Á hverju ári standa deildir félagsins fyrir ákveðnum mótum og viðburðum sem sum hver eiga sér orðið langa sögu. Fimleikadeild hélt Minningarmót Magnúsar Arnar Garðarssonar í maí og jólasýningu í desember, frjálsíþróttadeild hélt Grýlupottahlaupið í apríl og maí, Brúarhlaupið í byrjun september og Hafsteinsmótið í desember, handknattleiksdeild hélt Landsbankamótið í apríl og Ragnarsmótið í september, júdódeild stóð fyrir HSK-móti í desember, knattspyrnudeild hélt Guðjónsmótið, sem er firmakeppni, í febrúar og Olísmótinu á ágúst, sunddeild hélt Þórðarmótið í lok október og taekwondodeild hélt HSK-mótið í maí. Jólasveinanefnd stóð fyrir jólasveinakomu í bæjargarðinum um miðjan desember og þrettándabrennu og flugeldasýningu á þrettándanum.

Ungmennafélag Selfoss átti 75 ára afmæli 1. júní 2011, en félagið var stofnað 1936. Sérstök afmælisnefnd sá um undirbúning og framkvæmdir í tilefni afmælisins. Á afmælisdaginn sjálfan kom út veglegt 100 síðna afmælisblað sem dreift var í öll hús í sveitarfélaginu auk þess að liggja víða frammi á Suðurlandi. Afmælishóf fyrir stjórnir, nefndir og velunnara félagsins var haldið í hátíðasal F.Su. þar sem m.a. voru veitt gull- og silfurmerki félagsins. Afmælisveisla með pylsum og kókómjólk og ýmsu sprelli var síðan haldin á íþróttavellinum daginn eftir.

Aðalfundur Ungmennafélags Selfoss var haldinn í félagsheimilinu Tíbrá 28. apríl 2011. Í veglegri ársskýrslu kom m.a. fram að heildarvelta félagsins 2010 var yfir 200 milljónir og hagnaður án fjármagnsliða var um 1,3 milljónir. Íþróttafólk Umf. Selfoss 2010 fékk afhentar viðurkenningar, en það voru Ragnar Jóhannsson, hanknattleiksmaður og Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrnukona.

Í byrjun árs samdi aðalstjórn við knattspyrnudeild um áframhaldandi rekstur íþróttavallasvæðisins og gilti samningurinn út árið. Jafnframt var íþróttavallarnefnd endurvakin, en hún hafði yfirumsjón með rekstri vallarsvæðisins. Júdódeild sá um rekstur æfingahúsnæðis í Gagnheiði 3 þar sem júdódeild og taekwondodeild höfðu æfingaaðstöðu. Í október flutti júdódeild sarfsemi sína í íþróttasal Sandvíkurskóla og í byrjun árs 2012 flutti taekwondodeild í nýtt æfingahúsnæði í íþróttahúsi Sunnulækjarskóla. Félagið rekur einnig félagsheimilið Tíbrá við Engjaveg 50.

Starf félagsins hefur eflst og vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Fjöldi keppnisliða úr öllum íþróttagreinum, sem stundaðar eru innan félagsins, tekur þátt í Íslandsmótum, bæði í einstaklingskeppnum og liðakeppnum, og árangurinn verður betri með hverju árinu. Hæst ber að líkindum árangur knattspyrnuliða félagsins, en bæði meistaraflokkur karla og kvenna náðu að vinna sér sæti í efstu deild, stelpurnar í fyrsta skipti í sögu félagsins. Nokkrir Íslandsmeistara- og bikarmeistaratitlar unnust í yngri flokkum í handknattleik og þá unnu fimleikahópar einnig nokkra titla. Í einstaklingsíþróttum eins og frjálsum, júdó, kraftlyftingum, mótokrossi, sundi og taekwondo unnust margir Íslandsmeistara- og hérðasmeistaratitlar.

Framkvæmdastjórn félagsins hélt 15 fundi á árinu og aðalstjórn fundaði 10 sinnum. Stjórnir deilda og ráða héldu fundi a.m.k. einu sinni í mánuði og stóru deildirnar vikulega á keppnistímabilum sínum. Auk þess sátu framkvæmdastjóri og meðlimir framkvæmdastjórnar ýmsa fundi með fulltrúum sveitarfélagsins, HSK, og fleiri aðilum.

Á haustmánuðum tók handknattleiksdeild upp sérstakar siðareglur sem stefnt er að taka upp fyrir félagið allt. Fyrri part árs náðist samstaða innan allra deilda félagsins, líkt og gert var fyrir fjórum árum, um að gera sameiginlegan samning við einn aðila um búningakaup. Í byrjun júní var undirritaður samningur við Safalann ehf. um að félagið klæddist Errea búningum. Samningurinn er félaginu í heild mjög hagstæður.

Íþrótta- og tómstundaskólinn var rekinn í júní og júlí eins og undanfarin ár. Íþrótta- og útivistarklúbburinn, eins og hann er kallaður, er fyrir börn á aldrinum 5-10 ára og er liður í þjónustusamningi




Frá 75 ára afmælishófi Umf. Selfoss. Handhafar gull- og silfurmerkja Umf. Selfoss ásamt Grími Hergeirssyni formanni félagsins. Á myndina vantar Olgu Bjarnadóttur.

félagsins við Sveitarfélagið Árborg.

Mikil uppbygging íþróttamannvirkja hefur átt sér stað á Selfossi undanfarin ár og var því framhaldið á árinu. Nýr frjálsíþróttavöllur var formlega tekinn í notkun á Vormóti HSK 22. maí. Með honum hefur æfinga- og keppnisaðstaða frjálsíþróttafólks tekið stakkaskiptum, en völlurinn er nú að verða með bestu völlum landsins. Knattspyrnuvöllurinn er einnig að verða með þeim bestu á landinu og nýja stúkan þjónaði sínu hlutverki frábærlega. Einn landsleikur í knattspyrnu var á hinum nýja Selfossvelli sl. haust, en þá unnu stelpurnar í U19 landsliðinu Kasakstan 3:0.

Á uppskeruhátíð ÍTÁ sem haldin var í lok árs voru þau Jón Daði Böðvarsson, knattspyrnumaður, og Guðmunda Brynja Óladóttir, knattspyrnukona, útnefnd íþróttamaður og íþróttakona Árborgar 2011.

Mikið sjálfboðaliðastarf er unnið innan Umf. Selfoss sem m.a. kemur fram í fjölda stjórna, nefnda og ekki síst foreldraráða. Getraunastarf hefur að vanda verið mjög öflugt innan knattspyrnudeildar á árinu. Á hverjum laugardegi hittist hópur fólks í félagsheimilinu Tíbrá og tippaði yfir kaffibolla og góðu meðlæti.

Um verslunarmannahelgina 2012 verður 15. Unglingalandsmót UMFÍ haldið á Selfossi. Selfyssingar, sem og aðrir Sunnlendingar, búast við stóru móti og ríkir mikil eftirvænting og tilhlökkun fyrir það.

**F.h. Umf. Selfoss,**
**Grímur Hergeirsson, formaður**
**Örn Guðnason, framkvæmdastjóri.**

# Umf. Skeiðamanna

Í stjórn eru:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Lára Bergljót Jónsdóttir |
| Gjaldkeri: | Ágúst Guðmundsson |
| Ritari: | Sigríður Ósk Jónsdóttir |

Aðalfundur var haldinn þann 23. febrúar. Í janúar og febrúar voru haldin 3 spilakvöld í Brautarholti, spiluð var félagsvist þar sem heildarstigum var safnað fyrir öll kvöldin. Veitt voru verðlaun fyrir hvert kvöld og síðan fyrir heildarstig. Hjónaball var haldið í mars og var vel sótt.

Sumarkomu var fagnað að vanda. Reyndar ekki á sumardaginn fyrsta eins og venjulega þar sem hann bar upp á skírdag, heldur fimmtudaginn 28. apríl. Það hófst með víðavangshlaupi, síðan var farið í leiki og þrautir innandyra þar sem veðrið var ekki sem best. Að lokum var boðið upp á grillaðar pylsur og tónlist þar sem Magnús Kjartan spilaði og söng með krökkunum. Mjög góð þátttaka var.

Leikjanámskeið var haldið í júní. Ólafur Guðmundsson sá um námskeiðið og þátttakan var mjög góð. Í janúar-maí voru vikulegar frjálsíþróttaæfingar í Brautarholti fyrir 10 ára og eldri. Einnig voru í boði, í samstarfi við Umf. Gnúpverja, íþróttaæfingar í samfellu við skólastarfið í Árnesi. Rúnar Hjálmarsson sá um æfingarnar.




Skeiðamaðurinn Ingvar Garðarsson í keppni í Laugardalshöllinni.

Í september-desember stóð ungmennafélagið í samstarfi við Umf. Gnúpverja fyrir tómstundastarfi í samfellu við skólastarfið, þ.e. íþrótta- og myndlistarnámskeiði í umsjón Eyglóar Jósepsdóttur og Bente Hansen. Það var í boði fyrir 6-9 ára börn og var mjög vel sótt.

**Lára B. Jónsdóttir, formaður**

# Umf. Trausti

Starfsemi félagsins var með hefðbundnu sniði. Aðalfundur Umf. Trausta var haldinn á Heimalandi 6. júní 2011, fámennt var en góðmennt. 17. júní var haldinn hátíðlegur í samstarfi með Kvenfélagið Eygló. Við sáum um Kvennahlaup ÍSÍ sem var við Seljalandsfoss og var þátttaka nokkuð góð.

Við vorum milliliðir í því að fá nokkra sprellfjöruga jólasveina til að gleðja börnin í sveitinni, jólin voru svo kvödd með brennu og flugeldasýningu við Seljalandsfoss í samstarfi við björgunarsveitina, tókst það einstaklega vel. Eftir sýningu var svo öllum boðið í kaffi og konfekt á Heimalandi.

Við óskum ykkur öllum gleðilegs árs og þökkum samstarf á liðnu ári.

**Auður Sigurðardóttir, formaður**

# Umf. Vaka

Stjórn Ungmennafélagsins Vöku árið 2011 var skipuð eftirtöldum:

Formaður: Guðmunda Ólafsdóttir, Hurðarbaki
Gjaldkeri: Hallfríður Ósk Aðalsteinsdóttir, Lyngholti
Ritari: Helga Björg Helgadóttir, Rimum 12

Aðalfundur var haldinn venju samkvæmt 2. janúar þar sem fóru fram stjórnarskipti en nýr formaður tók við embætti. Stjórnarfundir voru svo haldnir í lok hvers mánaðar og varamenn voru virkjaðir eftir þörfum. Á fundina mættu auk stjórnar, formenn allra nefnda félagsins og formaður leikdeildar.

Á árinu var farsælu samstarfi við nágrannafélög okkar haldið áfram og allar frjálsíþrótta- og glímuæfingar hafa verið í samstarfi við Umf. Baldur og Samhygð. Íþróttaæfingar á skólatíma, í samstarfi við Flóaskóla, hafa gengið mjög vel en allir krakkar í 1.- 4. bekk fara á frjálsíþróttaæfingar ungmennafélaganna. Félögin héldu sameiginlegt leikjanámskeið í sumar eins og undanfarin ár. Ólafur Guðmundsson, frjálsíþróttamaður sá um námskeiðið sem var í átta skipti í júní og vel sótt. Keppt var áfram undir merkjum Þjótanda og það fyrirkomulag er að reynast ágætlega, sérstaklega hjá yngri flokkunum. Áveitan var áfram gefin út mánaðarlega undir merkjum félaganna þriggja með stuðningi Flóahrepps.

Keppni í íþróttum gekk mjög vel á árinu og var okkar fólk að gera góða hluti á frjálsíþróttavellinum. Við sigruðum Þingborgarmótið og Samhygðar- og Vökumótið auk þess að mæta með lið á héraðsmót en keppa þá undir merkjum Þjótanda. Glímufólkið okkar hefur ekki látið sitt eftir liggja og á árinu landaði það fjölmörgum titlum. Fyrirkomulagi Flóamótsins sem hefur verið haldið á milli félaganna þriggja í Flóahreppi í mörg ár var breytt í ár en í stað þess að hafa stigakeppni á milli félaganna þá kepptu allir krakkarnir á sínum eigin forsendum og fengu öll viðurkenningu í lokin. Þessi breyting reyndist mjög vel.

Aðalfundur leikdeildar var haldinn í október og þar fóru fram stjórnarskipti. Þorsteinn Logi Einarsson gaf ekki kost á sér til áframhaldandi setu í embætti formanns og Guðmunda Ólafsdóttir var kosin í hans stað. Uppsetning leikdeildarinnar á árinu gekk mjög vel en við sýndum tvo styttri leikþætti sem voru settir saman í eina sýningu. Þættirnir hétu „Amor ber að dyrum“ og „Á þriðju hæð“. Margir nýir leikarar sýndu hvað í þeim býr og framtíðin er greinilega björt.

Ungmennafélagið jók umsvif sín á hátíðinni Fjör í Flóa en auk hefðbundinnar reiptogskeppni og grillhátíðar var ákveðið að halda ball í Þjórsárveri. Hljómsveitin Stuðlabandið lék fyrir dansi og allt gekk það áfallalaust fyrir sig. Aðsókn var ágæt og gleðin var allsráðandi. Skötuveislan var haldin á Þorláksmessu venju samkvæmt og um 100 manns komu í Þjórsárver og snæddu skötu. Af fleiri viðburðum á vegum ungmennafélagsins á árinu þá má nefna fjölsótta þrettándagleði, ferð í Klifurhúsið í Reykjavík sem mæltist mjög vel fyrir, víðavangshlaupið, páskabingó, 17. júní mótið, reiðtúr um sveitina og fjallgöngu þar sem gengið var frá Esjurótum, um Laufskörð og upp á Hátind í frábæru veðri. Jólasveinar fóru svo um sveitina á aðfangadag eins og þeim er tamt.




Stjórn Umf. Vöku á hátíðarfundi í tilefni 75 ára afmælis félagsins.

Árið 2011 var afmælisár hjá Ungmennafélaginu Vöku og fögnuðum við 75 ára afmæli með því að bjóða upp á afmælistertu á Samhygðar- og Vökumótinu og svo með útgáfu afmælisritsins Velvakanda. Velvakandi var stærsta verkefni félagsins á árinu og var blaðið gefið út í 150 eintökum. Frítt eintak var sent á alla bæi á félagssvæðinu og einnig á alla félaga sem búsettir eru utan þess. Fyrir aðra er ritið til sölu á 1000 kr. Efnisöflun og uppsetning var í höndum stjórnar en blaðið var prentað hjá Prentmet. Blaðið var prýtt fjölmörgum myndum úr starfi félagsins í gegnum tíðina auk skemmtiefnis og fróðleiks.

**Guðmunda Ólafsdóttir, formaður**

# Umf. Þór

Aðalfundur félagsins var haldinn 17. mars 2011. Ingvar Jónsson lét af störfum sem formaður á árinu og við tók Rafn Gíslason en hann lét af störfum seinnipart ársins. Vorum við formannslaus þar til 1. janúar 2012 en þá tók Björk Tómasdóttir við sem formaður. Starf deildanna hefur verið líflegt eins og sjá má hér að neðan. Við höldum mánaðarlega fundi með formönnum deildanna til að ræða það sem brennur á fólki.

**Stjórn félagsins:**

Formaður: Björk Tómasdóttir
Gjaldkeri: Edda Ríkharðsdóttir
Ritari: Hólmfríður Fjóla Smárad.

**Formenn deilda:**

Badmintondeild: Sæmundur Steingrímsson
Fimleikadeild: Elsa Þorgilsdóttir
Frjálsíþróttadeild: Ásta Kristjana Jensdóttir
Körfuknattleiksdeild: Eiríkur Jónsson
Vélhjóladeild: Sigurður Oddfreysson




Þórsliðið sem sigraði í 1. deild karla í körfubolta.

**Badmintondeild**
Starf badmintondeildarinnar gekk mjög vel fyrir sig árið 2011. Iðkendafjöldi hélt áfram að aukast og voru um 15-20 börn og unglingar á æfingum. Í febrúar hélt deildin hið árlega Þórsmót. Þátttakendur voru um 90 talsins og gekk mótið vel fyrir sig. Í maí var svo haldið svokallað Skrapmót sem er innanfélagsmót og geta krakkarnir unnið til verðlauna fyrir hinar ýmsu æfingar. Mótið gekk vel fyrir sig og að því loknu var svo lokahóf deildarinnar. Þar fékk Lilja Margrét Sigurðardóttir viðurkenningu fyrir bestu ástundun, Dagbjartur Sebastian Østerby fyrir mestu framfarir og Axel Örn Sæmundsson hlaut útnefninguna badmintonmaður Þórs. Í desember var jólaglens þar sem foreldrar og systkini mættu með krökkunum á æfingu. Á þeirri æfingu var haldið lítið innanfélagsmót þar sem krakkarnir kepptu tvíliðaleiki með ættingjum sínum. Á þennan hátt geta börnin sýnt foreldrum sínum hvað þau hafa lært yfir veturinn. Krakkarnir tóku þátt í nokkrum mótum yfir árið þar sem þau stóðu sig með stakri prýði og unnu mörg til verðlauna. Frjálsíþróttadeild:

Helstu verkefni stjórnar er að finna og standa fyrir fjáröflunum til að borga þjálfaralaun. Við seldum hamborgara og hakk, egg og söfnuðum dósum. Fáir iðkendur hafa verið hjá deildinni, 6-8 krakkar, en þeim fjölgaði svo í haust í 19 krakka. Þjálfari til júní var Haraldur Einarsson sem óskaði eftir að hætta þá og þakkar deildin honum fyrir góð störf. Farið var að leita eftir þjálfara strax, Eva Lind Elíasdóttir leysti af frá júní til desember en þá fékkst nýr þjálfari til starfa, Rúnar Hjálmarsson. Deildin endurvakti og stóð fyrir Fjöruhlaupi Þórs á Hafnardögum, ekki hefur verið endalega ákveðið hvort þetta verður gert aftur í ár en þátttaka var dræm. Hefur stjórnin fengið foreldra iðkenda til að starfa á HSK mótum og hefur það gengið þokkalega en stjórn hefur oftast leyst það með því að fara sjálf.

**Fimleikadeild**
Þann 11. janúar hófst æfingatímabilið hjá okkur, iðkendur svipað margir og á síðasta ári. T1 og T2 fóru á Íslandsmót unglinga í hópfimleikum 18.–20. febrúar í Ásgarði í Garðabæ. Byrjendamót var haldið 12. mars í Þorlákshöfn, þar mættu 4 félög Fylkir, Gerpla, Rán og Þór Þorlákshöfn með 10 hópa til keppni. Við héldum HSK- hópamót 9. apríl 2011 og var keppt eftir landsreglum í 5. flokki B (byrjendur) og Team-gym. Á því móti kepptu lið frá Selfossi, Hamri og Þór. Tveir elstu hóparnir fóru á vormót 14. maí á Akureyri en það voru 19 keppendur sem kepptu í tveimur flokkum.Vorsýningin var 19. maí 2011 þar sem afrakstur vetrarins var sýndur og veittar viðurkenningar fyrir efnilegasta iðkandann, framför og ástundun. Haustönnin byrjaði hjá okkur 26. ágúst samkvæmt stundaskrá. Við héldum fyrsta mót haustsins þann 26. nóvember en það var einstaklingsmót sem við héldum fyrir HSK. Þar mættu til keppni rúmlega 100 keppendur 7- 16 ára frá 4 félögum. Jólasýningin var 10. desember, *Jólakrakkaland*. Þar voru veittar viðurkenningar fyrir fimleikamann ársins 14 ára og eldri og jákvæðasta iðkandann 10-13 ára.

**Vélhjóladeild Þórs**
Árið 2011 gekk sinn vanagang hjá deildinni. Hjólagestir koma reglulega á brautina en veðurfar hefur orsakað minni aðsókn það sem af er vetri en undanfarið. Þorsteinn Helgi Sigurðarson keppti sitt þriðja keppnistímabil fyrir hönd deildarinnar og hafnaði í 7. sæti til Íslandsmeistara. Það gekk því fremur illa þetta sumarið en það gengi má rekja beint til ökutækisins sem bilaði í þremur keppnum af fimm. Styrktarkeppni fyrir landsliðið 2011 (stóru strákana) var haldin í lok ágúst á vegum nágranna okkar á Selfossi. Fyrir þá keppni var hann Ragnar Ingi í Nitro (margfaldur Íslandsmeistari í sportinu) svo frábær að lána Þorsteini Helga hjól fyrir þá keppni. Þorsteinn náði einni æfingu til að kynnast hjólinu fyrir keppnina og gerði sér svo lítið fyrir og sigraði sinn flokk með yfirburðum.

Árlegri kreppukeppni Vélhjóladeildarinnar var aflýst þetta árið m.a. vegna dræmrar þátttöku fyrra árs. Deildin fjárfesti í dráttarvél á þessu ári. Eitthvað á eftir að yfirfara það góða tæki en það kemur til með að auðvelda okkur viðhald brautarinnar í framtíðinni.

Sigurður Oddfreysson tók aftur við störfum formanns af Þóri Emilssyni. Við þökkum Þór fyrir samstarfið og bjóðum Sigurð velkominn til leiks á ný.

**Körfuknattleiksdeild Þórs**
Starfsár deildarinnar hefur gengið vel og stendur hæst deildarmeistaratitill meistaraflokks karla og þar með sæti í úrvalsdeild. Strákarnir léku mjög vel og voru langefstir eftir tímabilið vorið 2011. Í haust hafa strákarnir staðið í ströngu undir stjórn Benedikts Guðmundssonar þjálfara og í raun komið á óvart. Nú um áramótin er liðið í 5. sæti Iceland Express deildarinnar.

Starf yngri flokka gengur vel en það er mikið samstarf við Hamar í Hveragerði þannig að liðin keppa undir nafni beggja félaga. Mikil fjölgun hefur verið í minnibolta hópi deildarinnar og var ákveðið að bjóða einnig upp á þjálfun 4–6 ára barna í míkró bolta. Nú eru um 60 börn að æfa 12 ára og yngri og erum við ánægð með það. Undanfarin ár höfum við getað státað af efnilegum drengjum sem hafa verið valdir í drengjalandslið og farið á Norðurlandamót. Slíkur árangur næst ekki nema með þrotlausum æfingum og ástundun. Vorið 2011 kepptu þrír drengir fyrir Íslands hönd þeir Erlendur Ágúst Stefánsson í U16 ára, Emil K. Einarsson og Þorsteinn Már Ragnarsson í U18 ára. Í körfuknattleiksdeild Þórs starfa foreldar og aðrir velunnarar að því að byggja upp góða umgjörð til æfinga. Mikið er lagt upp úr góðri þjálfun og samvinnu. Kynningarátak deildarinnar á körfubolta hefur styrkt starf deildarinnar og eflt skilning á mikilvægi íþrótta í okkar samfélagi og ekki síst afreksíþrótta. Stór hópur fólks kemur að starfi deildarinnar og hefur sá hópur aldrei verið stærri og öflugri en nú í ár.

**Fh. Umf. Þórs**
**Edda Ríkharðsdóttir**

# Félög sem ekki skiluðu ársskýrslu voru eftirtalin:

**Golfklúbburinn Geysir, Golfklúbburinn Þverá, Golfklúbbur Öndverðarness, Hestamannafélagið Háfeti, Hestamannafélagið Trausti, Íþróttafélagið Mímir, Umf. Ásahrepps, Umf. Merkihvoll, Umf. Njáll, Umf. Stokkseyrar og Umf. Þórsmörk**



**Meniga** heimilisbókhald

# Sjálfvirkt og skemmtilegt heimilisbókhald í Netbanka **Arion banka**

Hvað **skiptir** þig máli?

MENIGA






Þú tengist Meniga í Netbanka
**arionbanki.is — 444 7000**

Arion banki